Sprenging í náttúruvernd
umhverfismál 34

Fæddir sama dag og eru bestu vinir
fjölskyldan 2

Breitt bros er besta veganestið
ferðalög 30

spottið 16

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

ÞITT

28. ágúst 2010 — 201. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

Erfiðara en í fyrra

Alfreð Gíslason býst við erfiðri titilvörn og fleiri liðum í baráttunni en áður.

sport 56

Sigur Rós upp úr Sundlauginni

Kjartan Sveinsson tekur við stjórnartaumunum.

fólk 62

Sextán þúsund notendur

Birna Arnbjörnsdóttir stýrir vinsælum íslenskukennsluvef.

menntun 36

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna

SANNFÆRÐUR UM EIGIÐ SAKLEYSI Sigurður Einarsson segist ekki vita hvort eitthvert samkomulag var í gildi milli lögmanna hans og sérstaks saksóknara um að hann yrði ekki handtekinn við komuna til landsins. „Ég hefði þó ekki komið án þess að vera vongóður um að ofbeldið gagnvart félögum mínum myndi ekki endurtaka sig," segir hann.

Vill rannsókn á saksóknara

Sigurður Einarsson sakar sérstakan saksóknara um óskiljanlegan yfirgang og valdníðslu í rannsókn sinni á Kaupþingi. Hreiðar Már Sigurðsson hafi ekki verið yfirheyrður fyrr en á síðasta degi gæsluvarðhalds síns.

LÖGREGLUMÁL Óskiljanlegur yfirgangur, ofbeldi og valdníðsla eru orðin sem Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, velur rannsókn sérstaks saksóknara á málefnum bankans í viðtali í Fréttablaðinu í dag.

Sigurður segist vonast til þess að fram fari opinber rannsókn á vinnulagi saksóknara. Hann fullyrðir að eftir að tólf daga gæsluvarðhaldsúrskurður var kveðinn upp yfir Hreiðari Má Sigurðssyni hafi hann ekki verið yfirheyrður fyrr en rétt áður en honum var sleppt á tíunda degi. Sigurður hafnar öllum ásökunum á hendur sér og segir þær ævintýralegar.

Sigurður segist enn þeirrar skoðunar að stjórnvöld beri höfuðábyrgð á bankahruninu. Öll aðalatriði sem úrskeiðis fóru hafi verið þeim að kenna. Hann gagnrýnir rannsóknarnefnd Alþingis fyrir að átta sig ekki á þessu og einblína þess í stað á aukaatriði.

Af þessum sökum segir Sigurður það ekki vera sitt að biðja íslensku þjóðina afsökunar á því hvernig fór.

Sigurður hefur verið krafinn um endurgreiðslu á 780 milljónum sem hann fékk að láni fyrir hlutabréfakaupum í Kaupþingi, en segist ekki vita hvort hann sé borgunarmaður fyrir því. - sh / sjá síður 24 til 28

SPURNING DAGSINS

Sigríður, ertu algjör kálhaus?

„Nei, en það liggur við að það vaxi salat út úr eyrunum á mér!"

Sigríður Melrós Ólafsdóttir, myndlistarmaður og sýningarstjóri, borðar salat daglega, ræktar það úti í garði, tekur það með sér í vinnuna og selur svo salat á markaði um helgar. Hún segist vera salatkona.

Heildarrefsitími íslenskra dómstóla hefur snaraukist frá aldamótum:

Úr 200 árum í fangelsi í 330 ár

DÓMSMÁL Um aldamótin síðustu var heildarrefsitími í dómum sem íslenskir dómstólar kváðu upp á ári hverju, og bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu, 200 ár. Árið 2009 var árafjöldinn kominn í 330.

Afbrotum hefur ekki fjölgað sem þessu nemur og aukinn alvarleiki brotanna skýrir aukninguna ekki heldur segir Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við HÍ.

Þyngingu dóma má rekja til e-töflumála á árunum 1996 og 1997. „Þegar e-pillan kom inn í íslenskt samfélag var mikill ótti við hana, dómstólar brugðust hart við og dómar þyngdust." Í framhaldinu þyngdust aðrir dómar líka, enda þótti mörgum þeir vægir í samanburði við fíkniefnadómana.

HELGI GUNNLAUGSSON

Helgi stýrði íslenska hluta umfangsmikillar norrænnar rannsóknar á viðhorfum almennings til refsinga sem Fréttablaðið sagði frá í síðustu viku. Hann segir umræðuna í samfélaginu undanfarin ár, að dómskerfið fari of mildum höndum um afbrotamenn, ekki eiga við rök að styðjast. Hún hafi haft áhrif á dómstólana, sem hafi þyngt dóma jafnt og þétt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýni að almenningur geri sér ekki grein fyrir refsiþyngd eða því hvernig refsiákvarðanir eru rökstuddar. Hann vanmeti dómstóla og vilji í reynd vægari dóma og aukin úrræði.

- hhs / sjá viðtal á síðu 32

Ímynd BP illa sködduð:

Borar ekki út af Grænlandi

GRÆNLAND, AP Breska olíufélagið BP hefur tekið ákvörðun um að bjóða ekki í olíuborunarleyfi úti fyrir strönd Grænlands.

Grænlenska stjórnin hafði þó áður gefið til kynna að varla væri vilji til þess hvort eð er að veita BP slíkt leyfi.

Ástæðan er umhverfisslysið mikla í Mexíkóflóa síðastliðið vor, þegar olíuborpallurinn Deepwater Horizon eyðilagðist og gríðarmikið magn af olíu lak út í hafið.

- gb

Mikil tækifæri erlendis:

Starfsmönnum fjölgar mikið

NÁM Þekkingarfyrirtækið Mentor er í stöðugri þróun og hefur stækkað hratt á undanförnum misserum. Fyrirtækið fjölgar starfsmönnum á Íslandi á næstunni um rúmlega fjörutíu prósent vegna þróunar erlendis.

VILBORG EINARSDÓTTIR

„Við erum til dæmis með tækifæri erlendis fyrir íþróttafélög," segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors. Fyrirtækið hefur þróað kerfi fyrir íþróttafélög og fyrstu íslensku skólarnir taka það í notkun í september.

Starfsemi hófst í Sviss á árinu og í Þýskalandi er áhugi. Svíar hafa nýtt kerfið um tíma.

- mmf/sjá Allt

Varaði sig ekki á hringtorgi:

Ungur piltur ók út af og rotaðist

LÖGREGLUMÁL Tveir Suðurnesjapiltar undir tvítugu voru fluttir undir læknishendur eftir að BMW-bíll þeirra lenti utan vegar á Reykjanesbraut um klukkan átta í gærkvöldi. Ökumaðurinn rotaðist og var fluttur til Reykjavíkur til nánari skoðunar en farþeginn er útskrifaður. Óhappið varð þar sem verið er að gera nýtt hringtorg ofan við Grænlandleiðs. Að sögn lögreglu eru framkvæmdirnar vel merktar og þar gildir 50 kílómetra hámarkshraði. Lögregla telur ökumanninn unga hafa ekið of greitt. Bíllinn, sem fór utan í moldarbarð og yfir á öfugan vegarhelming, var dreginn á brott.

- gar

Í HANDJÁRNUM Þrír lögreglumenn leiddu manninn í járnum inn í dómsal í Héraðsdómi Reykjaness. Hann var fluttur á Litla-Hraun að dómsúrskurði upp kveðnum. Í baksýn eru tvær systur og frændi Hannesar Þórs heitins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Í varðhaldi en neitar að hafa myrt Hannes

Karlmaður, grunaður um að hafa myrt Hannes Þór Helgason, var úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald í gær. Ný gögn í málinu eru komin fram.

LÖGREGLUMÁL Rúmlega tvítugur íslenskur karlmaður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 24. september að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann er grunaður um að hafa orðið Hannesi Þór Helgasyni að bana þann 15. ágúst. Lögð var fram krafa um fjögurra vikna gæsluvarðhald og á hana var fallist í Héraðsdómi Reykjaness. Úrskurðurinn var í kjölfarið kærður til Hæstaréttar. Maðurinn hefur staðfastlega neitað sök.

Maðurinn var handtekinn í fyrrakvöld. Í kjölfar handtökunnar var gerð ítarleg húsleit á heimili hans og hald lagt á muni sem þar var að finna og tengjast hugsanlega rannsókninni. Lögreglan greinir ekki nánar frá þessum nýju gögnum að öðru leyti en því að þau séu árangur vettvangsvinnu tæknideildar lögreglunnar. Mikil leynd hvílir yfir gögnunum og hefur lögmaður mannsins ekki fengið vitneskju um á hvaða atriðum gæsluvarðhaldskrafan var byggð. Maðurinn hafði áður verið í haldi lögreglu yfir nótt, en var þá sleppt að yfirheyrslum loknum.

Niðurstöður úr lífsýnum sem send voru til Svíþjóðar liggja ekki fyrir. Hugsanlegt er þó að einhverjar bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir jafnvel í næstu viku, að sögn lögreglu.

Það var aðfaranótt sunnudagsins 15. ágúst sem Hannes heitinn var einn heima eftir að hafa ekið kærustu sinni niður í miðbæ Reykjavíkur. Alla jafna hefðu systir hans og mágur verið í húsinu hjá honum, þar sem þau bjuggu hjá honum tímabundið. Þessa nótt gistu þau hins vegar á heimili elstu systurinnar og gættu barns hennar.

Í hádeginu á sunnudag kom kærasta Hannesar að honum látnum á svefnherbergisgangi á heimili hans. Honum höfðu verið veittir miklir áverkar, þar á meðal fjölmörg stungusár. Hann var einnig með áverka á höndum, sem benda til þess að hann hafi reynt að verjast. Lögreglan telur að hann hafi verið sofandi þegar ráðist var að honum. Jafnframt að ekki hafi verið tilviljun að farið var inn á heimili hans á þessum tíma og honum ráðinn bani með þessum hætti.

jss@frettabladid.is

Hvergerðingar vígbúast:

Herferð gegn fjölda villikatta

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Hveragerðis hefur samþykkt að dýraeftirlitsmanni verði strax falið að vinna að fækkun villikatta og ómerktra katta í samræmi við reglur bæjarins þar um. Bæjarráð ákvað þetta eftir að Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri lagði fram sjónarmið sín í málinu. Kastljósið beinist þó ekki eingöngu að villiköttum.

„Bæjarráð ítrekar enn fremur að verði ekki þegar í stað viðhorfsbreyting varðandi skráningu katta og ágang þeirra hjá nágrönnum er ljóst að grípa þarf til enn harðari aðgerða til framtíðar litið," segir í samþykkt bæjarráðsins.

- gar

HÓTELIÐ D'Angleterre hótelið í Kaupmannahöfn.

Áhugi á hótel D'Angleterre:

Vilja glæsihótel fyrir slikk

VIÐSKIPTI Alþjóðlegir fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á danska hótelinu D'Angleterre og lagt fram tilboð í það. Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans, segir þau óraunhæf.

„Þeir töldu sig geta fengið þetta á brunaútsöluverði. En okkur liggur ekkert á. Bankinn ætlar að eiga hótelið þar til alvöru tilboð berst," segir Páll Benediktsson. „Við getum þess vegna átt hótelið í nokkur ár." Skilanefndin tók hótelið til sín ásamt öðrum eignum fjárfestingafélagsins Nordic Partners undir lok mars í vor.

- jab

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 08-1674

Gjaldskrárhækkun OR um 28,5% kostar meðalheimili 2.400 krónur á mánuði:

Ætla einnig að skera niður rekstrarkostnað um 25 prósent

ORKUMÁL Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í gær að hækka gjaldskrár fyrirtækisins um 28,5 prósent hjá meðalnotanda. Orkureikningur fjölskyldu sem býr í 130 fermetra húsi hækkar um 2.400 krónur á mánuði eða um 28.800 krónur á ári vegna hækkunarinnar. Áhrif á vísitölu neysluverðs verða 0,39 prósent, að sögn OR.

Stjórnin ákvað jafnframt að fela forstjóra að lækka rekstrarkostnað um tvo milljarða króna eða um það bil 25 prósent. Í samtali við Fréttablaðið segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, að líklega þurfi bæði að segja upp starfsfólki og lækka laun til þess að ná þessu markmiði. Þá er í undirbúningi að selja eignir, sem ekki eru nauðsynlegar vegna kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Sóley Tómsdóttir, fulltrúi VG, í stjórn OR segir að ákvörðun stjórnarinnar sé illa undirbúin. Ábyrgðinni á „þessu stórpólitíska verkefni" sé að miklu leyti varpað á stjórnendur fyrirtækisins.

Í bókun Kjartans Magnússonar, fulltrúa sjálfstæðismanna, segir að sýnt hafi verið fram á að hækka hefði mátt gjaldskrá á þremur til fimm árum og tryggja greiðsluhæfi fyrirtækisins án þess að leggja of þungar byrðar á almenning.

-pg / sjá síðu 12

HARALDUR FLOSI Stjórnarformaður Orkuveitunnar fékk samþykktar róttækar tillögur á fundi Orkuveitunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NOVA

iPhone 4 er hér.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

10.990 kr. / 18 mán.

iPhone 4 16 GB

1.000 kr. símnotkun á mánuði í 18 mánuði fylgir!

Verð: 10.990 kr. á mánuði í 18 mán.
eða 176.990 kr. staðgreitt

Gildir með 3G áskrift og 3G frelsi.

DAGUR & STEINI

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr. /mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 550 kr. í áskrift, þá fylgir líka 150 MB netnotkun á mánuði.

GENGIÐ 27.08.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	120,20	120,78
Sterlingspund	186,46	187,36
Evra	152,82	153,68
Dönsk króna	20,516	20,636
Norsk króna	19,106	19,218
Sænsk króna	16,263	16,359
Japanskt jen	1,4197	1,4281
SDR	181,52	182,60

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,0143
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

ASÍ og þingmaður Samfylkingar segja landbúnaðarráðherra fara gegn neytendum:

Lögmæti hækkunar verði skoðað

NEYTENDUR Alþýðusamband Íslands vill að utanríkisráðuneytið kanni lögmæti ákvörðunar Jóns Bjarnasonar landbúnaðarráðherra um að hækka „gríðarlega“ tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir. Ákvörðun ráðherra „gangi beint gegn hagsmunum neytenda“.

ASÍ telur að tollahækkunin brjóti í bága við alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem GATT-samkomulagið. Í tilkynningu frá ASÍ kemur einnig fram að sambandið leggur til að svokallað mjólkurfrumvarp sama ráðherra verði fellt.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingar, segist taka heilshugar undir með ASÍ að rétt sé að láta kanna lögmæti ákvörðunar ráðherra.

SIGRÍÐUR I. INGADÓTTIR

JÓN BJARNASON

„Samfylkingin er flokkur sem talar fyrir hagsmunum neytenda. Það á að fara varlega í tollahækkanir og ég tek því undir með ASÍ,“ segir hún.

Ljóst sé að margir flokksmenn hennar séu ósammála Jóni um ýmis efni. „En hann hefur verið í ríkisstjórninni frá upphafi og það er ekkert nýtt að við séum ósammála um margt. En þessi ákvörðun virðist ganga í berhögg við hagsmuni neytenda.“

Því eigi að krefjast þess að landbúnaðarráðherra rökstyðji ákvörðun sína vel og vandlega. - kóþ

Kærunefnd skipuð:

Úrskurðar um greiðsluaðlögun

STJÓRNSÝSLA Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur skipað þau Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, Einar Pál Tamimi og Arndísi Önnu K. Gunnarsdóttur í kærunefnd greiðsluaðlögunarmála.

Ingibjörg verður formaður nefndarinnar, sem hefur það hlutverk að kveða upp úrskurð í málum sem vísað er til hennar vegna ákvarðana umboðsmanns skuldara í tengslum við greiðsluaðlögun einstaklinga. Nefndin er skipuð til fjögurra ára. Úrskurðir hennar eru endanlegir á stjórnsýslustigi. - gb

VATNIÐ RENNUR Nokkrir reynsluboltar á drykkjarvörumarkaðnum hafa síðasta árið gengið til liðs við Icelandic Water Holding, sem selur átappað vatn um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reynslubolti í íslenska vatnið:

Stýrir sölumálum vestanhafs

VIÐSKIPTI **Íslenska átöppunarfyrirtækið Icelandic Water Holdings, sem framleiðir vatn á flöskum við Þorlákshöfn, hefur ráðið Bandaríkjamanninn James Harris sem yfirmann sölumála á vesturströnd Bandaríkjanna.**

Harris er reynslubolti í drykkjavörugeiranum. Hann var áður hjá Pepsi og Fiji Water, sem keppir við Icelandic Water Holding á vatnsmarkaðnum.

Þetta er enn einn reynsluboltinn í starfsliði átöppunarfyrirtækisins en forstjórinn, John Sheppard, var áður forstjóri Coca Cola í Evrópu. - jab

LEIÐRÉTTING

Mynd af röngum manni fylgdi með spurningu dagsins í blaðinu 26. ágúst. Þar var rætt við Karl Stefánsson úr danshópnum Sporinu en myndin var af félaga hans úr hópnum, Hilmari Hjartarsyni.

Umhverfis landið

Trúnaðarbrot um einkamál

SKAGASTRÖND Péturína Jakobsdóttir, sem á sæti í sveitarstjórn Skagastrandar, sakar aðra fulltrúa um að hafa rofið trúnað um mál sem rædd voru á fundi sveitarstjórnar í júní. „Ég lít svo á að umræður á fundum sveitarstjórnar þar sem fjallað er um persónuleg mál einstakra aðila beri að horfa á sem algjör trúnaðarmál þannig að sveitarstjórnarmenn eða sveitarstjóri séu ekki að tilgreina við aðila „úti í bæ“ hver sé að segja hvað þegar viðkvæm eða óþægileg mál eru til umfjöllunar,“ bókaði Péturína á síðasta fundi og lýsti yfir að hún sjálf hefði ekki og myndi ekki viðhafa slík vinnubrögð.

Skagfirðingar safna í lið

SKAGAFJÖRÐUR Á vef Skagafjarðar er nú auglýst eftir fólki til að „verja heiður Skagafjarðar“ í spurningaþættinum Útsvari í ríkisútvarpinu. Mun RÚV hafa leitað til sveitarfélagsins um aðstoð við að manna lið Skagafjarðar. „Skagafjörður hefur nú í þrígang sent glæsilega fulltrúa í þáttinn sem vakið hefur mikla athylgi og notið hefur mikilla vinsælda,“ segir á skagafjordur.is þar sem tekið er fram að bæði sé óskað eftir sjálfboðaliðum sem og ábendingum um þátttakendur.

Vildu hætta við niðurfellingu

AKRANESS Bæjarstjórn Akraness felldi tillögu minnihluta sjálfstæðismanna um að hætta við að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts til nokkurra. Ákveðið hafði verið í júní að styrkja með þessum hætti Oddfellow, frímúrara, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Framsóknarfélag Akraness, eiganda Safnaðarheimilisins og Samfylkinguna á Akranesi. Sögðust sjálfstæðismennirnir „harma það að núverandi meirihluti skuli gera það að forgangsmáli að draga til baka margar af þeim aðhaldsaðgerðum sem bæjarstjórn Akraness samþykkti samhljóða að fara í fyrir og eftir hrun“.



DJÚPIVOGUR Fjórar konur á Djúpavogi söfnuðu framlögum meðal bæjarbúa og náðu að kaupa hjartaómunartæki sem þær hafa fært heilsugæslunni á staðnum að gjöf. Tækið er notað við mæðraeftirlit. Þetta kemur fram á vef sveitarfélagsins og þaðan er meðfylgjandi mynd. Hún sýnir þegar þrjár kvennanna færðu leikskólanum myndavél sem keypt var fyrir afganginn af söfnunarfénu. „Enn var afgangur af söfnunarfénu og var ákveðið að leggja hann inn á söfnunarreikninginn fyrir Rafn Heiðdal,“ segir í þakkarávarpi frá konunum.

Boðið í súpu á Reykhólum

REYKHÓLAHREPPUR Gestum og gangandi verður í dag boðið í súpu í tilefni Reykhóladaga í Reykhólasveit. Að því er fram kemur á vef sveitarfélagsins verður súpan til reiðu í hádeginu frá klukkan hálftólf til eitt „og jafnvel lengur eftir því sem lögunin endist.“ Þeir sem bjóða í súpuna eru Lóa á Miðjanesi, Steinunn Rasmus og Solla á Hellisbraut 24, Begga á Hellisbraut 22, Dísa Sverris á Hellisbraut 8b og Áslaug á Mávavatni.

Óvenjulítið um lunda í Eyjum

VESTMANNAEYJAR Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðisviðs Náttúrustofu Suðurlands, segir algjört hrun í varpi lundans í ár. Þetta kemur fram á Eyjafréttir.net. Erpur segir að lundinn hafi afrækt eggin þannig að innan við 20 prósent pysja hafi klakist úr eggjunum. Afkoma þeirra fáu sem klöktust hefur einnig verið mjög léleg þannig að lítið bætist við stofninn í ár, minna en undanfarin ár. Svipaða sögu er að segja annars staðar á Suður- og Austurlandi en staðan er betri fyrir norðan, að því er fram kemur á Eyjafréttum.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNANDI VEÐUR Það verður víðast bjartviðri á landinu í dag og vindur í lágmarki. Á morgun verða hins vegar breytingar en þá snýst í suðvestlæga átt með vætu vestantil á landinu en þá hlýnar einnig til muna um norðan og austanvert landið.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	18°
Berlín	18°
Billund	18°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	25°
London	19°
Mallorca	31°
New York	30°
Orlando	33°
Ósló	13°
París	20°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Opið hús á morgun!

Frábær dagskrá og uppákomur út um allt í Borgarleikhúsinu

Gauragangur – atriði á Stóra sviðinu frá kl. 13

Harry og Heimir, **Horn á höfði** og **Sönglist** á Litla sviði

Skoppa og Skrítla – Gói og ævintýrin – Trúðar

Nýdönsk, **Sniglabandið** o.fl. í forsalnum

Tæknifikt og búningamátun fyrir börnin

Opnar æfingar á **Enron**, **Afanum** og

Fólkinu í kjallaranum

Skoðunarferðir um töfraveröld leikhússins

Ilmandi vöfflur, ís og blöðrur

Teiknisamkeppni og happdrætti

Verið velkomin á morgun kl. 13-16

Áskriftarkortasala í fullum gangi

Borgarleikhúsið

KJÖRKASSINN

Ættu orkufyrirtæki frekar að selja græna orku til annarra fyrirtækja en álvera?

JÁ 59,5 %

NEI 40,5 %

SPURNING DAGSINS Í DAG

„Ætti að skipta Reykjavík upp í sjálfbær hverfi?“

Segðu þína skoðun á visir.is

Í minnisblaði fyrir utanríkismálanefnd er farið yfir stuðningsaðgerðir Evrópusambandsins við Ísland:

Engin krafa um endurgreiðslu styrkja

UTANRÍKISMÁL „Stuðningur ESB við umsóknarríki er án kvaða eða skuldbindinga þannig að þótt ekkert verði af aðild gerir ESB enga kröfu um endurgreiðslu á styrkjum eða kostnaðarþátttöku umfram það sem felst í mótframlögum einstakra verkefna,“ segir í minnisblaði fyrir utanríkismálanefnd, sem dagsett er 25. ágúst síðastliðinn.

Í minnisblaðinu er farið nokkuð ítarlega yfir þær stuðningsaðgerðir sem Evrópusambandið býður Íslandi upp á í umsóknarferlinu.

Þar kemur fram að Evrópusambandið krefst mótframlaga til sumra þeirra verkefna, sem styrkt eru, en annarra ekki. Þannig eru styrkir til fjárfestinga bundnir að minnsta kosti 15 prósenta mótframlagi, en beinir styrkir að minnsta kosti 10 prósenta mótframlagi.

Eins og áður hefur komið fram hefur Evrópusambandið lýst sig reiðubúið til að verja allt að 28 milljónum evra, eða ríflega fjórum milljörðum króna, til svonefndrar landsáætlunar fyrir Ísland næstu þrjú árin, sem er stærsti þáttur aðstoðarinnar.

FÁNI EVRÓPUSAMBANDSINS Sumir styrkjanna eru bundnir að minnsta kosti tíu eða fimmtán prósenta mótframlagi af hálfu Íslands, en aðrir ekki. NORDICPHOTOS/AFP

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það, hvernig þetta fé verður nýtt hér á landi, en í minnisblaðinu kemur fram að talsverðum hluta styrkjanna verði væntanlega veitt til nokkurra verkefna, sem ljóst þykir að verði sérlega kostnaðarsöm fyrir stjórnsýsluna. Eru þar nefnd tvö dæmi, annars vegar þýðingamál og hins vegar innheimta tolla og virðisaukaskatts.

Í minnisblaðinu segir mikilvægt að „útfæra verkefni þannig að þau verði gagnleg, óháð því hvort Ísland gerist aðili að ESB eða ekki.“ - gb

Carter í N-Kóreu:

Fékk fangann látinn lausan

NORÐUR-KÓREA, AP **Bandaríkjamaðurinn Aijalon Gomes brosti lítillega þegar hann faðmaði Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, áður en hann steig upp í flugvél áleiðis til Bandaríkjanna.**

Carter hafði tekist að fá Gomes lausan úr fangelsi í Norður-Kóreu, sjö mánuðum eftir að hann var handtekinn þar. Gomes hafði fengið átta ára fangelsisdóm fyrir að hafa komið án heimildar til Norður-Kóreu yfir landamærin frá Kína.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

150 lítrar af landa teknir

Lögreglan á Akureyri lagði hald á 150 lítra af landa eftir húsleit í iðnaðarhúsnæði í fyrrakvöld. Þá lagði lögreglan hald á 260 lítra af gambra auk tækja til landaframleiðslu svo sem eimingjartækja, umbúða og efna. Einn maður var handtekinn en honum sleppt að yfirheyrslum loknum.

LANDHELGISGÆSLAN

Aðstoðaði erlendan togara

Varðskipið Týr kom til aðstoðar erlendum togara sem varð vélarvana um 490 sjómílur vest-suð-vestur af Reykjanesi aðfaranótt miðvikudags. Þegar komið var að togaranum var dráttarlínu skotið yfir. Áætlað er að skipin verði komin í Faxaflóa á laugardag segir á vef Gæslunnar.

Nefnd velur forstjóra fyrir Íbúðalánasjóð

Stjórn Íbúðalánasjóðs gafst upp á að ná samstöðu um nýjan forstjóra og skipar að tillögu ráðherra valnefnd til að finna hæfasta umsækjandann. Nefndin á að ljúka störfum á þremur vikum. Sjóðurinn þarf almenna tiltrú segir ráðherra.

STJÓRNSÝSLA Stjórn Íbúðalánasjóðs nær ekki samstöðu um ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Að ráði Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra hefur nú verið skipuð sérstök valnefnd til að gera tillögu um hæfasta umsækjandann.

„Þetta er gífurlega mikilvæg stofnun og það eru mörg erfið verkefni fram undan. Ég mat það þannig og er þeirrar bjargföstu skoðunar að það sé nauðsynlegt fyrir nýjan framkvæmdastjóra að hafa mjög víðtækan styrk stjórnarmanna í þau verkefni sem bíða. Ráðherra viðraði þessa hugmynd við stjórnina til að ná helst öllum atkvæðum stjórnarmanna á bak við framkvæmdastjórann,“ segir Hákon Hákonarson, formaður stjórnar Íbúðalánasjóðs.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Árni Páll Árnason tekur undir að mikilvægt sé að ná samstöðu um niðurstöðuna. „Við viljum vera viss um að nýr framkvæmdastjóri hafi tiltrú og að það sé víðtækur skilningur á því að um hæfasta umsækjandann sé að ræða,“ segir ráðherra sem aðspurður kveðst enga skoðun hafa á því hvern eigi að ráða.

Starfandi framkvæmdastjóri, Ásta H. Bragadóttir, naut stuðnings þriggja af fimm stjórnarmönnum í starfið. Ekki hefur þó verið gengið til atkvæða um málið. Ásta hefur nú dregið umsókn sína til baka. Starfsmenn Íbúðalánasjóðs lýstu yfir stuðningi við Ástu með yfirlýsingu í gær. „Ég hefði viljað sjá hennar nafn í ferlinu allt til enda,“ segir ráðherrann.

Þau sem skipa valnefndina eru Magnús Pétursson ríkissáttasemjari, Jón Sigurðsson lektor við Háskólann í Reykjavík og dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir lektor við Háskóla Íslands. Niðurstaða þeirra á að liggja fyrir eftir um þrjár vikur.

Staða Íbúðalánasjóðs er slæm. Koma þar bæði til vanskil þeirra sem tekið hafa lán hjá sjóðnum og einnig milljarða tap vegna skuldabréfakaupa af viðskiptabönkunum sem féllu haustið 2008. Þá segir Hákon um átta hundruð íbúðir í eigu sjóðsins. Staðan sé þó heldur að batna því fleiri lán séu að komast í skil og frystingum lána fækki.

Fram kom í Fréttablaðinu í júlí að gert væri ráð fyrir að ríkið þyrfti að leggja Íbúðalánasjóði til allt að tuttugu milljarða króna fram til ársins 2014. Ráðherrann segir forsendur varðandi þetta lítið hafa breyst. „Ríkið stendur að baki Íbúðalánasjóði og mun grípa til aðgerða til að styrkja sjóðinn og einnig til að draga úr áhættu hans,“ segir Árni Páll um framhaldið.

gar@frettabladid.is

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Framkvæmdastjórinn hætti 1. júlí og aðstoðarframkvæmdastjórinn hefur sinnt starfinu síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Gengið frá Dómkirkjunni yfir í Hólavallakirkjugarð:

Líkfylgd á fæti að gömlum sið

FÓLK Aðstandendur séra Ágústs Sigurðssonar fylgdu honum fótgangandi til grafar í gær, úr Dómkirkjunni yfir í Hólavallakirkjugarð. Að líkindum er þetta í fyrsta sinn í áratugi sem líkfylgd er fótgangandi.

„Útfararstjórinn sagðist hafa verið í þessu í fimmtán til tuttugu ár og aldrei hafa gert þetta fyrr,“ segir séra Kristján Björnsson, bróðursonur Ágústs.

Nú til dags er sjaldgæft að fólk sé jarðsett í Hólavallakirkjugarði, en áður fyrr tíðkaðist að bera kistuna alla leið úr kirkjunni yfir í garðinn eða notast við hest. Í gær var bíll látinn duga. - sh

TILKOMUMIKIL FYLGD Margmenni gekk fylktu liði í garðinn, þar sem séra Ágúst var jarðsettur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TAX FREE DAGAR

Afnemum VSK af öllum barnafatnaði!

Dagana 26. - 29. ágúst afnemum við VSK af öllum BARNAFATNAÐI.

Þú færð allan barnafatnað, barnanáttföt, barnaundirföt, barnasokka og barnasokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. ágúst 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir formaður skipulagsráðs Reykjavíkur?*
2. *Hver fyllir skarð Spaugstofunnar hjá RÚV á laugardagskvöldum í vetur?*
3. *Hvað er gert ráð fyrir að íbúðasafn Íbúðalánasjóðs verði orðið stórt í árslok.*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

SPITAL og Nýr Landspítali ehf. undirrituðu saming um frumhönnun og gerð nýs Landspítala í gær:

Bjartsýni um að áætlanir standist áfram

HEILBRIGÐISMÁL Samningur um frumhönnun og gerð alútboðsgagna vegna byggingar nýs Landspítala var undirritaður við hátíðlega athöfn í gær.

„Þetta er stór dagur. Allt sem hingað til hefur verið gert, frá 4. nóvember síðastliðnum þegar samkomulagið var staðfest á milli lífeyrissjóðanna og stjórnvalda, hefur gengið eins og klukka," segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra. „Það vekur manni vonir um að það muni gera það áfram. Verkið er í öruggum höndum og á trúverðugri vegferð." Álfheiður segir verkefnið vera það langstærsta sem heilbrigðisþjónustan hefur tekist á við. „En það er ekki eins og við höfum ekki góðan spítala í dag. Við ætlum bara að gera hann betri."

Nú fer frumhönnun byggginganna af stað og Arinbjörn Friðriksson, stjórnarformaður SPITAL-hönnunarhópsins, segist afar bjartsýnn á að áætlanir, bæði þær sem varða tíma og fjárhag, gangi eftir.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, segir að breytingarnar fyrir heilbrigðisdeildir HÍ verði miklar og jákvæðar eftir að þær verði sameinaðar í nýju byggingum Landspítalans.

„Það mun gera okkur kleift að efla samstarf spítalans og háskólans. Samnýting tækja og mannskaps verður gríðarlega mikilvæg fyrir starfsemina og bætir hana til muna," segir Kristín.

SPITAL-hönnunarhópurinn bar sigur úr býtum í samkeppni um tillögur að byggingunni fyrr í sumar og skrifaði Arinbjörn Friðriksson undir samninginn ásamt Gunnari Svavarssyni, stjórnarformanni hlutafélagsins Nýr Landspítali ehf.

- sv

SAMNINGURINN STAÐFESTUR Arinbjörn Friðriksson, stjórnarformaður SPITAL, og Gunnar Svavarsson, stjórnarformaður hlutafélagsins Nýr Landspítali ehf., takast í hendur eftir undirritun samningsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Styrkir
Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2011. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:

- félags- og velferðarmála
- menntamála - grunnskólar/leikskólar
- íþrótta- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Vakin er athygli á því að reglur um styrkveitingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar *www.reykjavik.is/styrkir*. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef Reykjavíkurborgar, *www.reykjavik.is/styrkir*. Eyðublöðum þessum skal skilað rafrænt ásamt fylgigögnum, eða, ef þess er ekki kostur, í Ráðhús Reykjavíkur, merktum Reykjavíkurborg – styrkumsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í árslok 2010.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/styrkir

Fjögurra mánaða verkefni

Mikið verk verður að ná námumönnum 33 út úr námunni og er reiknað með að fjóra mánuði þurfi til verksins. Björgunarfólk er byrjað að senda mat og aðrar nauðsynjar gegnum þröng göng.



© Graphic News Heimild: San Esteban námufélagið

Sungu fyrir ættingjana

Námumennirnir í Chile eru komnir í betra samband við umhverfið. Námufélagið San Esteban hefur ekki getað tekið þátt í björgunarkostnaði.

CHILE, AP Ættingjar og vinir 33 námumanna, sem eru fastir í námu í Chile, önduðu léttar þegar sýnt var í sjónvarpi nýtt myndband, sem tekið var niðri í námunni. Þar sáust mennirnir syngja þjóðsöng landsins kátir í bragði og hrópa: „Lengi lifi Chile, og lengi lifi námumennirnir!" Þeir voru berir að ofan, héldust í hendur og virtust vel á sig komnir.

„Þetta er algjör andstaða þess sem ég bjóst við," sagði Antonio Bugueno, bróðir eins innilokuðu námumannanna. „Ég hélt hann myndi líta miklu verr út. En hann virtist sterkur á hjarta og í huga."

Mennirnir lokuðust inni í námunni 5. ágúst síðastliðinn og ekki er útlit fyrir að þeir komist út fyrr en eftir fjóra mánuði.

Í sjónvarpinu voru sýndar fimm mínútur af alls 45 mínútna löngu myndbandi, sem mennirnir tóku á litla tökuvél sem var send til þeirra niður um þröng göng. Þau voru boruð í því skyni að koma til þeirra helstu nauðsynjum þangað til unnt verður að koma þeim út.

Það verður enginn hægðarleikur, því reiknað er með að það taki fjóra mánuði að bora nægilega breið göng niður til þeirra. Það tók heila 17 daga að bora litlu göngin, sem eru 15 sentimetrar að þvermáli.

Þótt mennirnir hafi borið sig vel í myndbandinu fer enginn í grafgötur með það að erfitt verður fyrir þá að halda út þessa mánuði. Þessa sautján daga sem liðu áður en hægt var að ná sambandi við þá misstu þeir að meðaltali tíu kíló hver og þurfa nú að drekka mikið til að bæta sér upp vökvatap.Hitinn þarna niðri mun vera tæpar þrjátíu gráður á Celsius. Veikist einhver mannanna alvarlega verður erfitt að veita honum nauðsynlega læknishjálp.

Námufélagið San Esteban, sem hefur starfrækt námuna, virðist ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að taka neinn þátt í björgunaraðgerðunum. Að öllum líkindum fer það á hausinn. Yfirmenn þess fullyrtu fyrst eftir að göngin lokuðust að öryggismál hefðu verið í góðu lagi. Undanfarið hefur hins vegar ekkert gengið að ná tali af þeim.

gudsteinn@frettabladid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 51206 08/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

ALICANTE

NÝR ÁFANGASTAÐUR ICELANDAIR

SÓLARMEGIN Í LÍFINU

Icelandair býður beint flug til Alicante á Costa Blanca frá og með 14. apríl 2011. Í Alicante kemur sólin upp á morgnana og sest á kvöldin í þeim eina tilgangi að gleðja þig og láta þér líða vel. Alicante á suðausturströnd Spánar er einn af vinsælustu sólarstöðum landans um árabil.

Í flugvélum Icelandair bíða þín þægileg flugsæti, gott sætabil, matur fyrir börnin án endurgjalds og þinn eigin persónulegi skjár þar sem þú getur valið úr 100 klukkustundum af afþreyingarefni og góðu úrvali barnaefnis á íslensku.*

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

*Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

Flóðin skella á syðsta hluta landsins



ÁHRIF Á HÉRÖÐIN

24. ágúst	Látnir	Áhrif á líf (milljónir)
Kíber Paktúnva	1.068	4,37
Kasmír (Pakistan)	252	0,25
Púnjab	103	8,20
Sind	71	3,68
Balúkistan	45	0,67

© Graphic News Heimild: UNOCHA

Fjórar milljónir barna í bráðri hættu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ræðir við Alþjóðabankann og Þróunarbanka Asíu um efnahagsaðstoð við Pakistan. Um 2,5 milljónir hafa flúið heimili sín.

PAKISTAN Fjögur hundruð þúsund íbúar í sunnanverðu Sind-héraði í Pakistan þurftu að forða sér vegna flóðanna í Pakistan, til viðbótar við þær milljónir manna sem nú þegar hafa þurft að flýja að heiman.

Að sögn UNICEF á Íslandi hafa Íslendingar gefið yfir tvær milljónir króna til neyðarstarfs UNICEF. Yfir átta milljónir barna hafa orðið fyrir áhrifum af flóðunum í Pakistan, og þar af eru um fjórar milljónir barna í bráðri hættu. Mikil hætta er á að ástandið versni enn frekar.

GERRY RICE

Allir kostir eru nú undir varðandi efnahagsaðstoð til handa Pakistan vegna flóðanna þar, að sögn Gerrys Rice, yfirmanns ytri samskipta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á upplýsingafundi sjóðsins í gær.

„Fundir til þess að meta áhrif flóðanna standa yfir og gerum við ráð fyrir að þeir haldi áfram þar til seint í næstu viku,“ sagði Rice, en fyrir liggur yfirlýsing sjóðsins um að brugðist verði við þeim stórkostlegu áhrifum sem flóðin hafa á efnahagslíf landsins. Rice segir unnið með stjórnvöldum og sérfræðingum í Pakistan, auk þess sem sjóðurinn eigi í viðræðum við Þróunarbanka Asíu og Alþjóðabankann um endurreisn efnahagslífsins í Pakistan. Þar segir hann koma jafnt til greina heföbundna efnahagsaðstoð sjóðsins og framlög úr viðlagasjóði AGS vegna náttúruhamfara.

Þá er einnig verið að meta mögulega niðurfærslu skulda, auk frekari lánveitinga til landsins. „Við skoðum alla kosti,“ sagði Rice, en bætti um leið við að verið væri að meta tjónið. „Við verðum að bíða eftir niðurstöðu fundanna í næstu viku.“

olikr@frettabladid.is
gudsteinn@frettabladid.is


FLÓÐ Svona var umhorfs í Jacobabad í Pakistan 17. ágúst þegar herþyrlur fóru þangað með hjálpargögn.
NORDICPHOTOS/AFP

FRÆÐAFUNDIR
LAGADEILDAR HR
HAUSTIÐ 2010

TRÚNAÐAR- OG ÞAGNARSKYLDA PRESTA
Hádegisfundur 30. ágúst kl. 11:45–13:00.
Svala Ísfeld Ólafsdóttir, sérfræðingur við lagadeild HR, Stefán Einar Stefánsson, guðfræðingur og viðskiptasiðfræðingur og dr. Sigríður Guðmarsdóttir sóknarprestur.

VÍSINDAVAKA RANNÍS – STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN
24. september kl. 17:00–22:00.
- Lögfræðiþjónusta Lögréttu kynnir starf sitt.
- Kynning á rannsóknarverkefnum lagadeildar HR.

BRÉF TIL UNGS LÖGMANNS
Hádegisfundur 30. september kl. 12:00–13:00.
Þýðing á bókinni *Letters to a young lawyer* eftir Alan Dershowitz prófessor í refsirétti við Harvard-háskóla.
Stefán Einar Stefánsson viðskiptasiðfræðingur við lagadeild HR og þýðandi bókarinnar og Sigurður Tómas Magnússon atvinnulífsprófessor við lagadeild HR.

THE RIGHT TO HEALTH:
RIGHTS AND REALITIES IN AN AGE OF GLOBALISATION AND COMMERCIALISATION
Opinber fyrirlestur 21. október kl. 12:00–13:00.
Dr. Brigit Toebes lektor við lagadeild Háskólans í Aberdeen í Skotlandi og fræðimaður á sviði heilbrigðisréttar og alþjóðlegrar mannréttindaverndar.
Fyrirlesturinn er haldinn í samstarfi við European Association of Health Law.

AÐILDARVIÐRÆÐUR ÍSLANDS VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ
Evrópuréttarstofnun, hádegisfundur í nóvember.
Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra og aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum.

STJÓRNLAGAÞING OG ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁR
Hádegisfundur 1. desember kl. 12:00–13:00.
Dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor við lagadeild HR.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
LAGADEILD
SCHOOL OF LAW

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | www.hr.is

Aðeins í BYKO Breidd

LAGER-HREINSUN

Mikill afsláttur

Enn í fullum gangi!

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Árstíðavara • Heimilistæki • Hreinlætistæki • Verkfæri
Parket • Flísar • Búsáhöld • Heimilisvara • Og margt fleira

Takmarkað magn!

Viðarrimla-gardínur
Verð frá 1.500

Plastkassar
margir litir og stærðir
Verð frá 750

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF VÖRUÚRVALINU Á LAGERHREINSUN Í BYKO BREIDD

		Lagerhreinsunarverð:	Fullt verð:
Vnr. 41119043	COLORADO kaffistell, 18 stk.	5.500 kr.	9.990 kr.
Vnr. 41119044	COLORADO matarstell, 12 stk.	5.500 kr.	9.990 kr.
Vnr. 17850017	Veggflís, beige glans, 30x60 cm	2.990 kr.m^2	4.390 kr.m^2
Vnr. 65742200	BOSCH Sportlife baðvog	10.000 kr.	12.086 kr.
Vnr. 63118200	MEBUS veggklukka	3.000 kr.	5.990 kr.
Vnr. 41114273	SIMAX glös, 6 stk. á pakka	1.000 kr.	3.314 kr.
Vnr. 41114273	SIMAX könnur, 6 stk. á pakka	1.000 kr.	2.207 kr.
Vnr. 57900104	LNL kökudiskur með loki	1.500 kr.	2.480 kr.
Vnr. 68532031	LUX geirungssög, 550 mm.	2.994 kr.	4.990 kr.
Vnr. 88012345	2 manna kajak	38.500 kr.	59.990 kr.
Vnr. 79290170	Hillur, 900x450x1800 mm	6.990 kr.	10.990 kr.
Vnr. 41621529	Markísa, græn, 3,5x2,5 m	20.000 kr.	39.990 kr.

Bætum daglega við vöruúrvalið!

ÚTSÖLU-BORÐ

Á útsöluborði okkar í garðskála BYKO Breidd finnur þú fjöldann allan af vörum á eftirtöldu föstu verði:

100 kr.
250 kr.
350 kr.
500 kr.
1.000 kr.
1.500 kr.
2.000 kr.
2.500 kr.
3.000 kr.
3.500 kr.
5.000 kr.
7.500 kr.
10.000 kr.

Takmarkað magn!

Timbursala BYKO Breidd

LAGER-HREINSUN

• Panill • Vatnsklæðning
• Profiltak þakefni • Álplötur
• Byggingatimbur, 25x150 mm
• Múrsteinar • Og margt fleira!

Allt að 60% afsláttur

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

FRÉTTASKÝRING: Róttækar aðgerðir samþykktar á stjórnarfundi Orkuveitu Reykjavíkur

28,5% hækkun á orkukostnaði heimila

Orkuveitan hækkar gjaldskrár til almennings um 28,5 prósent og stefnir að því að lækka rekstrarkostnað sinn um tvo milljarða, innan þriggja ára. Í því skyni þarf hvort tveggja að lækka laun og segja upp starfsfólki. Þá er sala á eignum sem ekki tengjast kjarnastarfsemi í undirbúningi. Allt hefur þetta það að markmiði að gera félagið á ný lánshæft á fjármagnsmörkuðum.

STJÓRNARFORMAÐUR Haraldur Flosi Tryggvason er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-próf frá Oxfordháskóla í Bretlandi. Hann vonast til að þær aðgerðir sem stjórn Orkuveitunnar samþykkti í gær tryggi fjármögnun fyrirtækisins út næsta ár. Frekari vinna þurfi þó að eiga sér stað til þess að tryggja varanlegan bata í rekstrinum og brugðið geti til beggja vona í því sambandi. Þættir eins og þróun krónunnar og vaxtastig geti haft mikið að segja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á löngum fundi í gær að hækka gjaldskrár fyrirtækisins. Gjald fyrir dreifingu rafmagns hækkar um 40 prósent, rafmagnsverð um 11 prósent og verð á heitu vatni um 35 prósent. Áhrif hækkunarinnar á vísitölu neysluverðs verða 0,39 prósent, að sögn Orkuveitunnar. Áhrifin á neytendur verða eitthvað breytileg en Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnar-formaður OR, segir að algengur orkureikningur hjá fjölskyldu hækki um 28,5 prósent, eða um 2.750 krónur á mánuði eða um 33.000 krónur á ári. Þar er miðað við fjölskyldu sem býr í 130 fermetra húsi og borgar nú um það bil 9.700 krónur á mánuði eða 117.000 krónur á ári fyrir rafmagn og heitt vatn.

Eftir hækkun mun þessi fjölskylda borga 12.500 krónur á mánuði eða 150.000 krónur á ári. Þetta eru miklar hækkanir en Haraldur Flosi leggur áherslu á að eftir sem áður sé orkukostnaður hér helmingur til fjórðungur af því sem þekkist á Norðurlöndunum. Þá hafi hækkanir ekki verið í neinu samræmi við verðlagsþróun undanfarin ár.

Stjórnin samþykkti einnig að ráðast í mikinn niðurskurð og hagræðingu á rekstri sem á að spara allt að 25 prósent af rekstrar-útgjöldum á næstu þremur árum. Loks var samþykkt að fela forstjóra að lista upp allar eignir sem ekki tengjast kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, áætla söluandvirði þeirra og leggja fyrir stjórn að taka ákvörðun um sölu.

Vilja standa við skuldbindingar

Haraldur Flosi segir að markmið alls þessa sé að gera fyrirtækinu kleift að standa við skuldbindingar gagnvart lánardrottnum sínum og tryggja áframhaldandi traust og góða þjónustu við viðskiptavini. Leiðarljós aðgerðanna sé að treysta stöðu fyrirtækisins og tryggja að kjarnastarfsemi þess standi á styrkum stoðum bæði hvað varðar rekstur og skipulag.

Fram er komið að Orkuveitan skuldar nú um 240 milljarða króna, að mestu leyti í erlendri mynt þótt tekjurnar séu að mestu í krónum.

Rekstrarsparnaðurinn sem stefnt er að svarar til tveggja milljarða króna á ári. Haraldur Flosi segir að svo mikill sparnaður, um 25 prósent af rekstrarútgjöldum, muni „rífa í“. Samþykkt stjórnarinnar felur í sér að forstjóranum er falið að ná þessum markmiðum.

„Það er ekki hægt að skera svo mikið niður án þess að það bitni á launakostnaði, það liggur í hlutarins eðli,“ segir Haraldur Flosi. „Það er rétt að undirstrika að komi til uppsagna verður það gert í samvinnu við alla hagsmunaaðila.“ Helgi Þór Ingason var ráðinn í starf forstjóra fyrir rúmri viku. Þá var samið um að laun hans yrðu 1,2 milljónir króna á mánuði, sem er um þriðjungi lægra en forverinn hafði. Helgi Þór hefur hvorki bíl til umráða né fær hann bílakostnað greiddan. Haraldur Flosi segir að með ráðningarsamningi forstjórans hafi ákveðin stefna í launamálum fyrirtækisins verið mörkuð. Eðlilegt sé að sú stefna verði látin ganga niður fyrirtækið, nú þegar rekstur og launakostnaður er til endurskoðunar. Fyrst verði lögð áhersla á að draga úr kostnaði við laun stjórnenda og launahæstu starfsmanna og draga úr ýmis konar hlunnindum.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær stendur sjötta hæðin í höfuðstöðvum Orkuveitunnar nú auð en þar var áður gæðadeild og skrifstofa forstjóra í íburðar-miklum skrifstofum. Ætlunin er að bjóða fyrirtækjum þessa hæð til leigu. Gæðaskrifstofan og skrifstofa forstjóra hafa nú verið fluttar í opið rými á annarri hæð hússins og þar fer viðtalið fram, í fábrotnu fundarherbergi. Stjórnarformaðurinn segir að starfsfólk fyrirtækisins hafi margt talað um að yfirstjórnin væri úr tengslum við aðra starfsmenn á þakhæðinni og því hafi breytingin verið gerð, auk þess sem óþarflega mikið hafi verið lagt í aðstöðuna miðað við að um er að ræða fyrirtæki í opinberri eigu og í opinberri þjónustu.

Sala á eignum undirbúin

Sala á eignum Orkuveitunnar sem ekki tengjast kjarnastarfsemi var einnig undirbúin á stjórnarfundinum, sem lauk í gærkvöldi. Haraldur segir að þar sé til dæmis vísað í eignarhluti í orkufyrirtækjum eins og HS Veitum og Landsneti og einnig í margs konar aðrar eignir. Þar á meðal eru landareignir sem fyrirtækið hefur sankað að sér víða um suðvestanvert landið á undanförnum árum. Í því sambandi má nefna Hvammsvík í Hvalfirði, Berserkjaeyri á Snæfellsnesi og Hótel Hengil, sem er rekið í starfsmannahúsi á Nesjavöllum, að ógleymdri Perlunni í Reykjavík, sem reyndar var sett á sölu fyrir nokkrum árum án þess að áhugasamur kaupandi fyndist. Orkuveitan á einnig miklar eignir á Úlfljótsvatni.

Haraldur segir að með ákvörðun stjórnarinnar í gær hafi forstjóranum verið falið að taka saman lista yfir þær eignir sem Orkuveitan á og eru ekki nauðsynlegar fyrir kjarnastarfsemi hennar. Forstjórinn og starfsmenn muni verðmeta þessar eignir og leggja til hvernig staðið verði að sölu þeirra. Fram kemur að meðal eigna sem fara á sölu eru væntanlega eignir sem urðu til hjá Reykjavík Energy Invest, en það fyrirtæki hafði til dæmis lagt í undirbúningskostnað vegna virkjanaframkvæmda í Djíbútí og í Kalifórníu. Haraldur segist búast við að nú verði kannað hvort hægt er að finna kaupendur að þessum eignum Orkuveitunnar.

0,39%

Hækkun á gjaldskrá Orkuveitunnar leiðir til hækkunar á verðbólgu, samkvæmt vísitölu neysluverðs sem þessu nemur.

Öllum þessum aðgerðum, gríðarlegum hækkunum á gjaldskrá, bröttum niðurskurði og eignasölu fylgja engin loforð af hálfu stjórnarformannsins um að með þessu sé Orkuveitan komin fyrir vind og muni sigla lygnan sjó framvegis.

„Það er langt í frá,“ segir Haraldur Flosi. Aðgerðirnar eru lágmarksaðgerðir, segir hann, sem duga vonandi til þess að tryggja fyrirtækinu fjármögnun út næsta ár, koma til móts við athugasemdir erlendra matsfyrirtækja og geri fyrirtækið þannig gjaldgengt á lánsfjármörkuðum á ný.

Þarna er meðal annars horft til þeirra athugasemda sem fyrirtækið Moody‘s gerði snemma á þessu ári þegar það fann að því að það hefði ekki nýtt möguleika til að hækka gjaldskrár, en hækkun á rafmagni og heitu vatni undanfarin fimm ár er langt undir vísitölubreytingum á sama tíma.

Þegar fyrirtækið er orðið gjaldgengt á lánsfjármarkaði á ný verður verkefni stjórnarinnar að fjármagna verklok framkvæmda á Hellisheiði. Nýjustu virkjanaframkvæmdir þar hafa verið fjármagnaðar til skamms tíma. Að því loknu muni skapast ráðrúm til að beina sjónum að því hvernig langtímastöðugleika verður náð í rekstri Orkuveitunnar og hvernig hægt verður að endurfjármagna félagið. Það þarf að greiða gríðarlega háar fjárhæðir af skuldum sínum næstu ár. Þyngst verður greiðslubyrðin 2013.

Stóriðjusala niðurgreiddi rafmagn

Eins og fyrr sagði eru skuldir fyrirtækisins samtals um 240 milljarðar króna. Haraldur Flosi segir að eingöngu tæp 40 prósent af þessum skuldum, eða um 90 milljarðar, séu vegna fjárfestinga í raforkusölu til stóriðju. Þetta sé hluti starfseminnar. Viðmið raforkuverðsins, sem er meðal annars verðtryggt miðað við markaðsverð á áli, hafi aukist um 116 prósent á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 57 prósent en tekjur af raforkusölu til heimila hafi aðeins hækkað um 23 prósent. Segja megi að stóriðjusalan hafi niðurgreitt rafmagn til annarra notenda.

Um fjórðungur skulda Orkuveitu Reykjavíkur, eða um 60 milljarðar, er til kominn vegna fjárfestinga í hitaveitu á Hellisheiði. Þrettán prósent til viðbótar, ríflega 31 milljarður, tengjast fráveituframkvæmdum sem Orkuveitan hefur ráðist í.

Pétur Gunnarsson
peturg@frettabladid.is

Jóga með Kristbjörgu
hefst 13. sept. í Gerðubergi
Jógatímar
mán. og mið. kl.17.15 - 18.30
Jóga Yama
hefst 29. sept. kl.19.30.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 861 1373 eða á kristbjorg.is

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 21.030 KR.*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 51063 08/10

Jói FEL

Ljúffeng helgarsteik!

Svínafile
marinerað og kryddað að hætti Jóa Fel og tilbúið beint í ofninn.

TILBOÐ 35% afsláttur við kassa

SVÍNAFILE JÓA FEL
1.689 kr/kg.
Merkt verð 2.598.-

JÓI FEL BRAUÐSALÖT

Eðal salöt úr úrvalshráefni

Túnfisksalat, Rækjusalat, Skinkusalat, Laxasalat og Humus

JÓI FEL SÓSUR

Tilvaldar með öllum mat

TILBOÐ **399** kr/stk.

dijon hunangs sósa | basil & hvítlauks sósa | rósapipar sósa

Ný uppskera frá USA

Vínber
ný uppskera frá USA

Innihalda A og C vítamín

TILBOÐ CANTALOUPE MELÓNUR **198** kr/kg.

Cantaloupe melónur

Frábærar á milli mála

TILBOÐ SUGAR SNAPS **299** kr/pk.

Sugar snaps

Ný uppskera!

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN
EES-ESB vottun IS-1

Akursels gulrætur
lífrænar, 500g

EUROSHOPPER

EUROSHOPPER VÖRUR

Euroshopper gæða vörur á lágu verði. Hægt er að nálgast um 230 vörutegundir í Hagkaup á góðu verði. Euroshopper vörurnar eru seldar víðsvegar á norðurlöndum, í Bretlandi og Þýskalandi.

Ódýrt í Hagkaup

BAKAÐAR BAUNIR **99** kr/stk.

SPAGHETTI 1 KG. **187** kr/pk.

SÚKKULAÐIBITA KÖKUR **169** kr/pk.

STEIKTUR LAUKUR 200G **169** kr/pk.

TILBOÐ SUN MAID RÚSÍNUR 500G **289** kr/pk.

TILBOÐ EAT NATURAL **199** kr/stk.

TILBOÐ NIZZA BITAR **499** kr/pk.

TILBOÐ NIZZA SÚKKULAÐI **99** kr/stk.

TILBOÐ FLORIDANA APPELSÍNUSAFI **199** kr/stk.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 29. ágúst á meðan birgðir endast.

TÓMAT- OG FETAOSTAFYLLT SVÍNALUND MEÐ PARMESAN POLENTU fyrir 4

að hætti Rikku

1 ½ msk ólífuolía
800 g svínalund
8 sneiðar Ítalía Napoli spægipylsa
150 g fetaostur með sólþurrkuðum tómötum, olía sigtuð frá
20 papríkufylltar grænar ólífur
1 tsk græn piparkorn
120 g Ítalía tómatmauk úr sólþurrkuðum tómötum
Salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 180°C. Steikið svínalundina upp úr olíunni á meðalheitri pönnu í mínútu á hvorri hlið. Skerið rauf í lundina og raðið spægipylsunni í hana. Blandið saman fetaosti, ólífum, piparkornum og tómatmauki og smyrjið ofan á spægipylsuna. Gott er að binda lundina saman með eldhúsgarni en ekki nauðsynlegt. Leggið lundina á pappírsklædda ofnplötu og bakið í 35 mínútur.

POLENTA
150 g polenta
1 msk ólífuolía
2 hvítlauksrif, pressuð
½ kúrbítur, skorinn í munnbita
20 g rifinn parmesanostur
Salt og nýmalaður pipar

Eldið polentuna samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu. Steikið hvítlaukinn upp úr olíunni á meðalheitri pönnu, bætið kúrbítnum saman við og steikið áfram í 4-5 mínútur. Blandið parmesanostinum saman við volgu polentuna og kryddið með salti og pipar. Bætið kúrbítnum og hvítlauknum saman við og hrærið. Berið polentuna fram með svínalundinni.

Kkal: 632 / 32% RDA*
Fita: 33 g/ 51% RDA
Kolvetni: 32 g/ 11% RDA
Prótín: 50.4 g/ 101% RDA
B6 vítamín: 2.0 mg/ 94% RDA
Kalk: 271 mg/ 27% RDA
Járn: 3.9 mg/ 16% RDA
* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

Heill kjúklingur
ferskur

Kjúklingaleggir
í indverskum kryddlegi

Lambalæri
frosið

Lærissneiðar
í bláberjalegi

Pétur kokkur og kjötsérfræðingur





Kjötborð fyrir sælkera

í Garðabæ, Kringlunni, á Eiðistorgi og Akureyri.

Kjötborðsmeistarar Hagkaups taka vel á móti þér!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað felst í aðskilnaði ríkis og kirkju?

Staða kirkjunnar

Staða þjóðkirkjunnar er til umræðu eins og eðlilegt má teljast eftir atburði undanfarinna daga. Kröfur hafa komið upp um aðskilnað ríkis og kirkju; helmingurinn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar segist honum hlynntur og stjórnarþingmaður boðar frumvarp um aðskilnað í haust.

Þjóðkirkjan hefur átt nokkuð undir högg að sækja undanfarinn hálfan annan áratug. Á þessum tíma hefur hlutfall landsmanna í þjóðkirkjunni lækkað úr yfir 90 prósentum í undir 80. Um níutíu prósent landsmanna eru þó áfram í kristnum trúfélögum. Mál Ólafs Skúlasonar biskups varð á sínum tíma til þess að úrsögnum úr kirkjunni fjölgaði. Síðar varð óánægja margra með afstöðu kirkjunnar í málefnum samkynhneigðra til þess að margir sögðu skilið við kirkjuna.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Á síðustu dögum hefur enn riðið yfir bylgja úrsagna úr kirkjunni. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á, að í stað þess að láta vandamálin velkjast langtímum saman í stofnunum kirkjunnar brást þjóðkirkjan hratt við gagnrýni og óánægju almennings. Kirkjuráð tók ákvörðun um að sett yrði á fót sannleiksnefnd til að rannsaka mál Ólafs biskups og viðbrögð kirkjunnar við því á sínum tíma og bað konurnar, sem komið hafa fyrir kirkjuráð og lýst brotum hans, fyrirgefningar.

Þegar rætt er um aðskilnað ríkis og kirkju er oft á reiki við hvað menn eiga. Þjóðkirkjan er ekki lengur ríkiskirkja; hún nýtur mikils sjálfstæðis og tengsl hennar við ríkisvaldið lúta einkum að ýmsum formsatriðum. Ríkið greiðir laun fastákveðins fjölda presta og starfsmanna Biskupsstofu og þeir teljast opinberir starfsmenn. Þetta er gert á grundvelli samnings frá 1997, sem fól í sér að ríkið eignaðist allar jarðeignir kirkjunnar, sem á sínum tíma voru um 16% af jarðeignum á landinu. Ætti fullur fjárhagslegur aðskilnaður ríkis og kirkju að fara fram, yrði kirkjan væntanlega að fá bætur fyrir jarðirnar. Innheimtu sóknargjalda annast ríkið fyrir öll trúfélög, ekki aðeins þjóðkirkjuna.

Í stjórnarskránni er tekið fram að hér sé þjóðkirkja og ríkisvaldið skuli styðja hana og vernda. Þetta ákvæði hefur ekki lengur neina praktíska þýðingu. Núorðið má fremur líta á það sem eins konar yfirlýsingu um kristinn siðferðisgrundvöll íslenzka ríkisins, sem flestir landsmenn hafa sennilega viljað hlúa að.

Á næstunni gefst hins vegar tækifæri til þess, á stjórnlagaþingi, að ræða hvort halda eigi þessu ákvæði stjórnarskrárinnar óbreyttu. Í núverandi stjórnarskrá er reyndar kveðið á um að verði kirkjuskipan ríkisins breytt, verði að halda um það þjóðaratkvæðagreiðslu.

En jafnvel þótt menn afnemi stjórnarskrárákvæðið, verða íslenzka ríkið og kristindómurinn trauðla aðskilin. Ísland er ríki með kross í þjóðfánanum og skjaldarmerkinu, sálm fyrir þjóðsöng og lögbundið frí á hátíðum kirkjunnar. Viljum við breyta því?

Áður en hægt er að taka afstöðu til spurningarinnar um aðskilnað ríkis og kirkju, sem nú er komin upp vegna óánægju með kirkjuna, þarf að svara því hvaða þýðingu nákvæmlega slíkur aðskilnaður hefur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

VIÐHALD OG NÝBYGGINGAR
• Tökum að okkur viðhald og nýbyggingar
• Gerum föst verðtilboð
• Tryggjum að verkin standist tímamörk
F&F
FINNUR OG FÉLAGAR
Sími: 8637180 Email: finnurogfelagar@gmail.com

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Sápukúlur í valdabaráttu

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tókst í liðinni viku að láta Evrópumræðuna snúast um þær staðhæfingar Heimssýnar að umsóknarferlið sé aðlögunarferli. Í því felst sú hugsun að Ísland þurfi að innleiða löggjöf Evrópusambandsins áður en þjóðin fær tækifæri til að greiða atkvæði um hugsanlegan samning.

Veruleikinn er nokkuð á annan veg. Það veit ráðherrann jafn vel og aðrir talsmenn Heimssýnar. Þetta útspil á hins vegar rætur að rekja til þeirrar valdabaráttu sem nú er háð innan VG um völd og ráðherrastóla.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Heimssýnararmar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins styðja Jón Bjarnason og órólegu deildina í VG í þeim átökum. Með því að ráðherrann hafði engin málefni til að styrkja stöðu sína í þessari baráttu var ákveðið að blása þessa staðhæfingu upp eins og hún væri sönn og sjá hvort það dygði ekki.

Umsókn felur í sér markmið um aðild ef samningar takast. Við stígum þetta skref í þágu eigin hagsmuna. Ísland hefur þegar lagað sig að stærstum hluta regluverks Evrópusambandsins vegna EES-samningsins. Þar eru þó einhver óleyst mál sem þrýst verður á, til að mynda varðandi tölfræðiupplýsingar. Það hefði reyndar gerst óháð aðildarumsókn.

Ugglaust mun koma þar í viðræðunum að Ísland þarf að sýna fram á hvernig það hyggst leysa mál þar sem breytinga er þörf eftir að aðildarsamningur verður samþykktur. Það á hins vegar ekkert skylt við þær fullyrðingar sem Heimssýn og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherrann nota í innanflokksátökunum.

Það lýsir veikleika fjölmiðlunar í landinu að unnt skuli vera að rugla þjóðina í ríminu með ómálefnalegum sápukúlum af þessu tagi.

Varasöm aðlögun

Hitt þarf að hafa í huga að ríkisstjórnin hefur unnið kappsamlega að því að staðfæra og innleiða regluverk eftir fyrirmynd frá sumum Evrópusambandslöndum án þess að nokkur ósk hafi komið fram um það. Þetta á fyrst og femst við í sjávarútvegsmálum.

Í tuttugu ár hafa tvö markmið ráðið stefnunni í sjávarútvegsmálum. Annars vegar sjálfbærni veiða og hins vegar þjóðhagsleg hagkvæmni. Í flestum Evrópusambandslöndum hefur þessum tveimur markmiðum verið fórnað fyrir það markmið að fjölga störfum.

Núverandi ríkisstjórn aðhyllist sömu sjónarmið í sjávarútvegsmálum og ríkir í flestum löndum Evrópusambandsins. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur í nokkrum smáum skömmtun verið að koma þessari stefnu í framkvæmd.

Þessi hugmyndafræði þjónar vel hagsmunum þeirra sem fá ný störf og geta hafið útgerð nýrra skipa. Hún kostar hins vegar eigendur auðlindarinnar, skattborgarana, mikla fjármuni. Þeir verða að standa undir óarðbærum rekstri.

Enginn vill skrifa undir aðildarsamning ef því fylgir skuldbinding um að innleiða fiskveiðistjórnun af því tagi sem birst hefur í aðgerðum ríkisstjórnarinnar á þessu sviði fram til þessa. Sú aðlögun að Evrópuhugmyndafræði í sjávarútvegsmálum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur haft forystu um veikir samningsstöðu Íslands.

Hvernig á að sannfæra Evrópusambandið um réttmætar kröfur Íslands í sjávarútvegsmálum ef við erum að innleiða vitleysur með fyrirmynd í regluverki þess sem við viljum á hinn bóginn verjast í samningaviðræðunum? Ástæða er til að ræða þessa aðlögun. Þversögnin í henni er raunveruleg og varasöm.

Eyða þarf óvissu um afstöðu Alþingis

Órólega deildin í VG heldur því fram að forsendur fyrir stuðningi flokksins við umsókn að Evrópusambandinu séu brostnar. Heimssýnararmar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins styðja órólegu deildina í þessum málflutningi til að styrkja stöðu hennar í valdataflinu. Fulltrúar Heimssýnar hafa flutt þingsályktunartillögu um að draga aðildarumsóknina til baka.

Sú tilgáta hefur heyrst að ríkisstjórnin myndi falla verði tillagan samþykkt. Eini stjórnarkosturinn sem þá blasir við er samstjórn órólegu deildar VG, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar. Slík stjórn er ugglaust markmið margra með valdabaráttunni sem fram fer á bak við tjöldin.

Hitt gæti þó eins gerst að ríkisstjórnin sæti. Samfylkingin er málefnalega veikari flokkurinn í samstarfinu. Fram til þessa hefur hún ævinlega gefið eftir. Orkunýtingarmálin eru gott dæmi þar um. Svo er ekki unnt að útiloka að meirihlutinn frá í fyrra haldi. Allt eru þetta vangaveltur.

Kjarni málsins er sá að ólíðandi er að vafi ríki um það hvort ársgömul ákvörðun Alþingis standi. Óskiljanlegt er hvers vegna ekki voru greidd atkvæði fyrir þinglok um þessa tillögu Heimssýnar.

Mikilvægt er að Alþingi eyði þessari óvissu með atkvæðagreiðslu þegar í byrjun september. Allt annað er óásættanlegt gagnvart fólkinu í landinu. Hitt má líka vera ljóst að óbreytt ástand er ekki til þess fallið að styrkja stöðu Íslands út á við; svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

HLÝTT Í VETUR

EVA dúnúlpa
27.720,-

EVA dúnvesti
19.800,-

ENOK dúnúlpa
29.920,-

ENOK dúnvesti
19.800,-

JULIA dúnúlpa
34.900,-

JOHN
dúnúlpa
34.900,-

JOHN og JULIA
dúnúlpur á börn
24.200,-

SKISSA

ICEWEAR OPNAR VERSLUN

Nú hefur Icewear opnað glæsilega verslun á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis.

Líttu við!

ICE
WEAR
íslensk hönnun

kostnaðaráætlun

frumkvæði

árangursmat

markaðssetning

nýnæmismat

framkvæmdaáætlun

verkefnislýsing

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Iðnaðarráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Í umsókn þarf að koma fram

- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu og markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á **www.nmi.is**.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið **tinna@nmi.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **21. september** n.k.

Iðnaðarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra

Erfðabreytt lyfjabygg í íslenskri náttúru

Umhverfismál

Dominique Plédel Jónsson
formaður Slow Food Reykjavík

Þegar veður er gott, landsmenn í fríi og fáir við tölvu, stendur Orf Líftækni hf. í markvissri auglýsingaherferð í gegnum gagnrýnislausa fjölmiðla. Þar hefur verið talað um „stórfellda akuryrkju“ á erfðabreyttu lyfjabyggi um allt land, í útiræktun og fullyrt að bændur bíði í röð eftir að fá að rækta þetta. „Verðmætara en gull“ segir í millifyrirsögn Fréttablaðsins þann 10. júlí, já hvert gramm er mjög verðmætt í líftækni. – Það er greinilega ekki hægt að treysta fjölmiðlum til að standa fyrir eigin og nauðsynlegri rannsóknarvinnu í þessum málum. Gagnrýnisleysi blaðsins til að grafast fyrir um það hvað býr að baki þessum fullyrðingum er áberandi, áhugaleysi þess á sjónarmiðum þeirra sem hafa bent á að fara beri með gát í að sleppa erfðabreyttum lífverum út í náttúru Íslands er algert. Í orðum rittök Suðurlands og Dýraverndunarsamband Íslands) lögðu fram vel rökstudda stjórnsýslukæru gegn leyfisveitingu til Orf Líftækni fyrir ári síðan. Ákvörðunar umhverfisráðherra er að vænta í ágúst. Sú kæra, rökstudd með álitum ýmissa sérfræðinga og niðurstöðum vísindalegra rannsókna, undirstrikar að ekkert lögbundið áhættumat hefur farið fram. Ein rannsókn hefur farið fram sem á að sýna að bygg víxlfrjóvgast ekki við aðrar plöntur og að það dreifir sér lítið. Þessa rannsókn vísa umsækjendur (Orf Líftækni) oftast til sem sönnun þess að áhættulaust sé að stunda ræktun lyfjaplantna úti undir berum himni. Sá hængur er hins vegar á að hún var framkvæmd af aðila sem þá var hluthafi í Orf Líftækni, Landbúnaðarháskóla Íslands. Enn hefur ekkert verið skoðað t.d. varðandi genaflæði, áhrif á jarðveg, áhrif á dýr, svo eitthvað sé nefnt. Það hefur þar að auki sýnt sig ítrekað, nú síðast fyrir fáeinum dögum, að öryggiskröfum til að hamla aðgengi fugla og dýra á ræktunarsvæðinu eins og skilyrt er skv. leyfinu frá Umhverfisstofnun er alls ekki fylgt.

> Ef umhverfisráðherra gefur úrskurð sem verður Orf Líftækni ekki að skapi verða allir Íslendingar og fjölmiðlar að vita að það er ekki með því verið að eyðileggja milljarðadrauma fyrirtækisins – það er einungis verið að tryggja það að fyrirtækið framkvæmi loksins sínar tilraunir í samræmi við alþjóðleg lög.

stjóra Fréttablaðsins í leiðara sínum 13. júlí sl. fólst í ofanálag hreinlega hótun í garð umhverfisráðherrans ef hún skyldi leyfa sér að greiða ekki götu Orf Líftækni í alla staði. Kynningarátak um erfðabreyttar lífverur (www.erfdabreytt.net) sendi frá sér fréttatilkynningu til allra fjöl- og netmiðla um málið stuttu seinna til að leiðrétta rangfærslurnar – ekki eitt orð hefur birst.

Hver er raunveruleikinn í þessu máli?

1. Útiræktun á erfðabreyttum lífverum Orf Líftækni er háð leyfi sem veitt er skv. ESB tilskipunum, hvort sem hún er til matvælaframleiðslu eða lyfjaframleiðslu. Þetta gildir um öll fyrirtæki innan EES og ESB. Orf Líftækni hefur ekki sótt um leyfi til framleiðslu utan dyra, einungis um leyfi til tilrauna og Umhverfisstofnun ber fulla ábyrgð á að afurðir frá þeirri ræktun fari ekki á markað. Þannig að það er fullkomlega tilgangslaust af Orf Líftækni að tala um þessa „stórfellda akuryrkju á erfðabreyttu byggi“ sem fyrirtækið boðar í fjölmiðlaumfjöllun um fyrirtækið. Leyfið sem Orf Líftækni fékk gildir einungis til að bera saman tvö mismunandi yrki (þar af eitt sem Orf Líftækni hefur einkaleyfi á) og ef milljarðar eru í húfi þá er það ekki af „framleiðslunni“ sem verður í Gunnarsholti á þessum tilraunareit því þar verða aldrei framleidd lyfjaprótein í erfðabreyttu byggi til að senda á markað.

2. Útiræktun Orf Líftækni hf. er að eigin sögn ætluð snyrtivöruframleiðslu, sem sagt hrukkukremi sem hefur ákveðinn markað og gefur góðar tekjur fyrir fyrirtækið. Björn Lárus Örvar sagði sjálfur á opnum fundum í Gunnarsholti og á Grand Hótel í Reykjavík að lyfjaprótein fyrir lyfjaiðnaðinn séu of verðmæt til að taka þá áhættu að rækta utandyra. Samkvæmt því er eini tilgangurinn með „stórfelldri útiræktun“ erfðabreyttra lyfjaplantna Orf Líftækni að það er ódýrara að framleiða prótein í hrukkukrem úti undir berum himni en í gróðurhúsi.

3. Nokkur öflug félagasamtök (Neytendasamtökin, Slow Food Reykjavík, Matvís, NLFÍ, VOR lífrænir bændur, Náttúruverndarsam-

Enginn fjölmiðlamaður hefur gefið sér tíma til að setja sig inn í málið, t.a.m. lesið kæruna sem er aðgengileg öllum. Fjöldi Íslendinga er á móti því að erfðabreyttum lífverum sé sleppt út í náttúru Íslands, bændur eiga þarna beinna hagsmuna að gæta, s.s. bændur í lífrænum landbúnaði sem hafa sitt lífsviðurværi af ómenguðum jarðvegi og umhverfi. Mikið er gert til að láta þetta líta út eins og einhvern minnihlutahóp, jaðarhóp, já jafnvel skríl sem gerir hvað sem er til að koma í veg fyrir að sprotafyrirtæki með bjarta framtíð færi þjóðarbúinu milljarða á milljarða ofan. Að það sé ekki farið að lögum skiptir svo sem ekki öllu máli – vísindamönnunum liggur á að græða og engin umræða má eiga sér stað nema á þeirra forsendum og þegar þeim hentar, og öll brögð, almannatengslafyrirtækin og lögfræðistofur eru notuð í þeim tilgangi.

Það sem við förum fram á er einfaldlega að framleiðsla Orf Líftækni eigi sér stað í gróðurhúsi eins og í „Grænu Smiðjunni“ þeirra og að það sé gert faglega og samkvæmt gildandi lögum, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi. Þeir hafa þegar forskot í samkeppninni í heiminum þar sem orkuverð hér er mun ódýrara en gengur og gerist erlendis – það þarf ekki að ganga nærri landinu og gegn hagsmunum annarra en þegar hefur verið gert, í málaflokki sem er einn sá umdeildasti í heiminum í dag. Ísland á að vera yfirlýst án erfðabreyttra lífvera eins og Írland, Austurríki, Grikkland og fleiri lönd, líkt og Norðurlönd stefna að því að verða.

Ef umhverfisráðherra gefur úrskurð sem verður Orf Líftækni ekki að skapi verða allir Íslendingar og fjölmiðlar að vita að það er ekki með því verið að eyðileggja milljarðadrauma fyrirtækisins – það er einungis verið að tryggja það að fyrirtækið framkvæmi loksins sínar tilraunir í samræmi við alþjóðleg lög svo og íslensk sem gilda í þessum umdeilda málaflokki í allri Evrópu, og að almenn umræða um erfðabreyttar lífverur sé höfð með heiðarlegum rökfærslum, ekki í áróðursskyni. Það ætti ekki að vera svo erfitt.

DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið haustið 2010. Prófraunin skiptist í tvo hluta, auk verklegrar prófraunar.

Kennslugreinar í fyrri hluta eru: Einkamálaréttarfar, sakamálaréttarfar, fullnusturéttarfar, samning lögfræðilegrar álitsgerðar og lögfræðileg skjalagerð. Kennslugreinar í síðari hluta eru: Réttindi og skyldur lögmanna, þar á meðal siðareglur lögmanna og þóknun fyrir lögmannsstörf, málflutningur og önnur störf lögmanna, svo sem samningsgerð og meðferð stjórnsýslumála. Í tengslum við námskeiðið fer fram kynning á rekstri lögmannsstofa og starfsemi Lögmannafélags Íslands og úrskurðarnefndar lögmanna. Auk kennslu í fyrri og síðari hluta er verklegur hluti, sem felst í aðstoð við flutning eins máls fyrir héraðsdómi. Kennsla fer fram í kennslusal Lögmannafélags Íslands að Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Stefnt er að því að kennsla í fyrri hluta fari fram dagana 20. september til 1. október 2010. (Tímar frá 09:15-12:00 og frá 13:15 eða 14:15-17:00 eða 18:00) Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 8. til 22. október 2010. Nánari upplýsingar um fjölda kennslustunda og fyrirkomulag kennslu verða kynntar síðar. Stefnt er að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 1. til 12. nóvember 2010.

Verklega prófraun skal þreyta eftir að fyrra hluta prófi er lokið og eigi síðar en einu ári eftir að lokið er síðari hluta prófi.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 250.000 og greiðist við skráningu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í námskeiðsgjaldi.

Skráning fer fram á skrifstofu Lögmannafélags Íslands að Álftamýri 9, Reykjavík. Sími 568 5620. Fax 568 7057, en einnig er hægt að ganga frá skráningu með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is. Við skráningu á námskeiðið þarf að tilgreina nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer (heimasíma, vinnusíma og gsmsíma), auk netfangs. Við skráningu skal jafnframt leggja fram afrit prófskírteinis eða vottorð háskóla til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi.

Frestur til að skrá sig á námskeið er til 10. september 2010.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 27. ágúst 2010

Akureyrarbær óskar bæjarbúum
og landsmönnum öllum
til hamingju með
Menningarhúsið HOF
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

AF NETINU

Löndunarbann, já takk

Mikið yrði það nú gott ef Bretland setti löndunarbann á íslensk fiskiskip. Þá gæti nefnilega farið svo að Samherji og önnur fyrirtæki sem hafa flutt fiskvinnsluna úr landi að stórum hluta, þyrftu að færa umsvif sín aftur til Íslands með tilheyrandi atvinnuuppbyggingu og auknum tekjum fyrir íslenskar hafnir og fleiri sem þjónusta skip og báta. Það er nefnilega svo, að fiskur frá Íslandi og Færeyjum stendur undir atvinnu 10.000 manneskja í Hull og Grimsby og stór hluti þeirra vinnur hjá fyrirtækjum í eigum íslenskra útgerða.

Sömu útgerða og væla hvað hæst um það að við töpum fiskinum til útlanda ef við göngum í ESB. Það er örugglega í þessari ósk minni einhversstaðar mótsögn um markaði og útflutning en mér þótti bara gráupplagt að benda á þessa staðreynd, eina ferðina enn: LÍÚ-limir eru löngu farnir með stóran hluta af virðisaukanum og atvinnunni af auðlindinni úr landi.

bjorgvin.eyjan.is/bjorgvin

Björgvin Valur Guðmundsson



YOGA

Styrkur og jafnvægi.

Góð slökun rétt öndun njótum andartaksins dveljum í núinu.

9. september byrjar nýtt námskeið í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði

Kennt 2x í viku þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.15

Sanngjarnt verð

Skráning í síma 6910381 og 5650381

Til varnar líffjölbreytni á Íslandi, I

Náttúra

Vilhjálmur Lúðvíksson

áhugamaður um náttúru Íslands, sjálfbæra ræktun og aukna líffjölbreytni í landinu

Núverandi umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur að undanförnu boðað herferð gegn nokkrum tegundum lífvera á Íslandi, lúpínu og skógarkerfli, sem uppræta skal með verkfærum eða eitra fyrir eftir því sem við á. Rökin fyrir þessum útrýmingaraðgerðum eru þau að umræddar tegundir ógni því sem kallað er „líffræðilegur fjölbreytileiki“ eða „líffræðileg fjölbreytni“ á Íslandi og að Ísland sé skuldbundið af alþjóðlegum sáttmála (Ríósáttmála) til þess að berjast gegn „ágengum framandi lífverum“ sem ógni þeirri fjölbreytni. Auk þess þurfum við „að virða leikreglur á þessu sviði og taka mið af alþjóðlegri reynslu, ekki síst vegna þess að vistkerfi einangraðra eyja eru viðkvæm fyrir innflutningi og dreifingu framandi lífvera og er Ísland þar engin undantekning“.

Hugmyndafræðilega lituð túlkun Ríó-sáttmála

Í þessari röksemdafærslu er mörgu snúið á hvolf. Látið er í veðri vaka að „líffræðileg fjölbreytni“ sé hugtak sem nái yfir tiltekna stöðu lífríkisins á hverjum stað og að á Íslandi sé sérstök „líffræðileg fjölbreytni“ sem þurfi að vernda fyrir „ágengum, framandi“ tegundum samkvæmt alþjóðlegum samningi þar um. Þetta er allt rangtúlkun sem snýst um hugmyndafræði en ekki vísindi og leiðir til misskilnings á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Hugtakið „líffræðileg fjölbreytni“ er reyndar vond þýðing á enska orðinu biodiversity sem er hlutlaust hugtak um fjölbreytileika lífsins og nær til allra flokka lífríkisins og erfðafræðilegs fjölbreytileika þess – óháð stað og aðstæðum. Það nær bæði til fjölbreytni tegunda, erfðaefnis og lífsamfélaga, og ber ekki í sér neina hugmyndafræðilega eða tilfinningalega afstöðu til æskilegra eða óæskilegra lífvera – innlendra, framandi, eða ágengra. Betra væri að tala um líffjölbreytni en „líffræðilega“ fjölbreytni því fjölbreytnin er eiginleiki lífsins en ekki fræðanna sem um það fjalla þótt einstakar fræðigreinar virðist gefa þeim mismunandi gildishlaðna merkingu.

Skuldbindingar þær sem Ísland undirgekkst með svonefndum Ríó-sáttmála snúast um að taka þátt í alþjóðlegri viðleitni til að koma í veg fyrir að tegundir lífvera og lífsamfélög fari forgörðum vegna sívaxandi umsvifa mannsins á jörðinni. Sérstaklega snúast þær um fjölbreytni lífsins í regnskógum hitabeltisins og áhyggjur manna af ótæpilegri eyðingu þeirra. Einnig er viðurkennt að líka þurfi að huga að tegundum í útrýmingarhættu annarsstaðar á jörðinni. Athyglisvert er að Ríósáttmálinn byggir mjög á því að fjölbreytni lífsins sé manninum mikilvæg sem uppspretta verðmæta til framtíðar – auðlinda framtíðarinnar.

> Lífríki Íslands er óvenju fátækt af lífverum og lífræn framleiðsla eða afkastageta landsins afar lítil miðað við náttúruskilyrðin svo sem hnattstöðu, veðurfar og jarðveg. Þurrlendið ber þess merki að hafa verið einangrað frá meginlöndunum og tegundir sem hér ættu að lifa góðu lífi hafi ekki enn borist hingað.

Hver er raunveruleikinn á Íslandi?

Lífríki Íslands er óvenju fátækt af lífverum og lífræn framleiðsla eða afkastageta landsins afar lítil miðað við náttúruskilyrðin svo sem hnattstöðu, veðurfar og jarðveg. Þurrlendið ber þess merki að hafa verið einangrað frá meginlöndunum og tegundir sem hér ættu að lifa góðu lífi hafi ekki enn borist hingað. Þetta á sérstaklega við plönturíkið. Ef hægt er að tala um jafnvægi í þessu sambandi má segja að Ísland sé gróðurfarslega úr jafnvægi við gróðurfar grannlandanna og annarra landa sem búa við hliðstæð gróðurskilyrði. Af því leiðir einnig fábreytni annarra tegunda sem fylgja framleiðslugetu gróðurlendisins. Af þessu leiðir líka að þegar einangrun hefur verið rofin fjölgar lífverutegundum hér hratt.

Landnám Íslands og þeir nýtingarhættir sem fylgdu landnámsmönnum æ síðan leiddu til stórfelldrar gróður- og jarðvegseyðingar sem staðið hefur fram á okkar daga. Landinu sem var að stórum hluta viði vaxið var breytt í örfoka land, berangursmela eða í besta falli mosaþembur og lyngmóa þar sem engar afkastamiklar og lostætar plöntur eins og belgjurtir og ungar trjáplöntur þrifust vegna þrotlausrar beitar. Íslendingar hafa því valdið gífurlegu líffræðilegu umhverfisslysi líkt og aðrar þjóðir sem búið hafa við hjarðmennsku t.d. í Asíu, Afríku. Þessu hefur verið marglýst og staðfest með vísindarannsóknum hér á landi og merkin getur hver sem er séð sem er með augun opin.

En það er eins og margir vilji breiða yfir og afneita þessu. Það er jafnvel farið að lofsyngja berangursholtin og lyngmóann sem hin náttúrulegu íslensku gróðursamfélög með sína dýrmætu „líffræðilegu fjölbreytni“. Og nú er farið að berjast gegn viðleitni til að endurheimta hin löngu glötuðu gróðursæld og líffræmleiðslu sem henni fylgir – og þeirri stofnun falið að hefja eyðingu gróðurs sem þó hefur náð mestum árangri í baráttunni við gróðureyðinguna.

Sem betur fer hefur gróðureyðingu fyrri ára nú að mestu verið snúið við og gróðurlendi Íslands tekur örum stakkaskiptum. Þar kemur margt til. Skógræktar- og landgræðslustarf hefur skilað miklum árangri og mjög hefur dregið úr beitarálagi sauðfjár. Stór svæði eru nú friðuð fyrir beit. Á síðustu tveimur áratugum hefur veðurfar einnig orðið gróðri hagstæðara en var lengst af. Nýjar tegundir bæði svarðplöntur, runnar og tré, sem fluttar hafa verið til landsins, breiðast nú hratt út ásamt innlendum tegundum – s.s. víði, birki og ýmsum belgjurtum – jafnvel tegundum sem verið hafa á válista Náttúrufræðistofnunar. Nærtækt er fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins að horfa yfir heiðarnar ofan við Reykjavík og sjá breytingarnar sem eru að verða og að þær eru til góðs bæði fyrir mannlíf og aðrar lífverur í landinu. Að halda öðru fram er einfaldlega rangt.

Sannleikurinn er sá að í samhengi við Ríó-sáttmálann um verndun líffjölbreytni er engri innlendri tegund bráð hætta búin. Þvert á móti eru ýmsar þær sem hafa verið á válista eða friðaðar nú í útbreiðslu og auðvelt að fjölga mörgum þeirra ef menn vilja. Einu lífsamfélögin sem eru e.t.v. að dragast saman vegna gróðurútbreiðslunnar eru þau sem mynduðust í kjölfar gróður- og jarðvegseyðingarinnar, foksvæðin, holtin og melarnir, sem búskaparhættir landsmanna mynduðu í samspili við eldgos og langvarandi kuldaskeið frá lokum 13. aldar. Í þessu samhengi þarf að ræða skuldbindingar Íslands en ekki í samhengi við eyðingu skóga í hitabeltinu.

Líffjölbreytni á Íslandi í skilningi Río-sáttmála hefur þannig verið að aukast hröðum skrefum á síðustu árum og engri tegund er í rauninni hætta búin af manna völdum. Engar vísindarannsóknir hafa heldur sýnt fram á neitt slíkt. Þvert á móti eru margar nýjar tegundir skordýra, fugla, örvera að nema hér land auk þeirra plantna sem menn flytja til landsins bæði af ásetningi manna eða óviljandi með margvíslegum aðföngum – m.a. til landbúnaðar. Sumar tegundir sem hingað koma óboðnar eru ekkert sérstaklega æskilegar í augum okkar, svo sem 4-5 tegundir geitunga, köngulær, asparglitta og Spánarsnigill að maður ekki tali um margvíslegar tegundir sveppa sem leggjast á tré og garðagróður. En þrátt fyrir leiðindin sem þessum tegundum fylgja fyrir okkur mennina tekur lífríkið sjálft enga sérstaka siðferðilega afstöðu til þessara nýbúa. Þeir munu finna sinn stað í íslenskri náttúru eins og aðrar tegundir sem hingað komu á undan, hvort sem mannfólkinu líkar betur eða ver. – En þær geta verið bæði „ágengar og framandi“ í lífi þeirra sem fyrir eru. Það þarf hins vegar mikið „líffræðilegt lögregluríki“ til að stjórna þeirri umferð og litlar forsendur eru til að standa undir þeim kostnaði hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 989

TAKIÐ EFTIR!

SPURNINGALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS OG BYLGJUNNAR ER AÐ HEFJAST

SPURNING DAGSINS

Lauflétt spurning alla virka daga, nema föstudaga, hjá Ívari og Rúnari á Bylgjunni, úr Fréttablaði hvers dags. Manstu svarið? Hringdu í 567 1111, þú gætir unnið kassa af Maltesers og 5.000 kr. gjafabréf í Eymundsson.

HELGARGETRAUNIN

Laufléttar spurningar birtast í helgarblaði Fréttablaðsins en svörin leynast í Fréttablöðum liðinnar viku. Þú sendir inn rétt svar á *visir.is* og gætir unnið tvær ferðir með Icelandair. Dregið úr réttum lausnum í Reykjavík síðdegis og hringt í vinningshafann. Með réttu svari við aukaspurningu tryggir hann sér þriðju ferðina með Icelandair.

Ferðir með Icelandair, kassar af Maltesers súkkulaði og gjafabréf í Eymundsson í vinning.

MUNDU: Leitin á *visir.is* vísar líka á efni í Fréttablaðinu

Maltesers Eymundsson ICELANDAIR

N1

LANDS LEIKURINN

SUMARIÐ 2010

NÖFN ALLRA VINNINGSHAFA ERU Á N1.IS

ÞÖKKUM FRÁBÆRA ÞÁTTTÖKU!

Nú er Landsleiknum lokið og ljóst að enn eitt þátttökumetið hefur verið slegið. 340 vinningar hafa verið dregnir út og eru nöfn vinningshafa að finna á heimasíðunni okkar www.n1.is.
Við þökkum frábært sumar!

340 VINNINGAR

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Innimálning
3 ltr. gljástig 10
7119960

Útimálning
Útimálning, 3ltr hvítt
7207020

FRÁBÆRT VERÐ
Í HÚSASMIÐJUNNI

Sturtuhorn,
hamrað gler
80 cm m/ botni
8028600

Frigor
5 ára ábyrgð

Frystikista, 98 ltr,
H-84 cm, B-54,5cm, D-59 cm
orkunýting A+
1805483

Electrolux
5 ára ábyrgð

Þvottavél
1200
snúninga,
tekur 6 kg.
Orkunýting A,
þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455

TAX FREE
FRAMKVÆMDATILBOÐ

Komdu og fáðu tilboð
í verkið hjá okkur að
upphæð 300 þúsund
eða meira, og þú færð
TAX FREE af öllum
vörum, allt frá eldavél
til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

Blanco Rústico, veggflísar 20x25
Ódýrar og góðar hvítar veggflísar m/bugðótu yfirborði, Stærð 20x 25 frá Spáni.
8611001

Sturtusett
Charisma
8016115

cersanit
Handlaug,
Cersanit Eco
8077605

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

20–50%
afsláttur
AF ÖLLUM POTTAPLÖNTUM

25%
afsláttur
SUBSTRAL BLÓMAÁBURÐUR

30%
afsláttur
ÖLL SILKIBLÓM

30%
afsláttur
GJAFAVARA

ÚTSALA
í Blómavali

30%
afsláttur
ALLAR POTTHLÍFAR OG ÚTI-PLASTPOTTAR

Blómaval Skútuvogi
Grænna torgið
...heilsa er lífsstíll

30%
afsláttur
ALLAR GARÐSTYTTUR OG ALLIR GARÐÁLFAR

10 ltr
GRÓÐURMOLD
349kr

20%
afsláttur
SNYRTIVÖRUR

UM HELGINA

ÍSLENSK UPPSKERA
GRÆNMETISMARKAÐUR
FRÁBÆRT VERÐ!

KRYDDJURTIR • RÓFUR
SPERGILKÁL • TÓMATAR
BLÓMKÁL • KARTÖFLUR
HVÍTKÁL • GULRÆTUR • HNÚÐKÁL
AGÚRKUR • TÓMATAR • SVEPPIR
KÍNAKÁL • HJARTA SALAT
JARÐARBERJAPLÖNTUR
OG FLEIRA

50%
afsláttur
FROSTÞOLNIR ÚTIPOTTAR

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Ég hef ekkert að fela

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, er grunaður um margvísleg afbrot í rekstri bankans fyrir hrun. ***Stígur Helgason*** og ***Ólafur Þ. Stephensen*** ræddu við Sigurð í vikunni.

Eins og frægt er orðið ertu nú kominn til landsins og búinn að fara í þessar yfirheyrslur eftir mikið þref við saksóknarann. Fólk hlýtur að spyrja: Af hverju þorði maðurinn ekki að koma strax? Ertu með óhreint mjöl í pokahorninu eða hvernig stóð á þessu reiptogi?

„Nei, ég hef ekkert að fela í þessum efnum. Upphaflega gerðum við sérstakur saksóknari samkomulag um að ég kæmi í yfirheyrslu þann 14. maí og yrði þá hér þann tíma sem nauðsynlegt væri. Eftir að Hreiðar Már Sigurðsson og Magnús Guðmundsson voru handteknir og settir í gæsluvarðhald þann 6. maí hafði embætti sérstaks saksóknara samband við lögmann minn á Ísland, Gest Jónsson, og byrjaði að þrýsta á um að ég kæmi fyrr en ráðgert hafði verið. Rétt áður en þeir Ingólfur Helgason og Steingrímur Páll Kárason voru síðan handteknir aðfaranótt 11. maí var þess krafist með nokkurra klukkustunda fyrirvara að ég tæki kvöldflug frá London og mætti til yfirheyrslu morguninn eftir.

Þessar handtökur og gæsluvarðhaldsúrskurðir voru að mínu viti ekkert annað en leiksýning og ég leitaði ráða hjá lögmönnum mínum í Bretlandi um hvort ég ætti að flýta heimferð minni til að svara þessu nýja kalli sérstaks saksóknara. Niðurstaðan varð sú að ég sagðist myndu koma tafarlaust með því eina skilyrði að ég yrði frjáls ferða minna á milli viðtala og gæti snúið heim að yfirheyrslum loknum. Til viðbótar lét ég þess getið sem fyrr að ég væri jafnframt reiðubúinn til þess að láta yfirheyra mig í Bretlandi án nokkurra skilyrða og ég myndi að sjálfsögðu upplýsa sérstakan saksóknara eins vel og ég gæti um öll þau atriði sem hann vildi spyrja mig um. Næsta dag veit ég ekki fyrr en komin er út handtökuskipun á vefsetur Interpol með mínu nafni. Héraðsdómur kvað upp úrskurð þar að lútandi að beiðni saksóknara. Lögmaður minn var ekki kvaddur til og ástæðan var sögð að það þyrfti að vera alveg víst að þetta myndi koma mér á óvart svo ég gæti ekki forðast handtökuna. Samtímis lýsti sérstakur saksóknari því yfir opinberlega að hann væri búinn að gefa út þessa handtökuskipun, þannig að þversögnin er auðvitað algjör."

> Það kom mér á óvart að vera settur á bekk með eftirlýstum hryðjuverkamönnum, eiturlyfjabarónum og öðrum hættulegum glæpamönnum.

Búið að refsa mér grimmilega

„Það kom mér á óvart að vera settur á bekk með eftirlýstum hryðjuverkamönnum, eiturlyfjabarónum og öðrum hættulegum glæpamönnum, sérstaklega þegar öllum var ljóst að ég hélt einfaldlega til á heimili mínu í London. Saksóknara var í lófa lagið að fá heimilisfang mitt og símanúmer enda var ég langt í frá á flótta undan honum eða öðrum. Auk þess var embætti saksóknara eflaust ljóst að ég yrði aldrei handtekinn á grundvelli þessa úrskurðar og væntanlega vissi embættið líka að það var að brjóta reglur Alþjóðalögreglunnar með því að setja mig á þennan lista. Annað af tveimur skilyrðum þarf að vera uppfyllt til að vera á þessum svokallaða „red notice"-lista lögreglunnar. Annað er að viðkomandi hafi neitað að sinna dómkvaðningu við ákæru, hitt að hann hafi neitað að mæta til afplánunar refsingar. Hvorugt þessara skilyrða á við í mínu tilviki. Lögmenn mínir í Bretlandi eru búnir að senda fjögur bréf á Interpol út af þessu og tvö eða þrjú á saksóknarann hér. Sérstakur saksóknari hefur ekki einu sinni séð ástæðu til að svara og staðfesta að hann hafi fengið bréfin en Interpol hefur staðfest móttöku þeirra og vísað mótmælum okkar til sérstakrar nefndar sem enginn veit hvenær lýkur störfum.

Það að ég var settur á lista alþjóðalögreglunnar hafði sjálfkrafa í för með sér að ég gat ekkert ferðast og var því ókleift að komast til Reykjavíkur til nokkurra viðtala, hvort sem var við sérstakan saksóknara eða einhvern annan. Sá langi tími sem leið áður en höggvið var á þennan hnút segir mér allt sem segja þarf um mikilvægi viðtalanna við mig fyrir framgang rannsóknarinnar. Það styður þær grunsemdir mínar að hér sé frekar unnið í anda þess sem Eva Joly, sérstakur ráðgjafi saksóknara, lýsti í Silfri Egils, í upptökum sem eru til á Youtube. Þar fór hún vandlega yfir að það þurfi að fara með þetta mál fram á tveimur sviðum, annars vegar á sviði laganna og hins vegar á sviði almenningsálits þar sem erfitt geti verið að fá menn sakfellda og dæmda fyrir meinta fjármálaglæpi. Um leið er þetta yfirlýsing um að mönnum sé ekkert mjög annt um að réttarkerfið haldi hér á landi því ef ekki takist að refsa þeim fyrir það sem þeir gerðu sé lágmark að þeim sé refsað fyrir það sem þeir voru. Það er alveg ljóst að það er búið að gera það allgrimmilega í mínu tilviki og að sjálfsögðu ekki síður í tilviki þeirra einstaklinga sem voru handteknir. Einn þeirra, Magnús Guðmundsson, missti starfið sitt í Lúxemborg vegna þessarar handtöku og auðvitað er erfitt fyrir alla hlutaðeigandi að fóta sig í alþjóðlegum viðskiptum eftir meðferð af þessu tagi. Refsingin á alþingi götunnar sem Frú Joly hefur talað fyrir hefur því nú þegar náð fram að ganga og verður aldrei tekin til baka."

En eftir á að hyggja, hefði þér ekki bara verið nær að koma strax heim og sleppa við þessa handtökuskipun og þann álitshnekki sem hún hafði í för með sér?

„Það er auðvitað gild spurning. Ég taldi á þeim tíma að svo væri ekki og ég fullyrði það eftir þessar yfirheyrslur og viðtöl sem ég er búinn að vera í hjá saksóknara að þar kom ekkert fram sem réttlætir þessa handtökuskipun né heldur gæsluvarðhald og farbönn félaga minna. Með því að koma heim hefði ég sjálfviljugur fórnað mannréttindum mínum vegna búsetu í Bretlandi og tekið að mér stórt hlutverk í leikriti sem sett var upp okkur til höfuðs. Ég hafði einfaldlega ekki geð í mér til þess en minni á að ég var ávallt fús til að upplýsa embætti sérstaks saksóknara eins vel og ég mögulega gæti. Meiningin var því aldrei að tefja framgang rannsóknarinnar heldur mótmæla óskiljanlegum yfirgangi og valdníðslu."

Ævintýraleg kæra FME

En hvernig skipaðist það síðan að þú komst núna? Var gert eitthvert nýtt samkomulag við saksóknara?

„Sérstakur saksóknari hafði samband við Gest Jónsson, lögmann minn, og sagði aðstæður vera orðnar allt aðrar en í maímánuði og spurðist fyrir um hvort ég myndi mæta í yfirheyrslur ef hann tæki mig af lista Interpol svo ég gæti flogið til landsins. Því var einfaldlega svarað játandi og minnt á að ég hefði ávallt verið fús til að mæta að uppfylltum fyrrgreindum skilyrðum."

Fékkstu eitthvert loforð um að þú yrðir ekki handtekinn þegar þú kæmir til landsins eða úrskurðaður í farbann eða gæsluvarðhald eða eitthvað í þeim dúr?

„Ég kom heim á grundvelli samtala sérstaks saksóknara og lögmanns míns á Íslandi og um efni þeirra veit ég ekki nákvæmlega. Ég hefði þó ekki komið án þess að vera vongóður um að ofbeldið gagnvart félögum mínum myndi ekki endurtaka sig."

Hvernig hafa þín samskipti verið við aðra grunaða í málinu, sem sátu í gæsluvarðhaldi eða sættu farbanni í vor? Hafið þið verið í sambandi ykkar á milli og rætt málið?

„Nei, við höfum ekki verið að ræða þessi mál neitt síðustu mánuðina enda þau fyrir löngu fullrædd okkar í millum. Ég hef hitt suma þeirra, ekki alla, en við erum sammála um að í þessu sé verið að fara fram með ástæðulausu offorsi. Við höfum meðal annars bent á að eitt af því sem er lykilatriði í máli saksóknara er kæra Fjármálaeftirlitsins um einhvers konar markaðsmisnotkun sem á að hafa varað frá 2005, sem mér finnst eiginlega ævintýraleg. Þetta á að vera einhvers konar „masterplott" og ég sem stjórnarformaður, og þar af leiðandi æðsti maður innan fyrirtækisins, á að hafa setið í einhverju hornherbergi með strengi í alla aðra starfsmenn og kippt og togað í þá til skiptis. Þetta stenst auðvitað enga skoðun þegar menn fara að skoða þessa kæru. Það sem er stórkostlega undarlegt í þessu öllu er að Fjármálaeftirlitið skrifar þessa kæru og sendir hana til saksóknara og ræðir í öllu ferlinu ekki við neinn af þeim sem til umfjöllunar eru í kærunni sem gæti leitt til þess að menn hefðu tækifæri til að útskýra sitt mál. Það hefðu kannski verið eðlilegri vinnubrögð en að senda kæruna til saksóknara og starfsmenn hans þurfi síðan að vera leita eftir skýringum."

Má skilja það á þér að þú teljir þig hafa gefið fullnægjandi skýringar á öllu því sem ykkur er gefið að sök í málinu?

„Öllu því sem mér er gefið að sök hef ég reynt að gefa fullnægjandi skýringar á, og ég tel mig hafa gert það."

Hafnar öllum ásökunum

Nú er búið að draga upp í málinu mynd sem mörgum finnst sannfærandi af markaðsmisnotkun sem gekk út á það að halda uppi verði hlutabréfa í Kaupþingi meðal annars með lánveitingum til félaga sem sum hver eru skráð í skattaskjólum. Það er fullyrt að þið hafið lánað tilteknum aðilum miklar fjárhæðir fyrir kaupum á bréfum í bankanum, eða skuldatryggingum á hann ...

„Já, það er ekki það sama. Það þarf að gera greinarmun þar á."

Já. Þarna er talað um há lán til manna eins og Al-Thani og Kevins Stanford sem hafi verið veitt fram hjá lánanefndum, án formlegra lánasamninga, gegn ófullnægjandi tryggingum til eignalausra félaga. Er hægt að verja svona viðskipti?

FRAMHALD Á SÍÐU 26

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SKÝRINGAR Á ÖLLU „Öllu því sem mér er gefið að sök hef ég reynt að gefa fullnægjandi skýringar á, og ég tel mig hafa gert það."

HEFUR ALDREI RÆTT VIÐ ÓLAF

Þrír starfsmenn sérstaks saksóknara hafa yfirheyrt Sigurð samtímis um þau mál sem eru til rannsóknar varðandi Kaupþing. Sigurður hefur hins vegar ekki átt nein samskipti við sérstakan saksóknara sjálfan, Ólaf Þór Hauksson.

Hefurðu aldrei rætt við hann?

„Ég hitti hann einu sinni í stigaganginum, aldrei annars," segir Sigurður.

Nýtt!

Nicorette® Whitemint

Dregið getur úr mislitun tanna þegar reykingum er hætt

Nicorette® Whitemint, mjúkt með mintubragði

nicorette whitemint nicotin

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

FRAMHALD AF SÍÐU 24

Eru til skýringar á þessu?

„Já, það eru til skýringar á þessu öllu saman. Þær eru auðvitað misjafnar frá máli til máls og algjörlega fráleitt að tengja þessi mál saman. Þau hafa ekkert með hvert annað að gera. Það að menn hafi tekið veð í bréfum í bankanum, jafnframt öðrum veðum, fæ ég ekki séð að eigi að verða honum til tjóns. Ef þú lánar peninga, tekur veð í ýmsum eignum og til viðbótar veð í hlutabréfaeign viðkomandi í bankanum þá geturðu ekki haldið því fram að bankinn sé verr settur en ef hann hefði sleppt því að taka veð í hlutabréfum í bankanum sjálfum. Í langflestum þessara tilvika voru fyrst og fremst tekin önnur veð og viðbótarveðin í bréfum í bankanum höfðu þann tilgang að vera bæði með belti og axlabönd í tryggingum bankans fyrir endurgreiðslu lánanna. Þótt það hafi orðið almennt verðfall á eignamörkuðum og veð bankans hafi rýrnað verulega, og hugsanlega orðið lægri en lánveitingin eins og hefur orðið raunin í mjög mörgum tilvikum, þá stenst sú skoðun ekki að menn hafi gert eitthvað óeðlilegt þegar tekin var ákvörðun um að veita lánið.“

Eitt af því sem saksóknari telur sig hafa gögn um er að áhættustýring Kaupþings undir stjórn Steingríms Kárasonar hafi leynt stjórn bankans upplýsingum um stórfellda eign hans í sjálfum sér frá miðju ári 2007 og fram að falli, hins vegar hafir þú og fleiri nafngreindir stjórnendur fengið daglegan tölvupóst með ítarlegum upplýsingum um kaup deildarinnar sem hét „eigin viðskipti“ á bréfum í bankanum. Þetta telur saksóknari að séu umboðssvik og markaðsmisnotkun. Hvað segirðu um þessar ásakanir? Var þetta eitt af því sem var til umræðu í yfirheyrslunum?

„Stjórn bankans hefur aldrei verið leynd neinu hvað þetta varðar né nokkuð annað sem henni viðkom.“

BARA KAUPÞING? „Það slær mig hins vegar mjög undarlega að saksóknari skuli, að því er virðist, einungis snúa rannsókn sinni að Kaupþingi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ar að minnsta kosti verið hingað til í því réttarríki sem við búum vonandi ennþá við. Þess vegna vona ég auðvitað að þetta verði allt rannsakað í kjölinn, ekki bara mál Kaupþings. Að það verði rannsakað hvernig hlutabréfaverð þróaðist og hvort verðþróun á Kaupþingsbréfunum var eitthvað frábrugðin því sem gerðist í öðrum bönkum. Ég veit að slíkt var ekki tilfellið og þess vegna hef ég enga ástæðu til að óttast niðurstöður slíkrar rannsóknar.“

Icesave-klúðrið rannsakað sem sakamál

„Það slær mig hins vegar mjög undarlega að saksóknari skuli, að því er virðist, einungis snúa rannsókn sinni að Kaupþingi. Við höfum ekki fengið neinar skýringar á því. En ef maður veltir aðeins fyrir sér stöðunni þá er Kaupþing – sem var – enn í fullum rekstri á langflestum stöðum þar sem bankinn starfaði, til dæmis í Danmörku, Svíþjóð og Lúxemborg. Endurheimtur í Bretlandi virðast ætla að verða 90 prósent, miðað við síðustu tölur sem ég heyrði, sem er algjörlega fáheyrt hjá banka sem er settur í þrot. Ef þú tekur eignastýr-

> Það er algjörlega ofvaxið mínum skilningi að þetta Icesave-mál skuli ekki hafa verið fyrsta málið sem var rannsakað.

Hvers vegna var hætt að senda þessar upplýsingar á stjórnina þarna árið 2007?

„Ég held að það sé bara ekki rétt að því hafi verið hætt. Framsetningu upplýsinganna var hins vegar breytt og það átti sér alveg eðlilegar skýringar. Nýir reikningsskilastaðlar voru teknir upp á þessum tíma þar sem kveðið var á um að meðhöndlun eigin bréfa skyldi vera öðruvísi en meðhöndlun annarra hlutabréfa. Þetta var þannig að viðskipti með eigin bréf bankans fóru ekki í gegnum rekstrarreikning heldur sérlið sem féll undir eigið fé.“

En hvaða skýringar voru á þessari miklu eign eigin viðskipta á bréfum í bankanum?

„Við höfðum það viðhorf að bankinn ætti að stuðla að því að það væri hægt að kaupa og selja bréf í bankanum. Eign bankans í eigin bréfum sveiflaðist á milli tímabila en var oftast óveruleg og ekki síst á fyrri hluta ársins 2007 þegar framsetningunni var breytt. Það var alltaf skýrt að við værum ekki verðmyndandi í viðskiptum með bréf bankans. Það hefur verið öllum ljóst sem voru á þessum markaði að Kaupþing stundaði viðskipti með bréf í sjálfu sér, eins og allir hinir bankarnir gerðu jafnframt. Og það er skýringin. Þetta var meira á Íslandi en annars staðar, fyrst og fremst vegna smæðar markaðarins.“

Þið eruð líka sakaðir um umboðssvik, skjalafals og að brjóta ýmsar reglur.

„Ég hafna slíkum ásökunum algjörlega.“

Hefurðu lagt fyrir saksóknara einhver gögn sem sýna fram á hið gagnstæða?

„Nei, og það hlýtur að vera þannig að ef menn eru ákærðir um eitthvað þá þurfi að sýna fram á gögn sem rökstyðja það að brot hafi verið framið. Þannig hafa réttarreglurningu Kaupþings – peningamarkaðssjóðina – þá komu þeir langbest út úr þessum hremmingum, að minnsta kosti borið saman við hina íslensku bankana. Hvaða lífeyrissjóð er verið að auglýsa sem er með langbestu ávöxtunina síðustu þrjú, fimm eða sjö ár? Er það ekki Frjálsi lífeyrissjóðurinn sem var í vörslu Kaupþings? Þeir sem áttu fé á Edge-innlánsreikningum Kaupþings erlendis hafa allir fengið það greitt að fullu að því er ég best veit. Úr þessu má lesa að tjónið af falli Kaupþings er langminnst af því tjóni sem hlaust af íslensku bönkunum. Hvað má þá verða til þess að sá banki sé sá fyrsti sem er rannsakaður? Hvað þá ef einhver hætta er á því að hann verði sá eini af stóru bönkunum sem sérstakur saksóknari tekur til skoðunar.

Þetta hefur enginn útskýrt nema hvað ég hef heyrt að réttlætingin sé sú að Kaupþing hafi verið stærsti bankinn. Það eru engin rök. Auðvitað þarf fyrst og fremst að rannsaka mál þeirra sem valdið hafa mesta tjóninu. Þess vegna velti ég því til dæmis fyrir mér af hverju menn hafa ekki rannsakað það, sem upplýst hefur verið opinberlega, að í marsmánuði 2008 eru samskipti og fundir þar sem þátttakendur eru meðal annarra Fjármálaeftirlitið á Íslandi, Seðlabankinn á Íslandi, fjármálaeftirlitið í Bretlandi, fjármálaráðuneytið í Bretlandi, og líka fulltrúar íslenska fjármálaráðuneytisins, íslenska bankamálaráðuneytisins og Landsbanka Íslands. Af þessum fundum er ljóst að menn vita þá að eignir Landsbankans munu ekki geta staðið undir innlánssöfnun Icesave-reikninganna, og ekkert er gert í málinu. Ekki bara aðhafast menn ekkert heldur fær bankinn að halda áfram að safna inn á Icesave-reikningana í Bretlandi. Og ekki aðeins það, heldur fær bankinn að fara inn með sömu afurð í Holland og safnar þar einum og hálfum milljarði evra. Samanlagt gætu þetta verið um um það bil 300 milljarðar íslenskra króna í skuldbindingar sem stofnað var til eftir að öllum var ljóst að bankinn var kominn að fótum fram. Það er algjörlega ofvaxið mínum skilningi að þetta Icesave-mál skuli ekki hafa verið fyrsta málið sem var rannsakað.“

Sem sakamál þá?

„Sem sakamál, að sjálfsögðu. En auðvitað geri ég samt ráð fyrir að þetta verði rannsakað ásamt mörgum öðrum málum sem hafa valdið íslensku þjóðinni miklu meira tjóni en Kaupþing hefur nokkurn tíma valdið. Til dæmis þarf að rannsaka hvers vegna Seðlabanki Íslands styrkti ekki gjaldeyrisvaraforða sinn þegar honum stóð það til boða og hvaða afleiðingar það eitt og sér hafði fyrir þjóðarbúið. Það þarf líka að rannsaka þær aðferðir sem voru notaðar við þjóðnýtingu Glitnis og afleiðingar þess feigðarflans. Varðstaða íslensku eftirlitsstofnananna er líka sjálfsagt rannsóknarefni út af fyrir sig og auðvitað þarf að rannsaka öll þau viðskipti sem íslensku bankarnir stunduðu. Ég er þess fullviss að geri menn það þá muni koma í ljós að þeir viðskiptahættir sem ég kom að í Kaupþingi eru ekki saknæmir.“

Hreiðar fyrst yfirheyrður á síðasta degi

Þér virðist finnast svo augljóst að það sé ekkert í þessu máli.

„Já, ég tel ekki að það sé neitt í þessu máli.“

En á hinum endanum ertu með saksóknara sem er búinn að byggja upp heilmikið mál sem hann fær menn úrskurðaða í gæsluvarðhald út á. Hvað ber þarna í milli?

„Varðandi gæsluvarðhaldsúrskurðina í maí þá fullyrði ég að þær aðgerðir höfðu ekkert með hagsmuni rannsóknarinnar að gera.“

Heldur hvers?

„Ég get einungis verið með mínar vangaveltur um það. Embætti saksóknara hafði verið með ýmsar yfirlýsingar um að brátt færi að líða að þessu og hinu, ákærum og svo framvegis. Ég held að það hafi verið kominn töluverður þrýstingur á að eitthvað gerðist. Þá var gripið til þess ráðs að þjarma hraustlega að okkur Kaupþingsmönnum og sumir jafnvel hnepptir í varðhald. Mér er kunnugt um að fyrrverandi forstjóri bankans, Hreiðar Már Sigurðsson, var hnepptur í tólf daga einangrun en ekkert talað við hann fyrr en á síðasta degi varðhaldsins. Maður spyr: Er það eðlilegt? Þá mundu þeir auðvitað segja: Við þurftum að tala við ýmsa aðra. En mér er kunnugt um það hverja aðra var talað við og það er ekkert þar sem réttlætir tólf daga gæsluvarðhald. Ekkert. Þetta er miklu mikilvægara en menn vilja ennþá viðurkenna. Nú er mér ljóst að fyrrverandi bankamenn eru nokkurn veginn réttlausir í þessu landi í dag, en vilja menn virkilega að hægt sé að hneppa menn í gæsluvarðhald á jafn veikum grunni og raun ber vitni eingöngu vegna þess að þeir eigi það skilið eða annað álíka? Ég vona að einhvern tíma verði vinnulag sérstaks saksóknara rannsakað rétt eins og svo margt annað sem gert hefur verið eftir bankahrunið. Ég er viss um að síðar munum við sjá að ýmislegt hefði mátt gera betur síðustu misserin bæði af hálfu stjórnvalda og stjórnenda fjármálafyrirtækjanna í landinu.“

Annarra að biðjast afsökunar

Þykir leitt hvernig endalok Kaupþings bitnuðu á þjóðinni

Sigurður segist hafa verið byrjaður að koma undir sig fótunum á nýjan leik í London, þegar handtökuskipun sérstaks saksóknara hafi kippt þeim undan honum. Hann segist ekki vita á þessari stundu hvort hann verði borgunarmaður fyrir þeim fjárhæðum, sem slitastjórn bankans krefst af honum vegna lána fyrir hlutabréfakaupum.

Nú er slitastjórn bankans búin að höfða mál á hendur þeim sem fengu þessi lán, rifta ákvörðun stjórnar Kaupþings um að fella niður ábyrgð starfsmanna á lánunum og krefjast þess að þau verði endurgreidd. Sjálfur fékkst þú, að því er segir í skýrslunni, 7,8 milljarða að láni fyrir hlutabréfakaupum, sem þú hefur nú verið krafinn um að endurgreiða.

„Áður en þessi ákvörðun stjórnar var tekin 25. september 2008 nam ábyrgð starfsmanna aldrei meiru en tíu prósentum af því sem við skulduðum. Ég er ekki að segja að það sé gott að það sé verið að krefja mig um mörg hundruð milljónir, en það er þó skárra að glíma við 10% af tölunni fremur en tæplega átta milljarða króna. Varðandi langflesta starfsmenn bankans var ekki um gjafagjörning að ræða því eign þeirra var hærri en ábyrgðin sem var felld niður.“

Í þínu tilviki eru þetta þá 780 milljónir. Ertu borgunarmaður fyrir því?

„Það ríkir mikil óvissa um verðmæti eigna minna og tekjumöguleika. Ég hef þess vegna einfaldlega ekki svar við spurningunni en auðvitað er efinn íþyngjandi.“

Og hvað ætlarðu að gera í því?

„Það sem ég er auðvitað að gera er að reyna að skapa mér nýja tilveru og það gekk býsna vel áður en saksóknarinn ákvað að setja mig á lista alþjóðalögreglunnar. Sú ákvörðun hefur reynst mjög afdrifarík fyrir mig og mína fjölskyldu.“

Fjárfestar forðuðu sér

Hvað hafðirðu þá verið að gera?

„Ég var að skapa mér grundvöll í London. Ég vil ekki tiltaka nákvæmlega hvað það var. Ég er ekki að segja að ég hefði orðið auðugur á einni nóttu, en það hefði orðið býsna góð byrjun. Ég var búinn að vinna að því í eitt og hálft ár að laða fjárfesta til samstarfs við mig en eðlilega kippa menn að sér höndum þegar viðmælandi þeirra er allt í einu eftirlýstur á lista alþjóðalögreglunnar með raðmorðingjum og eiturlyfjasmyglurum.“

En það er sem sagt vafamál að eignir þínar dugi fyrir þessari 780 milljóna króna kröfu slitastjórnarinnar?

„Í augnablikinu get ég ekki svarað þeirri spurningu afdráttarlaust en ég hef bara enga trú á að þessi krafa verði viðurkennd – ekki ef meiningin er að fara að lögum. Þar að auki þarf að sækja málið gagnvart mér eftir breskum lögum.“

En ertu með einhverjar tekjur?

„Þær eru minni en þær voru. En aðalatriðið í þessu máli er að ég, eins og væntanlega allir aðrir, var að vinna hörðum höndum að því að koma undir mig fótunum aftur. Sérstakur saksóknari brýtur að mínu viti allar reglur og setur mig á þennan alþjóðlega lista og gerir alla mína tekjuöflun til framtíðar mun óvissari en áður var. Ég er engu að síður sannfærður um að ég mun koma fótunum undir mig aftur. Það er sem betur fer til fólk sem trúir því að ég hafi ekkert brotið af mér og er reiðubúið til að njóta leiðsagnar minnar og ráðgjafar á nýjan leik.“

Þú segist vera sannfærður um að þú munir koma undir þig fótunum aftur. Sérðu fyrir þér að það verði erlendis eða muntu eiga afturkvæmt í íslenskt viðskiptalíf?

„Ég hef ekkert velt því fyrir mér hvar það verður. Í dag starfa ég í London. Hvort ég starfa í London áfram eftir tvö eða þrjú ár, eða í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi eða einhvers staðar annars staðar, það er ómögulegt að segja til um. Ég mun bara starfa þar sem möguleikarnir eru bestir eða þar sem mér tekst að koma undir mig fótunum.“

Nú er andrúmsloftið á Íslandi eins og þú þekkir í garð þeirra sem voru hátt-settir í fjármálalífinu. Trúirðu því að það muni breytast og að þú munir yfir höfuð eiga afturkvæmt til Íslands?

„Já, ég hef fulla trú á því að það andrúmsloft breytist og ég finn þegar að það er að breytast smám saman. Íslendingar eru skynsöm þjóð sem mun átta sig á að það gengur ekki fyrir þjóðfélag, og allra síst þjóðfélag af þeirri takmörkuðu stærð sem er hér á Íslandi, að útiloka stóran hóp af hæfu fólki frá hvers kyns þátttöku og verðmætasköpun í atvinnulífinu. Mér finnst það til dæmis sorglegt að fólkið sem nú situr í skilanefndum, sinnir ráðgjöf eða er við stjórnvöl bankanna hefur í fæstum tilvikum reynslu af starfsemi þeirra vegna þess að þeim sem á einhvern hátt voru í aðalhlutverkum fyrir hrun er einfaldlega ýtt til hliðar – og um leið oft á tíðum út fyrir landsteinana.“

Margir hafa sagt ósatt

Sumir af þeim sem voru áberandi í íslensku viðskiptalífi fyrir hrun hafa beðið þjóðina afsökunar á framferði sínu, til dæmis Bjarni Ármannsson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Jón Ásgeir sagði í blaðagrein að hann hefði gert mistök og þætti það leiðinlegt, án þess að biðjast beint afsökunar. Hvað með þig? Telurðu að þú skuldir íslenskum almenningi afsökunarbeiðni fyrir eitthvað sem þú gerðir eða lést hjá líða að gera?

„Mitt viðhorf er að þeir sem geta beðist afsökunar gagnvart íslensku þjóðinni séu þeir sem hafa umboð frá þjóðinni, sem eru kosnir af þjóðinni í embætti. Ég hafði það umboð ekki. Ég var hins vegar kosinn af hluthöfum Kaupþings og er þar af leiðandi fær um að biðjast afsökunar á mistökum sem bitnuðu á þeim og starfsfólki bankans. Ég geri mér grein fyrir því að starfsemi bankans, með þeim endalokum sem urðu en hefðu ef til vill ekki þurft að verða, bitnar á þjóðinni allri og auðvitað þykir mér það leitt.“

Finnst þér þú enga ábyrgð bera á skellinum sem lífskjör almennings hlutu í hruninu?

„Ég tel það annarra að biðjast afsökunar á því. Það sem ég er að reyna að segja er að ég ber mína ábyrgð en ekki gagnvart þjóðinni og ég tel að það sé þeirra sem til hennar söttu umboð að standa henni reikningsskil gjörða sinna. Í þeim efnum er ég auðvitað að tala um stjórnmálamenn og embættismenn í stjórnsýslunni. Öllum er ljóst að sumir þeirra hafa gert afdrifarík mistök ekki síður en við sem stóðum við stjórnvöl bankanna. Ég veit líka að margt af því sem bankamenn, forsvarsmenn í viðskiptalífinu, embættismenn og fleiri hafa sagt opinberlega er ósköp einfaldlega ekki sannleikanum samkvæmt. Sannleikurinn í öllum málum sem tengjast bankahruninu og eftirleik þess verður að fá að koma í ljós og ég vona svo sannarlega að svo muni verða á næstu árum.“

Til hvers ertu þá að vísa?

„Ég tel ekki rétt að fara nánar út í það á þessari stundu né heldur að fara að munnhöggvast við einstaklinga sem jafnvel freista þess að koma eigin ábyrgð yfir á aðra. Sjálfur ætla ég ekki að fara þá leið.“

SAKAR JÓHÖNNU UM ÓSANNINDI

Sigurður gagnrýnir að stjórnkerfið á Íslandi hafi ekki stutt Kaupþingsmenn þegar mikið lá við. Hann nefnir til dæmis þegar Kaupþing vildi koma sér út úr kaupunum á NIBC-bankanum í Hollandi. Þá hefði honum þótt æskilegt að fá til dæmis bréf frá íslenska Fjármálaeftirlitinu, sem myndi í raun banna bankanum að ljúka kaupunum.

„Ég margræddi þessi mál við Fjármálaeftirlitið og átti samtöl við ýmsa ráðherra. Aðstæður höfðu breyst svo mikið að þetta var ekki skynsamlegt lengur og við gátum ekki bakkað út úr samkomulaginu einhliða. Á endanum tókst okkur að semja við JC Flowers, en það var ekki af því að við fengum neitt bréf frá neinum eða tilmæli, hvað þá stuðning frá opinberum aðilum. Samt kemur Jóhanna Sigurðardóttir eftir á og segir að okkur hafi verið bannað að kaupa NIBC. En hún vissi náttúrulega ekki neitt um það, frekar en margt annað.“

FRAMHALD Á SÍÐU 28

einfaldlega betri kostur

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

LOKADAGUR 2. SEPTEMBER

RÝMINGAR-SALA

RÝMUM FYRIR HAUSTLÍNUNNI

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

© ILVA Island 2010

FRAMHALD AF SÍÐU 26

Gjörðir bankanna eru ekki aðalatriði

Sigurður Einarsson er víða nefndur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og margvíslegt framferði Kaupþings er þar gagnrýnt harðlega. Sigurður svarar fullum hálsi.

RÖNG NÁLGUN „Ég hélt að nefndin mundi reyna að greina aðalatriði frá aukatriðum. En svo var því miður ekki. Það er auðvitað mjög slæmt."
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að mínu viti hlýtur að mega gagnrýna þessa skýrslu eins og öll mannanna verk, en það virðist þó varla mega í dag á Íslandi," segir Sigurður. „Nefndarmennirnir sögðust ekki ætla að setjast í dómarasæti en við kynningu og framlagningu skýrslunnar var það einmitt það sem þeir gerðu – og reyndar víða í skýrslunni sjálfri líka."

Það er bent á margt í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem nefndarmönnum finnst orka tvímælis í starfsemi Kaupþings. Nefndarmenn segja á mörgum stöðum, þótt þeir fari varlega í það til að spilla ekki sakarefnum, að þá gruni að lög hafi verið brotin. Tökum sem dæmi þá staðreynd að síðustu lánin sem eru til skoðunar hjá ykkur eru veitt eftir að Kaupþing fær 500 milljóna evra neyðarlán frá Seðlabanknum rétt fyrir hrun. Var eðlilega að því öllu staðið?

„Já. Í fyrsta lagi voru engin lán veitt eftir að við fengum neyðarlánið og það fé fór að langmestu leyti í að mæta úttektum af innlánsreikningum erlendis. Í öðru lagi vil ég nefna að ein af þeim forsendum sem nefndin gefur sér við rannsókn sína er að ég ætti að hafa vitað um einhverja meinta slæma stöðu bankans áður en ég skilaði inn lyklunum til Fjármálaeftirlitsins aðfaranótt 9. október 2008. Það er bara einfaldlega rangt. Ég trúði því einlæglega þar til ég afhenti lyklana til Jóns Sigurðssonar og Jónasar Friðriks Jónssonar, stjórnarformanns og forstjóra Fjármálaeftirlitsins, að bankinn myndi lifa þetta af."

Tölum samt um það sem rannsóknarnefndin bendir á, sem er áhætta bæði hvers banka fyrir sig og bankakerfisins í heild, sem rannsóknarnefndin segir að hafi verið komin umfram öll mörk. Hún sakar ykkur, stjórnendur bankanna, sömuleiðis um að slá ryki í augu Fjármálaeftirlitsins, þið hafið reynt að skilja í sundur aðila sem augljóslega voru tengdir og hefðu átt að mynda sameiginlega áhættu, að þið hafið horft fram hjá því að fyrirtæki eins og til dæmis Baugur og tengdir aðilar mynduðu gríðarlega áhættu í öllum bönkunum og staðan hafi verið orðin þannig að það gat í rauninni enginn gjaldfellt lán á fyrirtæki sem tengdist Baugsfjölskyldunni af því að þá hefði keðjuverkunin farið af stað. Var þetta ekki eitthvað sem þið hefðuð átt að átta ykkur á miklu fyrr? Voruð þið ekki búnir að búa þarna til sjúkt kerfi sem hefði aldrei getað staðið af sér hina alþjóðlegu fjármálakreppu?

„Ég leit ekki svo á. Hins vegar er ljóst, ef maður fer í naflaskoðun í dag og spyr sig hvað maður hefði átt að gera öðruvísi – ekki þar með sagt að maður sé að viðurkenna einhver brot – þá er alveg ljóst, eins og margoft hefur komið fram og ég reyndi nú að koma á framfæri við nefndina, að auðvitað hefðum við átt að vera búin að flytja bankann úr landi. Það varð ekki og það reyndust dýrkeypt mistök. Við reyndum að skrá efnahag og rekstur bankans í annarri mynt en þeirri íslensku sem hefði klárlega hjálpað alveg gríðarlega. Gegn því var hart barist af hálfu Seðlabankans og að hluta til fjármálaráðuneytisins. Og það er þannig, í mínum huga, að hafi stjórnvöld talið að við hefðum átt að minnka, vaxa hægar eða til dæmis færa starfsemina eitthvert annað, þá hefðu þau mátt benda okkur á það. Það var aldrei gert. Þannig að þegar spurt er hvort við höfum ekki átt að vita að Seðlabankinn eða stjórnvöld á Íslandi gætu ekki verið lánveitandi til þrautavara eða aðstoðað okkur þá má hugsanlega segja að að við hefðum átt að gera okkur grein fyrir að það væri einhver hætta á því. En ég held að það sé ekki nokkur leið að meta eitthvað í þessu andvaraleysi okkar sem sakað nefnt. Frumkvæðið á ekki síður að koma frá eftirlitsaðilum og yfirvöldum hvað þetta varðar."

Þetta var ekki svar við spurningunni. Spurningin snerist um það hvort þið hefðuð áttað ykkur á þeirri áhættu sem þið voruð að búa til í kerfinu. Allir bankarnir voru að lána sömu fyrirtækjunum og sömuleiðis að lána eigendum sínum og félögum þeim tengdum.

„Við höfðum í sjálfu sér ekki neina sérstaka vitneskju um það hvað aðrir bankar voru að lána. Nú virðist nokkuð ljóst eftir á að við höfðum verið að taka of mikla áhættu. Við hins vegar töldum okkur hafa nokkuð góða stjórn á þessu og það að við höfum verið að leyna Fjármálaeftirlitið einhverju tel ég að fái ekki staðist. Mér hefur allavega ekki verið sýnt fram á það. Ef eftirlitið var ósátt við eitthvað í okkar framsetningu átti það að benda okkur á það."

Einblínt á aukaatriði

„Mér finnst mjög athyglisvert og raunar slæmt hversu litla áherslu nefndin leggur á að skoða orsakir þess sem gerðist og meginatriði máls hvað það varðar. Áherslan er langmest á því sem gert er rétt fyrir hrun, þegar færa má rök fyrir því að menn séu aðallega að reyna að bjarga því sem bjargað verður í miklum darraðardansi og tímahraki við afar erfiðar aðstæður.

Meginspurningin hlýtur að vera: Af hverju skapast aðstæður hér á Íslandi sem verða til þess að Íslendingar fara verr út úr alþjóðakreppunni en aðrir og þurfa til dæmis að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins? Langstærsta ástæðan er sú peningamálastefna sem rekin var á Íslandi í mörg ár, með alltof háum vöxtum. Ástæðan fyrir peningamálastefnunni er síðan örmynt sem haldið hefur verið á lífi við vonlausar aðstæður með gífurlegum fórnarkostnaði.

Nefndin rétt tæpir á þessu atriði en það er jafnmikil umfjöllun um eitthvað sem hefur engin marktæk áhrif á það hvernig fór. Það er til dæmis sáralítið fjallað um það að Seðlabanki Íslands jók ekki gjaldeyrisvaraforðann þegar tök voru á og að auki stóðust tölur Seðlabankans um fyrirliggjandi varaforða sinn engan veginn þegar á reyndi. Þetta leiddi til þess að óhjákvæmilegt varð að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mér er kunnugt um að Seðlabankanum stóð til boða, fyrir hönd ríkissjóðs, mjög stórt skuldabréfalán, stóran hluta ársins 2008, sem JP Morgan átti að hafa umsjón með. Í mars- og aprílmánuði var verið að tala um sjö milljarða Bandaríkjadollara. Síðan var sú upphæð eitthvað minnkuð því JP Morgan fór að óttast að hann gæti ekki selt allt útboðið. Það varð afar dýrkeypt fyrir þjóðina að Seðlabankinn skyldi ekki grípa þetta tækifæri og afleiðingar þess verða vonandi metnar síðar.

Mér finnst fleira athugavert við vinnubrögð rannsóknarnefndar Alþingis. Ég var til dæmis kallaður þarna fyrir í tvígang og kom með mikið magn af gögnum með mér, sem nefndin hafði beðið mig um. Á þau er tæplega minnst í skýrslunni og það er ekki einu sinni haft fyrir því að hafa þau með sem fylgiskjöl enda þótt skýrslan sé alls á þriðja þúsund síður."

Er þér þá ekki lófa lagið að gera eins og Björgólfur Thor og birta gögnin?

„Jú, jú, ég held að það sé alveg óskaplega margt sem á eftir að koma fram en það sem manni finnst skrýtið er að þetta skuli ekki tekið með. Nefndin gerir líka nær engan greinarmun á bönkunum í sinni úttekt. Ég held til dæmis að Kaupþing hafi ekki verið með eitt einasta bílalán í erlendri mynt. Þegar einstaklingar komu og vildu fjármögnun á húsnæði í erlendri mynt voru þeir látnir skrifa undir skjal um að þeir áttuðu sig á áhættunni. Engu að síður gerir nefndin, eins og raunar allir aðrir, sig seka um það að tala í þessum efnum og ýmsum öðrum um bankana og dótturfélög þeirra í fleirtölu eins og þeir hafi allir verið eins.

Ég lét nefndina til dæmis vita af því að ég hefði fengið bréf frá þáverandi seðlabankastjóra, Jóni Sigurðssyni. Hann sat í nefnd sem ég tók að mér að stýra, um það hvernig gera mætti Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð. Þar vildi ég taka upp umræðu um hvort Seðlabanki Íslands ætti að vera lánveitandi til þrautavara. Ég fékk bréf frá honum þar sem segir að hann leggist alfarið gegn þeirri umræðu í þessari nefnd, og muni ekki taka þátt í henni. Af því að ég var hættur í bankanum átti ég ekki lengur þetta bréf en ég benti á það. Ég hef hvergi séð það koma fram. Það hlýtur að vera til í skjalasafni Seðlabankans og í skjalasafni Kaupþings, og þessarar nefndar núna.

Þetta er það sem ég mundi segja að væri lykilatriði í orsök þess að Ísland fór verr út úr þessu en önnur ríki."

Það sem þú ert í rauninni að segja er að aðalatriðin séu gjörðir eða athafnaleysi stjórnvalda, ekki bankanna.

„Það er þannig. En þar með er ég ekki að réttlæta starfsemi bankanna."

Gott og vel, vitlaus peningastefna, örgjaldmiðill, var það ekki samt ábyrgðarleysi af ykkur sem stjórnuðuð þessum stóru fjármálafyrirtækjum að vaxa jafngríðarlega hratt og raun bar vitni – Kaupþing var komið í hóp stærstu banka á Norðurlöndum – vitandi það að grunnurinn var jafnveikur og hann var?

„Við áttuðum okkur augljóslega ekki á því hversu veikur grunnurinn var og þess vegna hefðum við betur farið með bankann úr landi. Ég fór einmitt yfir það með nefnd Alþingis að við vorum með áætlun um að breyta skipulaginu og ætluðum að þrígreina bankann. Það átti að vera Norðurlandabanki með FIH sem höfuðstöðvar, alþjóðlegur banki með Bretland sem höfuðstöðvar og síðan myndum við halda íslenska bankanum sem sérstakri einingu fyrst um sinn, með þá hugsun að hann mundi síðar falla undir danska bankann. Síðan kemur þessi alþjóðlega kreppa í höfuðið á okkur og við ráðum bara ekki við atburðarásina. Að þessu leytinu má segja að við höfum verið að búa okkur undir það sem þú ert að lýsa hér."

Ertu enn þeirrar skoðunar að stjórnvöld hefðu undir það allra síðasta getað brugðist þannig við að Kaupþing væri í dag á lífi?

„Já, ég tel að svo sé. Fyrir það fyrsta hefði það breytt miklu ef þau hefðu haft gjaldeyrisvaraforðann, þetta JP Morgan-lán. Ég er ekki að tala um að Kaupþing hefði sérstaklega getað nýtt sér þessa peninga heldur hefði tilvist þeirra aukið traust á fjármálakerfinu og neyðarlán sennilega orðið óþörf. Í öðru lagi þá töldum við að þessi aðferð við þjóðnýtingu Glitnis væri mikið óráð og við komum með aðra hugmynd til forsætisráðherra sem náðist aldrei að framkvæma. Hún var sú að við tækjum yfir Glitni, rekstrareiningarnar yrðu síðan seldar og við myndum jafnframt selja hluta af okkar einingum. Hluthafarnir okkar hefðu þá sennilega tapað megninu af því sem þeir áttu en bankinn hefði lifað."

> Hafi stjórnvöld talið að við hefðum átt að minnka, vaxa hægar eða til dæmis færa starfsemina eitthvert annað, þá hefðu þau mátt benda okkur á það. Það var aldrei gert.

Sér eftir kaupaukakerfinu

Í rannsóknarskýrslu Alþingis er haft eftir þér orðrétt: „Þau laun sem ég hef verið með hjá þessum banka síðan 2003 hafa í öllum samanburði við þá sem ég ber mig saman við verið óheyrilega lág. Það er bara þannig." Fólki hefur fundist þetta svolítið sérkennilegt komandi frá manni með fleiri milljónir í mánaðarlaun. Ertu enn á því að ástandið hérna á Íslandi hvað laun og lífnaðarhætti varðar hafi bara verið eðlilegt, jafnvel hóflegt?

„Það er ekki það sem ég er að tjá mig um þarna. Ég er að tjá mig um þær launagreiðslur sem ég fékk og ef þú berð þær saman við þær launagreiðslur sem voru í Bretlandi á þeim tíma eru þær eðlilegar. Ég hefði auðvitað getað sagt eitthvað annað þegar ég var í viðtölum við nefndina. Ég vildi hins vegar bæði vera hreinskilinn og reyna að útskýra merg málsins. Ég hélt að nefndin mundi reyna að greina aðalatriði frá aukatriðum. En svo var því miður ekki. Það er auðvitað mjög slæmt."

En svona almennt og yfirleitt um launin í bönkunum – það á reyndar ekki bara við um Ísland – en það hafa verið færð rök fyrir því að bónusakerfið hafi beinlínis ýtt undir áhættuna í kerfinu og þessi ofboðslegu laun sem menn gátu fengið fyrir að lána meiri peninga hafi hreinlega ýtt undir eða flýtt fyrir hruninu.

„Ég held að það sé ekki, en hins vegar get ég algjörlega viðurkennt að það fyrirkomulag sem við vorum með hjá Kaupþingi myndi ég aldrei búa til aftur. Á þeim tíma töldum við þetta vera hentugt fyrirkomulag. Það er að koma í bakið á mjög mörgum starfsmönnum bankans í dag og mér þykir það auðvitað ákaflega leitt."

STJÓRNARFORMAÐURINN OG FORSETINN Ólafur Ragnar sætir töluverðri gagnrýni í skýrslunni fyrir að hafa greitt götu íslensku útrásarinnar úr hófi.
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

EKKI HEIMAGANGUR Á BESSASTÖÐUM

Í skýrslu siðferðishóps rannsóknarnefndar Alþingis segir að Sigurður hafi verið einn af helstu samstarfsmönnum Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Sigurður segir að forsetinn hafi yfirleitt tekið óskum um til dæmis ræðuhöld mjög vel. „Ég man að hann hélt einu sinni ræðu fyrir okkur í Helsinki sem tókst stórkostlega vel og á ýmsum öðrum stöðum. Ég kannast hins vegar ekki við það að ég hafi verið eins og einhver grár köttur á forsetasetrinu á Bessastöðum og enn þá síður samstarfsmaður hans á nokkurn hátt."

HÚSGAGNAHÖLLIN

HAUSTVEISLA!

GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

NÚNA 40% AFSLÁTTUR **TAKMARKAÐ MAGN**

129.990
FULLT VERÐ: 219.980

OREGON tungusófi.
Canal svart áklæði.
B:240 D:90/150 H:82 cm.
Fæst með vinstri tungu.

19.990
FULLT VERÐ: 29.990
BODUM bistro ristavél. Króm.

499
FULLT VERÐ: 599
BODUM bistro espresso bolli.

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

159.990
FULLT VERÐ: 239.980

SKOVBY skenkur.
Eik/sápuborin eik.
B:180 D:46,5 H:81 cm.

SKOVBY borðstofuborð. Eik/hvítt.
B:100 L:183/275 H:74 cm.

159.990
FULLT VERÐ: 259.990

NÚNA 35% AFSLÁTTUR

690
SPIZY borðtuskur
2 stk. í pakka.

NÝTT FRÁ DENMARK spizy®

990
SPIZY form,
4 stk.

NÚNA 35% AFSLÁTTUR **AÐEINS UM HELGINA**

NÚNA 30% AFSLÁTTUR **AÐEINS UM HELGINA**

3.990
SPIZY kollar.
Svartir, fjólubláir og hvítir.

VERDI hægindastóll.
B:56 D:66 H:91 cm.
Svart leðurlíki.

24.990
FULLT VERÐ: 39.990

LINLEY hægindastóll.
B:64 D:65 H:79 cm. Fæst með gráu og orange áklæði og svörtu leðurlíki.

19.990
FULLT VERÐ: 29.990

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. laugard. 12 - 18. sunnud. 13 - 17.

Brosti framan í heiminn

Mataeitrun í Nepal. Hirðljósmyndari í Indlandi. **Baldur Kristjánsson** ljósmyndari er nýkominn til landsins eftir átta mánaða flakk um heiminn þar sem ævintýrin eltu hann. Tilviljanir réðu áfangastöðum og myndavélin var leið hans til að kynnast innfæddum. ***Álfrún Pálsdóttir*** settist niður með ljósmyndaranum, sem segir gott skap og breitt bros vera besta veganestið.

Ég var búinn að ákveða og lofa sjálfum mér að leggja í hann fyrir jól 2009, svo ég lagði í hann á Þorláksmessu. Ég varð að standa við loforðið," segir Baldur Kristjánsson ljósmyndari, en fyrsti áfangastaður í heimsreisunni hans var London, þar sem hann beið heila nótt eftir flugi áfram til Indlands. Sú bið sló tóninn fyrir ferðalagið með heilræðum frá lifuðum norskum sjóara.

„Hann sagði að að ég væri ungur og ætti eftir að upplifa margt en að gullna reglan væri að „happy people meets happy people". Ef þú brosir framan í heiminn þá brosir heimurinn framan í þig. Sú setning varð eins konar lykilsetning ferðalagsins," segir Baldur og bætir við að hann hafi aldrei orðið einmana þessa tæpa átta mánuði sem hann var á ferðalagi, enda hitti hann og kynntist mörgum bakpokaferðalöngum og innfæddum sem sýndu honum alla jafna mikinn áhuga.

„Myndavélin var hinn besti ferðafélagi og var líka góð leið til að kynnast fólki og brjóta ísinn. Ég var alltaf að smella myndum af fólki í kringum mig og leitin að góðu myndefni leiddi mig á staði sem ég hefði örugglega ekki komið á ef ég hefði farið eftir ferðahandbókum á mestu túristastaðina," segir Baldur, en að fara ekki eftir ferðahandbókum og kaupa bara miða aðra leiðina í lestar og flugvélar voru nokkurs konar siðareglur ferðalagsins. Allt var mjög tilviljanakennt.

Myndavélin gerði það að verkum að Baldri var tekið opnum örmum hvert sem hann fór og oftar en ekki fékk hann að kynnast siðum og venjum innfæddra í fjölskyldumatarboðum. Tólf lönd. Óteljandi staðir. Fullt af ævintýrum.

„Ég hitti svo marga bakpokaferðalanga á hostelum og þar skiptumst við á ferðasögum á kvöldin. Ég ætlaði að vera nokkuð skipulagður og koma í veg fyrir að ég myndi missa af einhverju skemmtilegu en gafst mjög fljótt upp á því. Það reyndist skemmtilegra að láta tilfinninguna ráða för," segir Baldur og bætir við að þegar upp er staðið sé það fólkið sem maður hittir á leið sinni um heiminn sem stendur upp úr frekar en staðirnir. „Skemmtilegustu sögurnar sem ég segi úr ferðinni eru af fólki en ekki fornri höggmyndalist eða flottum mannvirkjum. Þannig eru sögurnar úr ferðinni ekki síður merkilegar en myndirnar."

En hvað tekur við eftir svona ferðalag? „Núna hefur það algeran forgang að gera því efni sem ég sankaði að mér í ferðinni góð skil. Það er af nógu að taka og mikilvægt að finna því góðan farveg í máli og myndum. Það eru ýmis teikn á lofti en línur munu skýrast á næstu dögum."

Á vefsíðunni www.baldurkristjans.tumblr.com er hægt að lesa frekar um ævintýri Baldurs, skoða myndir og horfa á myndbandadagbók hans frá ferðalaginu góða.

NEPAL „Þegar ég kom til Nepal kom ekki annað til greina en að fara uppí Himalaya-fjöllin í þrettán daga göngu að Everest Basecamp. Hér er ég á níunda degi í 5.550 metra hæð uppi á tindi sem heitir Kala Patthar. Mount Everest speglast í sólgleraugunum. Þarna opnaði ég Toblerone súkkulaði sem ég hafði sparað alla ferðina. Besta súkkulaðistykki sem ég bragðað."

TÍBET „Tíbet-ferðin voru mestu vonbrigðin miðað við væntingar. Fólkið þar og landslagið var frábært en eina leiðin til að komast inn í landið var með skipulögðum túr þar sem allt var niðurnjörvað og stíft. Hér er ég í höfuðborginni á meðan restin af hópnum var að skoða enn eitt hofið sem ég nennti ekki að sjá. Ég ætlaði að taka mynd af mér með höfuðborgina í baksýn þegar þessi fjölskylda kom og vildi endilega fá að vera með mér á myndinni, mér til mikillar gleði."

TÍBET „Þegar ég lít á þessa mynd nokkrum mánuðum eftir að ég tók hana finnst mér eins og hún sé stíliseruð. En svo er ekki. Þetta er síðasti dagurinn í Tíbet og allur hópurinn kominn með nóg af því að vera stoppaður á klukkutíma fresti af kínverskum löggunni fyrir langa vegabréfaskoðun. Við fengum bílstjórann til að keyra með okkur þar sem engar löggur voru og það var langbesti dagurinn. Þessi mynd er ein af mínum uppáhalds."

Hirðljósmyndari forsetans

„Ég var nýbúinn að fagna áramótunum á Goa á Indlandi þegar ég fékk tölvupóst frá sendiherranum á Indlandi sem hafði frétt af mér í landinu. Hann spurði mig hvort ég væri til í að mynda opinbera heimsókn forsetahjónanna um Indland. Ég fór frá því að vera skeggjaður, í stuttbuxum og sandölum og lét sérsauma á mig jakkaföt, rakaði mig og fylgdi forsetanum hvert fótmál í Mumbaí, Delí og Bangalore. Þarna er ég að kveðja forsetahjónin og lúxusinn," segir Baldur en skemmtilegt er frá því að segja að þessi opinbera heimsókn Ólafs Ragnars og Dorritar Moussaieff til Indlands var aðeins nokkrum dögum eftir að forsetinn synjaði Icesave-lögunum með eftirminnilegum hætti.

KAMBÓDÍA „Ég gerði mér ekki grein fyrir því hversu hryllileg fjöldamorðin í Kambódíu voru fyrr en ég fór á „Killing Field" í Phnom Penh. 2,2 milljónir manna voru myrtar og stór hluti þeirra voru börn. Þessi litla stelpa sem horfði á mig í gegnum girðinguna á einum „Killing Field" leyfði mér að smella mynd af sér."

INDLAND „Myndavélin var minn besti vinur á ferðalaginu og auðveld leið til að kynnast fólki. Hér er ég með litlum indverskum strák sem var algjörlega heillaður af stafrænu tækninni. Hann tók nokkrar myndir og var með þetta allt á hreinu, mynduppbyggingin góð og headspace-ið hæfilegt."

SIXT rent a car

Komdu um helgina!

Fyrstir koma - fyrstir fá!

Rýmingarsala

Bílaleigubílar árg. 2010

Allir bílar í 3ja ára ábyrgð!

Dæmi:

Chevrolet Spark **L**, nýskr. í júní 2010, eknir frá 7-15 þúsund km.
Kosta nýir 1.990.000.-

Sixt-verð:
Kr. 1.699 þús.

Dæmi:

Chevrolet Spark **LS**, nýskr. í júní 2010, eknir frá 7-15 þúsund km.
Kosta nýir 2.290.000.-

Sixt-verð:
Kr. 1.899 þús.

Dæmi:

Chevrolet Lacetti Station, nýskr. í júní 2010, eknir frá 7-15 þúsund km.
Kosta nýir 2.690.000.-

Sixt-verð:
Kr. 2.299 þús.

Eftir annasamt sumar er bílaleigan Sixt að rýma til fyrir veturinn og býður þér að eignast tveggja til fjögurra mánaða gamlan, mátulega tilkeyrðan bíl, árgerð 2010, á frábæru verði. Allir bílarnir eru með 3ja ára ábyrgð og fullan tank af eldsneyti.

Þinn tími er kominn og nú er tækifærið til að eignast gæðabíl frá Chevrolet.

Rýmingarsalan hefst laugardaginn 28. ágúst kl. 10:00.
Takmarkaður fjöldi í boði. Komdu í Sixt Borgartúni 33 (sjá kort).



Um helgina verður opið á laugardeginum frá kl. 10 -16 og á sunnudeginum frá kl. 12 - 16.

Bílaleigan Sixt - Borgartún 33 - 105 Reykjavík - 540 2220 - www.sixt.is - sixt@sixt.is

SIXT rent a car

BB 27.08.2010 - Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Ath. Bílar á mynd eru einungis dæmi um tegundir bíla á rýmingarsölu.

HELGI GUNNLAUGSSON Telur rakið að nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins, sem skoðar hvernig bregðast eigi við ófremdarástandi í fangelsismálum, hafi niðurstöður hinnar umfangsmiklu norrænu rannsóknar til hliðsjónar. Hún sýni að fólk sé tilbúið til að skoða aðra kosti en langa fangelsisvist sem refsingu fyrir afbrot. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snaraukin refsiþyngd

Á tíu árum hefur heildarrefsitími dómstóla aukist úr 200 í 330 á ári. Þetta er að sliga fangelsiskerfið. Í samtali við *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* segir **Helgi Gunnlaugsson** afbrotafræðingur margt benda til að Íslendingar vanmeti hörku dómstóla. Þeir kjósi í reynd mildari og fjölbreyttari dóma.

Hvernig stendur á því að ný rannsókn á afstöðu Íslendinga til refsinga stangast á við allar rannsóknir undanfarinna tuttugu ára. Frá því að þeir telji refsingar allt of vægar í að þeir telji dómstólana nú of harða? Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, stýrði íslenska hluta umfangsmikillar norrænnar rannsóknar sem kynnt var á afbrotaþingi í Kaupmannahöfn í síðustu viku. Rannsóknin var gerð að undirlagi Norræna sakfræðiráðsins en Helgi vann hana í samstarfi við félagsvísindastofnun HÍ. Sjálfum komu niðurstöðurnar honum á óvart. „Ég hef í tuttugu ár framkvæmt símakannanir og kannað hug Íslendinga til refsinga. Niðurstaðan hefur alltaf verið sú sama: 65 til 80 prósent Íslendinga hafa talið refsingarnar of vægar, sér í lagi fyrir kynferðisbrot. Í þessari stóru könnun sést að myndin er flóknari. Það má líka spyrja sig hvort dómstólar á Íslandi sitji undir ómaklegri gagnrýni fyrir of mikla mildi. Dómar hér eru í raun harðir að mati svarenda.“

> Það má spyrja sig hvort dómstólar á Íslandi sitji undir ómaklegri gagnrýni fyrir of mikla mildi.

Upplýsingar minnka refsigleði

Rannsóknin var fjórþætt. Almenn tilfinning borgara fyrir afbrotum og refsingum var könnuð með símakönnun. Þá var afstaða þeirra mæld í póstkönnun, með því að láta svarendum í té upplýsingar um viðurlög og atvikalýsingu á sex afbrotum. Að lokum voru settir saman tólf rýnihópar sem sáu myndbrot úr réttarhaldi í einu afbrotamálinu sem einnig var í póstkönnuninni. Hópur starfandi dómara úrskurðaði síðan um refsingar í málunum sex, út frá þeim dómavenjum sem ríkja hér á landi, til að fá samanburð við afstöðu borgaranna.

Málin voru öll alvarleg – líkamsárás á götu úti, nauðgun, makaofbeldi, fíkniefnasmygl, fjárdráttur í banka og búðarrán. Í þessum öllum vanmátu Íslendingar hvaða refsing væri líklegust hjá íslenskum dómstólum. Þá vildu flestir svarendur í öllum málunum sjá vægari refsingar en dómarahópurinn hafði komist að.

Alls staðar á Norðurlöndunum birtist sama munstrið: Mest var refsigleði í símakönnuninni, minni í póstkönnuninni og minnst í rýnihópunum. Eftir því sem fólk hefur meiri upplýsingar, og það fer að velta fyrir sér valmöguleikunum, kostum og göllum mögulegra viðurlaga, dregur úr refsihörkunni. Á sama tíma vanmetur fólk enn meira dómstólana.

„Það er klárt að ákveðin vanþekking er í samfélaginu um raunverulegar refsiákvarðanir,“ segir Helgi. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir refsiþyngd eða hvernig refsiákvarðanir eru rökstuddar.“

Mestur munur í nauðgunarmálum

Í tvenns konar málum skáru Íslendingar sig úr hópnum, annars vegar í fíkniefnamálum og hins vegar nauðgunarmálum. Þegar kemur að fíkniefnamálum virðist almenningur hafa á tilfinningunni að dómar séu harðir og telja dómarana harðari en sig sjálfa. Í nauðgunarmálinu var áberandi hversu stórt bilið var á milli þess sem þátttakendur héldu að dómarar myndu dæma og raunverulegra dóma. „Þetta held ég að komi til vegna háværrar umræðu í samfélaginu um að íslenskir dómstólar séu vægir í kynferðisafbrotamálum,“ segir Helgi. „Þetta heyrist alls staðar – í leiðurum fjölmiðla, hjá grasrótarsamtökum, á blogginu, alls staðar. Í rannsókninni segjast 48 prósent Íslendinga telja að gerandinn yrði sendur í fangelsi. Upp undir 80 prósent vildu að hann færi í fangelsi. Raunin var síðan sú að dómarar voru mun harðari í afstöðu sinni.“

Refsiþyngdin snaraukist

Undanfarin tíu ár hefur umræðan í samfélaginu einkennst af því að dómskerfið fari of mildum höndum um afbrotamenn. Þetta segir Helgi greinilega hafa haft áhrif á dómstóla. Þeir hafi fylgt umræðunni eftir og þyngt dóma sína, sem virðist svo ekki hafa skilað sér sem almenn vitneskja í samfélaginu. „Refsiþyngd hefur aukist mjög á undanförnum tíu árum. Um aldamótin síðustu var heildarrefsitími sem dómstólar dæmdu á ári, og bárust Fangelsismálastofnun til fullnustu, 200 ár. Árið 2009 var þessi tala komin í 330 ár. Afbrotum hefur ekki fjölgað sem þessu nemur og aukinn alvarleiki málanna skýrir þróunina ekki að fullu heldur.“

Mest er refsiþyngingin í ofbeldisbrotum og fíkniefnabrotum. „Það sem kom bylgjunni af stað voru öðru fremur e-töflumálin á árunum 1996 og 1997. Þegar e-pillan kom inn í íslenskt samfélag var mikill ótti við hana, dómstólar brugðust hart við og dómarnir þyngdust. Það sem gerðist í framhaldinu var að aðrir dómar þyngdust líka, enda þótti mörgum þeir of vægir í samanburði við fíkniefnadómana. Umræðan um að menn hefðu „misst sig“ í fíkniefnamálunum fór hins vegar aldrei í gang.“

Sprungið kerfi

Álagið á fangelsiskerfið hér á landi er orðið slíkt að það er við það að láta undan. Þynging refsinga á stóran þátt í því. Helgi telur að nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins, sem er að hefja skoðun á því hvernig bregðast eigi við ástandinu í fangelsismálum, hljóti að hafa niðurstöður rannsóknarinnar til hliðsjónar. „Það má ekki skilja niðurstöður rannsóknarinnar svo að fólk vilji ekki að brotamönnum verði refsað. Þvert á móti vill fólk að gerendur axli ábyrgð og hljóti sína refsingu. Um leið vill fólk að leitað verði leiða til að bæta þolendum tjónið og koma í veg fyrir að viðkomandi brjóti af sér aftur. Við höfum fleiri úrræði en vist í fangelsi og hugsanlega þarf að fjölga þeim. Það þarf sífellt að meta hvernig við verjum fjármunum skattborgaranna án þess að draga úr réttaröryggi þeirra.“

Sestu í dómarasætið!

Lestu lýsingar á afbrotunum og veldu því næst þá refsingu sem þér finnst við hæfi að brotamaðurinn fái. Giskaðu svo á hvaða refsingu íslenskir dómarar hefðu valið. Neðst á síðunni geturðu svo séð hvernig þeir dæmdu í raun og hvar þú stendur.

Nauðgun

Jana og Marteinn þekkjast ekki en starfa hjá sama fyrirtæki. Þau hittast á vinnunámskeiði á hóteli. Eftir kvöldmat dansa þau saman og ákveða eftir það að fá sér drykk á hótelbarnum.

Barinn var lokaður og á leiðinni til herbergjanna spyr Marteinn Jönu hvort hann megi ekki faðma hana. Jana samþykkir og þau faðmast. Marteinn býður síðan Jönu upp á bjór inni á herberginu sínu.

Andrúmsloftið er afslappað og þau ræða um vinnuna og drekka nokkra bjóra. Marteinn skreppur á klósettið og þegar hann kemur aftur beygir hann sig að Jönu og byrjar að kyssa hana. Jana segist ekki kæra sig um þetta. Hún grípur í hendurnar á honum og reynir að ýta þeim frá. Marteinn lætur andstöðu Jönu sem vind um eyru þjóta. Hann dregur blússuna hennar upp, losar brjóstahaldarann og snertir og kyssir brjóst hennar. Jana ýtir honum frá sér án árangurs. Jana segist vilja fara en Marteinn togar í hana og dregur hana að rúminu.

Jana mótmælir og segir Marteini að leyfa sér að fara. Marteinn lætur sem hann heyri ekki í henni og klæðir hana úr buxunum, nærbuxunum og blússunni. Hann þrýstir henni niður í rúmið, leggst ofan á hana og heldur henni fastri. Á sama tíma nær hann að smokra sér úr buxunum. Hann liggur þétt upp að Jönu og nær að eiga við hana stutt samræði. Jana hleypur á klósettið, þurrkar sér með handklæði og klæðir sig í buxur og blússu. Því næst tekur hún föt in sín og yfirgefur herbergi Marteins í flýti. Á laugardagsmorgni gengst Jana undir rannsóknir á neyðarmóttöku vegna nauðgana. Hún hefur ekki hlotið líkamlega áverka en er í uppnámi, niðurdregin og óttaslegin. Fjórum dögum eftir nauðgunina kærir Jana Martein til lögreglunnar.

Marteinn hefur ekki áður hlotið dóm.

Þinn dómur: Þitt mat á úrsk. dómara: *

❍ Núll til hálft ár	❍ Núll til hálft ár
❍ Hálft til eitt ár	❍ Hálft til eitt ár
❍ Eitt til tvö ár	❍ Eitt til tvö ár
❍ Tvö til þrjú ár	❍ Tvö til þrjú ár
❍ Þrjú til fjögur ár	❍ Þrjú til fjögur ár
❍ Meira en fimm ár	❍ Meira en fimm ár

Líkamsárás á götu úti

Hans er á leið heim úr samkvæmi ásamt kunningja sínum, Kára, eftir að hafa rifist við kærustu sína. Fyrir framan skyndibitastað finnst Hans sér vera ögrað af Óla, sem situr með félaga sínum í samræðum.

Hans þrífur í handlegginn á Óla og segir: „Þú skalt sko ekki tala svona niður til mín.“ Óli reynir að slíta sig lausan. Hans slær þá Óla með krepptum hnefa í höfuðið. Síðan lemur hann kókflösku í höfuðið á Óla þannig að flaskan brotnar. Óli dettur og þegar hann liggur í götunni sparkar Hans í andlitið á honum og traðkar á höfðinu á honum. Hans hleypur síðan af vettvangi.

Óli kinnbeins- og nefbrotnar auk þess að fá snert af heilahristingi. Hann hlaut engan varanlegan skaða.

Hans hefur ekki áður hlotið dóm.

Þinn dómur: Þitt mat á úrsk. dómara:*

❍ Núll til hálft ár	❍ Núll til hálft ár
❍ Hálft til eitt ár	❍ Hálft til eitt ár
❍ Eitt til tvö ár	❍ Eitt til tvö ár
❍ Tvö til þrjú ár	❍ Tvö til þrjú ár
❍ Þrjú til fjögur ár	❍ Þrjú til fjögur ár
❍ Meira en fimm ár	❍ Meira en fimm ár

* Í könnuninni sjálfri voru fleiri svarmöguleikar, sem ekki er unnt að birta hér sökum plássleysis. Þátttakendur höfðu tvo svarmöguleika, gátu til að mynda valið fangelsisvist + miskabætur. Hér er eingöngu gert ráð fyrir óskilorðsbundinni fangelsisvist í mismunandi langan tíma.

Þannig fór rannsóknin fram

Spurningalisti var sendur 3.000 manna úrtaki. Í honum var lýsing á sex mjög alvarlegum afbrotamálum, auk upplýsinga um hvers konar refsitegundir væru í boði. Í öllum tilvikum höfðu afbrotamennirnir gengist við brotum sínum og því sekt þeirra ljós. Þátttakendurnir fengu spurninguna: Hvaða refsingu telur þú líklegast að íslenskir dómstólar velji og hvernig myndir þú sjálfur dæma í málinu?

Hópur starfandi dómara var fenginn til að úrskurða í málunum, út frá dómafordæmum. Í öllum tilfellum, nema í fíkniefnabrotinu, töldu þátttakendur að dómarar yrðu vægari en þeir sjálfir. Raunin var að þeir dæmdu harðar en flestir þátttakendur í rannsókninni.

Hvernig dæma dómstólar og hvar stendur þú?

Líkamsárás á götu úti - 50% Íslendinga vilda óskilorðsbundið fangelsi. 32 prósent þeirra dæmdu vægar en 8 mánuði. Afstaða dómaranna var 8 mánuðir að óskilorðsbundið fangelsi, en aðeins 38% þátttakenda töldu að dómarar myndu fella óskilorðsbundinn dóm.

Nauðgunarmálið - 77% Íslendinga vilda óskilorðsbundið fangelsi. Helmingur þeirra styttri fangelsisvist en 2½ ár. Afstaða dómaranna var 2½ árs fangelsisvist. Í þessu máli birtist vanmat á dómstólum hvað skýrast en einungis 48% aðspurðra töldu að dómarar myndu dæma viðkomandi í fangelsi.

fjölskyldan
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]
ágúst 2010

Leikföng til góðgerðarmála

ágóði af sölu UNICEF-leikfanganna rennur til styrktar barnahjálpinni.

SÍÐA 5

Bestu vinir

Þeir Björn Andri Pálsson og Adam Moussaoui fæddust sama dag og eru bestu vinir.

SÍÐA 2

Söngelska Sigríður Sigríður Pálmadóttir í söng og gleði með leikskólabörnum á leikskólanum Kópasteini í Kópavogi. Hér syngja þau með hristur og önnur hljóðfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alli-Palli, skítaralli!

Lengi býr að fyrstu gerð, segir máltækið. Víst á það við um tónlistaruppeldi líka, en mikilvægur þroski fer fram á fyrstu árum barns í gegnum tónlist.

Tónlist leikskólabarna er ákaflega heillandi sem samskiptaform. Þannig varð ég vitni að því þegar rólegt og syngjandi stef Sjöttu sinfóníu Beethovens var leikið í hvíld leikskólabarna, en eftir hvíldina sagði einn drengurinn um þá upplifun: „Tónarnir koma frá himninum.“ Sá snáði kunni sannarlega að orða hlutina en smáfólkið á oft engin orð yfir upplifanir sínar. Í stað þeirra birtist tjáningin fljótt í hreyfingum eins og þegar þau stilla sér upp fyrir framan sjónvarp eða aðra hljóðgjafa og reyna að samhæfa hreyfingu sína við takt og hljóð,“ segir Sigríður Pálmadóttir, fyrrverandi lektor í tónmennt við Háskóla Íslands og höfundur bókarinnar Tónlist í leikskóla, sem Forlagið gaf út á dögunum. Bókin er ætluð þeim sem kenna í leikskólum og á yngri stigum grunnskóla, sem og foreldrum og öðrum sem starfa með ungum börnum.

„Mig hafði lengi dreymt um að skrifa þessa bók því ég fann fljótt að það vantaði kennsluefni sem hentaði nákvæmlega verðandi leikskólakennurum, en þeim kenndi ég frá árinu 1985. Í bókinni fjalla ég um tónlist sem þroskaþátt í leik og skipulögðu skólastarfi barna, en í henni eru öll sönglög skráð með nótum auk þess sem þrír geisladiskar koma efninu enn betur til skila.“

FRAMHALD Á SÍÐU 6

Panasonic
ideas for life
Hágæða þvottavélar
Hljóðlátar og byggðar til að endast
KYNNINGAR TILBOÐ
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Sólveig Gísladóttir skrifar

Sæmundur veldur misskilningi

Hin lífræna bylgja náði tökum á mér fyrstu mánuði af lífi dóttur minnar. Ekkert gervisull skyldi fara inn fyrir hennar varir, hvorki E-efni eða sykur. Því stóð ég yfir pottunum heilu og hálfu dagana, gufusauð grænmeti af miklum móð, maukaði og frysti í klakaboxum eins og atvinnumóðir. Þannig var ég stolt af því að venja barnið mitt á að borða brokkolí, spínat, rófur og annað sem börnum þykir almennt ekki gott og taldi með því að ég væri að vinna mér í haginn fyrir framtíðina og gæti státað af barni lausu við matvendni, en annað kom á daginn.

Tíminn leið, stúlkan varð tveggja ára og fór að hafa sjálfstæðar skoðanir á öllu, þar á meðal mat. Þannig varð sósa á tímabili uppáhaldsmaturinn en nokkrum mánuðum síðar var hún fallin í ónáð. Kjöt, fiskur og spagettí fellur allt í góðan jarðveg í dag en öllu öðru er tekið með miklum fyrirvara. Hún er skeptísk á allt sem hún hefur ekki smakkað áður og neitar þannig staðfastlega að borða jafn girnilega hluti og bláber, jarðarber og ferskjur.

Ég er þess hins vegar nærri fullviss um að dóttir mín hafi verið bóndi í fyrra lífi því allar mjólkurafurðir renna ljúflega niður. Hún hefur frá nokkurra mánaða aldri elskað ost, hvaða nöfnum sem hann nefnist: Camembert, fetaostur eða gráðaostur. Þá er mysa hinn besti svaladrykkur.

Sætindi vekja þó líka kátínu, til dæmis kex af ýmsum toga. Eitt slíkt vakti þó skemmtilegan misskilning milli móður og dóttur. Litla stúlkan fékk að ná sér í kex ofan í skúffu einn daginn, var það kex með hvítu kremi á milli sem margir kalla Sæmund á spariskónum. Henni þótti þetta merkilegt kex og spurði mömmu sína hvað þetta hvíta væri. „Þetta er krem," svaraði mamma hennar og fór að því sögðu fram í stofu. Eftir töluverða stund og óvenjumikla þögn fór móðirin að grennslast fyrir um litlu stelpuna. Hún kom þá að henni þar sem hún var búin að plokka í sundur kexið og klína hvíta kreminu samviskusamlega framan í sig. Stutta stund velti móðirin fyrir sér hvort barnið væri gengið af göflunum en áttaði sig síðan á því hvað henni gekk til. Krem hefur nefnilega tvær merkingar og barnið þekkti aðeins aðra þeirra enda sólríkt sumar að baki með mikilli notkun sólarkrems.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Anton Brink Pennar: Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

Góðir félagar Björn Andri og Adam Moussaoui leika sér alltaf saman í sátt og samlyndi og líta hvor á annan sem sinn besta vin þó að þeir hittist sjaldan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Alltaf verið bestu vinirnir

Björn Andri Pálsson og Adam Moussaoui fæddust með innan við klukkustundar millibili árið 2000. Þegar þeir hittust á leikskólanum Lundarbóli urðu þeir strax bestu vinir og hafa verið það síðan þó oft sé langt á milli því annar býr nú í Svíþjóð og hinn á Íslandi.

Við höfum aldrei rifist en finnum okkur alltaf eitthvað skemmtilegt að gera þegar við erum saman," segir Björn Andri þegar hann og Adam Moussaoui eru heimsóttir í Garðabæinn. Adam tekur undir það. „Einu sinni vildi Björn Andri gera eitthvað annað en ég. Þá gerðum við fyrst það sem hann vildi og svo það sem ég vildi. Svoleiðis leysum við málin bara."

Þeir Björn Andri og Adam segjast hafa orðið bestu vinir þegar þeir byrjuðu á leikskólanum Lundaból og oft verið líka saman utan skólans. Spurðir nánar út í viðfangsefnin koma smá vöflur á þá. „Við leikum okkur á leikvöllum og förum í sund og… bara eitthvað." Eru þeir kannski í tölvuleikjum? „Nei, mér finnst leiðinlegt í tölvu," upplýsir Adam og segir fótbolta í uppáhaldi. „Ég æfi fótbolta," segir hann. „Og ég handbolta," bætir Björn Andri við.

Báðir drengirnir eru fæddir 28. apríl 2000. Björn Andri 18 mínútur yfir fjögur og Adam sjö mínútur yfir fimm. Samt hafa þeir aldrei haldið upp á afmælin saman enda er það svolítið flókið því Björn Andri býr í Stokkhólmi og Adam á Íslandi.

„Ég flutti út til Stokkhólms þegar ég var fimm ára vegna þess að mamma var að fara í framhaldsnám í læknisfræði. Fyrst þegar ég byrjaði í sænskum leikskóla kunni ég ekkert að tala en ég var svo heppinn að einn strákur á deildinni byrjaði að kenna mér sænsku með því að benda á hluti og síðan segja hvað þeir heita á sænsku, svo bara kom sænskan mjög fljótt. Ég tala samt alltaf íslensku heima." Hann kveðst búa í hverfi sem líkist Garðabæ og eiga vini úti en Adam sé samt betri en allir. „Við hittumst í hvert skipti sem ég kem til Íslands," segir hann. Þegar hann er spurður hvort gott sé að eiga heima í Stokkhólmi svarar hann stutt og laggott. „Mig myndi frekar langa að búa á Íslandi."

Adam á heima í Sjálandshverfinu en stundum býr hann úti í Alsír hjá föður sínum og segir enn meira gaman þar en í Garðabæ. „Þar er alltaf hlýtt og ég þekki strák í næsta húsi við pabba sem ég leik mér við," lýsir hann. Hann kveðst samt alltaf vera í skóla í Garðabænum á veturna og segir bekkjarfélagana suma ágæta. „Björn Andri er samt besti vinur minn," tekur hann fram. „Ég bíð alltaf eftir að hann komi til Íslands." *- gun*

Hugsaðu Bata Þegar þig vantar skó



Nýjar glæsilegar haustvörur
Vertu velkominn

Bata
Skóverslun Smáralind

BÓKIN

Uppspretta fjölda listaverka Listamenn framtíðarinnar geta sannarlega fundið sér margt til dundurs í bókinni 365 hugmyndir til að teikna og mála eftir Fionu Watt sem kom út hjá Forlaginu fyrir skemmstu. Þar er hægt að teikna íþróttamenn, blóm eða vélmenni, mála mörgæsir með fingrunum, stimpla skrímsli með grænmeti og vatnslita draugakastala.

Bókin lumar á 365 hugmyndum að verkefnum sem gaman er að glíma við alla daga ársins og eru uppspretta fjölda listaverka. *- ve*

ego dekor

TV skenkir fáanlegir í hvítu og svörtu háglans

-30%



Breidd: 200cm
Verð: 106.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
74.200,-

Breidd: 180cm
Verð: 98.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
68.600,-

-30%

-20%



TV skenkur í eik
183cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 79.920,-

-50%

Vegghengdur skenkur
120cm
Verð: 76.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 38.000,-

-20%

Skenkur í eik
150cm
Verð: 129.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 103.920,-

-30%

Stækkanlegt eikarborð
160(248)X100cm
Verð: 139.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 97.930,-

-30%



Dökkt eikarborð
180X100cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 69.930,-
BORÐ OG 6 STÓLAR: 154.980,-

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

LUND tungusófi
295X165cm
Verð: 245.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
196.000,-

-20%



CULP tungusófi
212X155cm
- færanleg tunga
Verð: 169.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
118.930,-

-30%

-20%

GOTCHA hornsófi
283X180cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
206.400,-

-30%



BORGES tungusófi
290X165cm
Verð: 225.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
157.500,-

-30%

CUBE barstóll í leðri
Verð: 27.000,-
ÚTSÖLUVERÐ:
18.900,-

-20%

SARINA stóll
Verð: 14.800,-
ÚTSÖLUVERÐ:
11.840,-

-20%

MOSS leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
13.520,-

-20%

SABINE leðurstóll
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
13.520,-

-25%

CLOE stóll
Verð: 18,900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

-25%

KELLY stóll
Verð: 18,900,-
ÚTSÖLUVERÐ:
14.175,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

MYNDLISTASKÓLINN



VETRARNÁMSKEIÐ 2010 - 2011
www.myndlistaskolinn.is

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

3 - 5 ára

laugard.	10:15-12:00	3 - 5 ára	Sigríður Helga Hauksdóttir	fullbókað
laugard.	12:30-14:15	3 - 5 ára	Sigríður Helga Hauksdóttir	
þriðjud.	15.15-17.00	3 - 5 ára	Elsa Dórótea Gísladóttir	fullbókað

6 - 12 ára

fimmtud.	15.15-17.00	6 - 9 ára	Kolbeinn H. Höskuldsson	
fimmtud.	15.15-17.00	6 - 9 ára	Björk Guðnadóttir	
laugard.	10:15-12:00	6 - 9 ára	Ástríður Magnúsd.Hildur Steinþórs.	
mánud.	15:15-17:00	6 - 9 ára	Ína Salóme Hallgrímsdóttir	
miðvikud.	15.15-17.00	6 - 9 ára	Björk Guðnadóttir	
þriðjud.	15.15-17.00	6 - 9 ára	Ína Salóme Hallgrímsdóttir	fullbókað
fimmtud.	15.00-17.15	8 - 11 ára	Rennsla og mótun Guðbjörg Kárad.	
mánud.	15.15-17.00	8 - 11 ára	Arkitektúr Ástríður Magnúsdóttir	
fimmtud.	15.00-17.15	10-12 ára	Teikning - Málun Katrín Briem	
laugard.	10.00-12.15	10-12 ára	Leir og Skúlptúr Guðbjörg Kárad./Anna Hallin	
mánud.	15.00-17.15	10-12 ára	Myndasögur og hreyfimyndir Kolbeinn H.Höskuldsson	fullbókað
miðvikud.	15.00-17.15	10-12 ára	Handverk - Hönnun - Myndlist Þorbjörg Þorvaldsdóttir	
miðvikud.	15.00-17.15	10-12 ára	Hreyfimyndagerð Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir	fullbókað

KORPÚLFSSTAÐIR

6 - 16 ára

þriðjud.	15.15-17.00	6 - 9 ára	Korpúlfsst.	Brynhildur Þorgeirsd.
miðvikud.	15.00-17.15	10-12 ára	Korpúlfsst.	Brynhildur Þorgeirsd.
fimmtud.	16.00-19.00	13-16 ára	Korpúlfsst	Teikning - Málun - Skúlptúr Kristín Reynisdóttir

ungt fólk

föstud.	16.00-19.00	13-16 ára	Teikning - Málun Þorbjörg Þorvaldsd.og J.B.K.Ransú	
föstud.	16.00-19.00	13-16 ára	Leirmótun Guðný Magnúsdóttir	
laugard.	10.00-13.00	13-16 ára	Myndasögur Myndskreyt.-Bókagerð Þórey M. Ómarsdóttir	

ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

mánud.	09.00-11.45	Teikning 1 morgunt.	Eygló Harðardóttir
mánud.	17:30-21:30	Teikning 1	Eygló Harðardóttir fullbókað
miðvikud.	17:30-21:30	Teikning 1	Kristín Reynisdóttir
fimmtud.	09.00-11.45	Teikning 2 morgunt.	Katrín Briem
þriðjud.	17:30-21:30	Teikning 2	Þóra Sigurðardóttir
mánud.	17:45-21:30	Módelteikning	Þorbjörg Þorvaldsdóttir

málun - vatnslitun

þriðud.	17:30-21:40	Litaskynjun	Eygló Harðardóttir
föstud.	15:00-17:30	NÝTT: **Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða** Margrét H.Blöndal	
föstud.	13.15-16.00	Frjáls málun	Sigtryggur B.Baldvinsson
föstud.	09.00-11.45	Málun 1 morgunt.	Þorri Hringsson
þriðjud.	17.30-20.15	Málun 1	Þorri Hringsson
fimmtud.	17.30-20.15	Málun 2	Sigtryggur B. Baldvinsson
föstud.	08.45-11.30	Málun 2 morgunt.	Sigtryggur B. Baldvinsson
miðvikud.	17:30-20:15	Málun 3	Einar Garibaldi Eiríksson
miðvikud.	09.00-11.45	Málun 3 morgunt.	Einar Garibaldi Eiríksson
fimmtud.	17.30-20.15	NÝTT: **Málun 4 / Mynd af mynd - frjáls úrvinnsla** Einar Garibaldi Eiríksson	
laugard.	10.00-12.45	Málun 4 Módel- og Portrettmálun. Birgir Snæbj.Birgisson og Karl Jóh. Jónsson	
miðvikud.	09.00-11.45	Vatnslitun -Teikn.morgunt.	Hlíf Ásgrímsdóttir
miðvikud.	17.30-20.15	Vatnslitun byrjendur	Hlíf Ásgrímsdóttir
þriðjud.	17.30-20.15	Vatnslitun framhald	Hlíf Ásgrímsdóttir

keramik

miðvikud.	18:00-22:00	Grundvallaratriði í keramiki - KEV173 Guðný Magnúsdóttir og Guðbjörg Káradóttir	
þriðjud.	17.30-20.25	Leirmótun og rennsla	Guðný Magnúsdóttir
mánud.	17.30-20.15	Leirkerarennsla	Guðbjörg Káradóttir

ljósmyndun

mán. og lau.	tími breytilegur	Ljósmyndun stafræn	Vigfús Birgisson
lau. og þri.	tími breytilegur	Ljósmyndun svart / hvít Erla Stefánsdóttir og Vigfús Birgisson	

form - rými

miðvikud.	17:30-20:40	NÝTT: **Gróðurhús hugmyndanna**.	fullbókað
Hildigunnur Birgisdóttir, Hildur Steinþórsdóttir og Eygló Harðardóttir			

indesign - photoshop

má-þr-mi-fi-la	tími breytilegur	InDesign-Photoshop	Magnús Valur Pálsson

INNRITUN stendur yfir

www.myndlistaskolinn.is

sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16

SKÓLAVÖRUR Verðsamanburður borgar sig þegar kemur að því að kaupa skólavörurnar. Ný könnun ASÍ sýnir að algengur verðmunur á skólabókum eru 10 til 15%.

Nanna Kristín Christiansen Áhersla á foreldrasamstarf þarf að vera meira en orðin tóm segir Nanna Kristín sem hefur rannsakað foreldrasamstarf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samvinna foreldra og skóla lykilatriði

Þegar Nanna Kristín Christiansen sneri aftur til kennslustarfa árið 1993 eftir tíu ára hlé þá höfðu miklar breytingar átt sér stað í viðhorfum og væntingum til skólanna. Hún afréð að rannsaka efnið og afrakstur rannsókna og reynslu er efniviður nýútkominnar bókar hennar.

Áhugi og þátttaka foreldra í námi og skólastarfi barna sinna gegnir lykilhlutverki í námsárangri barna segir Nanna Kristín Christiansen kennari, ráðgjafi og uppeldis- og menntunarfræðingur. „Við höfum alltaf vitað að félagsleg staða og menntun foreldra hefur mjög mikil áhrif á námsárangur. En rannsóknir hafa sýnt að það skiptir samt meira máli hvað þú gerir en hver þú ert. Þannig eigum við enga betri leið til að stuðla að góðum hagsmunum barna en að gera foreldra meðvitaða um það hvað hlutverk þeirra er mikilvægt," segir Nanna Kristín sem nýverið gaf út bókina Skóli og skólaforeldrar þar sem farið er í saumana á samstarfi foreldra og skóla um nemendur.

Starfsumhverfi breyttist

Hugmyndin að því að rannsaka efnið á rætur sínar að rekja til þess þegar Nanna Kristín sneri aftur til kennslu eftir tíu ára hlé árið 1993. „Mér fannst þá sem starfsumhverfi kennara hefði breyst mjög mikið, verkaskiptingin milli kennara og foreldra hefði riðlast. Áður fyrr var þetta nokkuð skýrt, kennararnir kenndu og voru einráðir í skólastofunni en foreldrar sáu um uppeldið. Þegar ég kom aftur voru foreldrar orðnir sýnilegri í skólanum og samfélagið líka farið að gera meiri væntingar til kennara, líka í uppeldismálum."

Í framhaldinu kviknaði áhugi Nönnu Kristínar á að rannsaka þetta samstarf og samband og sömuleiðis vann hún að þróunarverkefnum um samstarf kennara og foreldra.

Eitt af því sem hún komst að var að oft er óljóst bæði í hugum kennara og foreldra í hverju samstarfið á að felast. „Stundum heyri ég kennara segja að foreldrasamstarf sé mjög gott í þeirra skóla, en þegar nánar er spurt um málið þá fæ ég oft mjög ólík og óljós svör um hvað felst í samstarfinu."

Hér bendir Nanna Kristín á að samband foreldra og skóla og samstarf sé ekki sami hluturinn. Skóli geti verið í góðu sambandi við foreldra, haldið skemmtanir fyrir foreldra og börn og upplýsi foreldra vel um skólastarfið en það sé ekki raunverulegt samstarf.

Vilja taka þátt

„Samstarf snýst um að taka sameiginlega ábyrgð. Ég veit að flestir foreldrar vilja virkilega leggja sig fram. En þeim hefur kannski verið svolítið talin trú um að þeir þyrftu ekki að hafa of mikil afskipti af skólanum. Þannig að þeir foreldrar sem hafa áhuga hafa kannski ekki alltaf fundið sér leið nema í gegnum félagsstarf, sem er auðvitað gott og getur byggt upp góðan bekkjaranda. Það er hins vegar gríðarlega mikilvægt að skólinn leggi mikla áherslu á að gefa foreldrum hlutdeild í starfi barnanna. Að foreldrar og skóli tali saman og skoði málin á jafnréttisgrundvelli. Þannig verða væntingarnar til barnanna þær sömu heima fyrir og í skólanum."

Nanna Kristín segir gríðarlega mikilvægt að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga og skilning. „Það verður að sýna barninu að það skipti máli hvað það er að gera, spyrja það af áhuga og foreldrar verða að leggja sig fram um að fylgjast með að hverju barnið er að vinna í skólanum. Þekkja markmið námsins og og vita hvernig barnið uppfyllir þau."

Velferð barnanna markmiðið

Ný lög um grunnskóla endurspegla vel áherslu á foreldrasamstarf, orðið foreldri kemur yfir 60 sinnum fyrir í þeim, en kom 23 fyrir í þeim gömlu sem voru frá árinu 1995. Nanna segir að til þess að foreldrasamstarfið verði meira en orðin tóm þá verði foreldrar og skólar að mætast og skilgreina samstarfið vel.

„Meginmarkmið hlýtur að vera að bæta velferð barnanna. Við vitum að foreldrar eru dýrmætasta auðlind barnanna. Aukið samstarf kostar ekki pening, heldur fyrst og fremst nýjar áherslur og vinnubrögð. Getum við þá nokkuð leyft okkur að sinna þessu ekki?" spyr Nanna Kristín að lokum.

- sbt

MARKAÐUR íbúa í Voga-, Langholts- og Laugarneshverfi hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár þar sem kompudót, handverk og fleira er selt utandyra. Markaðurinn hefst klukkan 11 í dag og stendur til 15.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Áklæði að eigin vali
Basel 2H2
Verð frá
327.900 kr
Borðstofustólar í úrvali
verð frá
12.900 kr
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16

Æja glaðbeitt með pensilinn á vinnustofu sinni á Korpúlfsstöðum. Í bakgrunni má sjá eitt verkanna sem hún sýnir í Gömlu-Borg í Grímsnesi en þau vann hún með óhefðbundnum efniviði og aðferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kraftar leystir úr læðingi

Kvennaboð, sveitarómantík , kærastinn, heit rúnstykki á morgunsængina, fundahöld, nammikvöld og góðir kraftar og slæmir verða á vegi listakonunnar Æju, sem að mestu verður í Grímsnesinu um helgina.

„Ég byrja þennan fagra laugardag á árbít og kaffibolla til að komast í gang fyrir annasaman dag. Fyrst fer ég til fundar við Arnfríði Guðmundsdóttur guðfræðiprófessor við HÍ og Hildi Hermóðsdóttur hjá Sölku en það er lokahnykkur tveggja ára samstarfs okkar Arnfríðar að bók þar sem við túlkum hluta Biblíunnar hvor á sinn hátt; hún með texta á mannamáli og ég með myndum," segir listakonan Æja, sem hálfs annars árs var skírð Þórey Bergljót Magnúsdóttir.

„Þá stóð systir mín, árinu eldri, við vögguna og reyndi að kalla á mig sem dúkkuna Mæju, en sagði Æja og það festist við mig, en mér þykir ósköp vænt um nafnið," segir Æja og brosir blítt.

„Um hádegisbil bruna ég austur að Gömlu-Borg í Grímsnesi þar sem ég opna sýninguna Krafta klukkan 16, en nafngiftin skýrist af þeim mörgu kröftum sem til eru í heiminum; náttúrukröftum, andlegum kröftum, góðum kröftum og vondum, og þeim kröftum sem maður notar til að fá einhverju áorkað. Mér þykir sjarmerandi að sýna ekki bara í borginni heldur fara út í sveitirnar líka, en 2004 sýndi ég í Gömlu-Borg sem er einstaklega fögur húsasmíð með yndislegum húsbændum," segir Æja sem nú sýnir verk sem spruttu út frá öðrum sem hún sýnir um næstu helgi í Kaupmannahöfn.

„Gallerí í Kaupmannahöfn fór þess á leit við mig að ég málaði verk fyrir sýningu þeirra Volcano sem verður opnuð um aðra helgi. Þar mála ég á timbur með oxíði, viðarlakki og öðru sem gaman er að setja saman. Sú sköpun virkjaði innri kraft og gaf mér lausan taum, en þær og myndirnar á Gömlu-Börg mála ég kröftugt með spaða og tuskum en nota lítið pensla," segir Æja.

Þess má geta að þeir sem vilja taka sér sveitabíltúr í Grímsnesið og skoða málverk Æju í dag munu einnig njóta fagurs söngs kórstjórnandans og söngkonunnar Margrétar Pálmadóttur og Stúlknakórs Reykjavíkur.

„Í kvöld er mér svo boðið í sumarhús til vinkonu minnar í Grímsnesinu og þar hlakka ég til að slaka á með kærastanum í rómantískri sveitasælu yfir góðum mat í góðra vina hópi, en ekki síst að vakna við fuglasöng í fyrramálið og vonandi ilm af heitum rúnstykkjum," segir Æja hlæjandi og vongóð.

„Síðdegis fer ég í sunnudagsboð kvenna úr ýmsum áttum, en sumar þekki ég og aðrar ekki. Það gefur lífinu lit og alltaf gaman að kynnast nýju fólki. Jafn notalegt er svo að koma heim eftir annríki helgarinnar þar sem maður hefur hitt margt fólk og talað mikið, en heima er alltaf best. Þar ætla ég að gera vel við okkur mægðurnar í mat og viðra með henni hundana, en svo leggjumst við með tærnar upp í loft, horfum á sjónvarpið og fáum okkur nammi í ró og næði."

thordis@frettabladid.is

Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

AÐEINS ÞESSA EINU HELGI
LAGERSALA
LÍN DESIGN
Rúmteppi, borðdúkar, stofupúðar, handklæði ásamt annarri smávöru. Sýniseintök og umbúðalausar vörur með **40-80%** afslætti.
Lin DESIGN
OPIÐ LAUGARDAG & SUNNUDAG 10-17 ERUM Á MALARHÖFÐA 8 (BREKKUNNI FYRIR AFTAN INGVAR HELGASON).

NÁM

NORSKA verður kennd hjá fullorðinsfræðslunni í vetur og miðar námskeiðið að undirbúningi fyrir atvinnu í Noregi. Nánari upplýsingar á namskeid.is.

Mikil tækifæri erlendis

Þekkingarfyrirtækið Mentor er í stöðugri þróun og hefur stækkað hratt á undanförnum misserum. Fyrirtækið fjölgar starfsmönnum á næstunni um rúmlega fjörutíu prósent á Íslandi vegna þróunar erlendis.

„Við erum með tækifæri erlendis fyrir íþróttafélög sem eru mjög spennandi," segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri þekkingarfyrirtækisins Mentor. Fyrirtækið hefur verið að þróa kerfi fyrir íþróttafélög undanfarna mánuði og fyrstu íslensku félögin taka kerfið í notkun í byrjun september. „Kerfið er hugsað sem samskiptatæki við foreldra þar sem þeir fá upplýsingar frá leikskóla, skóla og íþróttafélagi. Íþróttafélögin eru færa sig yfir í meira faglegt starf og setja börnum markmið. Þau sjá þetta út frá faglegum sjónarmiðum ekki bara sem samskiptatæki."

Starfsemi Mentor í Sviss hófst á árinu þegar fyrstu skólarnir tóku kerfið í notkun. Þróunarvinna stendur einnig yfir í Þýskalandi en fyrirtækið hefur starfað um nokkurn tíma í Svíþjóð. „Mentor er í samstarfi við fremstu skóla á sviði einstaklingsmiðaðs náms í Sviss. Nýjar námsáætlanir og verkefni tengd þeim eru að slá í gegn í þar."

Vilborg segir Íslendinga njóta góðs af erlendu starfseminni. „Við höfum varla undan að kynna fyrir íslensku skólunum nýjungar af því erlenda þróunin nýtist algerlega hér á landi," upplýsir Vilborg og bætir við að starfsemi Mentor snúist alltaf um kennara, nemendur og lærdóm. „Það sem við erum að gera bæði í Sviss og Svíþjóð kemur inn sem nýjungar og auknir möguleikar fyrir íslenska skólastjórnendur og kennara."

Vegna mikils þróunarstarfs Mentor á undanförnum misserum hefur fyrirtækið auglýst eftir fimm til sex nýjum starfsmönnum á Íslandi. Það er um fjörutíu prósenta starfsmannaukning hér á landi. „Það eru svo mikil tækifæri hjá okkur. Við þurfum meiri þróun og við verðum bara að hreyfa okkur hraðar. Við þurfum að fá inn hæft fólk í þróunina, bæði varðandi hönnun, hugbúnaðarprófanir og ekki síst forritara."

Vilborg segir framtíðina bjarta. „Framtíðin er gríðarlega spennandi. Við erum samt alveg jarðtengd," segir Vilborg og bætir við að gríðarlega mikil vinna sé fram undan. „Við erum með langan lista af tækifærum til að þróa. Vöxturinn er erlendis en kerfið stækkar hér og verður öflugara. Samstarfið við íslenska skóla er mjög mikilvægt."

martaf@frettabladid.is

Vilborg Einarsdóttir segir framtíðina bjarta hjá þekkingarfyrirtækinu Mentor.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SOHO MARKET

Vinsælu blúndu **aðhaldstopparnir** komnir aftur.

Blúnda að framan og aftan.

Litir: Svart og húðlitur

Stærðir: S–XXL

Verð aðeins 3.450 kr.

SOHO / MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17

ROPE YOGA WORKOUT

Skráning er hafin

www.elin.is

námskeið hefjast 30. ágúst

Í boði eru Rope Yoga, TRX og lyftinganámskeið.

Upplýsingar á www.elin.is og í síma 696 4419

Rope Yoga • elin.is • Bæjarhrauni 2 Hf. • Sími: 696 4419

Hausttilboð

Jakki ~~7990~~ kr. nú 5990 kr.

einnig til síður ~~15990~~ kr. nú 9990 kr.

Opið frá kl. 11–18 í Smáralind

smárar

3 Smárar • Smáralind • 578 0851

NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR
miðstöð símenntunar

Námskeið á vorönn 2010 hefjast frá 20. september!

- TUNGUMÁL
- ENSKUSKÓLINN
- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
  Islandzki dla audzoziemców
  Icelandic as a second language
- HANDVERK OG LISTIR
- HANNYRÐIR
- HEILSA - ÚTLIT OG HREYSTI
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLIST
- SÖNGNÁM OG LEIKLIST
- NÁMSAÐSTOÐ
- MATUR OG NÆRING
- FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI
- DAGFORELDRANÁMSKEIÐ

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585 5860.
og á netfanginu nhms@hafnarfjordur.is
Ný námskrá kemur út í annarri viku september
og verður aðgengileg á netinu: www.nhms.is

www.magadans.is
s.772-2345
September!

friform.is

Sumri hallar hausta fer, tilboð við höfum í september.

30%

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

Komdu með málin og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500
Mán. - föst. kl. 09-18 • Lau. kl. 11-15

Gunnar Örn á verkstæði sínu við Laugalæk en námskeiðið í gítarsmíði fer fram í húsnæði Tækniskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjórar spýtur verða gítar

Námskeið í gítarsmíði verður haldið í Tækniskólanum í haust. Þar fá nemendur að smíða rafmagnsgítar frá a til ö. Kennari er gítarsmiðurinn Gunnar Örn Sigurðsson sem hefur stundað gítarsmíði í áratug.

„Við erum að fara af stað með þetta námskeið í fimmta sinn og áhuginn er alltaf góður," segir gítarsmiðurinn Gunnar Örn Sigurðsson sem mun kenna nemendum að smíða gítar á námskeiði hjá Tækniskólanum í haust.

„Fólk fær í hendurnar fjórar spýtur og úr þeim verður rafmagnsgítar," lýsir Gunnar og bætir við að nemendur geti valið milli þess að smíða Telecaster, Stratocaster eða Jazz-bass. Tréefni er innifalið í námskeiðsverðinu sem er 140 þúsund krónur en nemendur kaupa sjálfir hardware og pickup. Námskeiðið er í allt hundrað klukkustundir og er kennt tvisvar í viku frá september og fram í nóvember.

Gunnar er inntur eftir gæðum gítara sem verði til á slíku námskeiði. „Þau eru auðvitað mismunandi og fara eftir hverjum einstaklingi," svarar hann en áréttar þó að allir séu þetta fullgildir gítarar. „Og ég veit að nokkrir sem smíðað hafa gítar hjá mér nota þá í hljómsveitum."

Gunnar sjálfur hefur haft brennandi áhuga á gítarsmíðum frá því að hann var smástrákur. Hann lærði að spila á tólfta ári en gítarsmíði fór hann að fást við fyrir rúmum áratug, eftir nám í gítarsmíði á spænsku eyjunni Formentera og í Svíþjóð.

„Það er mikill munur á smíði kassagítara og rafmagnsgítara, en það tekur mörg ár að verða fullnuma í hvoru um sig," segir Gunnar. Hann segir flesta sem koma á námskeiðið til sín aðeins vilja smíða einn gítar en ætli sér svo ekki meira með námið.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á vef Tækniskólans, www.tskoli.is, en Gunnar Örn heldur sjálfur úti síðunni www.luthier.is.

solveig@frettabladid.is

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:
• Mannleg samskipti.
• Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
• Mismunandi trúarbrögð.
• Saga landsins, menning og listir.
• Frumbyggjar og saga staðarins.
• Þjóðlegir siðir og hefðir.
• Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson fararstjóri, Pétur Björnsson Consúll, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður , Höskuldur Frímannsson leiðsögumaður, Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Magnús Björnsson fararstjóri, Pétur Óli Pétursson fararstjóri, Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðikennari, Sr. Bjarni Karlsson sóknarprestur, Ómar Valdimarsson blaðamaður.

Ferðamálaskóli Íslands Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

EINKATÍMAR • HÓPTÍMAR
HUGRÆN TEYGJULEIKFIMI
TAI CHI • KUNG FU

SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS

Sími 772-2345
Pole Fitness Studio
www.polefitness.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Hringdu í síma 512 50 60
ef blaðið berst ekki

tónheimar

TÓNLISTARNÁM fyrir þig

Ástvaldur Traustason skólastjóri Tónheima

Langar þig til þess að spila uppáhaldslögin þín eftir eyranu? Tónheimar bjóða skemmtilegt og hagnýtt tónlistarnám sem hentar fólki á öllum aldri.

Haustönn hefst 13. september

ALLIR VELKOMNIR

PÍANÓ
DJASSPÍANÓ
RAFMAGNSGÍTAR
KASSAGÍTAR
POPP • BLÚS • DJASS • SÖNGLÖG

Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 553 2010 / 846 8888

SÍÐASTA HELGIN í ágúst er í hugum margra einnig síðasta helgi sumarsins. Því er um að gera að nota daginn í dag og á morgun vel.

Nýfæddar ofurfyrirsætur

Ljósmyndarinn Heiða Guðmundsdóttir verður með sýningu í Deiglunni í Listagilinu á Akureyri í dag og á morgun þar sem hún sýnir myndir sem hún hefur verið að taka síðustu ár af börnum, flestum yngri en tveggja vikna en hún hefur sérhæft sig svolítið í myndum af þeim.

Heiða Guðmundsdóttir ljósmyndari opnar í dag í Deiglunni á Akureyri sýningu á myndum sem hún hefur verið að taka síðustu ár af börnum tólf ára og yngri. Langflestar myndirnar eru þó af alveg nýfæddum börnum.

Áhugi Heiðu á ljósmyndun kviknaði eftir að hún átti fyrsta barnið sitt en hún er fjögurra barna móðir í dag. „Frá 2000 til 2001 var ég í Frakklandi og þar kynntist ég Pétri Thomsen ljósmyndara sem var í námi þar og hann kenndi mér ýmislegt. Ég ætlaði að fara í skóla þarna úti en þá kom annað barnið svo ég fór aftur heim en hélt áfram að mynda. Ég komst á samning hjá Grími Bjarnasyni ljósmyndara og inn í Iðnskóla Reykjavíkur, sem nú heitir Tækniskólinn, árið 2005. Eftir útskrift 2006 vann ég í Myndrún á Akureyri í eitt ár en þá ákvað ég að fara að vinna sjálfstætt. Á þeim tíma vorum við að byggja okkur hús og það var bara ákveðið að búa til stúdíó þannig að ég gæti átt fleiri börn og unnið heima.“

Stúdíóið var tilbúið í ágúst 2007 og Heiða er mjög ánægð með það. „Það er heilir 65 fermetrar og rosa flott. Þegar það var tilbúið var ég orðin ófrísk að þriðja stráknum. Þá var ég farin að taka myndir af börnum og fann hvað mér fannst það yndislegt. Ég uppgötvaði að mér fannst best að mynda við gluggann og nota bara þá náttúrulegu lýsingu sem dagsbirtan er. Síðan varð ég ófrísk í fjórða sinn, þá að dóttur minni og þegar hún fæddist 2009 var farið beint heim af sjúkrahúsinu og hún mynduð enn með naflastrenginn. Þá var ég búin að æfa mig aðeins og koma við önnur lítil kríli og vissi svona hvað ég gat og að eftir því sem svefninn var dýpri hjá þeim þeim mun meira gat ég mótað þau eins og þau væru í móðurkviði,“ segir Heiða.

Heiða segist ekki vita neitt skemmtilegra en að mynda litla sæta rassa. „Ef ég sé börn úti í búð reyni ég oft að plata mömmurnar með þau í myndatöku. En ef þau eiga að fara í svona myndatöku þar sem ég móta þau þá mega þau ekki vera eldri en tveggja vikna, eftir það eru þau meira vakandi og vilja ekki að neinn sé að kássast í þeim nema mamma. Fimm til tíu daga er besti aldurinn. Því hefur það líka verið þannig að þegar ég sé einhverja ólétta læt ég hana vita af mér og svo bara bíð ég eftir að hún hringi í mig þegar barnið er fætt.

Heiða segist vera að skoða það að vera í Reykjavík tvo til þrjá daga í mánuði. „Þá get ég bara komið heim til fólks,“ segir hún. Nánari upplýsingar á heida.is.“ *emilia@frettabladid.is*

Heiða gengin 39 vikur með dóttur sína að mynda lítinn barnskropp.

Heiða segir best að mynda börnin fimm til tíu daga gömul. MYND/HEIÐA.IS

Flestar myndirnar eru af börnum yngri en tveggja vikna. MYND/HEIÐA.IS

Myndirnar á sýningunni eru af börnum alveg upp í 12 ára. MYND/HEIÐA.IS

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI – 50–70% AFSLÁTTUR

BOLIR - KJÓLAR - LEGGINGS - KLÚTAR - PILS - TÖSKUR - SKART - JAKKAR - PEYSUR

ÁÐUR 9.990 kr.
NÚ 4.995 kr.

ÁÐUR 7.450 kr.
NÚ 3.725 kr.

ÁÐUR 6.950 kr.
NÚ 3.475 kr.

ÁÐUR 7.990 kr.
NÚ 3.995 kr.

ÁÐUR 5.250 kr.
NÚ 2.625 kr.

ÁÐUR 5.950 kr.
NÚ 2.975 kr.

ÁÐUR 7.450 kr.
NÚ 3.995 kr.

ÁÐUR 4.450 kr.
NÚ 2.225 kr.

SOHO / MARKET Á FACEBOOK

SOHO MARKET

Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17

Framkvæmdastjórar

Í kjölfar skipulagsbreytinga auglýsir NBI hf. (Landsbankinn) lausar til umsóknar átta stöður framkvæmdastjóra. Fyrir dyrum standa spennandi verkefni við uppbyggingu banka sem ætluð er forysta í viðreisn íslensks atvinnu- og efnahagslífs.

Leitað er að traustum og kraftmiklum einstaklingum til að annast þessi ábyrgðarmiklu og krefjandi störf og byggja upp öfluga liðsheild og innviði til ávinnings fyrir viðskiptavini og samfélagið. Framkvæmdastjóri er einn af lykilmönnum bankans, öflugur framsækinn leiðtogi og fyrirmynd, náinn samstarfsmaður bankastjóra og ábyrgur í hópi jafningja við stjórnun bankans.

Viðskiptabanki
- Fjármálaþjónusta við einstaklinga, minni félög og fyrirtæki
- Útibú

Fyrirtækjabanki
- Þjónusta við stór fyrirtæki og sveitarfélög
- Stærri fjármögnunarverkefni
- Fyrirtækjaráðgjöf

Markaðir og fjárstýring
- Miðlun á markaði
- Ávöxtun á lausu fé bankans
- Framkvæmd stýringar á markaðsáhættu
- Fjármögnun

Eignastýring
- Sjóðastýring
- Einkabankaþjónusta
- Fjármálaráðgjöf

Endurskipulagning eigna
- Úrlausn erfiðra lánamála fyrirtækja
- Fullnustueignir
- Lögfræðiinnheimta

Framantalin svið eru afkomueiningar, með áherslu á rekstrarleg markmið einginganna og bankans í heild.

Áhættustýring
- Mæling áhættu
- Stýring áhættu
- Greining á viðskiptaumhverfi

Fjármál
- Reikningshald
- Áætlanir
- Fjárhagsleg greining og eftirlit
- Miðlæg vinnsla

Þróun
- Mannauður
- Markaðsmál
- Gæða- og verkefnastjórnun
- Upplýsingatækni
- Eignaumsjón

Framantalin svið hafa það að markmiði að stýra og að styðja við aðrar einingar bankans.

Landsbankinn leitar að einstaklingum sem:

- Eru öflugir leiðtogar og stjórnendur
- Eru tilbúnir í krefjandi verkefni
- Hafa góða samskiptahæfileika
- Kunna góð skil á samningatækni
- Búa yfir mikilli greiningarhæfni
- Hafa menntun á háskólastigi er tengist starfi
- Hafa reynslu á viðkomandi sviði
- Hafa gott vald á íslensku og ensku
- Kunna góð skil á íslensku samfélagi og hagsmunum þess

Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 35 útibú og afgreiðslur um land allt.

Upplýsingar veita:
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is og Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SÖLUMAÐUR ÓSKAST

HÆFNISKRÖFUR:
- Haldgóð reynsla af sölumennsku sem og reynsla af sölu til fyrirtækja
- Reynsla af sölustörfum í tæknigeiranum er kostur
- Skipulögð, öguð og markmiðatengd vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi, áhugi, sókndirfska og metnaður til að ná miklum árangri.

HELSTU VERKEFNI:
- Starfið felur í sér að kynna og selja MerkurPOS
- Heimsækja nýja og núverandi viðskiptavini
- Efla viðskiptatengls.
- Fyrsta flokks þjónustulund og jákvæðni

MerkurPoint er fyrirtæki með sérfræði þekkingu á sviði afgreiðslulausna með sinn eigin viðskipta- og afgreiðsluhugbúnað sem er þróaður innanhúss.

Vinsamlegast hafið samband við Yngva Þór Jóhannsson, framkvæmdarstjóra í síma 567-2800 eða sendið umsókn á email yngvi@merkurpoint.is

Suðurlandsbraut 14 | 108 Reykjavík
Sími 568-2700 | www.merkurpoint.is

MERKUR POINT

SAMHERJI HF

Yfirvélstjóri

SAMHERJI HF

Samherji hf. óskar eftir að ráða yfirvélstjóra til starfa á frystitogara félagsins í Evrópu.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Hæfniskröfur
- Skilyrði að geta unnið sjálfstætt
- Réttindi VF 1
- Góð enskukunnátta
- Snyrtimennska
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi skilyrði

Umsóknir berist til Önnu Maríu Kristinsdóttur, starfsmannastjóra Samherja hf, anna@samherji.is

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með víðtæka starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.

Saumakona

1975 G.Á HÚSGÖGN

Okkur vantar saumakonu í 50 til 100% starf.

Þarf að geta byrjað að vinna sem fyrst.
Vinsamlega sendið umsóknir/uppl í tölvupóst
gahusgogn@gahusgogn.is
Fyrirspurnum ekki svarað í síma.
G.Á húsgögn ehf
Ármúla 19 • 108 Reykjavík

KÓPAVOGSBÆR

Frá Lindaskóla

Lindaskóli er með laus störf til umsóknar:

- **Smíðakennari 75%**
- **Dægradvöl**

Umsóknarfrestur er til 1. sept.

Sótt er um á vef Kópavogsbæjar
www. Kopavogur.is

www.kopavogur.is



FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVAR ÍTR

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN FROSTASKJÓL
Undraland við Grandaskóla
Selið við Melaskóla
Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla
Frostheimar í Vesturbæ

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN ÁRSEL
Töfrasel við Árbæjarskóla
Skólasel við Ártúnsskóla
Víðisel við Selásskóla
Stjörnuland við Ingunnarskóla
Fjósið við Sæmundarskóla
Klapparholt við Norðlingaskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KRINGLUMÝRI
Álftabær við Álftamýrarskóla
Sólbúar við Breiðagerðisskóla
Neðstaland við Fossvogsskóla
Krakkakot við Hvassaleitisskóla
Glaðheimar við Langholtsskóla
Laugarsel við Laugarnesskóla
Vogasel við Vogaskóla
Vesturhlíð við Öskjuhlíðaskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN MIÐBERG
Bakkasel við Breiðholtsskóla
Vinafell við Fellaskóla
Álfheimar við Hólabrekkuskóla
Vinasel við Seljaskóla
Vinaheimar við Ölduselsskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN KAMPUR
Draumaland við Austurbæjarskóla
Frístund við Háteigsskóla
Hlíðaskjól við Hlíðaskóla

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR
Hvergiland við Borgaskóla
Brosbær við Engjaskóla
Regnbogaland við Foldaskóla
Simbað við Hamraskóla
Kastali við Húsaskóla
Ævintýraland við Korpuskóla
Tígrisbær við Rimaskóla
Vík við Víkurskóla

ÍTR

ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN

FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

ÍTR starfrækir frístundaheimili við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur.

HELSTU VERKEFNI
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

KRÖFUR Í STARFI
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

Í BOÐI ERU HLUTASTÖRF MEÐ SVEIGJANLEGUM VINNUTÍMA EFTIR HÁDEGI.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.

HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.ITR.IS

ÁS STYRKTARFÉLAG

Hæfingarstöð og dagþjónusta Stjörnugróf 7-9

óska eftir þroskaþjálfa, félagsliða, stuðningsfulltrúa í 100% störf. Um er að ræða afleysingar vegna veikinda og barnsburðarleyfis. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Vinnutími er frá 8.30-16.30 virka daga.

Bjarkarás er hæfingarstöð staðsett í Stjörnugróf 9. Þangað sækja um 45 einstaklingar þjónustu.
Lækjarás er dagþjónusta fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun staðsett í Stjörnugróf 7. Þangað sækja um 33 einstaklingar þjónustu.
Starfsemi staðanna er einstaklingsmiðuð og lögð er áhersla á fjölbreytta þjónustu.
Nánari upplýsingar veita Þórhildur Garðarsdóttir forstöðumaður Bjarkaráss í síma 414-0540 og Guðbjörg Haraldsdóttir forstöðumaður Lækjaráss í síma 414-0560.
Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Ás styrktarfélags www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

HAMAR

Rennismiður óskast til starfa

Hamar ehf Vélaverkstæði.

Hamar ehf, er framsækið málmiðnaðarfyrirtæki, með aðsetur í Kópavogi, Grundartanga, Akureyri, Eskifirði og Þórshöfn. Við erum með vel útbúin vélaverkstæði með góðri vinnaðstöðu. Eitt af Okkar fremstu markmiðum eru að hafa góðan anda á vinnustaðunum, skila góðu verki og þjónustu.

Við leitum eftir rennismið á renniverkstæði okkar í Kópavogi þar sem vinnsla fyrir önnur verkstæði fer fram. Verkstæðið er vel tækjum búið með CNC vélum, verkefnin eru mjög fjöbreytt og krefjandi. Samkeppnishæf laun í boði.

Menntun og Hæfniskröfur:
- Sveinspróf í rennismíði eða sambærileg menntun.
- Heiðarleiki og metnaður til að skila góðu verki.
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði, dugnaður og áhugi á að takast á við fjölbreyt starf og krefjandi verkefni.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Sigurður K. Lárusson Siggil@hamar.is 6603613 eða Kári Pálsson kari@hamar.is 6603600

Capacent Ráðningar

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

Um er að ræða nýtt starf innan Upplýsingatæknideildar Landsnets hf. og heyrir starfið beint undir deildarstjóra Upplýsingatæknideildar. Þjónustufulltrúi hefur umsjón með þjónustu Upplýsingatæknideildar við starfsmenn Landsnets. Viðkomandi ber einnig ábyrgð á rekstri sameiginlegs búnaðar fyrirtækisins.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Umsjón með þjónustuborði og afgreiðslu beiðna
- Ábyrgð á uppsetningu og aðgangsstýringum notenda
- Ábyrgð á uppsetningu og rekstri sameiginlegs skrifstofubúnaðar
- Innkaup á vél- og hugbúnaði fyrir vinnustöðvar starfsmanna
- Uppsetning á vinnustöðvum starfsmanna
- Uppfærslur á vél- og hugbúnaði notenda
- Umsjón með ýmsum sértækum upplýsingakerfum
- Eignaumsýsla búnaðar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi, rafeindavirkjun/rafvirkjun er kostur
- Æskilegt er að viðkomandi hafi Microsoft vottun
- Reynsla af þjónustu MS Windows útstöðva
- Reynsla af rekstri þjónustuborðs
- Reynsla af ISO 27001 er kostur
- Jákvæðni og framúrskarandi þjónustulund
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að miðla þekkingu og vinna í síbreytilegu umhverfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSVIÐS

Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra þróunarsviðs. Starfið heyrir beint undir forstjóra. Breytingar á rekstrarumhverfi Landsvirkjunar skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Þess vegna hefur verið ákveðið að stofna nýtt svið, þróunarsvið. Innlend starfsemi dótturfélagsins, Landsvirkjunar Power, verður færð á nýja sviðið.

Verksvið þróunarsviðs er:
- Þróun virkjunarkosta
- Leyfisveitingar fyrir virkjanir
- Tryggja hagkvæma útfærslu á virkjunarkostum
- Auka sveigjanleika í orkuframleiðslu
- Nýsköpun í orkuframleiðslu
- Langtímayfirsýn yfir orkuforða
- Tryggja bestu vinnubrögð og stuðla að aukinni þekkingu

Menntunarkröfur og reynsla:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af undirbúningi framkvæmda
- Reynsla af nýsköpun og þróun
- Reynsla af stjórnun og samningagerð
- Reynsla af stefnumótun

Leitum að einstaklingi sem hefur:
- Leiðtogahæfileika
- Skapandi hugsun
- Greiningarhæfni
- Mjög góða samskiptahæfileika
- Mjög góða enskukunnáttu

Í boði er:
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Krefjandi verkefni

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagsreikning upp á 4,8 milljarða dollara. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi. Framundan eru spennandi tímar í rekstri félagsins þar sem aukin áhersla er lögð á rekstur, markaðsmál og bætta arðsemi samhliða áframhaldandi uppbyggingu raforkuvinnslu. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum þess starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Vínbúðin á Húsavík

Verslunarstjóri óskast

Starfssvið
· Sala og þjónusta við viðskiptavini
· Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
· Fylgja eftir gæðastefnu fyrirtækisins

Menntunar- og hæfniskröfur
· Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
· Frumkvæði og metnaður í starfi
· Góð framkoma og rík þjónustulund
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Tölvukunnátta æskileg, m.a. Navision

Okkar gildi eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veitir
Kristín Guðmundsdóttir
(kristin@hagvangur.is)

HAGVANGUR

Umsóknarfrestur er til og með 12. sept. nk. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

Íslandsbanki

Hugbúnaðarsérfræðingar

óskast í Hugbúnaðardeild Íslandsbanka

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem leitast ávallt við að vera í fararbroddi með lausnir á sviði upplýsingatækni. Hugbúnaðardeild er skipuð metnaðarfullu fólki sem sér um þróun á hugbúnaðarlausnum bankans.

Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Við vinnum eftir Agile (Scrum og Kanban) aðferðafræði. Leitað er að einstaklingum sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni í öflugum og skemmtilegum hópi, þar sem frumkvæði og samstaða er í fyrirrúmi.

Við leggjum áherslu á símenntun starfsfólks og að búa því sem bestar aðstæður til að vinna að verkefnum sínum.

Forritari

Helstu verkefni:

- Greining, þróun og innleiðing á hugbúnaði
- Fjölbreytt .Net og gagnagrunnsforritun

Nánari upplýsingar veita Bjarki Snær Bragason, sími 844 4258, bjarki.snaer.bragason@islandsbanki.is og Kjartan Hrafn Kjartansson, sími 844 4379, kjartan.kjartansson@islandsbanki.is.

Prófari

Helstu verkefni:

- Prófun á hugbúnaði og innleiðing á sjálfvirkum prófunum
- Stýra viðtökuprófunum með notendum

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hrafn Kjartansson, sími 844 4379, kjartan.kjartansson@islandsbanki.is.

BI ráðgjafi

Helstu verkefni:

- Greining, þróun og innleiðing á viðskiptagreindarumhverfi
- Náin samvinna við notendur

Nánari upplýsingar veitir Kjartan Hrafn Kjartansson, sími 844 4379, kjartan.kjartansson@islandsbanki.is.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, eða starfsreynsla
- Reynsla af ofangreindum verkefnum
- Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð til að fylgja eftir langtímaverkefnum
- Reynsla af hópvinnu

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 9. september næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is.

AÐSTOÐARMAÐUR TANNLÆKNIS ÓSKAST!

Aðstoðarmaður tannlæknis óskast á tannlæknastofu
Um er að ræða hlutastarf frá 12-17 virka daga.

Umsóknir vinsamlegast berist til tv2umsoknir@visir.is

Sölumaður í verslun

Múrbúðin óskar eftir að ráða í stöðu sölumanns í verslun. Um er að ræða framtíðarstarf.

Hæfniskröfur
- Reynsla af sölumennsku og verslunarstörfum er skilyrði.
- Ekki yngri en 30 ára.
- Samviskusemi og nákvæm vinnubrögð.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á tölvupóstfangið ragnar@murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7 · Sími: 412 2500 · www.murbudin.is

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK
VANTAR STARFSFÓLK

Þjónar og þjónanemar

Óskum eftir faglærðum þjónum og þjónanemum og metnaðarfullum einstaklingi til að sjá um Miðgarð - bar og bístró.

Skilyrði er að viðkomandi sé orðinn 18 ára þjónanemar 16 ára og hafi reynslu af því að starfa sem þjónn.

Um er að ræða bæði 100% starf og hlutastörf. Unnið er á vöktum.

Uppstillingarmaður

Duglegum og drífandi einstaklingi við uppstillingar á borðum og stólum í ráðstefnu- og veislusölum hótelsins, ásamt öðru tilfallandi.

Almenn tölvuþekking er skilyrði og verður að vera orðin 20 ára.

Um er að ræða bæði 100% starf og hlutastörf. Unnið er á vöktum.

Almennar hæfniskröfur starfsfólks:

- Rík þjónustulund, góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi tali íslensku og ensku
- Snyrtilegur, stundvís og reyklaus.

Grand hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu hótel sem leggur mikinn metnað í faglega og góða þjónustu.

Umsóknir skulu sendast á **starf@grand.is**

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 35 útibú og afgreiðslur um land allt.

Útibússtjóri Landsbankans á Sauðárkróki

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf útibússtjóra á Sauðárkróki. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á fjármálamörkuðum og reynslu af stjórnun.

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- Ákvarðanataka er varðar starfsemi útibúsins, s.s. útlánaákvarðanir
- Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka
- Gerð rekstraráætlana, endurmat þeirra og eftirfylgni
- Innra eftirlit og virk gæðastjórnun í öllum þáttum starfseminnar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Skinney – Þinganes hf rekur margþætta starfsemi á Höfn í Hornafirði. Félagið rekur fiskiðjuver og fiskmjölsverksmiðju auk þess að gera út 7 fiskiskip. Fiskvinnslan samanstendur af frystingu uppsjávarfisks, humarvinnslu og saltfiskverkun auk hefðbundinnar bolfiskvinnslu. Velta félagsins er um sjö milljarðar króna. Starfsmenn félagsins eru um 200.

Skinney – Þinganes óskar eftir að ráða í tvær stjórnunarstöður

Tæknistjóri

Undir tæknistjóra heyra allir starfsmenn viðhaldsdeilda, alls um 15 manns. Viðhaldsdeildir sinna viðhaldi skipa, fiskvinnslu, fiskmjölsverksmiðju og fasteigna og lóða. Tæknistjóri heyrir undir framkvæmdastjóra. Starfið er nýtt hjá félaginu.

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með tækni- og viðhaldsverkefnum félagsins á öllum sviðum rekstrarins
- Stjórnun viðhaldsdeilda og samræming verkefna
- Innkaup og birgðahald rekstrarvara og varahluta
- Fyrirbyggjandi viðhald
- Áætlana- og tilboðsgerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tæknimenntun á vélasviði (verkfræðingur/tæknifræðingur)
- Vélfræðimenntun er mikill kostur og/eða önnur iðnmenntun
- Reynsla af störfum við sjávarútveg kæmi sér vel í þessu starfi
- Aðeins sjálfstæður einstaklingur með frumkvæði kemur til greina
- Stjórnunarreynsla æskileg

Upplýsingar veita:
Brynhildur Halldórsdóttir
brynhildur@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Framleiðslustjóri fiskiðjuvers

Undir framleiðslustjóra heyra verkstjórar fiskvinnslu og allir starfsmenn fiskvinnslu, alls um 100 manns. Framleiðslustjóri heyrir undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með framleiðslu fiskiðjuvers, birgðahaldi og afskipunum
- Áætlanagerð
- Starfsmannahald
- Innkaup hráefnis og rekstrarvara
- Vöruþróun
- Samskipti við sölumenn vegna sölu afurða félagsins
- Samræming veiða og vinnslu í samráði við útgerðarstjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði sjávarútvegsfræði, verkfræði, matvælafræði og/eða stjórnunar
- Reynsla af störfum við fiskvinnslu kæmi sér vel í þessu starfi
- Aðeins sjálfstæður einstaklingur með frumkvæði kemur til greina
- Stjórnunarreynsla æskileg

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Starfsmaður óskast í mötuneyti

Mannvit óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti fyrirtækisins að Grensásvegi 1.
Við leitum að starfsmanni með ríka þjónustulund og reynslu af sambærilegum störfum. Vinnutími er frá 09.00 – 16.00.
Um framtíðarstarf er að ræða.

Meðal verkefna viðkomandi má nefna:
- Aðstoð við undirbúning máltíða
- Frágangur í matsal, uppvask, þrif og tiltekt
- Umsjón með kaffistofum og fundarherbergjum

Umsóknarfrestur er til og með 7. september n.k.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is

Nánari upplýsingar veitir
Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3000 eða í tölvupósti, drifa@mannvit.is

Mannvit verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, viðsýni, þekking og gleði**.

Mannvit hf. I Grensásvegi 1 I 108 Reykjavík I s: 422 3000 / f: 422 3001 I www.mannvit.is

Umsjónamaður Húseigna
Maintenance Technician

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir lausa til umsóknar stöðu Umsjónamanns Húseigna í tímabundið hlutastarf.

Umsóknarfrestur er til 3 september 2010. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for a part-time temporary-position of Maintenance Technician. **The closing date for this postion is September 3, 2010.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

einfaldlega betri kostur

Viltu vera með?

ILVA lager

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingi til afgreiðslustarfa á ILVA lager. Leggjum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftarapróf.
Vinnutími mánudaga - föstudaga 11:00 - 18:30, einnig vinna um helgar sé þess óskað.

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun. Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is eða sent umsóknir á netfangið ilva@ilva.is

STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Embætti skólameistara	Iðnskólinn í Hafnarfirði	Hafnarfjörður	201008/071
Sérfræðingur	Matvælastofnun	Reykjavík	201008/070
Lögfræðingur/kærun.greiðsluað.	Félags- og tryggingam.ráðun.	Reykjavík	201008/069
Lögfræðingur á velferðarsviði	Félags- og tryggingam.ráðun.	Reykjavík	201008/068
Skrifstofustjóri	Háskólaútgáfa Háskóla Íslands	Reykjavík	201008/067
Lögreglumaður	Embætti lögreglustj. á Suðurn.	Reykjanesbær	201008/066
Lögreglumaður	Embætti lögreglustj. á Húsavík	Húsavík	201008/065
Iðjuþjálfi	Heilsugæsla höfuðborgarsv.	Reykjavík	201008/064
Starfsmenn við skattaeftirlit	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201008/063
Yfirþroskaþjálfi	SSR Sambýlið Stigahlíð 54	Reykjavík	201008/062
Staða veiðieftirlitsmanns	Starfsstöð Fiskistofu	Stykkishólmur	201008/061
Sérfræðilæknir í geðlækningum	Landspítali, öldrunarlækningar	Reykjavík	201008/060
Sérfræðilæknir í meltingarsjúkd.	Landspítali barnalækningar	Reykjavík	201008/059
Sérfræðilæknir í smitsjúkdómum	Landspítali barnalækningar	Reykjavík	201008/058
Deildarlæknir	St. Jósefsspítali, Sólvangur	Hafnarfjörður	201008/057
Kennarar	Námsmatsstofnun	Reykjavík	201008/056
Sjúkraliðar	St.Jósefsspítali Sólvangur	Hafnarfjörður	201008/055
Sérfræðingur	Samgöngu- og sveitarstjórnarr.	Reykjavík	201008/054

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Verkefnisstjóri

Evrópskt fyrirtæki leitar að verkefnisstjóra með aðsetur á Íslandi.

Viðkomandi þarf að hafa:
- *Reynslu af verkefnisstjórnun*
- *Mjög góða enskukunnáttu – vinnan fer að mestu fram á ensku*
- *Skipulagshæfileika*
- *Góða tölvuþekkingu og reynslu*
- *Jákvætt viðmót og góða færni í mannlegum samskiptum*
- *Franska og norðurlandamál er kostur*
- *Reynsla af undirbúningi og umsjón ráðstefna er kostur*

Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt mynd á **globalgroup.nse@gmail.com**

Project Manager

A European company is looking for a project manager situated in Iceland.

The person needs to have:
- *Experience in project management*
- *Very good English, written and spoken – the work will mainly be in English*
- *Organisational skills*
- *Computer skills and experience*
- *Positive attitude and good communication skills*
- *French and a Nordic language would be a plus*
- *Event management would be a plus*
- *Icelandic not a requirement*

Those interrested please send a cv with a photo to
globalgroup.nse@gmail.com

KRON

KRONKRON

Verslanirnar KRON og KRONKRON, óska eftir starfskrafti í fullt starf.

Viðkomandi þarf að hafa fallega framkomu, ríka þjónustulund, stundvísi og áreiðanleika. Reynsla í verslunarstörfum æskileg.

Umsóknir sendist til: atvinna@kron.is

Nánari upplýsingar veitir Rannveig Kristjánsdóttir - rannveig@kron.is

---

Arkitektafélag Íslands (AÍ) óskar eftir að ráða metnaðarfulla einstaklinga í tvær stöður. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað til: Arkitektafélag Íslands, Engjateig 9, 105 Rvk, eða á ai@ai.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk.
Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu félagsins, www.ai.is.

ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

Framkvæmda- og kynningarstjóri
Starfið felst í því að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri AÍ og kynna starfsvettvang og viðfangsefni arkitekta. Helstu verkefni eru að þróa og efla samkeppnisþjónustu AÍ og veita ráðgjöf um leiðir til að velja arkitekt. Í starfinu felst að vekja athygli á góðri byggingarlist og hafa umsjón með viðurkenningum og verðlaunum fyrir góða byggingarlist. Framkvæmda- og kynningarstjóri hefur umsjón með útgáfumálum og heimasíðu Arkitektafélags Íslands.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem tengist starfinu
- Þekking og áhugi á byggingarlist
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og Norðurlandamáli
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Reynsla af markaðssetningu og kynningarmálum æskileg

Nánari upplýsingar veitir
Sigríður Magnúsdóttir (sm@tst.is - 895 6189)

Verkefnisstjóri
Starfið felst í því að hafa umsjón fyrir hönd AÍ með samstarfsverkefni AÍ og EHÍ "Dawn of sustainability". Verkefnið er styrkt til tveggja ára af starfsmenntaáætlun Leonardo ESB. Verkefnið er að yfirfæra þekkingu og gerð námsefnis um sjálfbærni og vistvæn sjónarmið í skipulags- og mannvirkjagerð. Verkefnisstjóri er tengiliður innlendra og erlendra samstarfsaðila, ber ábyrgð á framvindu, fjármálum og úthlutun verkefna.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á meistarastigi í arkitekúr
- Þekking og áhugi á umhverfismálum
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og Norðurlandamáli
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Reynsla í verkefnastjórnun æskileg

Nánari upplýsingar veitir
Anna Sigríður Jóhannsdóttir (anna@vaarkitektar.is - 821 6989)

Roche

Windows kerfisstjóri

Roche NimbleGen á Íslandi leitar að Windows kerfisstjóra

Starfið felur í sér rekstur og viðhald á Windows kerfum ásamt umsjón með afritunarkerfum, aðstoð og þjálfun við notendur. Viðkomandi starfsmaður mun einnig vinna við skýrslugerð og forritun í SQL/PHP/Java ásamt því að taka virkan þátt í innleiðingu nýjunga í tölvumálum fyrirtækisins.

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða a.m.k. þriggja ára reynsla í starfi sem kerfisstjóri í Windows í fyrirtækjaumhverfi
- Reynsla af afritunarkerfum
- Reynsla af forritun í SQL, þekking á PHP og Java er kostur
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

Starfsmaður þarf að vera sveigjanlegur og áreiðanlegur auk þess að eiga auðvelt með að vinna með öðru fólki.

Í boði er spennandi starf í vaxandi alþjóðlegu líftæknifyrirtæki. Hjá Roche NimbleGen á Íslandi starfa um 70 starfsmenn við ýmis störf; svo sem við framleiðslu, rannsóknir á rannsóknastofu og við skrifstofustörf.

Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá (CV) á netfangið: reykjavik.jobs@roche.com

Umsóknarfrestur er til 6. september nk.

Nánari upplýsingar veita Emil Friðriksson, deildastjóri tölvudeildar, emil.fridriksson@roche.com; s. 414 2117 og/eða Guðný Einarsdóttir, starfsmannastjóri gudny.einarsdottir@roche.com; s: 414 2125

Roche NimbleGen Iceland LLC - útibú á Íslandi
Vínlandsleið 2-4, 113 Reykjavík

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Lögfræðingur

Starfsmaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála

Starfsmaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála kemur til með að annast meðferð og úrvinnslu ákvarðana umboðsmanns skuldara, sem teknar eru á grundvelli laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 og laga um tímabundið úrræði einstaklinga sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, nr. 103/2010 og kærðar hafa verið til kærunefndarinnar. Um nýja stöðu er að ræða og mun viðkomandi koma að mótun verklags og hafa eftirlit með að verkferli sé í samræmi við lög og reglur.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi embættispróf eða meistarapróf í lögfræði. Marktæk þekking og/eða reynsla á sviði skuldamála heimilanna er kostur. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI, veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 588 3031, en viðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga. Sjá nánar **www.stra.is**.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Sölu og markaðsfulltrúi

365 miðlar óska eftir öflugum sölu- og markaðsfulltrúa



Starfið felst í sölu og ráðgjöf á auglýsingum á visir.is/vefmiðla.

Reynsla af auglýsingasölu á fjölmiðlum er kostur en ekki nauðsynleg. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur og ábyrgur, úrræðagóður og með góða þjónustulund.

Launakjör eru árangurstengd og hér er því gott tækifæri fyrir metnaðarfullt fólk.

Umsóknarfrestur er til 2. september nk.
Frekari upplýsingar veitir Ruth Bergsdóttir sölustjóri Vísis, ruth@365.is

365

Sérfræðingur
óskast til starfa
á sviði nýsköpunar- og tækniþróunar

Starfið, sem er fullt starf, felst í þjónustu við umsækjendur og styrkþega Tækniþróunarsjóðs og nýsköpunarfyrirtækja vegna skattívilnana. Miðlun upplýsinga og uppfærsla handbóka, úrvinnsla gagna, skipulagning funda sem og þátttaka í kynningarstarfi og öðrum tilfallandi verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- *Meistarapróf á sviði verkfræði eða raungreina er æskilegt*
- *Starfsreynsla innan nýsköpunarfyrirtækja er kostur*
- *Reynsla af rannsóknum er æskileg*
- *Reynsla af alþjóðasamstarfi er kostur*
- *Metnaður til að ná árangri í starfi með því að veita góða þjónustu, sýna vönduð vinnubrögð og frumkvæði*
- *Góð íslenskukunnátta, færni í ensku og að minnsta kosti einu Norðurlandamáli*

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðsstjóri nýsköpunar- og tækniþróunar.
Sími 515 5800 eða sigurdur@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. september 2010.
Sjá nánari upplýsingar á www.rannis.is eða starfatorg.is.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Verkfræðingur

Norðurál á Grundartanga óskar eftir að ráða framleiðslusérfræðing í kerskála

Verksvið og ábyrgð

- Umsjón með tölvustýrðu framleiðslukerfi í kerskála
- Rekstur kera og eftirlit með verkferlum
- Umsjón með stoðkerfum framleiðslunnar
- Greining og úrvinnsla framleiðsluppplýsinga
- Virk þátttaka með sameiginlegum verkefnum milli deilda

Hæfniskröfur

- Meistarapróf í rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun
- Metnaður, ögguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- Sjálfstæði i vinnubrögðum og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sterk öryggisvitund
- Gott vald á töluðu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

Halldór Guðmundsson deildarstjóri framleiðslustýringar veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 430 1000 eða á netfanginu halldor@nordural.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. sept. nk.
Leggja skal inn umsókn á vef Norðuráls: http://www.nordural.is eða senda á netfangið umsokn@nordural.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Hagsýni - Liðsheild - Heilindi

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á sjötta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, iðnfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

HB GRANDI

STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI

HB Grandi auglýsir eftir starfmanni í mötuneyti í fiskiðjuveri fyrirtækisins við Norðurgarð Reykjavík
Áhugasamir eru beðnir um að senda umsókn á póstfangið **atvinna@hbgrandi.is**

GEÐHJÁLP

Geðhjálp leitar að öflugum framkvæmdastjóra til að koma að spennandi uppbyggingarstarfi, hagsmunabaráttu og stefnumótun.

Geðhjálp er hagsmunasamtök sem ætlað er að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða.

Helstu verkefni framkvæmdastjóra

- Rekstur og dagleg stjórnun félagsins.
- Framkvæmd ákvarðanna stjórnar.
- Stefnumótun í samstarfi við stjórn.
- Kynningarstarf og fjáröflun.
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Hæfnikröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking af stjórnun og rekstri.
- Reynsla af félagsstarfi
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Eitt norðurlandamál að auki er kostur.

Um er að ræða 80 % starf með sveigjanlegum vinnutíma og laun samkvæmt samkomulagi. Umsókn skal senda til formanns Geðhjálpar á sigursteinnmasson@gmail.com eða á Túngötu 7, 101 Reykjavík, merkt stjórn Geðhjálpar.

Umsóknarfrestur er til og með fyrir 7. september næstkomandi

Veðurstofa Íslands

Í janúar 2009 var stofnuð ný Veðurstofa Íslands með sameiningu eldri Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga. Þar starfa rúmlega 250 manns víðsvegar um landið. Auk þess að taka yfir verkefni eldri stofnana hefur Veðurstofa Íslands umfangsmeira hlutverk í vöktun og rannsóknum en forverar hennar, m.a. tengdum náttúruvá, loftslags- og vatnafarsrannsóknum.

Sérfræðingur í mælarekstri

Vegna aukinnar áherslu á eftirlit með gosmekki og öskudreifingu auglýsir Veðurstofa Íslands eftir sérfræðingi til að hafa umsjón með uppbyggingu og rekstri ratsjáa, auk þátttöku í rekstri annarra mælakerfa stofnunarinnar. Viðkomandi kemur til starfa á Athugana- og tæknisviði, en þar starfa um 25 manns við rekstur mælikerfa á helstu eðlisþáttum jarðar, þ.e. lofti, vatni, snjó, jöklum, jörð og hafi. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:

- Háskóla- og framhaldsnám á sviði verk- eða tæknifræði.
- Farsæl reynsla á sviði mælareksturs
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hópi.
- Góð færni í íslensku og ensku.

Um er að ræða fullt starf og fara launin eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Óðinn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Athugana- og tæknisviðs (odinn@vedur.is, s. 522-6000) og Borgar Æ. Axelsson mannauðsstjóri (borgar@vedur.is, s. 522-6000).

Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu berast Borgari Æ. Axelssyni, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið borgar@vedur.is merkt **„Sérfræðingur í mælarekstri".**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í skólum 2010-2011

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliði og stuðningsfulltrúi
Hraunvallaskóli (590 2800 agusta@hraunvallaskoli.is)
Sérkennari, eða kennari með mikla reynslu af sérkennslu
Þroskaþjálfi við leikskólastig
(sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Setbergsskóli (565 1011 maria@setbergsskoli.is)
Skólaliðar
Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Skólaliði

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla, sjá einnig heimasíður skólanna.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í leikskólum

Arnarberg (664 5837 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfaberg (664 5864 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhús

Hlíðarendi (664 5856 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (590 2881 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Þroskaþjálfi og leikskólakennari

Hvammur (664 5885 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Norðurberg (664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Lokunarstaða

Smáralundur (664 5853 smaralundur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjarás (664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Tjarnarás (664 5859 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhús

Vesturkot (664 5854 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá nánar á heimasíðum skólanna. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Jólaþorpið í Hafnarfirði

Jólaþorpið auglýsir eftir áhugasömum aðilum sem vilja taka söluhús á leigu. Jólaþorpið verður allar helgar á aðventunni frá 13-18, auk kvöldopnunar á Þorláksmessu. Umsóknareyðublöð eru á www.visithafnarfjordur.is

Jólaþorpið auglýsir einnig eftir tillögum eða umsóknum frá þeim sem vilja vera með dagskráratriði í Jólaþorpinu.

Vinsamlega hafið samband við Ásbjörgu Unu Björnsdóttir, asbjorg@hafnarfjordur.is s. 664 5775

Jólaþorpið Hafnarfirði

Fjölskylduvænn vinnutími

Skólamatur auglýsir eftir starfskrafti í skólamötuneyti Hvaleyrarskóla, Hafnarfirði. Vinnutími frá kl.9–15.

Áhugasamir hafið samband við Fanný í síma 420 2500.
Netfang: fanny@skolamatur.is

SKÓLAMATUR

Skólamatur ehf. | Iðavellir 1 | 230 Reykjanesbær | skolamatur.is

Hollt, gott og heimilislegt

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3300 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf

Hugbúnaðarsérfræðingur

Hugbúnaðarsérfræðingur með reynslu af viðskiptakerfum óskast til að sjá um útgáfustýringu á Dynamics AX kerfum Marel ásamt því að vinna að ýmsum þróunar- og samþættingarverkefnum við önnur upplýsingakerfi svo sem Salesforce, SAP, Sharepoint, Office og Oracle Agile –PLM.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tölvunarfræði
- Reynsla af Dynamics AX eða sambærilegum kerfum (SAP, XAL, Navision) er skilyrði
- Reynsla af hugbúnaðargerð í tengslum við viðskiptakerfi er skilyrði
- Góð enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli skilyrði
- Reynsla af útgáfustýringu hugbúnaðarkerfa er kostur
- Reynsla af innleiðingu og þjónustu viðskiptakerfa er kostur

Viðkomandi þarf einnig að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa gaman af að leita lausna, búa yfir þjónustulund og geta ferðast til útlanda vegna starfsins.

Umsóknarfrestur er til og með 6. september nk.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Lauga Ólafsdóttir, gudrun.olafsdottir@marel.com, í síma 563 8000.



www.marel.com

marel

HJÚKRUNARHEIMILI

Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Laus störf
Sjúkraliðar

Sjúkraliðar óskast til starfa.
Starfshlutfall samkomulag.

Upplýsingar veitir
Guðný H. Guðmundsdóttir, hjúkrunarforstjóri
í síma 522 5600 virka daga.
Umsóknir er einnig hægt að senda á
gudny@skjol.is

Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600

VINNUMÁLA STOFNUN

Náms- og starfsráðgjafi

Vinnumálastofnun leitar eftir náms- og starfsráðgjafa fyrir þjónustuskrifstofu stofnunarinnar á Austurlandi.

Starfssvið
- náms- og starfsráðgjöf
- skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur
- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, kennaramenntun eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfi
- kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun á Austurlandi er staðsett á Miðási 1, Egilsstöðum. Ráðgjafi stofnunarinnar þjónustar atvinnuleitendur í öllu umdæminu og hans bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar www.vinnumalastofnun.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Ólafar M. Guðmundsdóttur, forstöðumann Vinnumálastofnunar á Austurlandi á netfangið *olof.gudmundsdottir@vmst.is* fyrir **12. september 2010.**
Nánari upplýsingar veitir Ólöf í síma 512 8280.

Leiðbeinandi -Ræstingar

Starfsmaður óskast til starfa í ræstingadeild. Vinnan felst í verkstjórn 4-5 starfsmanna ásamt vinnu með þeim.

Vinnutíminn er kl. 8-12 virka daga. Góð vinnuaðstaða á þægilegum vinnustað.

Vinnustaðir ÖBÍ – Hátúni 10 – 105 Reykjavík
Þorsteinn s. 552-6800 eða netfang thorsteinn@vobi.is

Álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og mikið hefur verið lagt upp úr því að búa til góðan og öruggan vinnustað. Starfsmenn vinna saman í teymum og hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi. Vinnustaðurinn býður upp á margvísleg tækifæri til starfsþróunar.

Áreiðanleikasérfræðingur við veitur Alcoa Fjarðaáls

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 51280 08/10

Auglýst er til umsóknar starf áreiðanleikasérfræðings við veitur Alcoa Fjarðaáls.

Alcoa Fjarðaál er stærsti einstaki raforkunotandi landsins með spennandi búnað í loftveitu, hitaveitu og rafveitu. Alcoa Fjarðaál sinnir viðhaldi búnaðar á metnaðarfullan hátt og setur um leið öryggi ofar öllu. Áreiðanleikasérfræðingur er starfsmaður í áreiðanleikateymi Fjarðaáls og vinnur með veitustjóra Fjarðaáls, er í tengslum við önnur vinnusvæði og heyrir undir yfirverkfræðing áreiðanleikateymis.

Meginviðfangsefni:
- Að fylgjast með viðhaldsgögnum og greina óeðlilegar tafir og endurteknar bilanir í kerfum í veitum Alcoa Fjarðaáls.
- Að forgangsraða kerfum fyrir ítarlegri vöktun.
- Að búa til áreiðanleikaáætlun yfir öll kerfi sem áreiðanleikasérfræðingi er falið að sinna.
- Að skilgreina og kynna mögulegar lausnir til að auka áreiðanleika búnaðar.
- Að stunda vettvangsrannsóknir vegna bilana og vandamála innan veitna.
- Að útbúa vinnulýsingar fyrir áætluð viðhaldsverk og tengja við varahluti fyrir rafveitu.
- Að veita tæknistuðning við flókin viðhaldsverk og bilanagreiningar í rafveitu.
- Að tryggja aðgang að tæknigögnum rafveitu.
- Að fylgja öryggisreglum í hvívetna og styðja aðra í þeirri viðleitni.

Hæfniskröfur:
- Rafmagnstæknifræðingur eða verkfræðingur á sterkstraumssviði.
- Reynsla af háspennubúnaði æskileg.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Árni Páll Einarsson, yfirverkfræðingur áreiðanleikateymis (arni.einarsson@alcoa.com).
Hægt er að sækja um starfið á www.alcoa.is
Umsóknarfrestur er til og með 13. september.

Hraun 1 · 730 Reyðarfirði · s. 470 7700

Alcoa Fjarðaál
www.alcoa.is

ALCOA

Póst:húsið

Vegna aukinna verkefna þarf Pósthúsið að bæta við sig duglegu fólki til starfa

Þjónustufulltrúi – dreifingardeild
Um er að ræða tvær stöður, vinnutími er 13-18 virka daga og annan hvern laugardag frá 7-12

Í starfinu felst meðal annars:
- Símsvörun og móttaka ábendinga vegna dreifingar
- Úthringikannanir
- Samskipti við blaðbera
- Bréfaflokkun og pökkun á dreifingarefni
- Önnur tilfallandi verkefni

Viðkomandi einstaklingur verður að:
- Hafa reynslu og þekkingu af þjónustustörfum
- Hafa góða almenna tölvuþekkingu
- Búa yfir getu til að vinna undir álagi
- Búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum

Bílstjórar – akstursdeild
Um er að ræða tvær stöður, annars vegar bílstjórastarf að degi til og hins vegar til dreifingarstarfa við næturdreifingu frá miðnætti til morguns.

Í starfinu felst meðal annars:
- Dreifing á blöðum og dreifingarefni á stór höfuðborgasvæðinu
- Aðstoð við frágang og pökkun á dreifingarefni
- Eftirlit með gæðum og frágangi

Viðkomandi einstaklingur verður að:
- Hafa ökuskírteini og hreint sakavottorð
- Búa yfir getu til að starfa sjálfstætt og vinna undir álagi
- Búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum

Íhlaupavinna
Um er að ræða íhlaupavinnu sem fer fram á daginn eða nóttinni, samkomulag um hversu marga daga í viku er unnið. Gæti hentað vel skólafólki og samheldnum hóp sem er í fjáröflun. Nokkrar stöður eru lausar í þetta starf.

Í starfinu felst:
- Dreifing á blöðum, tímaritum og bréfum
- Flokkun, pökkun og merkingu

Viðkomandi einstaklingur verður að:
- Vera samviskusamur
- Vera heiðarlegur
- Búa yfir miklum samstarfsvilja

Öllum umsóknum skal skila rafrænt á netfangið umsoknir@posthusid.is, einnig er hægt að koma með umsókn á skrifstofu Pósthússins.
Tilgreina þarf um hvaða starf viðkomandi sækir, upplýsingar um menntun, starfsferil og annarra upplýsinga um umsækjanda.
Umsóknarfrestur er til 4. september nk.
Öllum umsóknum verður svarað.

Pósthúsið er öflugt dreifingarfyrirtæki sem sér meðal annars um dreifingu á Fréttablaðinu ásamt öðru dreifiefni. Hjá fyrirtækinu starfar samheldinn hópur einstaklinga með fjölbreytta reynslu og menntun.
Pósthúsið ehf • Suðurhrauni 1 • Sími: 585 8300 • 210 Garðabæ
www.posthusid.is

Byggingaverkamenn ÍAV

ÍAV óskar eftir að ráða byggingaverkamenn til starfa á höfuðborgarsvæðinu.

Umsóknum skal skila um heimasíðu ÍAV www.iav.is fyrir 5. september 2010.

ÍAV Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Vélvirkjar - Bifvélvirkjar

GT Tækni ehf. - Grundartanga óskar eftir að ráða vélvirkja / bifvélavirkja í vinnu. Viðkomandi verður að vera með sveinspróf.

Starfssvið / Helstu verkefni

- Almenn verkstæðisvinna
- Ýmis verkefni tengd verksmiðjuviðhaldi
- Nýsmíði og breytingar
- Bíla- og vinnuvélaviðgerðir

Með umsóknir og fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál.
Nánari upplýsingar í síma 842 6401.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til GT Tækni ehf. fyrir 1. september merktar:
GT Tækni ehf - Grundartanga - 301 Akranes

PÓSTURINN 02.10

Skrifstofa - Bókhald

Fyrirtæki í upplýsingatækni leitar að starfsmanni í 50-70% starf við bókhald.

Reynsla af færslu og afstemmningu bókhalds ásamt frágangi í hendur endurskoðanda er skilyrði. Starfið krefst sjálfstæðra vinnubragða og skipulagningar.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn og starfsferilskrá (CV) á netfangið: bokhaldari@gmail.com

Mentor - Alþjóðlegt fyrirtæki í örum vexti

Hjá fyrirtækinu starfa 30 einstaklingar í þremur löndum.
Á Íslandi starfa 15 starfsmenn þar af 9 við hugbúnaðarþróun.

Við leitum að öflugu fólki í eftirfarandi störf:

Hugbúnaðarsérfræðingar

Mentorkerfið er smíðað í ASP.NET C# ofan á Oracle gagnagrunn.
Unnið er eftir Agile hugmyndafræði í tveggja vikna sprettum. Helstu verkefni felast í smíði nýrra eininga í Mentor.is ásamt aðlögun núverandi eininga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C#
- Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

Starfið felst í hugbúnaðarprófunum, m.a. gerð og framkvæmd prófanatilvika og einingaprófana, samantekt prófananiðurstaðna og skjölun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af prófunum og aðferðum gæðastjórnunar
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C#
- Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Viðmótshönnun

Í starfinu felst að uppfæra útlit núverandi kerfis og hönnun nýrra lausna innan Mentor.is ásamt greiningu og útfærslu á sérþörfum notenda.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af viðmótshönnun
- Þekking og reynsla af ASP.NET og C# er kostur
- Gott vald á ensku (töluðu og rituðu máli)
- Samskiptahæfni, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Rúmlega 900 skólar nýta sér lausnir frá Mentor í þremur löndum, Íslandi, Svíþjóð og Sviss og framundan er innleiðing Mentorkerfisins í fyrstu skólunum í Þýskalandi.

Frekari upplýsingar gefur Auðunn í síma: 895 0057
Umsóknir sendist til: starf@mentor.is
Tekið er við umsóknum til 9. sept. 2010

mentor

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík
www.mentor.is
sími: 520 5310

Hjólbarðadeild Bílabúðar Benna óskar eftir vönum sölumanni

- Við hjá Bílabúð Benna höfum opnað nýtt hjólbarðaverkstæði að Tangarhöfða 8. **Nú óskum við eftir traustum aðila til þess að sinna sölu og afgreiðslu á hjólbörðum.**
- Starfsmaður þarf að hafa mjög góða þekkingu á hjólbörðum, ríka þjónustulund og mikla reynslu á sviði hjólbarðaþjónustu. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
- Umsóknir berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík eða á tölvupóstfangið benni@benni.is fyrir föstudaginn 3. september.

Bílabúð Benna
Stofnað 1975

Bílabúð Benna ehf er 35 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Fyrirtækið flytur inn og selur hjólbarða frá TOYO TIRES, BFGoodrich og ACCELERA ásamt öðrum tegundum.

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000
www.benni.is - benni@benni.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti skólameistara við Iðnskólann í Hafnarfirði

Laust er til umsóknar embætti skólameistara við Iðnskólann í Hafnarfirði.

Starfssvið
Skólameistari veitir framhaldsskólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur
Samkvæmt 14. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, skal skólameistari hafa starfsheitið framhaldsskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólastigi.

Leitað er eftir einstaklingi með stjórnunarreynslu, leiðtoga- og samskiptahæfni, reynslu af stefnumótunarvinnu og hæfileika til nýsköpunar. Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 fela framhaldsskólum aukna ábyrgð á skilgreiningu námsbrauta, þróun námsframboðs á mörkum skólastiga og fræðsluskyldu til 18 ára aldurs. Skólameistari gegnir mikilvægu hlutverki í mótun skólastarfs á grundvelli nýrra laga.

Ráðning og kjör
Mennta- og menningarmálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 1. janúar 2011.

Um laun skólameistara fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

Umsóknir
Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 16:00, þann 17. september 2010. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri upplýsinga- og þjónustusviðs í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
26. ágúst 2010.
menntamálaráðuneyti.is

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is

ADR-RÉTTINDI
Gilda m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu

Haldin verða eftirtalin námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst fyrir stjórnendur ökutækja sem öðlast vilja réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu:

Grunnnámskeið (flutningur á stykkjavöru (fyrir utan sprengifim- og geislavirk efni):
6. – 8. september 2010.
Flutningur í tönkum:
9. – 10. september 2010.
Flutningur á sprengifimum farmi
11. september 2010.
Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiði fyrir flutningi í tönkum og flutningi á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess.

Námskeiðin verða haldin í húsnæði Ökukennarafélags Íslands í Mjódd og hefjast kl. 09:00.
Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðsgjald í síðasta lagi miðvikudaginn 1. september 2010.
Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími 550 4600.

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar:
Ýmis verkefni 1.
Gangbrautarljós við Bústaðaveg - Strætóúrbætur 2010.

Útboðsgögn á geisladiski fást á 2.000 kr. frá og með 31. ágúst 2010, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 14. september 2010 kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12501
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

Heiðmörk gatnagerð 2010

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið „HEIÐMÖRK GATNAGERÐ 2010“.
Verklok eru 31 október 2011

Helstu magntölur eru:

- Gröftur	2800 m^3
- Fyllingar	2300 m^3
- Fráveitulagnir	1925 m
- Vatnslagnir	830 m
- Hitaveitulagnir	1100 m
- Malbikun	5970 m^2

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 31 ágúst. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ingibjörgu í síma 412 6900, eða með tölvupósti til imba@verksud.is og gefa upp nafn, heimilsfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti. Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2 Hvergerði fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 16 september 2010, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Bæjarstjórinn í Hveragerði

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Fundir

Áttu þér draum um betra líf ?

... hærri tekjur og heilbrigðari lífsstíl

Opinn kynningarfundur
Hilton Nordica 31. ágúst kl. 20:00

Nú er tækifærið að taka af skarið og skapa sér betra líf á eigin forsendum – hærri tekjur og heilbrigðari lífsstíl.

Karl Malmström forstjóri Natures of Scandinavia mun kynna einstakt viðskiptatækifæri fyrirtækisins á opnum kynningarfundi á Hilton Nordica, þriðjudaginn 31. ágúst kl. 20.00.

Ekki missa af þessu tækifæri – allir velkomnir!
Nánari upplýsingar á www.natures.is

natures.is

Útboð

Þjónusta sérfræðinga í umhverfis-skipulags- og byggingamálum

(Þjónusta verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga ofl.)

RAMMASAMNINGSÚTBOÐ MEÐ ÖRÚTBOÐUM NR. 14794

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammasamningakerfi Ríkiskaupa á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á aðkeyptri þjónustu sérfræðinga í umhverfis-, skipulags- og byggingamálum. Margs konar sérfræðingar koma til greina svo sem verkfræðingar, arkitektar, tæknifræðingar, byggingafræðingar, skipulagsfræðingar og landslagsarkitektar. Kaupendur hjá hinu opinbera þ.e. ríki og sveitarfélög eru að leita að sérfræðingum sem uppfylla kröfur útboðsins samkvæmt eftirfarandi hæfnisflokkum:

- Flokkur 1: Skipulagsáætlanir
- Flokkur 2: Byggingarmál
- Flokkur 3: Umferða- og gatnamál
- Flokkur 4: Umhverfismál
- Flokkur 5: Veitur

Áhersla er lögð á hæfi og hæfni bjóðenda sem geta haft áhrif á tímarammi verkefna verði styttri en ella. Í útboðinu er leitað eftir þjónustu sérfræðinga með þekkingu á tækni og nýsköpun sem auka gæði verkefna og leiða til sparnaðar. Hæfi og hæfni fyrirtækja og einstaklinga er ráðandi þáttur útboðsins við val á samningsaðilum. Hinn megin þáttur útboðsins er verð.

Lögð er áhersla á að kaupandi þjónustunnar geti einbeitt sér að því að velja þann aðila sem best hæfir verkinu með hnitmiðaðri lýsingu þjónustuaðila á því hvaða þjónusta og atgervi er í boði og upplýsingum um verð.

Nánari upplýsingar má finna í útboðsgögnum, sem eru rafræn og aðgengileg á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is, eigi síðar en 1. september. Opnunartími tilboða er 19. október 2010 kl. 11:00, hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
Útboð skila árangri!

Starfsfólk B&L og Ingvars Helgasonar ehf. leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, hefur löngun til að skara framúr og vera öðrum fyrirmynd, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund og hýr á brá.
Starfsfólk B&L og Ingvars Helgasonar ehf. lofar væntanlegu samstarfsfólki sínu skemmtilegu og hvetjandi vinnuumhverfi, vinnuaðstöðu sem tekur öðru fram, öflugu starfsmannafélagi sem skipuleggur starf sitt af kostgæfni og í samvinnu við starfsmenn, máltíðum sem gleðja munn og maga og síðast en ekki síst fjölbreyttu úrvali spennandi vörumerkja.

Vilt þú vera með?

Við leitum að fleira framúrskarandi samstarfsfólki

Starfsmaður í tjóna-skoðun/varahlutum

Starfssvið: Tjónaskoðun, öflun varahluta og frágangur. Móttaka viðskiptavina og reikningagerð.
Hæfniskröfur: Bifreiðasmiður eða bílamálari með mikla reynslu af Cabas. Góð tölvukunnátta er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Högnason í síma 840 1423.

Starfsmaður í bílaleigu

Starfssvið: Ástandseftirlit og þrif á bílaleigubílum. Önnur störf sem snúa að þjónustu við viðskiptavini bílaleigu.
Hæfniskröfur: Nákvæmni í vinnubrögðum og rík þjónustulund.

Nánari upplýsingar veitir Þór Marteinsson í síma 822 8038.

Bifvélavirki

Starfssvið: Almennar viðgerðir á þeim bílategundum sem fyrirtækið þjónustar.
Hæfniskröfur: Haldgóð reynsla af bílaviðgerðum.

Nánari upplýsingar veitir Hörður Þorsteinn Benónýsson í síma 840 1432.

ENNEMM / SÍA / NM43276

Vinsamlega sendið inn umsóknir í pósti eða á www.ih.is, fyrir 5. september.

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA

LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • SÍMI 552 2555 / 420 4055 • GSM 899 0555
EÐA JULLI@BETRILEIGA.IS • EIGNAMIÐLUN SUÐURNESJA SÍMI 420 4050

Höfum til leigu mikið úrval af iðnaðar- og verslunnarhúsnæði á Suðurnesjum frá 26 fm. upp í 4.000 fm.

Helguvík Reykjanesbæ

26.3 ferm geymsluhúsnæði . **Leiguverð krónur 25.000 per mánuð.**

Bogatröð 13

Ásbrú Keflavíkurflugvelli 372 ferm iðnaðarhúsnæði . **Leiguverð krónur 160.000 per mánuð.**

Funatröð 4

Ásbú Keflavíkurflugvelli 1.570 ferm iðnaðarhúsnæði. **Leiguverð samkomulag.**

Einnig við Klettatröð Ásbrú, 3x 500 ferm iðnaðarhúsnæði sem hægt er að skipta upp eða nýta í einu lagi. **Leiguverð samkomulag.**

Hafnargata 50

Keflavík Reykjanesbæ. Tvö ca 130 ferm nýleg verslunarhúsnæði á góðum stað við aðal verslunargötu Reykjanesbæjar, laus 6. sept 2010. **Leiguverð samkomulag.**

Íbúðarhúsnæði

Hringbraut 84

Keflavík Reykjanesbæ, 4 herbergja íbúð á efri hæð laus 1. sept 2010.
Leiguverð 90.000 per mánuð.

Hringbraut 64

Keflavík Reykjanesbæ 4 herbergja íbúð á efri hæð laus 1 sept 2010
Leiguverð 95.000 per mánuð.

Tjarnarbraut 12

Innri Njarðvík Reykjanesbæ. Nokkrar nýjar 3ja og 4ja herbergja íbúðir vel staðsettar rétt við Akurskóla og leikskóla lausar til afhendingar strax.
Leiguverð frá 90.000 per mánuð.

Eigum nokkrar eignir á skrá sem möguleiki er á 100% yfirtöku eða lánum.

Dæmi:

Ásabraut 7 Keflavík Reykjanesbæ 58.9 ferm íbúð merkt 0001 2ja herbergja íbúð. Greiðslubyrði ca 34.000 per mánuð.

Kirkjuvegur 13 Keflavík Reykjanesbæ 127.2 ferm 4ja herbergja íbúð merkt 0101. Greiðslubyrði ca 64,000 per mánuð.

Hjallavegur 3. Njarðvík Reykjanesbæ 81.3 ferm 3ja herbergja íbúð merkt 302. Greiðslubyrði ca 48.600 per mánuði.

Aspardalur 12 í Innri Njarðvík, nýtt parhús tilbúið að innan, eftir að ganga frá lóð að utan. 100% yfirtaka.

Háaleiti 24 Keflavík Reykjanesbæ

259 ferm einbýlishús á tveimur hæðum Þar af er 60 ferm auka íbúð á neðri hæð. Búið er að endurnýja meira og minna allt húsið allar innréttingar eru nýjar og sérsmíðaðar, lagnir þak ofl einnig endurnýjað. Stór verönd er í kringum húsið með gróðurhúsi og vel ræktaðri lóð. **Hagstætt áhvílandi lán. Athuga skipti á minni eign.**

Tilkynningar

Viltu læra á píanó?

Kenni nemendum á öllum stigum
og á öllum aldri, ungum sem öldnum.

Upplýsingar í síma 696 3993 og jonas.sen@me.com

Jónas Sen

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Úttektir á starfsemi leik-, grunn- og framhaldsskóla

Mennta- og menningarmálamálaráðuneyti auglýsir hér með eftir aðilum til að taka að sér verkefni á sviði úttekta á starfsemi leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla á haustmisseri 2010 og skal verkefnið innt af hendi á tímabilinu október til desember. Um er að ræða stofnanaúttektir á þremur skólum á hverju skólastigi. Úttektirnar eru gerðar í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla, 38. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og 42. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, sjá www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/

Sækja má um allar úttektirnar á hverju skólastigi eða hluta þeirra. Gert er ráð fyrir að úttekt í hverjum skóla sé í höndum tveggja til þriggja manna teymis. Mikilvægt er að a.m.k. einn einstaklingur í teyminu hafi nokkurra ára reynslu af kennslu á viðkomandi skólastigi en saman skal teymið hafa menntun og reynslu á sviði úttekta og skólastarfs á viðkomandi skólastigi. Einstaklingar, teymi, fyrirtæki og stofnanir geta sótt um.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast ráðuneytinu fyrir 16. september nk. Nánari upplýsingar gefa Margrét Harðardóttir og Védís Grönvold á mats- og geiningarsviði ráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
26. ágúst 2010.
menntamálaráðuneyti.is

Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda 2011–2012

Stjórn Námsleyfasjóðs hefur opnað fyrir umsóknir um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla skólaárið 2011–2012. Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi fyrir 1. október 2010 á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist

- kennslu nemenda með sértækar námsþarfir

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa. Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfasjóðs:

a) Hafa gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.

b) Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.

c) Ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.

d) Að loknu námsleyfi skal námleyfishafi senda stjórn sjóðsins innan fjögurra mánaða staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.

e) Enginn getur fengið hærri fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.

f) Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta ár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er hærra.
Upplýsingar veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900, tölvupóstfang: gudfinna.hardardottir@samband.is

The American Embassy, Reykjavik is seeking to lease an apartment or a house as of September 15, 2010. Lease period is for 2 - 4 years . Required size is 110 – 200 sq. Meters. Two bedrooms and preferably 2 bathrooms.
Please e-mail to: www.ReykjavikManagement@state.gov.

Sendiráð - Húsnæði

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu íbúð frá 15. september, 2010. Æskileg Stærð 110 – 200 fm. Tvö svefnherbergi og helst tvö baðherbergi. Leigutími er 2- 4 ár.
Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfang
www.ReykjavikManagement@state.gov.

Jöfnunarstyrkur til náms - Umsóknarfrestur á haustönn 2010 er til 15. október

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN (www.lin.is).

Umsóknarfrestur vegna skólaársins 2010-2011 er til 15. október nk. Móttaka umsókna hefst í september nk!

Lánasjóður íslenskra námsmanna Námsstyrkjanefnd

Til sölu

Tækifæri

Veitingarekstur – Bar í 101 Reykjavík

Til sölu góður veitingarekstur í miðborg Reykjavíkur. Um er að ræða stað á besta stað með leyfi í flokki III. Staðurinn er í góðum rekstri, vel tækjum og tólum búinn og býður upp á mikla stækkunnarmögurleika, ef vilji er fyrir hendi.

Þeir sem hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar sendi fyrirspurn á ellibra@visir.is

Fasteignir

MIÐBORG
Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk
Sími 533 4800

Veitingastaður til sölu

Glæsilegur veitingastaður í hjarta miðborgarinnar til sölu nálægt sjávarsíðunni. Um er að ræða 660 fm. leiguhúsnæði á svæði sem er í stöðugri uppbyggingu. Allar innréttingar nýjar í hólf og gólf, Öll tæki í eldhúsi eru ný, stólar, borð, bar og allur búnaður er nýr og sama má segja um flest ljós og rafmagn. Staðurinn er stór og bjartur með stórum gluggum og tekur 78 manns í sæti og getur nýst fyrir hvers konar veitingarekstur. Þá er staðurinn á fjölförnum ferðamannastað sem býður upp á aukna möguleika. Kjallari leigist með húsnæðinu sem hægt er að nýta til útleigu. Svæðið er í mikilli sókn, enda um frábæra staðsetningu að ræða. Ársvelta er í dag um 85 milljónir króna. Verð 33 mkr.
Allar nánari upplýsingar veitir Bragi Dór Hafþórsson hdl. hjá fasteignasölunni Miðborg

Fasteignir

BORGIR FASTEIGNASALA
Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033
Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

HVERAGERÐI RAÐHÚS SALA EÐA SKIPTI.

Höfum til sölu 100 fermetra raðhús / keðjuhús á einni hæð með 3 góðum svefnherbergjum. Húsið er endahús og því fylgir bílskúrsréttur. Afhending við kaupsamning. Skipti á 2-3ja herbergja íbúð í Reykjavík koma til greina. **Verð 22 milljónir**

SKIPTU VIÐ FAGMENN - ÞAÐ BORGAR SIG

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

Brekkubyggð 27, Garðabæ
- Opið hús í dag frá kl 17-18.




Falleg og vel staðsett 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á tveimur hæðum ásamt bílskúr í þessu vinsælu keðjuhúsi í Garðabænum.

Glæsilegt útsýni, laus fljótlega. Verð 26,9 millj.
Ahv. Lán frá Íbúðalánasjóði 9,6 millj.

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Námsorlof framhaldsskólakennara og stjórnenda framhaldsskóla

Umsóknir um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2011-2012 þurfa að berast mennta- og menningarmálaráðuneyti eigi síðar en **1. október næstkomandi.** Um námsorlof geta sótt framhaldsskólakennarar og stjórnendur framhaldsskóla. Einnig geta skólameistarar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

Vakin er sérstök athygli á að umsóknir um námsorlof skulu vera á rafrænu formi.

Sækja þarf um aðgang að umsóknavef ráðuneytisins, http://www.menntamalaraduneyti.is/rafraeneydublod/ Þar eru tvö eyðublöð; annað fyrir námsorlof kennara og stjórnendur framhaldsskóla og hitt fyrir umsókn skólameistara um námsorlof kennara í nafni skóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
20. ágúst 2010.
menntamálaráðuneyti.is

Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

Sólvallagata 80
101 Reykjavík
Falleg "penthouse" íbúð

Stærð: 136 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 33.220.000

RE/MAX Senter

Opið hús á mánudaginn kl 18.30 | **Verð: 0**

RE/MAX SENTER KYNNIR: Falleg og vönduð eign með góðu útsýni í snyrtilegu húsi byggt 2003. Um er að ræða glæsilega 4 herbergja þakíbúð í sérflokki. Íbúðin er einstaklega vel skipulögð og afar björt. Eik er á gólfum en flísar á forstofu og baðherbergi. Nánari lýsing: Stofan er opin og björt með útgengi út á svalir. Rúmgott eldhús með fallegri hvítlakkaðri innréttingu og steyptri borðplötu. Eldhúseyjan er með innfeldri gaseldavél, ryðfríum háfi og miklu borðplássi. Einnig er útgengi út á svalir úr eldhúsinu í gegnum lítið skrifstofu hol. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sturtu og upphengdu wc. Hjónaherbergi er rúmgott með góðu skápaplássi. Tvö barnaherbergi sem hægt er að opna á milli. Lyftan opnast beint inn á hæð í rúmgóða forstofu. Þvottahús er innan íbúðar. Með eigninni fylgir geymsla inn af sameigninni. Góðar svalir ca 40 fm. með miklu útsýni. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni í bílageymslu. Þetta er virkilega falleg og vel skipulögð íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, stutt í alla almenna þjónustu. Allar upplýsingar veita Ástþór Reynir s:8996753 arg@remax.is og Gunnar s:8622001 gunnar@remax.is

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Furugerði
108 Reykjavík
Falleg íbúð á góðum stað

Stærð: 134 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 28.900.000

RE/MAX Senter

Opið hús á mánudaginn kl 18.30 | **Verð: 34.900.000**

Glæsileg íbúð með sérinngangi og afgirtri timburverönd á vinsælum stað miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er á tveimur hæðum og er öll hin vandaðasta. Skipti á stærri eign í hverfinu kemur til greina. Skipting eignar: Neðri hæðin er 70,3 fm með 2 svefnherbergjum, baðherbergi, geymslu og vinnuholi, efri hæðin er um 63,7 fm með forstofu, gestasalerni, eldhúsi, borðstofu og stofu, en alls er eignin 134 fm lýsing: Efri hæð: Komið er inn í forstofu með fataskáp á efri hæð íbúðarinnar. Þaðan er komið inn í aðalrými sem er opið með góðri lofthæð. Stofa og borðstofa eru í aðalrými sem og eldhúsið. Eldhús er með fallegri eikar innréttingu og eyju. Öll íbúðin er hvítmáluð og mjög stílhrein, allar hurðir, parket og innréttingar eru úr eik. Öll lýsing er frá Lumex. Gestabaðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Neðri hæð: Aðalbaðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með baðkeri og flísalögðum sturtuklefa. Hjónaherbergið er með góðum fataskápum. Barnaherbergið er rúmgott með fataskápum. Gangstígur að sérinngangi er hellulagður, tvö sér bílastæði fylgja og afgirtur pallur. Þetta er virkilega falleg og vel skipulögð íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Til sölu Bílaverkstæði
220 Hafnarfjörður
Bifreiða og hjólbarðaverkstæði

Stærð: 230 fm
Fjöldi herbergja: 1
Byggingarár: 1986
Brunabótamat: 0

RE/MAX Bær

Verð: 6.000.000

Bifreiða og hjólbarðaverkstæði á besta stað í Hafnarfirði.
Nánari lýsing: Tvær bílalyftur og þrjár dekkjalyftur, dekkjavélar 3 stk jafnvægisstillingar vél, legupressa, loftpressa, migsuðuvél og ýmis allmenn verkfæri.
allar nánari upplýsingar veitir Guðbergur löggiltur fasteignasali s 893 6001 beggi@remax.is

Guðbergur
Lögg. fasteignasali
8936001
beggi@remax.is

Hverfis sportbar
110 Reykjavík
Til sölu sportbar og veitingahús

Stærð: 135 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1980
Brunabótamat: 0

RE/MAX Bær

Verð: 6.500.000

Unicef-leikföng í Máli og menningu Bókabúð Máls og menningar hefur nú tekið til sölu fjölmargar vörur úr leikfangalínu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Til þessa hafa þau einungis fengist á skrifstofu UNICEF við Laugaveg. Sala leikfanganna og annarrar gjafavöru frá UNICEF er mikilvægur liður í fjáröflun samtakanna en allur ágóði af sölunni rennur til verkefna í þágu bágstaddra barna um allan heim. Viðskiptavinir geta svo einnig verið vissir um að framleiðsluferli vörunnar sé til fyrirmyndar. „Með því að kaupa vöru frá UNICEF er svo vitaskuld verið að styðja við gott málefni og færa börnum um allan heim gleði og von," segir í fréttatilkynningu. Þess má geta að þegar nær dregur jólum verða jólakort og önnur gjafavara frá UNICEF einnig seld í versluninni.

Haustævintýri í Dólómítunum 7. - 16. október

Blómaeyjuna Mainau við vatnið Bodensee og sögulegu borgina Brixen í Suður-Tíról þekkja margir Íslendingar, svo ekki sé talað um stórkostlega náttúrufegurð Dólómítanna. Eftir flug til Frankfurt er haldið til Lindau við Bodensee þar sem gist verður í 3 nætur. Skoðum hina fallegu borg Lindau, ásamt blómaeyjunni Mainau og borginni Konstanz. Síðan er ekið suður á bóginn, til fjallabæjarins Brixen þar sem gist verður í 4 nætur. Eftir dag í Brixen er farið í stórkostlega dagsferð um Dólómítana þar sem hægt er að taka kláf upp á fjallið Pordoi, en þaðan er útsýni yfir ítölsku og austurrísku Alpana. Fyrrverandi höfuðborg Tíróls, Merano, verður sótt heim, en þar er skemmtilegur miðbær með þröngum götum og iðandi mannlífi. Síðan er ekið til miðaldaborgarinnar Nördlingen í Þýskalandi. Gistum þar í 2 nætur og gefst því tími til að skoða þessa fallegu borg áður en haldið er heim á leið.

Fararstjóri: Þórhallur Vilhjálmsson

Verð: 189.900 kr. á mann í tvíbýli. **Mikið innifalið!**

Innifalið: Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Aðeins það besta fyrir börnin!

LINDBERG barnagleraugu í skólann

3 ára ábyrgð

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

tónlist

léttir lundina ...

FJÖLSKYLDUFERÐ Haustin eru einn besti skipulagstími ársins og tilvalið að kaupa miða á menningarviðburði fyrir alla fjölskylduna nú þegar og byrja haustið með stæl.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Sigríður segist vona að tónlistaruppeldi hefjist strax innan fjölskyldunnar áður en barn kemst á leikskóla, en sjálf hlaut hún ríkulegt tónlistaruppeldi í æsku.

„Móðir mín var tónelsk og spilaði mikið á stofuorgel og píanó heima. Við systkinin lærðum flest á píanó og eldri bræður mínir áttu stórt safn hljómplatna með klassískri tónlist og djassi, sem var mikið spilað, og svo söng ég í kór. Tónlistin togaði því í mig og eftir menntaskóla tók ég inntökupróf við Tónlistarháskólann í Köln að tilstuðlan Ingólfs Guðbrandssonar, þar sem ég komst inn og sérhæfði mig í tónlistaruppeldi ungra barna," segir Sigríður sem helgaði lífsstarf sitt tónlistarnámi barna.

Hún bendir á að í aðalnámsskrá leikskólanna frá 1999 sé tónlist tiltekin sem eitt sex meginnámssviða fyrsta skólastigs barna í leikskóla.

„Þar segir skýrum stöfum að börn eigi að læra og upplifa söng, tónlist og hreyfingu, vinnu með hljóðfæri og hlustun í leikskóla. Námsskráin er til viðmiðunar skipulögðu leikskólastarfi og reyndar ekkert eftirlit með hvort tónlistaruppeldinu sé sinnt, en öruggt má telja að börnum sé það mikilvægt. Í gegnum tónlist getur maður unnið svo endalaust mikið með börnum því þeim er eiginlegt að tjá sig í söng og eru forvitin um hljóðin í umhverfi sínu. Því læra þau mikið í gegnum tónlist, auk þess sem tilfinningarnar gleði og sorg koma fram í gegnum hana. Tónlist er því stór þáttur í lífi leikskólabarna og nauðsynlegt fyrir kennara að hlusta eftir hvernig hún kemur frá börnunum og þekkja leiðir til að vinna með það áfram," segir Sigríður sem komist hefur að mörgu undrinu í tónlistartjáningu barna.

„Margt er mjög merkilegt eins og sjálfsprottni söngurinn, en það eru sömu stefin og finna má um allan heim og skrifaðar hafa verið um lærðar doktorsritgerðir. Sjálfsprottinn söngur er sterkt félagslegt afl og gjarnan notað til að stríða eða ná athygli. Þá duga ekki

Proskast með söng Sigríður segir sjálfsprottinn söng finnast alls staðar um heiminn, en með honum tjá börn tilfinningar sínar.

orðin lengur, heldur syngja börnin kannski „Na-na-na-bú-bú!" til að stríða eða monta sig. Sjálfsprottinn söng má líka sjá hjá barni sem er komið í rólu og sönglar: Ég náði í róluna – ekki þú!" Þá njóta börn sín vel með alls kyns grófa orðaleiki og sönglanda, eins og: „Alli-Palli, skítaralli", en slíkt kemur fljótt fram og reyndar eru til samfélög þar sem hinn sjálfsprottni söngur deyr ekki út eins og hjá okkur, heldur notar fólk hann allt lífið, meðan við verðum feimin við að tjá okkur á þann hátt og sjálfsprottni söngurinn víkur fyrir „réttum" söng eftir fyrirmyndum viðurkenndra sönglaga." *- þlg*

Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hiphop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

ÍTR Frístunda kortið

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is



Sindri silfurfiskur er gullfalleg barnasýning fyrir allra yngstu kynslóðina í Kúlunni.

Dagskrá fyrir litla menningarvita

Fram undan er spennandi menningarvetur fyrir alla fjölskylduna, ekki síst yngstu meðlimina. Fréttablaðið skautaði yfir nokkra barnvæna menningarviðburði vetrarins.

Horn á höfði

Barnaleiksýningin Horn á höfði var valin sú besta á síðastliðinni Grímuhátíð en hún var frumsýnd í Grindavík síðastliðinn vetur og hlaut frábærar viðtökur. Nú hefur Borgarleikhúsið tekið sýninguna upp á sína arma í samstarfi við GRAL, Grindvíska atvinnuleikara, og verður hún frumsýnd þar 18. september undir leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar. Horn á höfði er ævintýri sem fjallar um strák að nafni Björn sem vaknar einn daginn með horn á höfði og upphefst mikið ævintýri þar sem Jórunn vinkona hans hjálpar honum að komast að því af hverju honum hefur vaxið horn.

Skoppa og Skrítla á tímaflakki

Sýningin um Skoppu og Skrítlu í Borgarleikhúsinu gekk fyrir fullu húsi á síðasta leikári og þær snúa aftur eftir áramót. Tvíeykið litskrúðuga hefur notið mikilla vinsælda hjá yngri kynslóðinni en í sýningunni fá Skoppa og Skrítla óvænta gjöf frá Lúsí vinkonu sinni – púsluspil. Gunnar Helgason leikstýrir stykkinu en sýningar eru í janúar og febrúar á Litla sviðinu.

Ævintýrið um töfraflautuna, Chaplin, Nornir og töframenn

Litli tónsprotinn er tónleikaröð á vegum Sinfóníuhljómsveitarinnar sem miðast við yngstu tónlistarunnendurna og hefur notið mikilla vinsælda. Í vetur verður meðal annars flutt ævintýrið um Töfraflautuna í styttri útgáfu en allir tónleikar í röðinni eru klukkutíma langir og eru á laugardögum. Þá mun Sinfóníuhljómsveitin leika undir tveimur frábærum Chaplin-myndum sem höfða til barna, Hundalífi og Iðjuleysingjanum. Nornir og töframenn er svo yfirskrift fjölskyldutónleika þar sem tónlist Johns Williams úr Harry Potter er meðal annars leikin og Wagner dregur fram Valkyrjur sínar.



Ballið á Bessastöðum

Fjörugt barnaleikrit sem byggt er að hluta á hinum vinsælu barnabókum, Ballið á Bessastöðum og Prinsessan á Bessastöðum, eftir Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur, verður frumsýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu í lok janúar. Leikritið fjallar um forseta á Bessastöðum sem heldur í ævintýralega för með gestkomandi prinsessu en við sögu kemur einnig hrekkjóttur bakaradraugur. Bragi Valdimar Skúlason, höfundur barnaplötunnar vinsælu Gilligill, sér um tónlistina en Ágústa Skúladóttir leikstýrir.

Sindri silfurfiskur

Sýningin Sindri silfurfiskur er gullfalleg leikhúsupplifun fyrir yngstu kynslóðina sem frumsýnd var síðastliðið haust í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu. Sýningin var tilnefnd til Grímunnar og var einnig boðið á BIBU-barnaleikhúshátíðina í Svíþjóð síðasta vor. Notast er við sérstaka ljósatækni í sýningunni sem býr til ótrúlegan neðansjávarheim sem fjallar um Sindra silfurfisk og ævintýri hans. Sýningar hefjast í byrjun janúar.

Barnadagskrá í Salnum

Salurinn hefur staðið fyrir öflugri tónlistardagskrá fyrir börn síðustu vetur og er engin undantekning þar á nú. Ýmsir viðburðir eru á boðstólum og má þar meðal annars nefna sérstaka Hrekkjavökutónleika í október í tilefni hrekkjavöku. Karnival dýranna eru svo tónleikar sem Salurinn býður upp á snemma í haust og jólaballett eftir Elínu Gunlaugsdóttur verður frumfluttur af dönsurum Listdansskóla í desember. Eftir áramót má meðal annars nefna að klassískt diskótek verður haldið í febrúar.

Allir í röð. Krökkunum lagðar línurnar fyrsta daginn á göngunum í Rimaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alltaf líf og fjör í löngu

Við sumarlok má sjá halarófur af krökkum með skólatöskur á baki á ferð um allt land. Grunnskólar Reykjavíkurborgar voru settir síðastliðinn þriðjudag og kennsla hófst daginn eftir. Þúsundir barna streymdu inn í skólastofurnar þar sem kennarar lögðu þeim línurnar fyrir veturinn. Þau yngstu í fylgd með foreldrum, sem margir hverjir virtust ekki síður spenntir en krakkarnir. Fréttablaðið leit við á setningu Rimaskóla á þriðjudaginn og skaust svo í löngu frímínúturnar með krökkunum í Háteigsskóla fyrsta skóladaginn.

Löngu frímínúturnar í Háteigsskóla voru fjörugar og þessir piltar hæstánægðir með að skólinn væri að hefjast.

Fjörugir klifurkettir nýttu löngu frímínúturnar vel áður en þeir settust aftur yfir skruddurnar í Háteigsskóla.

Þessir tveir voru spenntir fyrsta skóladaginn í Rimaskóla.

Krakkarnir kíkja yfir stundatöflurnar sínar meðan foreldrarnir halda sig til hlés.

... OG NJÓTTU ÞESS VEL OG LENGI!

Við trúum á heilbrigða sál í hraustum líkama. Vel ígrunduð og góð hreyfing skiptir miklu fyrir hvorutveggja. Við lítum á líkamsrækt sem langhlaup fremur en spretthlaup. Þess vegna sköpum við henni umgjörð sem ætlað er að auka í senn líkur á úthaldi í mætingum og um leið árangur til langs tíma. Við bjóðum konum að njóta sín með okkur í þrautreyndri alhliða leikfimi, dansi, jóga og fit-pilates þar sem liðleiki, styrkur og jafnvægi er sett í öndvegi. Aðstæður í Mecca Spa tryggja þægindin, leiðbeinendur fagmennskuna og þátttakendur árangurinn og ánægjuna. Saman leggjum við grunn að heilbrigðum og gefandi lífsstíl sem getur orðið förunautur þinn alla ævi.

Vertu með
– og njóttu þess vel og lengi!

BREYTTUR OG BÆTTUR LÍFSSTÍLL MEÐ BERGLINDI OG FJÓLU

Ásamt FIT-Pilates fjölbreytni.
Námskeiðið hefst 1. sept.
Skráning hafin.
e.berglind@simnet.is
eða í 891 6901

SUÐRÆN SVEIFLA MEÐ BIRGITTU

Námskeiðið hefst 8. sept.
Skráning hafin.
www.ibirgitt@mi.is
eða í 899 8669

JÓGA MEÐ THEU

Námskeiðið hefst 14. sept.
Skráning hafin.
www.dansogjoga.is
eða í 898 4942

Í GOTT FORM MEÐ SÓLEY

Námskeið hefst 6. sept.
Skráning hafin.
www.studiosoleyjar.is
eða 822 7772

FIT-PILATES MEÐ LOVÍSU

6. vikna námskeið hefst 7. sept.
Skráning hafin.
www.studiosoleyjar.is
eða 892 1598

MECCA-SPA HEILSURÆKT | NÝBÍLAVEGI 24 | KÓPAVOGI | SÍMI 511 2111 | www.meccaspa.is

MECCA-SPA

GAGN & GAMAN

Krakkar mega klifra Fjölskylduleiðsögn verður í Ásmundarsafni á morgun klukkan tvö um sýninguna Ég kýs blómlegar konur og endurgerð af vinnustofu Ásmundar Sveinssonar. Klara Þórhallsdóttir, myndlistarmaður og kennari, leiðir gesti um sýninguna. Ásmundarsafn er mjög skemmtilegt til heimsóknar fyrir börn. Þar er nefnilega löng hefð fyrir því að leyfa krökkum að klifra í styttum Ásmundar, hann leyfði það sjálfur meðan hann lifði. Það gildir aðeins ein regla: Ef styttan er hvít og minni en mannshæð þá má ekki klifra í henni en annars er velkomið að skoða þær og kanna frá hinum ýmsu sjónarhornum. Safnið er opið alla daga frá tíu til fjögur.

Skyr með berjum Berjatíminn er í hámarki um þessar mundir. Þá er um að gera að nota hugmyndaflugið og reiða ber á borð fyrir börn og fullorðna með sem fjölbreytilegustum hætti. Skyr með bláberjum og rjómablandi er klassískur og góður réttur. En svo er til dæmis hægt að gera góðan hafragraut enn betri með því að bæta út í hann berjum þegar hann er soðinn, þar er til dæmis hægt að nýta rifsber úr garðinum.

Fíasól snýr aftur Leiksýningin vinsæla um Fíusól sem sýnd var í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu verður tekin upp á nýjan leik um næstu helgi. Fíasól skemmti leikhúsgestum síðasta vetur fimmtíu sinnum og hlaut afbragðsdóma.

Vilt þú fá meira út úr lífinu?

Kannast þú við eftirfarandi?

- Enginn tími fyrir hreyfingu og hollan mat
- Borða „ekki neitt" en fitna samt
- Niðurrif og neikvæða hugsun
- Verki í baki, vöðvum eða liðum
- Svefnleysi, slen og streitu
- Átak án varanlegs árangurs

Heilsuborg er með lausnina fyrir þá sem vilja læra að lifa heilbrigðu lífi!

Heilbrigt líf – Heilsulausn 1

Námskeið fyrir hraust fólk sem vill tileinka sér heilbrigt líf.
Hefst 30. ágúst – 4 vikur.
Má, mi og fö kl. 07.30 eða 17.30.
Verð 29.900 kr.
Verð á námsk. + árskorti kr. 5.930 pr. mán í eitt ár.

Betra líf – Heilsulausn 2

Námskeið fyrir þá sem glíma við mein í stoðkerfi s.s. bakverki, álagsmeiðsli, vöðvabólgur eða afleiðingar slysa.
Hefst 30. ágúst – 8 vikur.
Má, mi og fö kl. 8.30 eða 16.30.
Verð á námsk. + árskorti **8.360 kr.** pr. mán í eitt ár.

Léttara líf – Heilsulausn 3

Námskeið fyrir fólk sem glímir við lífsstílstengda sjúkdóma s.s. offitu, sykursýki og/eða hjartasjúkdóma.
Hefst 30. ágúst – 12 vikur.
Má, mi og fö, kl. 10.00, 14.00 eða 18.30 (uppselt, biðlisti).
Verð á námsk. + árskorti **11.900 kr.** pr. mán í eitt ár.

Morgunhanar
6. sept – 4 vikur.
Mán, mið og fös, kl. 6.20.
Verð 13.900 kr.

Yoga
Ingibjörg Stefánsdóttir
6. sept.
Mán og mið, kl. 12.05
Verð 14.900 kr.

60 ára og eldri
6. sept – 4 vikur.
Mán, mið, kl. 11.00.
Verð 9.900 kr.

Bakleikfimi – Breiðu bökin
Harpa Helgadóttir, sjúkraþjálfari.
7. sept – haustönn.
Þri og fim, kl. 12.05, 16.20 eða 17.20.

Hraðlest í hádeginu
6. sept – 4 vikur – kl. 12.10.
Byrjendur þri og fim.
Verð 10.900 kr.
Framhald mán, mið og fös.
Verð 13.900 kr.

HAM betra sjálfsmat
Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur
Margrét Hauksdóttir, sálfræðingur.
Miðvikud., kl 17.00-19.00.
Verð 34.500 kr.

HAM offita
Áhersla á hugsun, hegðun og líðan tengdri ofþyngd.
Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur,
Valgerður Margrét Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur.
12. ágúst, þri eða fim,
kl. 17.00-19.00
Verð 34.500 kr.

Heilsumat og ráðgjöf
Veistu ekki hvað hentar þér? Fáðu mat og ráðgjöf um þína heilsu.
a) Mæling í líkamsgreiningartæki
b) Mat og ráðgjöf sjúkraþjálfara
c) Mat og ráðgjöf læknis

Ýmis þjónusta í Heilsuborg Faxafeni
- Nudd: Tóta (Þórhildur Guðmundsdóttir)
- Útibú frá Sjúkraþjálfun Íslands
- Dásemd, fótaaðgerðastofa
- Næringarsetrið

Árskort í líkamsrækt aðeins 3.900 kr. pr mán.

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Meðal samstarfsaðila Heilsuborgar eru:

Skautafélag Reykjavíkur · Listhlaupadeild ·

Listhlaupadeild Skautafélags Reykjavíkur

Skautaskóli fyrir börn og unglinga hefst í skautahöllinni í Laugardal sunnudaginn 5. September.
Skráning er hafin og fer fram á heimasíðu félagsins skautafelag.is

Nú er kátt í höllinni

Munið Frístundakortið.

EFTIR SKÓLA.

Fótbolti, handbolti, dans, fimleikar... Nú hefjast tómstundirnar aftur af fullum krafti og því er um að gera að vera rétt útbúin(n). Við erum með stútfullar búðir af nýjum haustvörum. Verið velkomin!

ÍÞRÓTTABUXUR
4.990
(fullt verð 5.990)

NIKE STYLE ESS NYLON PANT
Netfóðraðar íþróttabuxur. Litir: Svartar, bláar. Barnastærðir.

ADIDAS KIDS LOGO FULLZIP HOODY / ESS 3S SWEAT PANTS
Rennd hettupeysa. Litir: Blá, svört. Barnastærðir.
Íþróttabuxur. Litir: Gráar, svartar. Barnastærðir.

PRO TOUCH FUNC TEE JR / MESH SHORTS JR
Stuttermabolur. Litir: Svartur, hvítur, rauður, blár.
Stuttbuxur. Litir: Svartar, hvítar, rauðar, bláar. Barnastærðir.

NIKE ESS PLUS SS TEE
Stuttermabolur úr 100% bómull.
Litir: Blár, grár, svartur.

ADIDAS ORACLE K
Slitsterkir götuskór úr leðri. Barnastærðir.

CRAZY CREEK 3-DEL LEISURE JR
Hlífar fyrir úlnlið, olnboga og hné. Barnastærðir.

CRAZY CREEK MANIAC RIDERS & COIN
Hjólabretti fyrir byrjendur með hjólafestingum úr áli og 50 mm hjólum.

NIKE KIDS REVERSIBLE KNIT BEANIE
Barnahúfa með flísfóðri.
Litir: Blá, græn, bleik.

NIKE FUNDAMENTALS BACKPACK
Skólataska. Litir: Svört, blá, bleik.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDUM SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 **SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

Dínamít notað í náttúruvernd

Árið 1970 markar í hugum margra þáttaskil í umhverfismálum hér á landi. Þá sprengdu Þingeyingar Miðkvíslarstíflu við Mývatn og mótmæltu á táknrænan hátt þeim áformum að eyðileggja Laxá og Laxárdal með gerð Gljúfurversvirkjunar. *Svavar Hávarðsson* gluggaði í nýútkomna bók sagnfræðingsins **Unnar Birnu Karlsdóttur** og ræddi við sprengjumenn.

Þegar komið var fram undir 1970 vantaði nokkuð upp á að rafvæðingu landsins væri lokið. Því var talið brýnt að virkja meira til að mæta sívaxandi orkuþörf heimila og atvinnulífs. Orkuskortur var vandamál en á sama tíma næg tækifæri til að bæta þar um. Aðeins brotabrot þeirrar nýtanlegu vatnsorku sem fyrir var í landinu var þá nýtt. Þeir sem fjölluðu um orkumál og virkjanir á sjöunda áratugnum töldu næsta skref vera að reisa stórar virkjanir, enda var nýr útflutningsiðnaður þá að fæðast og þörfin rík. Búrfellsvirkjun var tekin í gagnið árið 1970 og álverið í Straumsvík hóf rekstur sama ár. Þetta var andi tímans; böndum skyldi komið á fallvötnin og byrja átti þar sem hagfelldast þótti að vinna ódýrt rafmagn.

Árið 1970 var tilnefnt náttúruverndarár fyrir tilstilli Evrópuráðsins. Þetta var í anda vakningar erlendis um náttúruvernd. Þessir straumar skiluðu sér hingað og umræða kviknaði um náttúru- og umhverfisvernd. Laxárdeilan svokallaða er birtingarmynd þessa, en þess er nú minnst að fjörutíu ár eru liðin síðan heimamenn nyrðra fengu sig fullsadda og gripu til örþrifaráða til að vekja athygli á málstað sínum: Að bjarga einni mestu náttúruperlu þessa lands frá eyðileggingu með byggingu stíflu og uppistöðulóns í Laxá í Laxárdal.

Stórkarlaleg áform

Sprenging Miðkvíslarstíflu í Mývatnssveit 25. ágúst 1970 er táknrænn atburður fyrir baráttu fólksins í Þingeyjarsýslu fyrir framtíð sinni og lífsgæðum. Hún markar jafnframt tímamót í náttúruvernd á Íslandi. Á sjöunda áratugnum voru sett fram áform um að virkja Laxá með stíflu og uppistöðulóni í Laxárdal. Þegar litið er til baka eru þessi áform svo stórkarlaleg að undrum sætir og afstaða heimamanna skiljanleg.

Gljúfurversvirkjun, eins og hún nefndist, átti að leysa aðkallandi orkuþörf fjórðungsins, og jafnvel um allt Norður- og Austurland. Stóð til, í fjórum áföngum framkvæmda, að reisa 57 metra háa stíflu efst í gljúfrunum við Brúar, rétt ofan við Laxárvirkjun. Lónið hefði náð lengra en fram í miðjan Laxárdal og gert allar jarðir þar óbyggilegar enda myndu jarðir og hús bænda fara á kaf í lónið. Einnig var gert ráð fyrir fimmta áfanga, Suðurárveitu, samkvæmt áætlun Orkustofnunar. Þá yrði stíflan hækkuð enn og lónið stækkað með því að veita Suðurá í Svartárvatn og Svartá þaðan í Kráká sem fellur í Laxá rétt neðan við Mývatn. Í heild gerði þessi áætlun ráð fyrir því að Laxá og fyrrnefnd fallvötn auk Skjálfandafljóts yrðu nýtt í þremur virkjunum; Laxárvirkjun neðri við Brúar, Laxárvirkjun efri nýtti vatn frá Mývatni niður í Laxárdal og Krákárvirkjun, sem yrði neðanjarðar suður af bænum Gautlöndum, myndi nýta vatn úr stóru uppistöðulóni norðvestur af Sellandafjalli. Skjálfandafljóti yrði veitt með skurði í Svartárvatn og þaðan um Suðurárveitu í Kráká og áfram í Laxá. Í stuttu máli: Til stóð að gjörbylta vatnavegum og landslagi að því marki að óþekkjanlegt yrði þeim sem þarna hafa komið.

Rök með og á móti

Kjarni málsins er kannski hvað heimamenn og virkjunarmenn litu málið ólíkum augum. Framkvæmdaaðilinn, Laxárvirkjun, sem var í eigu Akureyrarbæjar og ríkisins, svaraði andstöðu gegn Gljúfurversvirkjun með rökum um hagkvæmni og samfélagslegan og efnahagslegan ávinning af virkjuninni. Stjórn fyrirtækisins kvaðst telja vafasamt að nokkur hliðstæð framkvæmd gæfi eins ódýra orku og menn hefðu einfaldlega ekki efni á því að nýta ekki slíkan virkjunarkost. Bæði í ræðu og riti kom fram að það væri glórulaust að láta fuglalíf eða fisk á sundi setja slíka framkvæmd í uppnám.

Heimamenn, Héraðsnefnd Þingeyinga og síðan félag landeiganda við Laxá og Mývatn, sem voru formlegir aðilar að deilunni, beittu á hinn bóginn fyrir sig náttúruverndarrökum: „Laxá og Mývatn eru ómetanleg náttúruundur á margan hátt, sakir sérstöðu sinnar, fegurðar, fugla- og dýralífs, bæði á innlendum og erlendum mælikvarða séð, enda eftirsótt af náttúrufræðingum, sportveiðimönnum og náttúruunnendum um allan heim“, skrifaði einn helsti forystumaðurinn í baráttunni gegn virkjun, Hermóður Guðmundsson í Árnesi. Þessu til viðbótar rákust virkjunaráformin harkalega á við hagsmuni bænda við Laxá.

Áralöng málaferli

Laxárdeilan var inni á borði dómstóla árum saman og rétt að vísa á bók lögfræðingsins Sigurðar Gizurarsonar sem skýrir þá atburðarás í þaula. Alþingi fjallaði einnig um málið frá ýmsum hliðum sem endaði með lagasetningu. Af sprengjumönnum er það að frétta að réttarhöld stóðu vikum saman. Ekki er nákvæmlega vitað hve margir voru við Miðkvísl en 65 voru ákærðir fyrir spellvirki sem valdið hefði almannahættu. Í þann hóp vantar marga og undir yfirlýsingu, þar sem menn lýstu verkinu á hendur sér, rituðu 88. Þar að auki skrifuðu 113 undir yfirlýsingu þess efnis að þeir hefðu veitt liðsinni sitt í orði eða verki. Aldrei var upplýst hverjir hefðu verið forsprakkar við stíflurofið, stýrt dráttarvélum eða beitt sprengiefni. Á neðra dómsstigi þótti rétt, með skírskotun til málsatvika, að refsing yrði látin niður falla en í Hæstarétti hljóðaði dómurinn upp á skilorðsbundna sekt.

Fullnaðarsigur

Laxárdeilan stóð frá 1969 til 1973 og snerist um hvort varðveita skyldi Mývatns- og Laxársvæðið eða eyða því í núverandi mynd í þágu raforkuframleiðslu. Framkvæmdaaðilar létu að lokum í minni pokann, fallið var frá áformum um Gljúfurversvirkjun og Alþingi setti 1974 lög um verndun Laxár og Mývatns. Nú er viðurkennt og sannað með rannsóknum að lífríki svæðisins er einstætt á heimsvísu og er nú undir ákvæðum Ramsar-sáttmálans um alþjóðlega vernd votlendis.



SÉÐ NIÐUR LAXÁRDAL Þessi ljósmynd er tekin fyrir miðjum Laxárdal eða þaðan sem efri mörk uppistöðulónsins hefðu verið ef fyrirætlanir um Gljúfurversvirkjun hefðu náð fram að ganga. Myndin sýnir þó aðeins hluta þess svæðis sem hefði farið undir vatn. Hér sést ekki hólma- og flúðasvæðið næst Laxárvirkjun sem er rómað fyrir fegurð. Stíflan við Laxárvirkjun átti að vera 57 metra há miðað við fyrstu fjóra áfanga framkvæmdarinnar. Hefði komið til fimmta áfanga hefði stíflan orðið hærri og enn meira landi í dalnum verið sökkt. Bæirnir sem hér eru merktir inn á myndina voru allir í byggð árið 1970. Búseta í Laxárdal hefði lagst af með öllu ef framkvæmdir hefðu náð fram að ganga. MYND/VIGFÚS HALLGRÍMSSON

VIÐ MIÐKVÍSL 25. ÁGÚST 1970 Miðkvísl er ein þriggja kvísla Laxár þar sem áin fellur úr Mývatni. Stíflan var rétt neðan við útfallið. Ekki er vitað hversu margir komu saman þetta kvöld við ána, en 65 voru kærðir fyrir spellvirki. Að sögn fólksins var ákvörðunin um að sprengja stífluna tekin með litlum fyrirvara eftir jarðarför á Skútustöðum í Mývatnssveit. Öll ummerki um stífluna eru nú horfin, líka silungastigi sem sprengjumenn létu vera. MYND/SR. ÖRN FRIÐRIKSSON

■ FYRSTI SIGUR NÁTTÚRUVERNDAR Á ÍSLANDI - Unnur Birna Karlsdóttir, sagnfræðingur

„Eftir að hafa rannsakað sögu viðhorfa til náttúru og virkjana síðastliðin rúm hundrað ár þá get ég fyllilega tekið undir það að Laxárdeilan markaði þáttaskil í sögu og stöðu náttúruverndar hér á landi, enda var þetta í fyrsta sinn sem virkjunaráform mættu almennri og harðri mótstöðu hér á landi. Hún var þó enginn endapunktur í sögu átaka milli náttúruverndarsjónarmiða og orkuöflunar eins og þær virkjanadeilur sem stóðu eftir að Laxárdeilan var leidd til lykta eru til vitnis um. Laxárdeilan, það er arfleifð hennar í íslensku hugarfari, vegur hins vegar enn þungt því hún stendur upp úr í sögunni sem fyrsti sigur náttúruverndar gegn virkjunarstefnu stjórnvalda. Þau tímamót sem urðu í náttúruvernd hér á landi vegna baráttunnar gegn Gljúfurversvirkjun í Laxá fólust í mörgu: Í fyrsta lagi voru stjórnmálamenn og virkjunaraðilar í fyrsta sinn krafðir um að taka ætti tillit til náttúruverndarsjónarmiða við gerð virkjunaráforma á Íslandi. Laxárdeilan skólaði þannig stjórnvöld og orkumálageirann aðeins til því menn gerðu sér grein fyrir því að ekki yrði lengur hægt að virkja hvar sem væri mótstöðulaust. Í öðru lagi vakti hún íslenskan almenning til meðvitundar um náttúruvernd og sýndi hverju mætti áorka í hennar þágu með samtakamætti. Í þriðja lagi leiddi Laxárdeilan til þess að í fyrsta sinn var virkjunartilhögun sniðin að kröfum um náttúruvernd. Gerð var rennslisvirkjun til að valda sem minnstum náttúruspjöllum í stað þess að sökkva stórum hluta Laxárdals eins og upphaflega hafði staðið til. Í fjórða lagi var fallist á kröfu andstæðinga Laxárvirkjunar um að sett yrðu lög sem kveða á um verndun Laxár frá upptökum til ósa og um vernd Mývatns-Laxársvæðisins. Þessi lög tryggðu þannig vernd þessa svæðis gegn frekari virkjunaráætlunum og mörkuðu kaflaskil í sögu náttúruverndar því þau knúðu á um að horft væri á vatnsföll og landsvæði sem vistræna heild. Barátta gegn virkjun leiddi þannig til náttúruverndar í tilviki Laxárdeilunnar.“

■ HEF ENGAN MANN HITT, SEM IÐRAST - Ásmundur Jónsson, bóndi á Hofstöðum

„Svo var komið að það var vonlaust að ná samkomulagi við Laxárvirkjun“, segir Ásmundur Jónsson, bóndi á Hofstöðum, sem var við Miðkvísl kvöldið góða. „Þá tóku þeir þá ákvörðun að fjarlægja þessa stíflu.“

„Það rann mikið vatn um útfallið áður en eftir að stíflan var byggð voru þetta bara smá lænur. Það var silungastigi þarna sem kom ekki að notum fyrir vatnsleysi. Silungurinn gat þess vegna ekki gengið þarna eins og hann átti rétt á.“

Ásmundur segir að ákvörðunin um að fjarlægja stífluna hafi verið tekin með stuttum fyrirvara. „Það var búið að ræða þetta eitthvað. Svo slitnaði upp úr. Þetta var á laugardegi og margt fólk við jarðarför á Skútustöðum. Þar var gengið á milli manna og sagt frá því að meiningin væri að koma saman við Miðkvísl. Svo var boðum komið til þeirra sem vitað var að myndu styðja þetta. Um kvöldið komu menn með skóflur, haka og járnkarla og byrjuðu að grafa. Svo kom í ljós að það var steyptur kjarni inni í garðinum. Þá voru góð ráð dýr. Það var vitað um gamalt sprengiefni þarna á staðnum frá því hún var byggð og það var sótt. Hvellhetturnar voru til hjá okkur því þær voru notaðar við að sprengja upp minkagreni. Svo var sprengt þegar búið var að moka frá með dráttarvélum að neðan. Þetta gaf sig og áin hljóp fram.“

Ásmundur segir minninguna ljúfa. „Menn gengu að þessu með mikilli ánægju og andinn var góður. Hann ríkir enn með þessu fólki. Menn eru stoltir af þessum degi og ég hef ekki enn þá hitt neinn sem iðrast.“



VIÐ ÚTFALL MÝRARKVÍSLAR Ásmundur stendur hér á þeim stað sem stíflan var. Áin fellur frjáls fram eins og hann orðar það og ummerki um rask af mannavöldum eru sáralítil

Sjónarhóll er ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir

BAKHJARLAR SJÓNARHÓLS

actavis · VÍFILFELL · Landsbankinn · Hringurinn Barnaspítali

VIÐ

- á Sjónarhóli höfum hagsmuni fjölskyldna barna með sérþarfir að leiðarljósi í starfi okkar.
- veitum foreldramiðaða ráðgjafarþjónustu þar sem þarfir fjölskyldna eru í brennidepli.
- leggjum áherslu á að þjónustan sé aðgengileg og er ráðgjöf og stuðningur á vegum Sjónarhóls veitt endurgjaldslaust.
- höfum heildarsýn yfir málefni barna með sérþarfir.
- leitumst við að tengja þjónustuúrræði með þarfir fjölskyldunnar að leiðarljósi.
- stuðlum að aukinni þekkingu í þjóðfélaginu á hinum ýmsu sérþörfum og leiðbeinum fjölskyldum um réttindi og þjónustu.
- erum með heimasíðu www.sjonarholl.net

Sjónar Hóll

ÞAU

- eru börn foreldra sinna, óháð aldri, sem þurfa sérstaka aðstoð til lengri eða skemmri tíma.
- geta notið góðs af stuðningi Sjónarhóls við fjölskyldur þeirra.
- eiga rétt á að njóta allrar nauðsynlegrar aðstoðar til að lifa virku lífi.
- skipta okkur mestu máli og verðmætustu stundirnar eru þær sem við deilum með þeim.

ÞIÐ

- getið fengið viðtöl við ráðgjafa með sérþekkingu á málefnum fjölskyldna barna með sérþarfir.
- getið óskað eftir ráðgjöf með því að hringja í síma 535-1900 eða með því að senda tölvupóst á sjonarholl@sjonarholl.net
- gætuð haft þörf fyrir og átt rétt á aðstoð sem ykkur er ókunnugt um.
- eruð hvorki fyrst né ein um að finna til vanmáttar gagnvart öllu því sem fylgir því að annast börn með sérþarfir.
- eigið rétt á þjónustu Sjónarhóls óháð því hvar á landinu þið búið.

Við þökkum eftirtöldum aðilum stuðninginn

Arion banki · Elding adventure at sea · Gæða Stofnað 1968 · Húsið Fasteignasala · icepharma Bætt líðan - Betra líf · init · Orkuveita Reykjavíkur

Karlar og krabbamein stuðningsaðili 2010 · Lýðheilsustöð www.lydheilsustod.is · Mannvit · Mjólkursamsalan · nosta · Þorbjörn Hafnargötu 12 · 240 Grindavík · TENGI

PricewaterhouseCoopers · Smíðaverk ehf Íslensk smíðaverks snilli · Íslensk grafík · SORPA Flokkum og skilum · vistor · Vélar & Verkfæri · VALITOR VISA

BYR
7.is ehf., Suðurlandsbraut 30
Aldan - stéttarfélag
Allianz á Íslandi hf
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkform, T.G.M. ráðgjöf
ÁÁ verktakar ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf
BabySam á Íslandi
Bandalag háskólamanna
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílamálunin Varmi ehf
Bílaþvottastöðin Löður ehf
Blikkrás ehf
Bókabúðin Eskja
Búaðföng, Hvolsvelli
Byggingafélagið Klakkur ehf
Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf
Curron ehf
Debenhams á Íslandi ehf
dk hugbúnaður ehf.
DMM Lausnir ehf
Ehf, Álmskógum 1
Eldhestar ehf
ELO ehf
Endurvinnslan hf
Ernst & Young hf
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Ferskfiskur ehf
Félag bókagerðamanna
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Fiskmarkaðurinn veitingahús
Fitjavík ehf
Fjarðaþrif ehf
Fjörukráin - Hótel Víking
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Fraktflutningar ehf
G.M. Byggir ehf
Garðyrkjustöðin Gróandi
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Gistiheimilið Lónsá
Gjögur hf
Glæðir, blómaburður
Grindavíkurbær
Grímsnes ehf
Grímsneshreppur og Grafningshreppur
Gróðrarstöðin Réttarhóll
GT Tækni ehf
Gæðaflutningar ehf
Happi hf
Háfell ehf
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
HM Bókhald ehf
Hornabrauð ehf
Hrunaprestakall
Húnavatnshreppur
Húsafl sf
Húsalagnir ehf
Hörðuból ehf
Ice Consult ehf
Iceland Congress
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Íslandsbanki hf - útibú 0528
Íslandsspil sf
Íslensk erfðagreining
Íslenska félagið ehf
Íslenskir fjárfestar hf
Íþróttafélagið Fylkir
Jakob Valgeir ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kemis ehf
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf
Kjarnafæði hf
Kjósarhreppur s
Klausturkaffi ehf
Knattspyrnusamband Íslands
Kópavogsbær
Kristján F. Oddsson ehf
Kríunes ehf
Kvenfélag Lágafellssóknar
Kvenfélag Svínavatnshrepps
Lagnalagerinn ehf
Landsnet hf
Langanesbyggð
LEE rafverktakar ehf
Líkamsræktin Bjarg ehf
Loðnuvinnslan hf
Loftstokkahreinsun.is
Lögmannafélag Íslands
Marás ehf
Málarameistarinn ehf
Menntaskólinn að Laugarvatni
Miklatorg hf - IKEA
Mosfellsbær
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf
Nes hf., skiptafélag
Norðurpóll ehf
Nýmót ehf
Oddgeir Gylfason, tannlæknir
Ós ehf
Pallaleigan ehf
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf
Pétursey ehf
Rafstilling ehf
Rafsvið sf
Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda
Renniverkstæði Jens Tómassonar
Rörlagningamaðurinn ehf
S. G. Hús hf
Samkaup hf
Seyðisfjarðarkaupstaður
Sigurbjörn ehf, útgerð
Sigurborg ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Silfursmári ehf
Síldarvinnslan hf, útgerð
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjóvík ehf
Sjúkraþjálfun Önnu Katrínar ehf
Skinney - Þinganes hf
Skipting ehf
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skógræktarfélag Borgarfjarðar
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
Smurstöðin ehf
Snurfus slf almennar bílaviðgerðir
Snælandsskóli
Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Sólark-Arkitektar
Sprettur Marimo ehf
Spýtan ehf
Starfsmannafélag Suðurnesja
Suðurflug ehf
Súðavíkurhreppur
Svalbarðsstrandarhreppur
Sveinsbakarí
Sæbjörg ehf
Söluturninn Smári
T. ark Teiknistofan ehf
Tannlæknast Einars Magnúss ehf
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf
Tannréttingar sf
Tannþing ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Umbúðamiðlun efh
Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli
V.P.vélaverkstæði ehf
V.R.
Vegamót, þjónustumiðstöð
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingastaðurinn Menam
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkís hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunartækni ehf
Verslunin 10 - 11
Verslunin Fríða frænka
Vesturbyggð
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vélvirkinn sf
Vignir G. Jónsson hf
Vífilfell hf
Víkurbúðin ehf
Wurth á Íslandi ehf
www.ibudagisting.is
Ystiklettur ehf
ZikZak kvikmyndir ehf
Þingeyjarsveit
Þórtak ehf
Þrif og þjónusta ehf

www.sjonarholl.net

Hönnun: AgustGudbjornsson.com

DREYMIR UM SÝNDARVERULEIKA Birna Arnbjörnsdóttir segir rausnarlegt af fólki að leyfa aðgang að hugverkum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nafn Vigdísar hefur mikil áhrif

Íslenskukennsluvefurinn Icelandic Online var opnaður árið 2004. Hann hefur vakið athygli víða og notendur hans eru nú um sextán þúsund sem dreifast um heiminn allt frá Bangladesh til Rúmeníu og Ungverjalands. *Marta María Friðriksdóttir* hitti **Birnu Arnbjörnsdóttur** prófessor og verkefnastjóra vefsins sem sagði henni frá tilurð vefsins, jákvæðni fólks og nýjum verkefnum.

Íslenskukennsluvefurinn Icelandic Online, www.icelandic.hi.is, var opnaður árið 2004 en vinna við hann hófst árið 2000. Aðgangur að honum hefur alla tíð verið ókeypis. Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands og verkefnastjóri Icelandic Online segir síðuna vinsæla um allan heim en hún hefur hingað til verið hugsuð fyrir háskólastúdenta. Það mun þó breytast í september.

„Námskeiðið hefur gjörbreytt möguleikum fólks, sérstaklega erlendis, til að læra íslensku. Það eru ótrúlega margir úti um allan heim sem vilja læra íslensku og við erum núna með sextán þúsund skráða notendur," segir Birna en um tuttugu þúsund sækja síðuna í hverjum mánuði „Það er rosalega mikið notað miðað við að íslenska er ekki útbreitt mál."

Mörg hundruð til Íslands

Notendur vefsins eru að stórum hluta frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi en dreifast þó víða um heim. Birna segir að um fjórðungur notenda vefsins sé á Íslandi. „Einhverjir þeirra eru okkar stúdentar en hér koma líka mörg hundruð manns á hverju sumri að læra íslensku og núna er þess krafist að þeir fari í gegnum vefinn áður en þeir koma. Þetta þýðir að þeir vita meira, kunna meiri íslensku og eru áhugasamari."

Icelandic Online er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og fleiri aðila. Birna segir nafn Vigdísar hafa hjálpað gríðarlega í kynningu vefsins víða um heim. „Þegar fólk sér nafnið Vigdís Finnbogadóttir er búið að tengja þetta við eitthvað jákvætt sem fólk ber virðingu fyrir. Auðvitað líka vegna þess að það tengist Háskóla Íslands," útskýrir Birna sem segir Háskólann hafa skuldbundið sig til að halda síðunni við.

Áhugamaður um miðla og netið

Hvernig kviknaði hugmyndin að verkefninu? „Já, hvernig kviknaði þetta. Ég kom hingað heim eftir að ég var búin að kenna annarsmálsfræði lengi í Bandaríkjunum en á sama tíma var Matthías Viðar Sæmundsson, dósent í íslenskum bókmenntum, mikill áhugamaður um miðla og netið," segir Birna en Matthías keyrði þetta áfram til að byrja með. „Svo hefur Úlfar Bragason, prófessor hjá Árnastofnun, verið prímus mótor í gegnum tíðina. Auk þess kemur fjöldi fólks að verkinu; kennslufræðingar, tæknifólk og hönnuðir." Kolbrún Friðriksdóttir hefur verið ritstjóri háskólaefnisins frá upphafi. Vefurinn er aðallega kostaður með erlendum styrkjum og af Háskólanum en Rannís hefur líka styrkt þróunina ásamt Hugvísindastofnun Háskólans.

Icelandic Online fékk á síðasta ári tvo styrki frá Nordplus Sprog til að stækka við sig og mun hinn 7. september næstkomandi opna Icelandic Online þrjú og fjögur og Icelandic Online fyrir innflytjendur. Nú þegar er Icelandic Online eitt og tvö til.

Íslenska fyrir innflytjendur

„Á ráðstefnum hér heima og erlendis höfum við mjög oft verið spurð að því af hverju við værum ekki með vef fyrir innflytjendur. Ástæðan er einfaldlega sú að þetta er á Háskólans vegum og fyrir nemendur hans og það hefur ekki verið áhugi hérlendis til að veita okkur styrki til að setja saman námskeið fyrir innflytjendur."

Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs, hafði samband við Birnu á síðasta ári og viðraði þá hugmynd að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur tækju sig saman og þróuðu vefnámskeið fyrir innflytjendur. Þau fengu til liðs við sig Ingibjörgu Hafstað hjá Fjölmenningu ehf. en Halldóra Þorláksdóttir er ritstjóri.

Innflytjendahluti Icelandic Online verður miðaður við samskipti innflytjenda við Íslendinga. „Innflytjendaíslenskan er fyrir innflytjendur, þá sem búa hér á landi. Það er allt annað í gangi þegar verið er að kenna innflytjendum heldur en háskólanemendum. Þarfirnar eru allt aðrar."

Nemendur skiptast á skoðunum

Birna segir að stig eitt upp í fjögur af vefnum séu miðuð við þarfir háskólanemenda. „Þar er hraðar lagt inn, annað efni og gert ráð fyrir því að nemendur hugsi svolítið um málfræði. Þeir sem læra íslensku kunna nokkur tungumál fyrir annars læra þeir oftast ekki íslensku." Stig fjögur er lokastigið sem sett verður upp. „Fjögur endar í miklum spjallrásum þar sem eru undirþemu og það er hægt að tala um tónlist, kvikmyndir og glæpasögur á íslensku. Hugmyndin er að við kennum nemendum að skiptast á skoðunum."

Aðstandendur vefsins eru að mestu leyti hættir að búa til námsefni sjálfir á stigi þrjú og fjögur að sögn Birnu. Fyrstu tvö stigin voru hins vegar að mestu leyti hönnuð af þeim sjálfum. „Fólk er alveg ótrúlega jákvætt og elskulegt að leyfa okkur að nota efnið sitt. Við höfum aldrei fengið neitun, aldrei," segir Birna og telur upp nokkra aðila sem þau hafa verið í samstarfi við: „Við erum til dæmis í samvinnu við tónlistarvefinn www.rjominn.is. Ritstjórinn Egill Harðarson er búinn að vera mjög hjálplegur en við erum að nota umsagnir þeirra um plötur og diska og byggjum upp kennsluna út frá því. Svo hafði ég samband við Guðnýju Halldórsdóttur og Halldór Þorgeirsson sem eru með Umba og fékk leyfi til að nota búta úr kvikmyndinni Karlakórinn Hekla. Þetta eru hugverk þessa fólks þannig að þetta er mjög rausnarlegt."

Myndbönd eru á nýju hlutunum eins og þeim eldri og fólk hefur tekið vel í að leika hlutverk í þeim. „Við vorum svo heppin að fá Þórunni Hafstað kvikmyndagerðarmann til samstarfs við okkkur. Við fórum til dæmis í Heilsugæsluna úti á Nesi og þar var fólk boðið og búið að hjálpa okkur. Þetta er búið að vera alveg ómetanlegt," segir Birna brosandi og heldur áfram: „Menntamálaráðherra sem er sérfræðingur í glæpasögum tók vel í að tala um þær á vefnum. Frú Vigdís var með og prófessorar hér hafa setið og hannað fyrir okkur efni. Þetta er rosalega skemmtilegt."

Sýndar-Reykjavík

En hvað tekur nú við, eftir opnun nýju síðanna? „Okkar draumur hefur alltaf verið að setja upp sýndarveruleika til að kenna tungumál. Næsta verkefni er samvinna við Háskólann í Reykjavík um Virtual Reykjavík ef við fáum fjármagn til þess. Þá búum við til sýndarheim eins og í tölvuleik sem nemandinn er sendur inn í. Hann lendir til dæmis á Lækjartorgi og á að nota íslensku til að komast á áfangastað."

JÁKVÆÐNI Í GARÐ EINSTAKS TUNGUMÁLAVEFS

Birna segir að í upphafi hafi fólk spurt aðstandendur Icelandic Online um það hvað væri svipað vefnum erlendis. Svar þeirra var á þá leið að ekkert væri eins. „Og tíu árum seinna þá er ekkert til enn þá. Það er fullt af tungumálavefjum í heiminum en enginn eins og þessi. Þeir sem eru í þessu yfirleitt er tæknifólk sem veit lítið um tungumálakennslu eða kennarar sem vita lítið um tæknina."

Í vikunni hitti Birna mann sem sagðist vera í sambandi við mann í Ungverjalandi. „Hann segist skrifa honum á íslensku og maðurinn svari honum á íslensku. Hann spurði hann hvernig stæði á því að hann talaði svona góða íslensku. Maðurinn svaraði: Ég var á Icelandic Online."

ÉG VAR Á ICELANDIC ONLINE Fólk um allan heim kann sitthvað í íslensku vegna Icelandic Online.

Vinahjón Birnu voru í Taílandi. „Þar kemur maður til þeirra og ávarpar þau á íslensku. Þau spurðu hann út í íslenskukunnáttuna og þá hafði hann verið á Icelandic Online."

Birna segir stóran hóp fólks vera Íslandsáhugafólk. „Ég held að þetta sé markaðurinn sem við erum ekki alveg að átta okkur á. Þetta eru alvöru Íslandsvinir," segir Birna með áherslu.

ÆVINTÝRI - VINÁTTA - ÚTILÍF - LEIKIR - ÞRAUTIR - ÚTSJÓNARSEMI

KOMDU Í SKÁTANA!

Skemmtilegt skátastarf fyrir alla krakka.

Nú er skátastarfið að fara í gang um allt land. Okkur langar að bjóða ykkur velkomin og taka þátt í skemmtilegu og fjölbreyttu starfi í vetur en flest skátafélög eru með starf fyrir krakka frá 7 ára aldri. Komdu á skátafund og kynntu þér skátastarfið.
Þú getur fundið allar upplýsingar á vefnum okkar www.skatar.is

skatar.is

Skátarnir
–hollari en hafragrautur!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROSHOPPER KORNFLEKS 750G

CHEERIOS 518g

CHEERIOS HONEY NUT 715g
698 KR.

KELLOGGS KORNFLEKS 1 KG

GÓÐAN DAGINN! *HVAÐ MÁ BJÓÐA ÞÉR Í MORGUNMAT?*

HAND FRUITS HANDSÁPUR 500ml

EUROSHOPPER MÚSLÍ
1 KG

EUROSHOPPER HAFRAMJÖL
500g

RAUÐUR GOUDA 26%
NÚ MEÐ
25% AFSLÆTTI

972 KR.KG
MERKT VERÐ 1296 KR.KG

MYLLU JÓLAKAKA 420g

K.S FROSIN LAMBASVIÐ
194 KR.KG. *MERKT VERÐ 298 KR.KG*

KS LAMBASÚPUKJÖT 1. FLOKKUR,
ALLIR BESTU BITARNIR **598 KR.KG**

EUROSHOPPER SYKUR 1 KG

SULTUKRUKKUR
290ml

SULTUSYKUR MEÐ
SULTUHLEYPI 1 KG

PAMPERS SIMPLY CLEAN 72 STK

FRISSI FRÍSKI 3 x 250 ml
APPELSÍNU / EPLA

TRÓPI 1 LÍTRI.

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR RAUÐAR OG HVÍTAR **149 KR.KG**

NÝJAR GULRÓFUR

NÝJAR GULRÆTUR

EINFALLT OG FLJÓTLEGT *TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA!*

NF GRÆNMETISBUFF 1 KG

NF STEIKTAR FISKBOLLUR FROSNAR

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800G

BÓNUS LASAGNA 1 KG

BÓNUS BURRITOS 4 STK

KS FROSINN SALTFISKUR Í BITUM

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

NAUTAVEISLU FERSKT HAKK

ÍTALSKT SPAGHETTI BOLOGNESE

ÞESSI EINA SANNA ÍTALSKA UPPSKRIFT !

SMELLTU ÞÉR Á: WWW.BONUS.IS / UPPSKRIFTIR

EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG

KJARNAFÆÐI NÝTT
KJÖTFARS 620G

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

1 Þetta er litla kraftaverkið í lífi mínu: dóttir mín, sem fæddist fyrir einum mánuði!

2 Ég vakna við hjalið í dóttur minni sem er venjulega mjög svöng! Þegar hún hefur fengið að borða hjá mömmu sinni nota ég tækifærið og spjalla við hana, enda það skemmtilegasta sem ég geri um þessar mundir.

3 Ég mæti í vinnu í Café Sandholt og passa upp á að fá mér gott kaffi í upphafi dags. Sandholt er við miðjan Laugaveginn og því mikið mannlíf og fjör í vinnunni hjá mér.

Dæmigerður dagur í lífi dansara

Mike Sánchez stundaði dans frá blautu barnsbeini í heimalandi sínu Gvatemala. Hann fluttist til Íslands fyrir þremur árum og er einn eigenda dansskólans SalsaIceland. *Fréttablaðið* fékk Mike til að lýsa dæmigerðum degi í formi ljósmynda.

MYNDBROT ÚR DEGI | Miðvikudagurinn 25. ágúst | Myndir teknar á Canon Rebel EOS 450

4 Eftir vinnuna í Sandholti er kominn tími til að mæta í hina vinnuna mína sem er jafnframt helsta áhugamál mitt og ástríða. „Seinni“ vinnudagurinn hefst á fundi með vinum mínum og meðeigendum í salsadansskólanum SalsaIceland. Þar sem Sandra konan mín er einnig einn af meðeigendum skólans kemur dóttir okkar að sjálfsögðu með á fundina.

5 Svo tekur við vinna fyrir sýningarhóp skólans, en ég er sýningarstjóri hans og sem rútínur ásamt Hugrúnu, sem hefur verið dansfélagi minn síðan við kynntumst í Gvatemala. Hér erum við að hefja vinnu við nýtt atriði sem frumsýnt verður í lok skólaannarinnar.

6 Vinnudeginum lýkur svo með kennslu, sem er að sjálfsögðu aðalhlutverk skólans. Mér finnst danskennslan mjög gefandi og Íslendingar eru mjög skemmtilegir nemendur þó þeir séu kannski dálítið frábrugðnir mínum gömlu nemendum í Gvatemala. Það hefur komið mér á óvart hvað Íslendingar hafa verið opnir fyrir salsa og áhuginn aukist gífurlega á þeim þremur árum sem ég hef verið hérna.

VIÐ FLYTJUM Í GLÆSILEGT HÚSNÆÐI Í SKÓGARHLÍÐ 10

Unglingadeild
Áreynslulaus og óþvinguð raddbeiting – góð líkamsbeiting og túlkun.

Hallveig Rúnarsdóttir, Sigurbjörg H. Magnúsdóttir og Helgi Már Hannesson

Þvert á stíl
Skiptist í 4 annir
– Íslensk dægurlög – Suðræn sveifla
– ritmískur söngur – söngleikir

Jóhanna Þórhallsdóttir
Valgerður Guðnadóttir

Einsöngsdeild

Sérstakur kennari – Kristján Jóhannsson

Auður Gunnarsdóttir,
Bergþór Pálsson,
Diddú,
Gunnar Guðbjörnsson,
Guðbjörn Guðbjörnsson,
Dúfa S. Einardóttir,
Kristín R. Sigurðardóttir,
Jóhanna Linnet,
Matthildur Matthíasdóttir,
Ragnheiður Linnet,
Sigríður Aðalsteinsdóttir.

Óperudeild

Leiklist og framkoma – textavinna í erlendum tungumálum – Sviðsettir verða valdir þættir úr tveimur óperum

Gunnar Guðbjörnsson

Ljóðadeild og píanóleikur með söngvurum

Gerrit Schuil

Kórverkefni

Stjórnandi
Gunnsteinn Ólafsson

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Á HEIMASÍÐU SKÓLANS
EÐA Í SKÓLANUM
– SÍMI 552 0600
– 893 7914
– songskoli@vortex.is

Söngskóli Sigurðar Demetz

LOKADAGUR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG – OPIÐ 10-16

BÍLTÆKI

MAGNARAR ÚTVÖRP

BÍLMAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR

HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR

DVD SPILARAR

BÍLHÁTALARAR

HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ

REIKNIVÉLAR

RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM

ALLT AÐ 75% AFSL.

PHILIPS SJÓNVÖRP MEÐ ENN MEIRI AFSLÆTTI

LOKADAGUR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG – OPIÐ 10-16

HRÆRIVÉLAR ORBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR

KAFFIVÉLAR BLANDARAR

VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN ÞURRKARAR

RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

WHIRLPOOL 1400sn ÞVOTTAVÉLAR - FRÁ KR. 79.995

BLU-RAY SPILARAR - VERÐ FRÁ KR. 29.995

SPANSUÐU POTTASETT, 7 stk. - AÐEINS KR. 19.995

POTTAR OG PÖNNUR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI

PHILIPS LOFTHREINSITÆKI MEÐ ALLT AÐ 33% AFSLÆTTI

20 LÍTRA KENWOOD STÁL ÖRBYLGJUOFN AÐEINS KR. 11.995

PHILIPS HÁRVÖRUR MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI

HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

PHILIPS HLJÓMTÆKI - VERÐ ÁÐUR KR. 69.995

- NÚ KR. 39.995 - AFSL. KR. 30.000 EÐA 43%

Sjá allt úrvalið á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Opið í dag kl. 10 – 16

Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool



Í túninu HEIMA

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í

ÚTIMARKAÐIR

Útimarkaðir við Varmá, í Álafosskvos og Mosfellsdal. Stóra sultukeppnin, flóamarkaður, rósir, silungur, grænmeti, heimalagað góðgæti og margt fleira.

FJÖR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tívolí, danskir dagar og Bogomil Font í Hlégarði, elsta flugvél landsins og karamellukast á Tungubökkum, Lísa í Undralandi í Bæjarleikhúsinu, sölu-og sýningarbásar tískusýning, jóga og bros í Íþróttahúsinu að Varmá.

MOSFELLSBÆ UM HELGINA

STÓRTÓNLEIKAR OG DANSLEIKUR

Útitónleikar á Miðbæjartorgi kl. 20.30-23.00. Aðgangur ókeypis. Prófessorinn og Memfis-mafían, Baggalútur, Ingó, Hafdís Huld, Hreindís Ylfa og fleiri. Steindi Jr. kynnir. Listflug og flugeldasýning. Dansleikur í Íþróttahúsinu að Varmá hefst kl. 23. Gildran leikur fyrir dansi. Miðaverð kr. 2.500.

Góða skemmtun!

FRÍTT Í LEIÐ 15
Á LAUGARDAGINN

MOS-BUS GENGUR
ALLA HELGINA

†

Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem heiðruðu minningu elskaðs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa okkar,

Ingólfs Hjartarsonar,
hæstaréttarlögmanns

og sýndu okkur fjölskyldu hans samúð og hlýhug við andlát hans og útför. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki göngu- og legudeildar krabbameinslækningadeildar LSH og Karitas, hjúkrunarþjónustu sem sl. ár veittu Ingólfi ómetanlegan stuðning og þjónustu af virðingu og kærleika.

Lára Björnsdóttir,
Jón Ingólfsson **Fjóla Ósk Gunnarsdóttir,**
Halldór Rúnar Jónsson, Iðunn Andrésdóttir,
Elísabet Jónsdóttir,
Hildur Björg Ingólfsdóttir,
Rebekka Lára Rósantsdóttir,
Björn Freyr Ingólfsson **Birna Hlín Káradóttir,**
Húni Ingólfur Björnsson, Birnir Kári Björnsson.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð, stuðning og hlýjar kveðjur vegna andláts

Jónu Jónsdóttur
frá Jarlsstöðum, Hrísholti 24, Selfossi.

Gunnar Karl Gränz
Kristín Ingólfsdóttir **Freyr Guðlaugsson**
Guðrún Sandra Gunnarsdóttir
Gunnar Þór Gunnarsson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, sonar, föður, tengdaföður og afa,

Bjarna Björgvinssonar
Hlíðarvegi 4, Kópavogi.

Lára Magnúsdóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Björgvin Bjarnason **Guðrún Ósk Birgisdóttir**
Sigurlaug H. Bjarnadóttir **Skúli Baldursson**
Stefán Pétur Bjarnason
og barnabörn.

Útfararþjónusta
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699
Óli Pétur Friðbjófsson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar á einstöku verði

Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

BIRGIR SIGURÐSSON RITHÖFUNDUR ER SJÖTÍU OG ÞRIGGJA ÁRA Í DAG.

„Lífið býður ekki upp á það að menn standi lengi og horfi til baka. Við erum á hröðum flótta inn í framtíðina.“

Birgir hefur starfað við blaðamennsku og kennslu en þekktastur er hann fyrir ritstörf sín, ljóð, smásögur og leikrit, meðal annars Selurinn hefur mannsaugu og Dagur vonar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. ÁGÚST 1967

Sjómenn heimtir úr helju

ÓLAFSFJÖRÐUR

Tólf manna áhöfn bátsins Stíganda frá Ólafsfirði var bjargað eftir rúmlega fjögurra sólarhringa hrakninga í björgunarbát þennan dag árið 1967. Mikill fögnuður ríkti þá á Ólafsfirði.

Stígandi hafði sokkið á síldarmiðum norður í höfum aðfaranótt 24. ágúst. Sent hafði verið út neyðarskeyti en það heyrðist ekki. Tveir gúmbjörgunarbátar voru settir út og þilfarsbáturinn. Matarskammtur og vatn var sparað eins og kostur var. Skipsbrotsmennirnir reyndu öðru hverju að gera vart við sig með reykblysum. Þeir sáu þrettán skip fara fram hjá en þar tók enginn eftir þeim vegna fjarlægðar. Örvænting greip þó aldrei um sig.

Bóas Jónsson, skipstjóri á Snæfugli, fann mennina á Stíganda. Þetta slys varð til þess að tilkynningaskyldu var komið á laggirnar.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS: HELDUR ÁTTATÍU ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ Á MORGUN

Hugarhægð í að róta í mold

Skógræktarfélag Íslands er 80 ára í ár. Það var stofnað á Alþingishátíðinni árið 1930. Á morgun, sunnudag, verður hátíðardagskrá í Stekkjargjá á Þingvöllum, milli klukkan 13.30 og 15 til að minnast þeirra tímamóta. Lúðrar verða þeyttir, bæn, ávörp og ljóð flutt og karlakór syngur. Á eftir verður skógarkaffi í Furulundinum. Formaður félagsins nú er Magnús Gunnarsson sem kveðst hafa fengið sitt skógræktaruppeldi meðal eldhuga í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. „Ræturnar liggja kannski enn dýpra eins og hjá okkur Íslendingum mörgum, í sveitasælunni,“ segir hann brosandi. „Ræktunaráhuginn eflist með árunum og þegar menn eru í erilsömum störfum er mikil hugarhægð í að róta í mold.“

Magnús segir danskan sjómann hafa verið hvatamann að því að skipulögð skógrækt komst á í kringum aldamótin 1900. „Almennur áhugi kom svo upp úr því og ungmennafélagshreyfingin tók skógrækt meðal annars upp á sína arma,“ segir hann og minnir á að ekki hafi af veitt því blessuð sauðkindin og mannkindin, veðurfarið og fleira hafi haft sín eyðingaráhrif á skóga landsins gegnum aldirnar. Nú segir hann skóg á þúsundum hektara og þess sjái stað þegar farið sé um landið enda hafi tré haft góð vaxtarskilyrði á síðustu árum, veður hafi farið hlýnandi og fé fækkandi.

Magnús segir Skógræktarfélag Íslands með öfluga starfsemi og mikil tilhlökkun sé vegna afmælishátíðarinnar á morgun. „Félagið getur verið stolt af því að innan þess eru milli sjö og átta þúsund félagsmenn í 61 skógræktarfélagi um allt land,“ lýsir hann og getur einnig landgræðsluskógaátaks bænda sem hófst 1990 og hefur gert sitt til þess að nýskógrækt varð kraftmikil um allt land. Hann viðurkennir að beita þurfi skynsemi í skógrækt eins og öllu öðru og segir sums staðar vakna spurningar um hvort breyta eigi ásýnd lands en enn séu skógar á innan við tveimur prósentum af flatarmáli Íslands.

Magnús vekur athygli á verkefninu Opinn skógur. „Það þýðir að skógarreitir í alfaraleið eru opnir víða um land. Þar getur fólk lagt bílnum og staldrað við, fengið sér göngutúr, tyllt sér niður og borðað sitt nesti,“ segir hann og nefnir sem dæmi reit að Snæfoksstöðum, rétt fyrir ofan Þrastaskóg, Daníelslund í Borgarfirði, Hrútey við Blöndu-ós, Akurgerði í Öxarfirði og Hálsaskóg við Djúpavog. „Þetta sést allt á skog.is, Verkefni, Opinn skógur, bendir hann á. „Síðan má ekki gleyma verkefni sem Skógræktarfélagið styður dyggilega sem er Yrkjusjóðurinn sem var stofnaður í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar forseta árið 1990. Það þýðir að grunnskólabörn fá plöntur á hverju ári til að setja niður og hlúa að,“ segir Magnús. „Allt sameinast þetta í því að klæða landið skógi.“

FORMAÐUR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS Magnús Gunnarsson segir félagana vera á áttunda þúsund í 61 félagi um allt land. MYND/ÚR EINKASAFNI

gun@frettabladid.is

†

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar

Auðar Jónasdóttur
Ljósvallagötu 8

og heiðruðu minningu hennar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Sigurður Steinþórsson
Gerður Steinþórsdóttir.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Svavars Jóhannssonar
fv. skipulagsstjóra Búnaðarbankans,
Brúnavegi 9, Reykjavík.

Edda Svavarsdóttir **Birgir Hólm Björgvinsson**
Jóhannes Svavarsson **Unnur Guðjónsdóttir**
Gunnar Svavarsson **Anna Þorsteinsdóttir**
Bragi Svavarsson **Áslaug Þórðardóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Sigurbjargar Bjarnadóttur

Lindargötu 61 Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Harald G. Haraldsson
Sólveig Haraldsdóttir Hart **Neil Hart**
Sigríður Haraldsdóttir **Sigurjón Sigurðsson**
barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubarn.
Sérstakar þakkir til Karitas hjúkrunarþjónustu.

Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Stefanía Ósk Guðmundsdóttir

Sléttuvegi 11, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 23. ágúst, verður jarðsett frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 2. september kl. 15.00.

Marinó Óskarsson
Margrét Örnólfsdóttir **Jón Kr. Valdimarsson**
Örnólfur Örnólfsson **Auðbjörg Árnadóttir**
Sóley Örnólfsdóttir **Kristján G. Bergþórsson**
Eva Örnólfsdóttir **Ragnar Jónasson**
Ólöf Örnólfsdóttir **Þorsteinn Bragason**
Aðalsteinn Örnólfsson **Unnur Sæmundsdóttir**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Elskulegur eiginmaður minn,

Jóhann Þ. Löve

Bræðratungu 16, Kópavogi,

járnsmiður og fyrrverandi lögreglumaður, sem lést á líknardeild Landspítalans þann 19. ágúst, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju þriðjudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

Sigríður Pálsdóttir.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, ömmu og systur

Vilborgar Jónsdóttur

Þrastarlundi 4, Garðabæ.

Ágúst Ingólfsson
Agnar Jón Ágústsson
Ari Daníel Agnarsson
og systkini hinnar látnu.

Hjartkær eiginmaður minn

Bergur Bjarnason

lögfræðingur

er látinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðrún Gísladóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðrún Sigurðardóttir,

frá Görðum við Ægisíðu.

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir, aðfaranótt fimmtudagsins 26. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Guðmundsdóttir **Þorvaldur Thoroddsen**
Kristmundur Guðmundsson **Margrét Kristjánsdóttir**
Bryndís Guðmundsdóttir **Ottó Tynes**
Hrefna Guðmundsdóttir **Helgi Agnarsson**
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,

Sigurína Friðrikka Friðriksdóttir

frá Görðum, Vestmannaeyjum, Fellsmúla 20, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 22. ágúst. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 1. september kl. 13.00.

Árni Friðrik Markússon
Ásta Hulda Markúsdóttir
Guðrún Kristín Markúsdóttir **Þór Fannar**
Bryndís Markúsdóttir **Sigurður Konráðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær frændi okkar og vinur,

Eiríkur Jensen,

Dvalarheimilinu Höfða Akranesi,

lést mánudaginn 23. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 2. september kl. 14.

Aðstandendur.

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Sigríður Pálsdóttir,

áður til heimilis að Boðahlein 24 í Garðabæ,

lést mánudaginn 16. ágúst í Hrafnistu, Hafnarfirði. Útför hennar fer fram mánudaginn 30. ágúst kl. 15 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Guðjón Tómasson og Þuríður Hanna Gísladóttir
Valdimar Tómasson og Guðrún Júlíusdóttir
Guðrún Sólborg Tómasdótir og Sigurður Sumarliðason
Sigrún Laufey Baldvinsdóttir.

Ástkær dóttir mín og systir,

Jóhanna Silja Vilhjálmsdóttir

Hjallabraut 19, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 20. ágúst. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 30. ágúst kl. 15.

Birna Ósk Eðvarðsdóttir
Óskar Jóhann Birnuson

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Agnes Jóhannesdóttir

barnahjúkrunarfræðingur

sem lést mánudaginn 23. ágúst, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. ágúst klukkan 15.00.

Helena Kristbjörg Hrafnkelsdóttir **Valtýr Helgi Diego**
Jóhanna Hrafnkelsdóttir **Guðbjartur Þórarinsson**
Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir **Hulda Snæberg Hauksdóttir**
og barnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts okkar ástkæra

Stefáns Þorkels Karlssonar

Nýbýlavegi 78, Kópavogi,

sem lést á heimili sínu 2. júní.

Þóra Vilhjálmsdóttir
Stefanía Katrín Sól Stefánsdóttir
Júlíus Þór Halldórsson
Vilhjálmur Þór Þóruson
Stefán Bjartur Stefánsson **Bryndís Guðmundsdóttir**
Helga Sonja Hafdísardóttir **Ragnar Garðarsson**
Ingibjörg Elíasdóttir **Þórður Már Sigurðsson**
Davíð Stefánsson **Alma Ösp Árnadóttir**
Jóna Karlsdóttir
Stefanía Karlsdóttir **Jóhannes G. Pétursson**
Guðbjörg Edda Karlsdóttir **Gunnar Sigurðsson**
Sólveig Gyða Guðmundsdóttir **Gunnar Ólafsson**
Stefanía Júlíusdóttir **Vilhjálmur Þorsteinsson**
og barnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar Guðbjartsdóttur,

Dvalarheimilinu Höfða Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir góða umönnun.

Hulda Hjálmsdóttir **Freyr Jóhannesson**
Hjálmur Geir Hjálmsson **Margrét Jónsdóttir**
Ásgerður Hjálmsdóttir **Reynir Theódórsson**
Sigrún I. Halldórsdóttir
Sigurbjörg Halldórsdóttir **Hallgrímur Árnason**
Ingimar Halldórsson **Sigríður P. Ólafsdóttir**
Guðbjörg Halldórsdóttir **Yngvi Hagalínsson**
og ömmubörn.

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, sonar, tengdaföður og afa,

Gunnar Levý Gissurarsonar,

byggingatæknifræðings.

Sérstakar þakkir öllum þeim sem önnuðust hann af alúð og virðingu í veikindum hans.

Hulda Kristinsdóttir
Eva Björk Gunnarsdóttir
Anna Lilja Gunnarsdóttir
Gissur Örn Gunnarsson
Kristinn Már Gunnarsson
Bryndís Guðmundsdóttir

Skagfirska söngsveitin

Söngfólk óskast

Skagfirska Söngsveitin í Reykjavík
Óskar eftir söngfólki í allar raddir.
Æft er á mánudögum, fyrsta æfing er mánudaginn 6 sept.
Skemmtilegt starfsár framundan.
Upplýsingar gefur Ingunn
í síma 897 9595
Eða email: ingunnsi@simnet.is

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

Kjötbollur og söngur

BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Þessi vika var skemmtileg í lífi fjölskyldunnar því þá hóf frumburðurinn skólagöngu. Ég fékk mér far með skólarútunni fyrsta daginn og fylgdi syni mínum inn í stofu. Eitthvað súrnaði okkur mæðrunum í augum frammi á gangi eftir að hafa kvatt afkvæmin. Þau voru allt í einu eitthvað svo lítil og skólinn svo stór. Þegar ég sótti drenginn síðdegis spurði ég hann hvernig hefði verið þennan fyrsta skóladag en það varð fátt um svör. „Það er löng saga," lét barnið sér nægja að segja. Það var ekki fyrr en um kvöldið að ég fékk að heyra lagið sem sungið er í lok hvers skóladags og að það hefðu verið kjötbollur í matinn. Auðvitað reyndist allt hafa gengið vel.

SJÁLF var ég aðeins nokkrar vikur í sex ára bekknum áður en ég var færð upp um bekk. Mér skilst að svona tilfæringar þyki ekki lengur jafnsjálfsagðar nú og í þá daga. Til dæmis er nú tekið meira tillit til félagslífs og -þroska barna en tíðkaðist. Margir fullyrða líka að þótt skólavistin gangi ef til vill snurðulaust fyrir sig fyrstu veturna hjá þeim sem eru ári yngri en bekkjarfélagarnir sé hætt við að eitthvað komi upp á þegar viðkvæm unglingsárin ganga í garð. Og þannig var það einmitt hjá mér. Árið 1982 rann upp maídagur bjartur og fagur og kennarinn leyfði okkur krökkunum að koma með nammi og kassettur að hlusta á.

ÉG VAR ekki sein að kippa með mér uppáhaldskassettunni minni og dró góssið stolt fram um leið og leyfi var gefið; Deió með Ladda. Hjúkrunarfræðingur á Barnadeild Landspítalans hafði gefið mér hana þegar ég lá þar inni um haustið og Laddi hafði svo sannarlega gert sjúkrahúsdvölina þolanlegri en ella. Ég hélt að allir yrðu yfir sig kátir með Deió en bekkjarsystkini mín áttu ekki orð. Hneyksluð hristu þau höfuðið og spurðu mig hvort ekki væri í lagi með mig – spurning sem ég hef aldrei almennilega vitað svarið við. En Deió kom ekki til greina, svo mikið skildi ég.

DJÚP gjá hafði myndast milli bekkjarsystkina minna og mín. Sum þeirra voru þegar orðin 13 ára en ég var 11 ára, enda enn mánuður í 12 ára afmælið. Þau voru orðin unglingar. Ekki ég. Og þessir unglingar ætluðu sér sko ekki að hlusta á Ladda, heldur Queen. Queen! Ekki sungu þeir um Búkollu, hvað þá Skúla Óskarsson! Ég stakk kassettunni minni aftur ofan í skólatösku en hélt auðvitað áfram að vera Laddamegin í lífinu. Svona getur skólinn einmitt stundum verið en oftast er hann auðvitað bráðskemmtilegur. Fyrst og fremst er skólinn auðvitað ákaflega löng saga.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ Í DAG 11-18 OG Á MORGUN 13-17

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

acer ASUS lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Duttlungar Þrándar

Einkasýningu listamannsins Þrándar Þórarinssonar lýkur á morgun. Þetta er fjórða einkasýning Þrándar og ber heitið Duttlungar. Sýningin samanstendur af olíumálverkum sem sýna Reykjavík eins og listamaðurinn vill hafa hana. Einnig eru á sýningunni portrettsería og verk af Þrándi sjálfum í gervi amtmanns. Sýningin fer fram á Laugavegi 26.

menning

menning@frettabladid.is

Grænlenskt popp í Norræna húsinu

Grænlenska hljómsveitin Nanook heldur tónleika í Norræna húsinu á þriðjudaginn kemur. Sveitin hefur slegið gegn í heimalandi sínu og hefur haldið fjölda tónleika um öll Norðurlöndin.

Nanook var stofnuð af bræðrunum Frederik og Christian Elsner árið 2007 þegar þeir sömdu í sameiningu lag fyrir stuttmynd í leikstjórn Christians. Stuttmyndin vakti nokkra athygli á Grænlandi þar sem hún tók á alvarlegum samfélagsmálum eins og alkóhólisma. Myndin var meðal annars sýnd á World Wide Film Festival í Kanada árið 2007 og hlaut góðar viðtökur áhorfenda. Ári síðar bættust þrír nýir meðlimir við sveitina, þeir Ib Uldum, Martin Zinck og Mads Rön. Tónlist hljómsveitarinnar er lýst sem tilraunakenndu popprokki þar sem gælt er við minnstu smáatriði. Fyrsta hljómplata sveitarinnar kom út árið 2009 og heitir Seqinitta Qinngorpaatit, sem yfirleggst á íslensku sem Sólin okkar skín á þig. Húsið opnar klukkan 20.00 og er miðaverð 1.200 krónur. Áhugasamir geta kynnt sér tónlist sveitarinnar nánar á vefsíðunni www.myspace.com/nanooksite.

NANOOK Sveitin hefur slegið í gegn í heimalandi sínu. Hún heldur eina tónleika hér á landi.

> Rann úr minni

Sýningin Slipp My Mind opnar klukkan 20.00 við Daníelsslipp, rétt fyrir neðan Hamborgarabúlluna. Sýningin samanstendur af útilistaverkum eftir átta nýútskrifaða listamenn. Sýningin fer fram við höfnina þar sem ströndin stendur sem þögull minnisvarði um það sem hefur runnið okkur úr minni.

MIKIL HÁTÍÐ Líkan af Ólympíuleikvanginum í London verður til sýnis í Feneyjum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arkitektar í Feneyjum

Hátt í fjörutíu arkitektar frá öllum heimshornum munu sýna verk sín á Feneyja-tvíæringnum sem hefst á sunnudaginn. Þema tvíæringsins í ár er „People Meet in Architecture“ eða Fólk og arkitektúr. Þetta er í tólfta sinn sem þessi mikla hönnunarveisla er haldin í Feneyjum en japanski arkitektinn Kazuyo Sejima er listrænn stjórnandi hennar, fyrsta konan sem hlotnast þessi heiður.

„Þetta er mikill viðburður sem sýnir alla þá miklu flóru í arkitektúr og hönnun sem í gangi er og alla þá möguleika sem arkitektar standa frammi fyrir,“ segir Sejima í samtali við BBC. Fulltrúar Bretlands sýna einstakt líkan af Ólympíuleikvanginum í London en Ólympíuleikarnir fara einmitt fram þar árið 2012. Veislan stendur til 21. nóvember.

Auður selur sitt fyrsta leikverk

Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur hefur selt sitt fyrsta leikverk til Þjóðleikhússins og verður það sett á fjalirnar næstkomandi haust. Verkið ber nafnið Svartur hundur prestsins og verður leikstýrt af Kristínu Jóhannesdóttur.

„Ég var að ganga frá samningum í gær og er mjög ánægð með það,“ segir Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur en hún hefur nú brugðið sér í hlutverk leikskáldsins og seldi sitt fyrsta verk til Þjóðleikhússins.

Auður Ava hefur skrifað bækurnar Upphækkuð jörð, Rigning í nóvember og Afleggjarann og hlotið mikið hrós fyrir. Hún var meðal annars tilnefnd til frönsku bókmenntaverðlaunanna Prix du Roman Fnac 2010 fyrir skáldsöguna Afleggjarann. Auður Ava segist hafa fundið sig vel í leikritaskrifunum „Það var voðalega gaman að prófa að búa til merkingu og atburðarás bara í gegnum samtöl.

Það var mjög skemmtileg reynsla,“ segir Auður en hún lýsir verkinu sem djúpum fjölskylduharmleik og ber það nafnið Svartur hundur prestsins. „Þetta er leikrit sem skrifað er fyrir fimm og hálfa persónu og með svona dansleikhúsívafi,“ segir Auður Ava dularfull og bætir við að það sé fullt af alls konar „tvistum“ í verkinu þar sem meðal annars kynhneigðir koma við sögu.

Auður Ava er mjög ánægð með að Kristín Jóhannesdóttir skuli leikstýra verkinu. „Ég tel að verkið sé í mjög góðum höndum hjá henni og treysti þeim til að fara vel með þetta.“

Aðspurð hvort hún muni fylgja verkinu eftir í leikhúsinu segir hún svo ekki vera. „Eitt af því sem maður verður að kunna er að gefa verkin sín frá sér. Ég vona að ég verði boðin á einhverja æfinguna fyrir frumýningu og það verður gaman að sjá,“ segir Auður.

alfrun@frettabladid.is

KOMIN Í LEIKHÚIÐ Rithöfundurinn Auður Ava Ólafsdóttir hefur selt sitt fyrsta leikrit til Þjóðleikhússins en það ber nafnið Svartur hundur prestsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

gítar skóli ólafs gauks

Gítargaman

Innritun hefst mánudaginn 30. ágúst
kl. 14-17 í síma 588 3730,
sendið tölvupóst ol-gaukur@islandia.is
eða komið við í skólanum Síðumúla 17

Kennsla í öllum flokkum, fyrir byrjendur sem lengra komna, á öllum aldri, hefst 20. sept. 2010.

ATH! Þeir sem innritast og ganga frá greiðslu fyrir 10. sept. fá umtalsverðan afslátt af kennslugjaldinu!

Gítarar á staðnum, kennsluefni innifalið, m.a. geisladiskur með undirleik við vinsælustu íslensku sönglögin.

Nýja byrjendanámskeiðið LÉTT OG LEIKANDI hefur slegið í gegn!

Nemendur fá gítara til heimaæfinga endurgjaldslaust á meðan birgðir endast!

Frístundakort Reykjavíkurborgar í fullu gildi.

ATH! Ný vefsíða: www.gitarskoliolafsgauks.com • Gítarskóli Ólafs Gauks er á Facebook

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 28. ágúst 2010

Gjörningar

18.00 Gjörningur verður framinn í Kling og Bang, að Hverfisgötu 48, í tengslum við sýninguna Kaosmosis sem þar stendur nú yfir. Í dag, laugardag, mun japanska listakonan Hanayo fremja gjörning kl. 18.00.

Tónleikar

22.00 Kimono og Formaður Dagsbrúnar spila á Faktorý, Smiðjustíg 6, í kvöld kl. 22.00. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

Opnanir

14.00 Á Akureyri mun Kristján Pétur Sigurðsson sýna tréskúlptúrinn Þagnarnál í BOXKompunni í Listagilinu. Sýningin opnar kl. 14.00.

14.00 Gurðún Pálína Guðmundsdóttir opnar sýninguna Taktur í sal Myndlistarfélagsins í Listagilinu á Akureyri. Sýningin opnar kl. 14.00.

15.00 Lára Stefánsdóttir opnar ljósmyndasýningu í Jónas Viðar Gallerý undir yfirskriftinni Úr holunni heim. Sýningin verður opnuð kl. 15.00 og er á dagskrá Akureyrarvöku.

Málþing

13.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Heimspekistofnun standa fyrir málstofu í Öskju, stofu 132, í dag. Málstofan ber nafnið Mót- Junctures: Ytri og innri náttúra í hugarheimum austurs og vesturs. Málstofan stendur frá 13.00- 18.00.

Markaðir

12.00 Útimarkaður verður í Álafosskvos á bæjarhátíð Mosfellsbæjar. Útimarkaðurinn verður opinn bæði laugardag og sunnudag frá kl. 12.00-16.00.

Sunnudagur 29. ágúst 2010

Tónleikar

16.00 Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanóleikari, flytur verk eftir Chopin á stofutónleikum Gljúfrasteins. Tónleikarnir hefjast kl. 16.00 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

Opið Hús

13.00 Opið hús í Borgarleikhúsinu í dag, sunnudag, frá kl. 13.00-16.00.

13.00 Opið hús verður í Króki á Garðaholti, Garðabæ, í dag, sunnudag frá kl. 13.00-17.00, í síðasta skiptið í sumar. Ókeypis inn og allir velkomnir.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4, í kvöld, sunnudagskvöld, frá kl. 20.00-23.00. Sighvatur Sveinsson leikur fyrir dansi.

Leiðsögn

10.00 Fjölskylduleiðsögn verður í Ásmundarsafni í dag, sunnudag. Leiðsögnin tekur um 30-45 mínútur. Aðgangur er ókeypis og er opið frá 10.00-16.00.

Markaðir

13.00 Haustmarkaður verður á Árbæjarsafni í dag, sunnudag frá kl. 13.00-16.00. Ókeypis er inn á safnið í dag.

Tyllidagar

11.30 Sumardagskrá Viðeyjar líkur í dag, sunnudag, með Töðugjöldum. Dagskrá hefst kl. 11.30 og stendur til 15.30. Nánari upplýsingar á www.videy.com.

Útivist

13.00 Fjörudagur FoNÁ verður í Bakkafjörunni við Hrakhólma í dag. Dagskrá hefst kl. 13.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

TÖKULIÐ Tökulið heimildarmyndarinnar A Name Is a Name sem verður sýnd í Detroit í næsta mánuði.

Mynd Sigurjóns sýnd í Detroit

Leikstjórinn Sigurjón Einarsson sýnir í Detroit í Bandaríkjunum í september heimildarmyndina A Name Is a Name. Hún fjallar um Makedóníubúa og baráttu þeirra fyrir nafni landsins. Þetta er nokkurs konar vegamynd sem var tekin upp á sjö mánaða tímabili þegar Sigurjón ferðaðist þar um á mótorhjóli.

Myndin vakti athygli í fyrra þegar fjölmiðlar í Makedóníu fullyrtu að grísk stjórnvöld hefðu beitt sér gegn því að myndin yrði sýnd á vegum sendiráðs Íslands í Washington. Umfjöllunarefnið þótti of viðkvæmt en í myndinni er fjallað um langvinna deilu Grikklands og Makedóníu. Grikkir hafa bent á að hérað í Grikklandi heiti Makedónía og vilja þeir ekki viðurkenna rétt nágrannaríkisins til að heita sama nafni. Allur ágóði myndarinnar rennur til góðgerðasjóðs fyrir Makedóníubúa sem er starfræktur í Detroit. Í myndinni er tónlist eftir íslensku hljómsveitirnar Sigur Rós, múm og Earth Affair, Graham Nash úr hljómsveitinni Crosby, Stills, Nash and Young og Morten Harket, söngvara norsku sveitarinnar A-ha. Sigurjón hefur einmitt unnið mikið með Harket síðastliðin átján ár.

Sigurjón hefur verið búsettur í Noregi undanfarin 22 ár og hefur gert fjölda sjónvarpsþátta og heimildarmynda. Hann hefur einnig leikstýrt yfir þrjú hundruð sjónvarpsauglýsingum og tónlistarmyndböndum. Á meðal annarra heimildarmynda hans er mynd sem hann framleiddi um sjálfstæðisbaráttuna í Austur-Tímor.

Vilja breyta sögunni

Samkvæmt könnun í Bandaríkjunum vilja áhorfendur hafa áhrif á framvindu leikins sjónvarpsefnis sem þeir horfa á. YouGov-könnunin náði til yfir tvö þúsund sjónvarpsáhorfenda en 69 prósent þeirra sögðust vilja hafa eitthvað að segja um það hvernig „plottið“ í sjónvarpsþáttum væri. Þá kom jafnframt í ljós að sjónvarpsáhorfendur eru í sífellt meira mæli farnir að nota netið á meðan þeir horfa á sjónvarpið en 87 prósent þeirra sem tóku þátt sögðust yfirleitt setja „status“ á Facebook á meðan þeir horfðu.

„Neytendur vilja taka meiri þátt, þeir vilja stanslausar upplýsingar; hvaða lög er verið að spila í þáttunum og hvar þeir geti keypt fatnaðinn sem persónur þáttanna klæðast,“ segir Ivan Ristic hjá almannatengslafyrirtækinu Diffusion PR í samtali við BBC. „Við sjáum það í sífellt meira mæli að áhorfendur vilja heyra álit annarra og nota netið til þess.“

HVAÐ GERIST NÆST? Eflaust hefði verið forvitnilegt að sjá hvað hefði gerst ef áhorfendur Stöðvar 2 hefðu fengið að kjósa um framvinduna í Fangavaktinni.

HANDVERKSHÚSIÐ

Reykjavík
Bolholt 4, Sími: 555 1212

Vefverslun:
handverkshusid.is

Akureyri
Kaupangi Sími: 461 1112

SJÁLFSTÆÐU LEIKHÚSIN

TJARNARBÍÓ

OPNAR EFTIR GAGNGERAR ENDURBÆTUR
1. OKTÓBER 2010

Sjálfstæðu leikhúsin, SL munu annast reksturinn fyrir hönd Reykjavíkurborgar eins og undanfarin ár.

Auglýst er eftir:

Listviðburðum frá 1 október 2010 til 31. júlí 2011.

Tjarnarbíói er ætlað að bjóða upp á leik,- og danssýningar, tónleika og kvikmyndasýningar. Einnig vekjum við athygli á að sunnudagar verða fjölskyldudagar þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Áhugasamir sendi inn upplýsingar um umfang, áætlaðan fjölda sýningarkvölda, um uppákomuna og aðstandendur. Einnig er nauðsynlegt að gefa upp fyrsta og annan valkost á dagsetningum.

Umsóknum um annarskonar viðburði
s.s fyrirlestra, hátíðir, aðalfundi, kynningar o.s.frv.

Rekstaraðila fyrir kaffihús/veitingasölu
í andyri Tjarnarbíós þar sem boðið er upp á létta rétti alla daga frá morgni til kvölds ásamt því að þjónusta gesti sem koma á viðburði í Tjarnarbíó. Viðkomandi þarf að hafa vínveitingaleyfi. Einnig verður boðið upp á að leigja Tjarnarbíó undir stærri samkomur sem rekstraraðili kaffihússins hefur möguleika á að þjónusta. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili greiði fasta leigu ásamt hluta af innkomu til Tjarnarbíós og er æskilegt að umsækjendur komi með verðhugmyndir fyrir leiguna ásamt hugmyndum að þeim veitingum sem í boði verða.

Tæknistjóra fyrir tjarnarbíó
frá 15. september
Um er að ræða 50% starf umsjónaraðila með ljósa,- hljóð og kvikmyndabúnaði. Viðkomandi verður að hafa þekkingu, menntun og starfsreynslu sem nýtist í starfinu ásamt því að vera lipur í mannlegum samskiptum. Vinsamlegast gefið upp meðmælendur.

Miðasölustjóra fyrir Tjarnarbíó
frá 15. september. Um er að ræða 50% starf umsjónaraðila með miðasölu Tjarnarbíós sem verður með fastan opnunartíma ásamt því að annast uppfærslu á vef miðasölunnar, sjá um móttöku gesta og uppgjörs vegna miðasölu. Færni í mannlegum samskiptum er mikilvæg. Vinsamlegast gefið upp meðmælendur.

Ræstitækni – Fyrirtæki eða einstaklingum í þrif
Um er að ræða þrif á húsnæðinu sem er 858,3m². Gert er ráð fyrir vikulegum þrifum á skrifstofu og æfingarýmum en daglegum þrifum á andyri og tilfallandi þrifum á sal. Vinsamlegast gefið upp verð pr. einingu/skipti. Viðkomandi þarf að geta brugðist snöggt við ásamt því að hafa til umráða allan þann búnað/efni sem til þarf. Hægt er að geyma búnað á staðnum í læstu rými.

Hægt er að nálgast upplýsingar s.s. verðskrá, teikningar, tækjalista og sætauppröðun á www.leikhopar.is undir „Tjarnarbíó“ eða að senda tölvupóst á tjarnarbio@leikhopar.is

Einnig er í boði að skoða húsnæðið til að meta aðstæður. Umsóknir skulu sendar rafrænt á tjarnarbio@leikhopar.is í síðasta lagi 5. September 2010.

TJARNARBÍÓ
Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík

RADAR

> FATALÍNA FRÁ JAY-Z

Rapparinn **Jay-Z** og hafnaboltaliðið The New York Yankees hafa sett á fót nýja fatalínu. Til sölu verða hafnaboltahúfur, stuttermabolir, hettupeysur, allt merkt Jay-Z og The Yankees. Þetta var ákveðið í tilefni af fyrstu tónleikunum sem verða haldnir á nýjum leikvangi félagsins í næsta mánuði þar sem Jay-Z og Eminem stíga á svið.

fólk

folk@frettabladid.is

Með hangandi hendi á RIFF

Heimildarmynd Árna Sveinssonar, Með hangandi hendi, sem fjallar um hinn ástsæla söngvara Ragnar Bjarnason, verður frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem fer fram 23. september til 3. október. Raggi Bjarna mun að sjálfsögðu taka lagið við frumsýningu myndarinnar.

Raggi stendur á tímamótum þar sem hann siglir inn í 75. aldursárið, árið sem einnig markar 60 ára starfsafmæli hans. Í kvikmyndinni er skyggnst á bak við ímynd Ragga og ferill hans skoðaður. Honum er fylgt eftir við undirbúning fyrir stórtónleika í Laugardalshöll og einnig er fjallað um daglegt líf hans.

Það var fyrir tilstilli samstarfsfélaga Ragnars til margra ára, útvarpsmannsins Þorgeirs Ástvaldssonar, að Eva Rún Þorgeirsdóttir og Árni Sveinsson fóru á stúfana og ákváðu að gera kvikmynd um kappann á þessum tímamótum. Í kjölfarið fylgdi Árni Ragga eftir í tæp tvö ár og átti samtöl við alla helstu eftirlifandi samstarfsmenn hans um feril hans og lífshlaup. Hrafnhildur Gunnarsdóttir heimildarmyndagerðarmaður og eigandi Krumma Films ehf. kom að verkinu um svipað leyti og Árni, og sá um fjármögnun verksins og framleiðslu.

RAGGI OG ÞORGEIR Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson í heimildarmyndinni Með hangandi hendi.

Jóga námskeið

Námskeið byrja 6. september í Kirkjuhvoli í Garðabæ á mánu- og miðvikudögum

Morguntímar kl. 9:00–10:00
Framhaldstímar kl. 18:00–19:15
Byrjendanámskeið kl. 19:30–20:45

Einnig byrja námskeið 7. september í nýjum sal í Hamraborg 20a í Kópavogi.
Hádegistímar þriðju- og fimmtudaga kl 12:00–13:00

Upplýsingar og skráning í síma 893 9723
eða annaing@centrum.is

Anna Ingólfsdóttir, jógakennari

BJARGVÆTTUR Elín Kristjánsdóttir verður vör við meiri grimmd í garð katta á Íslandi upp á síðkastið en nokkrum köttum er á dag sleppt út fyrir utan Kattholt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Drengjakórinn í Bandaríkjunum, júní 2010

Drengjakór Reykjavíkur leitar að nýjum meðlimum.

Áhugasamir drengir á aldrinum 8 til 11 ára eru hvattir til að mæta í Hallgrímskirkju mánudaginn 30. ágúst 2010 kl. 17:00 í söngprufur.

Nánar á drengjakor.is og á Facebook

GRIMMD GAGNVART KÖTTUM FÆRIST Í AUKANA

Hin breska Mary Bale fær sennilega seint inngöngu í kattavinafélög eftir að hún kom ketti fyrir í ruslatunnu. Níðingsskapur gagnvart þessum loðnu ferfætlingum hefur einnig færst í aukana hér á landi.

„Á hverjum degi er alltaf nokkrum köttum hent út úr bílum hér fyrir utan," segir Elín Kristjánsdóttir, umsjónamaður í Kattholti, en Fréttablaðið hafði samband við hana í kjölfar frétta af Mary Bale, bresku konunni sem henti ketti ofan í ruslatunnu. Málið hefur vakið hörð viðbrögð víðs vegar um heiminn. Bale taldi sig sennilega vera í einskismannslandi þegar hún kom kettinum fyrir í tunnunni en hún var gripin glóðvolg af öryggismyndavélum. Eigandi kattarins ólánsama greip til þess ráðs að leita til fjölmiðla með myndbandið í von um að einhver gæti borið kennsl á konuna og það fór eins og eldur í sinu um netheima. Mary Bale hefur fengið líflátshótanir í kjölfarið og að lokum baðst hún afsökunar á hegðun sinni en hún verður líklega sótt til saka af dýraverndunarsamtökum fyrir athæfið.

Elín segist verða vör við álíka grimmd gagnvart köttum hér á landi og þær taki við köttum í alls konar ástandi á Kattholt. „Ég get alveg sagt að við höfum orðið varar við aukningu í að fólk skilur ketti eftir hvar sem er. Það bara losar sig þá á útivistarsvæðum eins og Heiðmörk og heldur að þá sé vandamálið úr sögunni," segir Elín og bætir við að sér finnist eins og margir hugsi ekki um ketti sem lifandi verur. „Það er eins og sumir haldi að það sé bara hægt að koma fram við ketti eins og leikföng," segir Elín en hún bjargaði í vikunni kettlingum og mömmu þeirra frá manni sem hótaði að henda þeim í sjóinn. „Það var stelpa sem hringdi í mig og sagði mér frá þessum manni. Hann var að auglýsa kettlinga gefins og hún fór að til að fá sér einn. Þar var henni tilkynnt að hann gæti ekki átt kettlingana og ætlaði að henda þeim í sjóinn ef enginn mundi koma og ná í þá. Hann sagðist hafa gert það áður," segir Elín en stelpan hringdi þá í Kattholt og sagði frá manninum. „Ég bað hana um að fara aftur og ná í kettlingana og mömmuna fyrir mig. Nú eru þeir hér hjá mér en vantar auðvitað heimili eins og alla hina kettina," segir Elín.

alfrun@frettabladid.is

Krakkajóga

Ný krakkajóganámskeið að hefjast hjá Jóga stúdíó.

Mánudagar 2-4 ára klukkan 16:30
Miðvikudagar 5-7 ára klukkan 16:30
Fimmtudagar 8-12 ára klukkan 16:30

Nánari upplýsingar og skráning á jogastudio.is. Einnig hægt að skrá í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa.

JÓGA Stúdíó

Seljavegi 2, gamla Héðinshúsinu,
við hliðina á Loftkastalanum

512 Auglýsingasími 54 01

Allt sem þú þarft...

ALLTAF BETRA VERÐ

MARGMIÐLUNARTÖLVA

169.990

Ace Intel 3

- ACE Special edition turnkassi - 460W
- Intel Core i3 530 2.93GHz örgjörvi
- 4GB Dual DDR3 1333MHz minni
- 640GB WD Blue 7200rpm SATA II diskur
- 22xDVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB flatskjár
- MSI ATI Radeon HD5670 1GB skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Ace Gaming mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

MARGMIÐLUNARTÖLVA

129.990

Ace AMD 3

- ACE Battle 4 turnkassi - 450W
- AM3 DualCore Athlon II 250 3.0GHz örgjörvi
- 2GB Dual DDR3 1333MHz minni
- 640GB WD Blue 7200rpm SATA II diskur
- 22xDVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB flatskjár
- MSI GeForce N220 1GB skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum
- Logitech mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

Philips 221EL2SB

21,5" LCD LED flatskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 20.000.000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

39.990

Philips 191EL2SB

18,5" LCD LED flatskjár með 1366x768 punkta upplausn, 20.000.000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

29.990

ÓDÝRASTI LITALASERINN

LASER LITAPRENTARI

Samsung CLP315

A4 litalaserprentari með 2400x600 punkta upplausn og USB 2.0. Prentar allt að 16 bls. á mínútu.

Fæst þráðlaus á kr. 39.990

34.990

ÓDÝRASTI LASERINN

LASER PRENTARI

Samsung ML1640

A4 laserprentari með 1200x600punkta upplausn og USB 2.0. Prentar allt að 16 bls. á mínútu.

17.990

VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi

F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi

VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

Pott og Ryback gefa von um bjartari framtíð

Tvö ár eru liðin síðan síðustu stórtónleikarnir með erlendum flytjanda voru haldnir hér á landi. Koma Pauls Pott og Alexanders Ryback til Íslands gefur vísbendingar um að eyðimerkurgöngu íslenskra tónlistarunnenda sé brátt að ljúka.

Áttunda ágúst síðastliðinn voru tvö ár liðin síðan síðustu stórtónleikar voru haldnir hér á landi með erlendum flytjanda. Þá steig á svið í Egilshöll goðsögnin Eric Clapton fyrir framan þrettán þúsund áhorfendur. Tveimur mánuðum síðar hrundi íslenska bankakerfið og tóku þá við miklir timburmenn eftir margra ára tónleikaveislu, sem sumir telja reyndar að hafi farið úr böndunum með alltof miklu framboði erlendra listamanna.

Koma Pauls Pott og Alexanders Ryback til landsins til að syngja á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar gefur vísbendingu um að kannski sé markaðurinn eitthvað að glæðast. Hver veit nema enn stærri erlendir flytjendur kíki hingað til lands á næstu misserum og brúnin fari að lyftast á á íslenskum tónlistarunnendum á nýjan leik eftir tveggja ára þurrkatíð.

Fréttablaðið tók saman lista yfir tíu af helstu stjörnununum sem flugu hingað til lands á árunum 2004 til 2008 þegar íslenska bankakerfið virtist vera í blóma og allt flæddi hér í peningum. En síðan ekki söguna meir.

METALLICA - EGILSHÖLL

PINK - LAUGARDALSHÖLL

2004

2005

FOO FIGHTERS OG QUEENS OF THE STONE AGE - EGILSHÖLL

2006

BOB DYLAN LAUGARDALSHÖLL

ROGER WATERS EGILSHÖLL

2007

DURAN DURAN - EGILSHÖLL

SNOOP DOGG EGILSHÖLL

2008

PAUL SIMON LAUGARDALSHÖLL

ERIC CLAPTON EGILSHÖLL

2009

PLACIDO DOMINGO - EGILHSÖLL

2010

Hitar upp fyrir Air

ÓLÖF ARNALDS Ólöf fer í langa tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin í vetur.

Tónlistarkonan Ólöf Arnalds heldur í langa tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin í vetur í kjölfar útgáfu plötu sinnar Innundir skinni sem kemur út 13. september. Í ferðinni hitar Ólöf upp fyrir frönsku hljómsveitina Air á fernum tónleikum í Frakklandi í nóvember og hitar upp fyrir sveitina Blonde Redhead í Bandaríkjunum í nóvember og desember.

Búið er að staðfesta 32 tónleika fyrir ferðina, sem hefst á End of the Road Festival í Bretlandi 12. september og lýkur í Austin, Texas, 1. desember. Nýtt myndband við lag hennar Crazy Car var nýlega frumsýnt á bandarísku tónlistarsíðunni Stereogum. Lagið er eitt af þremur lögum plötunnar sem Ólöf syngur á ensku. Listamaðurinn Ragnar Kjartansson leggur Ólöfu lið í laginu og myndbandinu, sem hann leikstýrir ásamt Ásdísi Sif Gunnarsdóttir.

DÚNDURFRÉTTIR Hljómsveitin fagnar fimmtán ára starfsafmæli sínu með því að spila Jesus Christ Superstar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pétur Jesús á ný

Hljómsveitin Dúndurfréttir fagnar fimmtán ára starfsafmæli sínu í haust og ætlar af því tilefni að flytja tónlistina úr Jesus Christ Superstar eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice í heild sinni. Það verk kom fyrst út á plötu í október 1970 og er því fjörutíu ára í haust. Dúndurfréttir hafa í gegnum tíðina spilað lög frá þessu tímabili með sveitum á borð við Led Zeppelin, Deep Purple og Pink Floyd. Söngleikurinn Jesus Christ Superstar er ekki óskyldur þessari tónlist enda fór söngvari Deep Purple, Ian Gillan, með hlutverk Jesú Krists á plötu sem kom út með lögum úr söngleiknum. Þess má geta að söngvarar Dúndurfrétta, þeir Matthías og Pétur, tóku þátt í uppfærslu á Súperstar í Borgarleikhúsinu árið 1995. Matthías söng hlutverk Péturs postula og Pétur söng hlutverk Krists. Tónleikar Dúndurfrétta verða einmitt í Borgarleikhúsinu 19. október og miðasala hefst í byrjun september.

Dúndurfréttir hélt síðast vel heppnaða tónleika í Borgarleikhúsinu í júní þar sem hljómsveitin tók lög Led Zeppelin í tilefni af því að fjörutíu ár voru þá liðin síðan sveitin hélt tónleika á Íslandi. Einnig héldu Dúndurfréttir tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Laugardalshöll í júlí 2007, þar sem Pink Floyd-verkið The Wall var flutt í heild sinni.

FATA MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINNI



Glænýjar vörur beint frá London

- Hettupeysur 1999 kr.
- Gallabuxur frá 999 kr.
- Barnasokkabuxur 799 kr.
- Dömugallabuxur frá 3999 kr.
- Herragallabuxur frá 3999 kr.
- Herraboxer 3 í pakka frá 999 kr.
- Herrahlýrabolir 799 kr.
- Dömuhlýrabolir 799 kr.
- Strákabolir 1299 kr.
- Stelpukjólar 1999 kr.
- Strákagallabuxur 1499 kr.
- Strákaboxer 3 í pakka 799 kr.

Opið alla helgina

Birt með fyrivara um prentvillur

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI

OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19

ALLA DAGA VIKUNNAR

LEITA AÐ NÝJUM FYRIRSÆTUM Andrea Brabin, eigandi Eskimo, og teymi hennar leita nú að næstu ofurfyrirsætu Íslands. Ford-fyrirsætukeppnin fer fram í janúar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tvær fyrirsætukeppnir á Íslandi með stuttu millibili

Íslenskar stelpur sem ganga með fyrirsætudrauminn í maganum ættu að geta fundið sér vettvang til að láta ljós sitt skína því tvær fyrirsætukeppnir verða í Reykjavík með nokkurra mánaða millibili.

Íslenska umboðsskrifstofan Eskimo Models hefur aftur tekið við Ford-fyrirsætukeppninni og fer keppnin fram í janúar á næsta ári. Þetta þýðir að tvær fyrirsætukeppnir verða haldnar hér á landi með stuttu millibili því nýtt útibú Elite-módelskrifstofunnar á Íslandi stendur einnig fyrir slíkri keppni í lok september.

Eskimo sá um Ford-keppnina í níu ár en vegna mikilla anna var ákveðið að gera hlé á rekstri hennar. „Þetta var hreinlega orðið of mikið. Við vorum bæði með skrifstofur á Indlandi og að reka tískumerkið E-label og sáum ekki fram á að geta sinnt keppninni líka. Það er mikill undirbúningur og margra mánaða vinna sem liggur að baki svona keppni og við vildum frekar gera þetta vel en að henda þessu upp í flýti," útskýrir Andrea Brabin, eigandi Eskimo Models. Hún sér um keppnina ásamt góðu teymi fagmanna sem samanstendur af fyrirsætunni Tinnu Bergs, hönnuðinum Ásgrími Má, stílistanum Öldu B., Karli Berndsen og förðunarfræðingnum Fríðu Maríu.

Leitin að nýjum fyrirsætum er í hámarki þessa dagana og segir Andrea að vel gangi að finna stúlkur til að taka þátt í keppninni. „Við erum á fullu að leita að stúlkum þessa dagana og það hefur gengið vel. Við erum í fyrsta sinn líka að leita að fyrirsætum í yfirstærð þannig þetta er ekki bara fyrir tággrannar stúlkur. Sigurvegarinn heldur svo út í heim í sumar og keppir þar í alþjóðlegu Ford-keppninni."

Ford-módelskrifstofan var stofnuð árið 1946 í New York og var lengi eina módelskrifstofan þar í borg, eða allt þar til franska umboðsskrifstofan Elite opnaði útibú í borginni í upphafi níunda áratugarins og upp hófst hið svonefnda „fyrirsætustríð". Innt eftir því hvort svipað stríð sé í vændum á Íslandi núna svarar Andrea því neitandi. „Nei, það er ekkert stríð. Þetta er lítið land og öll samkeppni er góð og gefur manni smá spark í rassinn þannig að þetta er bara spennandi og ekkert stríð á milli okkar," segir hún. sara@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
SÝNINGARTÍMAR

SCOTT PILGRIM	1.45(650), 3.50, 5.45, 8 og 10.15	12
EXPENDABLES	4, 6, 8 og 10.15(POWER)	16
AULINN ÉG	2 (FORSÝNING)	L
SALT	6 og 10.15	16
LAST AIRBENDER 2D	8	10
LAST AIRBENDER 3D	1.50(950 kr)	10
SHREK SÆLL... 3D	4 (AÐEINS SÝND SUNNUDAG)	L

SAMBÍÓIN
EF ÞÚ FÍLAR SO YOU THINK YOU CAN DANCE ÞÁ ÁTTU EFTIR AÐ ELSKA STEP UP
BESTA DANSMYND SEM GERÐ HEFUR VERIÐ SÍÐAN DIRTY DANCING VAR OG HÉT...
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
ÆÐISLEG FJÖLSKYLDUMYND MEÐ FRÁBÆRUM HÚMOR
FORSÝND Í ÁLFABAKKA KL. 3.40

ÁLFABAKKA

STEP UP 3-3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
AULINN ÉG-3D FORSÝND	kl. 3:40	L
HUNDAR OG KETTIR 2-3D ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
LETTERS TO JULIET	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
SORCERER´S APPRENTICE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	7
INCEPTION	kl. 7 - 8 - 10	12
INCEPTION	kl. 4 - 7 - 10	VIP
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4:20	L
LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali	kl. 1:30	L

SELFOSSI

STEP UP 3	kl. 8 - 10:20	7
VAMPIRES SUCK	kl. 8 - 10	12
HUNDAR OG KETTIR 2 ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali	kl. 2	L
KARATE KID	kl. 4	L

KRINGLUNNI

STEP UP 3-3D	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
LETTERS TO JULIET	kl. 8	L
HUNDAR OG KETTIR 2-3D ísl. Tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE LAST AIRBENDER	kl. 5:50 - 10:50	7
INCEPTION	kl. 8 - 10:10	12
SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
LEIKFANGASAGA 3 ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L

AKUREYRI

CATS & DOGS-3D ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
STEP UP-3D	kl. 6 - 8 - 10	7
SHREK ísl. Tali	kl. 2 - 4	L
THE SORCERER'S APPRENTICE	kl. 6	7
LETTERS TO JULIET	kl. 8	L
INCEPTION	kl. 10	12

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!
FRÁ LEIKSTJÓRA SHAUN OF THE DEAD OG HOT FUZZ
FRÁ LEIKSTJÓRA SHAUN OF THE DEAD OG HOT FUZZ KEMUR EIN FYNDNASTA OG FRUMLEGASTA MYND ÁRSINS
„Sláandi frumleg!" - Twitch
„Dieter Laser er hryllilega góður!" - Musetto, New York Post
ÞITT HOLD ER HANS DRAUMUR
PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON Í
LÚXUS EXPENDABLES
VAMPIRES SUCK
SALT

SMÁRA BÍÓ TILBOÐSVERÐ
SÍMI 564 0000

SCOTT PILGRIM vs THE WORLD	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE EXPENDABLES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE EXPENDABLES LÚXUS	kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
VAMPIRES SUCK	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
SALT	kl. 8 - 10.10	14
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 3.20	10
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 1 - 3.30 (650 kr.)	L
KARATE KID	kl. 1 (650 kr.) - 5.10	L
SHREK 4 2D ÍSL TAL	kl. 1 (650 kr.) - 3.30	L
AULINN ÉG 3D FORSÝNING	kl. 1	L

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLA BÍÓ TILBOÐSVERÐ
SÍMI 530 1919

THE HUMAN CENTIPEDE	kl. 5.50 - 8 - 10.50	18
THE EXPENDABLES	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	16
SALT	kl. 5.50 - 8 - 10.10	14
THE KARATE KID	kl. 3 (650 kr.) 6 - 9	L
LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG	kl. 4 (650 kr.)	L
AULINN ÉG 3D FORSÝNING	kl. 3.30	L

BORGAR BÍÓ TILBOÐSVERÐ
SÍMI 462 3500

SCOTT PILGRIM vs THE WORLD	kl. 8 - 10.10	12
THE EXPENDABLES	kl. 6 - 8 - 10	16
VAMPIRES SUCK	kl. 4 (600 kr.)	12
THE LAST AIRBENDER 3D	kl. 4 (900 kr.) - 6	10

TILBOÐS-VERÐ Í BÍÓ
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
650 kr. Ljóti andarunginn og ég
2D 650 kr. Shrek Forever After
650 kr. The Karate Kid
ALLAR SÝNINGAR-ÖLL BÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
650 KR. SÝND KL.1.45
950 KR. Í 3D SÝND KL.1.50
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
ÁLF. KL. 2 Í 3D OG 2D - KRINGL. KL. 2 Í 3D
SELF. KL. 2 Í 2D - AK KL. 2 Í 3D - KEFL. KL. 1:30 Í 2D
ÁLF. 2 Í 2D
KRINGL. 1:30-3D
AK. 2 2D
SELF. 2 2D
KEFL. 1:30 - 2D
ÁLF. KL. 2 Í 2D KL. 1:30 Í 3D
KRINGL. KL. 1:30 Í 2D

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

Á EINA FYNDNUSTU MYND ÁRSINS

FORSÝND UM HELGINA MEÐ ÍSLENSKU TALI

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON

AULINN ÉG

FRUMSÝND 3. SEPTEMBER

FORSALA HAFIN Á *midi.is*

LAUGARÁS BÍÓ · SMÁRA BÍÓ · ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN SELFOSS KEFLAVÍK · HÁSKÓLA BÍÓ · BORGAR BÍÓ

> Einn leikur í Pepsi-deildinni

Það er nóg af íslenskum fótbolta í boði um helgina og 18. umferð Pepsi-deildar karla hefst klukkan 16.00 á Vodafone-vellinum í dag. Þá munu Haukar taka á móti Keflavík. Haukar eru sem fyrr á botni deildarinnar en eygja enn veika von um að bjarga sér frá falli. Frábær sigur liðsins á Breiðabliki ætti að gefa liðinu byr undir báða vængi í dag. Keflvíkingar hafa átt erfitt uppdráttar síðustu vikur og ekkert fallið með liðinu. Keflvíkingar ætla þó örugglega að koma sér í gang með sigri í dag.

sport
sport@frettabladid.is

TÓMAS JOÐ ÞORSTEINSSON: FÉKK RAUTT SPJALD GEGN KR OG STJAKAÐI SÍÐAN VIÐ DÓMARANUM Í KJÖLFARIÐ

Býst ekki endilega við mjög löngu leikbanni

Fylkismaðurinn Tómas Joð Þorsteinsson var talsvert í sviðsljósinu í leik Fylkis og KR á fimmtudag. Tómas fékk að líta rauða spjaldið undir lok leiksins og missti í kjölfarið stjórn á skapi sínu og stjakaði við Örvari Sæ Gíslasyni dómara á leið sinni af vellinum. Það gæti reynst honum dýrt.

„Þetta var uppsafnaður pirringur. Bæði að vera að tapa 4-1 á heimavelli gegn KR og svo hefur gengið illa í síðustu leikjum. Gremjan var því uppsöfnuð hjá mér. Þegar ég fæ gult spjald þá reiddist ég aðeins. Ætlaði svo að skila boltanum á staðinn þar sem átti að taka aukaspyrnuna en hendi boltanum of ákaft fyrir smekk dómarans. Hann gefur mér því rautt spjald," segir Tómas Joð sem reiddist enn meir þegar hann sá rauða spjaldið.

„Þegar ég sé rauða spjaldið þá sé ég fyrir mér að það sem Óli þjálfari hefur sagt í tvo til þrjá mánuði að spila með hausinn kaldan. Þá finnst mér tilgangslaust af minni hálfu að láta reka mig af velli þegar leikurinn var nánast búinn. Mér fannst það líka tilgangslaust hjá dómaranum. Ég sé það reyndar núna að það var rangt af mér að bregðast við á þennan hátt. Þegar þarna var komið við sögu þurfti lítið til að senda mann fram af brúninni og ég fór fram af henni," segir Tómas svekktur út í sjálfan sig.

Hann segist ekki endilega búast við löngu banni en er þó ekki alveg viss.

„Ég er ekkert of stressaður yfir því. Miðað við hvernig þetta er hér heima býst ég við 2-3 leikja banni. Ég sé ekki ástæðu til þess að gefa mér lengra bann. Kannski vilja dómarasamtökin gera fordæmi úr mér þar sem ég snerti dómara. Þetta verður bara að koma í ljós. Miðað við hvað mótið er stutt er blóðugt að fá 4-5 leikja bann," segir Fylkismaðurinn Tómas Joð Þorsteinsson.

LEIFUR Á TOPPNUM Úr leiknum á Seltjarnarnesi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikið í 1. deild karla í gær:

Víkingar sestir í toppsætið

FÓTBOLTI Víkingar áttu ekki í vandræðum með lélegt Gróttulið á Seltjarnarnesi í gær. Þeir unnu 6-1 sigur og komust í toppsæti 1. deildarinnar. Leiknismenn eiga möguleika á að endurheimta efsta sætið með sigri gegn KA í dag. Gróttumenn eru í harðri fallbaráttu og fara niður í fallsæti í dag ef Fjarðabyggð vinnur Njarðvík. Fjölnir tapaði fyrir HK en eftir þau úrslit dó von Grafarvogsliðsins um að komast upp. - egm

ÚRSLIT

1. deild karla:

Grótta - Víkingur	1-6
Mark Gróttu: Ásgrímur Sigurðsson. Mörk Víkings: Helgi Sigurðsson 2, Marteinn Briem 2, Viktor Örn Guðmundsson, Þorvaldur Sveinn Sveinsson.	
HK - Fjölnir	1-0
Ólafur Júlíusson.	

LEIKIR DAGSINS:

14:00 ÍR - Þór Akureyri (ÍR-völlur)
14:00 Fjarðabyggð - Njarðvík (Eskifjarðarv.)
15:00 KA - Leiknir (Akureyrarvöllur)

STAÐAN:

Víkingur R	**19**	**12**	**3**	**4**	**39-21**	**39**
Leiknir	18	12	2	4	27-13	38
Þór	**18**	**9**	**7**	**2**	**36-19**	**34**
Fjölnir	19	9	4	6	34-26	31
ÍR	**18**	**8**	**5**	**5**	**29-29**	**29**
ÍA	19	6	8	5	30-26	26
KA	**18**	**6**	**5**	**7**	**26-31**	**23**
HK	19	6	4	9	26-32	22
Þróttur	**19**	**6**	**4**	**9**	**26-34**	**22**
Grótta	19	4	5	10	25-37	17
Fjarðabyggð	**18**	**4**	**3**	**11**	**23-35**	**15**
Njarðvík	18	3	2	13	13-31	11

VERÐUR ERFIÐARA EN Í FYRRA

Þýska úrvalsdeildin í handknattleik er farin af stað. Alfreð Gíslason og lærisveinar hans eiga titil að verja. Alfreð býst við afar erfiðri titilbaráttu og segir að fleiri lið eigi eftir að blanda sér í baráttuna en síðustu ár.

HANDBOLTI Kiel og Hamburg höfðu algera yfirburði í þýsku úrvalsdeildinni í fyrra. Snemma stungu þau önnur lið í deildinni af og héldust í hendur nánast allt til enda tímabilsins. Að lokum fór svo að Kiel varði titilinn sem var mikið áfall fyrir Hamburg sem hefur eytt háum fjárhæðum í liðið sitt.

Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, býst við Hamburgarliðinu enn sterkara á þessari leiktíð sem og Íslendingaliðinu Rhein-Neckar Löwen.

„Það er mikil tilhlökkun að fara aftur af stað. Það er vissulega allt af gott að fara í frí en undirbúningstímabilið finnst mér aldrei skemmtilegt. Mér finnst það frekar leiðinlegt. Ég bíð því spenntur eftir að spila einhverja leiki," segir Alfreð en Kiel hefur titilvörn sína á heimavelli á morgun þegar liðið mætir Friesenheim.

„Ég er mjög sáttur við hópinn sem ég hef í höndunum en hann er lítill í samanburði við leikmannahópana sem Hamburg og Rhein-Neckar Löwen hafa. Það er bara þannig og ég ætla ekkert að væla yfir því," segir Alfreð sem fékk Daniel Kubes frá Lemgo í sumar og línumanninn serbneska Milutin Dragicevic frá Bjerringbro-Silkeborg í Danmörku.

„Það verður erfiðara að verja titilinn í ár en í fyrra. Ég á von á því að Rhein-Neckar Löwen blandi sér miklu meira í toppslaginn í ár og geri einnig ráð fyrir Flensburg mjög sterku. Ég held að fjögur lið berjist um titilinn í ár," segir Alfreð en hann segir það skipta miklu máli fyrir Löwen að Ólafur Stefánsson sé búinn að aðlagast liðinu.

„Það breytir miklu að Óli sé búinn að vera með liðinu í heilt ár. Hann er því búinn að venjast þeim og þeir honum. Svo fékk liðið Borge Lund frá okkur og svo kom Robbi [Róbert Gunnarsson] til þeirra og á eftir að nýtast þeim vel. Þegar Gaui [Guðjón Valur Sigurðsson] verður kominn á fullt með liðinu þá verður þetta svakalegt lið," sagði Alfreð.

„Þetta verður þrælajafnt allan tímann og við munum sjá toppliðin tapa fleiri stigum heldur en síðustu ár. Við setjum samt stefnuna á titilinn eins og alltaf."

henry@frettabladid.is

ÆTLAR AÐ VERJA TITILINN Alfreð Gíslason gerir ráð fyrir erfiðri titilvörn en ætlar sér samt ekkert annað en meistaratitilinn. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Kiel verður lengi án Frakkans Daniel Narcisse:

Alfreð mun veðja á Aron

Kiel varð fyrir miklu áfalli á undirbúningstímabilinu þegar Frakkinn sterki Daniel Narcisse sleit krossband í hné. Hann verður því væntanlega ekki með liðinu fyrr en í mars.

Aron Pálmarsson mun því fá enn frekari ábyrgð á öðru ári sínu með liðinu.

„Ég mun veðja á Aron en það var alltaf stefnan hvort sem var að nota hann meira. Við erum með fjóra rétthenta fyrir utan og nú eru þrír eftir. Það er því ljóst að við þolum ekki miklu meiri meiðsli hjá okkur," segir Alfreð sem saknar líka Kim Andersson en hann ætti að vera klár í slaginn í október.

Dregið var í riðla fyrir Evrópudeild UEFA í gær:

Þægilegt hjá Liverpool

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarliðið Liverpool þarf að misstíga sig ansi hressilega ætli liðið að sitja eftir í Evrópudeild UEFA en dregið var í eina tólf riðla í gær.

Liverpool þarf að fara til Rúmeníu, Ítalíu og Hollands á móti liðum sem öll ættu að teljast talsvert veikari en enska liðið.

Lið þeirra Kolbeins Sigþórssonar og Jóhanns Bergs Guðmundssonar, AZ Alkmaar, mætir tveimur sterkum austantjaldsþjóðum í sínum riðli.

Rúrik Gíslason og félagar hans í OB eru í frekar skemmtilegum riðli með Stuttgart, Getafe og Young Boys. - hbg

Evrópudeild UEFA

A-riðill: Juvent us, Man. City, Salzburg, Lech Poznan

B-riðill: Atletico Madrid, Bayer Leverkusen, Rosenborg, Aris Thessaloniki

C-riðill: Sporting Lisbon, Lille, Levski Sofia, Gent

D-riðill: Villarreal, Club Brugge, Dinamo Zagreb, PAOK

E-riðill: AZ Alkmaar, Dynamo Kiev, BATE Borisov, FC Sheriff

F-riðill: CSKA Moskva, Palermo, Sparta Prag, Lausanne

G-riðill: Zenit St. Petersburg, Anderlecht, AEK Aþena, Hadjuk Split

H-riðill: Stuttgart, Getafe, OB, Young Boys

I-riðill: PSV Eindhoven, Sampdoria Metalist Kharkiv, Debreceni

J-riðill: Sevilla, PSG, Borussia Dortmund, Karpaty Lviv

K-riðill: Liverpool, Steaua Búkarest, Napoli, Utrecht

L-riðill: Porto, Besiktas, CSKA Sofia, Rapid Vín

EGILS GULL GOLF

Á HELLU UM HELGINA

Egils Gull er stolt Ölgerðarinnar. Gull er bruggaður við kjöraðstæður af bruggmeisturum okkar sem eiga það sammerkt með okkar bestu kylfingum að vera margverðlaunaðir. Gull hefur einstæðan keim enda er hann bruggaður úr íslensku byggi. Á Egils Gull mótinu á Hellu verður áhorfendum boðið upp á úrvals golf.

Egils Gull – Verðlaunaðu þig!

> Jamie Lee Curtis

„Ef ég á að vera alveg hreinskilin, þá held ég að fólk myndi ekki sakna mín af hvíta tjaldinu ef ég hætti að leika."

Jamie Lee Curtis fer með eitt hlutverka í gamanmyndinni Beverly Hills Chihuahua, sem er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 18.00 í kvöld.

dagskrá
sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Lie To Me

Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina í andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann eða séu að ljúga, leysir The Lightman Group ólík mál.

▸ VIÐ MÆLUM MEÐ
Monk

Stöð 2 kl. 20.30

Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk. Hann heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Húrra fyrir Kela, Kóalabræður, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Finni kostur, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Galdrakrakkar

10.15 Popppunktur (e)

11.15 Demantamót í frjálsum íþróttum (e)

13.15 Hlé

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Litli draugurinn Laban (4:6)

17.37 Sögustund með Mömmu Marsibil (4:6)

17.48 Með afa í vasanum (4:52)

18.00 Út og suður (15:15) (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Fagur fiskur í sjó (7:10) (Hótel humar)

20.05 Hvaleyjar (8:12) (Hvaler) Norskur myndaflokkur frá 2008 um ævintýri Mariu Blix.

21.00 Sunnudagsbíó - Sonur grínkortasalans (Humørkort-stativ-sælgerens søn) Dönsk gamanmynd frá 2002 um mann sem vill gleðja alla í kringum sig, á erfitt með að segja nei og lendir í miklum vandræðum vegna þess.

22.25 Svartir englar (4:6) (e)

23.15 Tónleikar Muse (Muse - A Seaside Rendezvous) Upptaka frá tónleikum Muse. Þetta voru fyrstu tónleikar Muse í heimabæ sínum í 15 ár.

00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.35 Dancing with the Stars **11.15** My Family **11.45** My Family **12.15** My Family **12.45** My Family **13.15** My Family **13.45** My Family **14.15** The Black Adder **14.45** The Black Adder **15.15** My Hero **15.45** My Hero **16.15** Robin Hood **17.00** Dancing with the Stars **18.10** Primeval **19.00** Dancing with the Stars **19.40** Live at the Apollo **20.25** QI **20.55** QI **21.25** The Weakest Link **22.15** The Weakest Link **23.05** How Not to Live Your Life **23.35** Harry and Paul

STÖÐ 2

07.00 Aðalkötturinn

07.25 Litla risaeðlan

07.40 Lalli

07.50 Elías

08.00 Algjör Sveppi Algjör Sveppi, Harry og Toto, Hvellur keppnisbíll, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Könnuðurinn Dóra, Ofurhundurinn Krypto

09.40 Ógurlegur kappakstur

10.00 Histeria!

10.20 Bedtime Stories

12.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 America's Got Talent (13:26)

15.10 America's Got Talent (14:26)

16.05 Gossip Girl (22:22)

16.55 Oprah

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.15 Frasier (8:24)

19.40 Ramsay's Kitchen Nightmares (4:8) Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana.

20.30 Monk (10:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrien Monk.

21.15 Lie to Me (12:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur.

22.00 The Tudors (6:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.

22.55 60 mínútur Ein virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttaröð í heimi.

23.40 Daily Show: Global Edition

00.05 Recount Áhrifamikil mynd byggð á sönnum atburðum sem rekur atburðarásina frá lokum kosningabaráttunnar til útnefningu forseta Bandaríkjanna árið 2000.

01.55 Torchwood (8:13)

02.50 The King

04.30 Monk (10:16)

05.15 Frasier (8:24)

05.40 Fréttir Fréttir Stöðvar 2 (e)

SPORT *besta sætið*

08.35 Spænski boltinn: Racing - Barcelona Sýnt frá leik í spænska boltanum í knattspyrnu.

10.20 Belgía Sýnt frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Belgíu.

11.30 Belgía Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Belgíu.

14.15 F1: Við endamarkið Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.

14.45 Spænski boltinn: Mallorca - Real Madrid

16.30 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

17.45 Pepsí deildin 2010 Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

20.00 The Barclays Bein útsending frá The Barclays mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni í golfi.

23.00 Pepsí deildin 2010 Sýnt frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

SPORT 2 *enski boltinn*

09.20 Football Legends - Puskas Að þessu sinni verður fjallað um Ungverjann Ference Puskas.

09.50 Tottenham - Wigan

12.20 Bolton - Birmingham / HD Bein útsending.

14.45 Aston Villa - Everton / HD Bein útsending.

17.00 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegum og fagleg umræða um enska boltann.

18.00 Liverpool - WBA

19.45 Sunnudagsmessan

20.45 Blackburn - Arsenal / HD

22.30 Sunnudagsmessan

23.30 Man. Utd. - West Ham / HD

01.15 Sunnudagsmessan

EXTRA

16.45 Bold and the Beautiful

18.05 Bold and the Beautiful

18.25 Ramsay's Kitchen Nightmares (3:8) Gordon Ramsay úr Hell's Kitchen, heimsækir nú veitingahús þar sem allt er að fara í hundana.

19.15 Ísland í dag - helgarúrval Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.

19.45 Ameríski draumurinn (2:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.

20.30 The Amazing Race (7:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.

21.15 America's Got Talent (13:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir.

22.40 America's Got Talent (14:26)

23.25 Torchwood (8:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.

00.20 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

01.05 Sjáðu

01.35 Fréttir Stöðvar 2

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

iNN

19.00 Alkemistinn

19.30 Eru þeir að fá hann?

20.00 Hrafnaþing

21.00 Eitt fjall á viku

21.30 Í nærveru sálar

22.00 Hrafnaþing

23.00 Golf fyrir alla

23.30 Eldum íslenskt

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

09.05 Rachael Ray (e)

09.45 Rachael Ray (e)

10.35 Dynasty (22:30) (e)

11.20 Million Dollar Listing (2:9) (e)

12.05 Á allra vörum (e)

15.05 Top Chef (13:17) (e)

15.50 Eureka (15:18) (e)

16.40 Survivor (14:16) (e)

17.30 Biggest Loser (18:18) (e)

18.55 The Office (1:26) (e)

19.20 Parks & Recreation (17:24) (e)

19.45 America's Funniest Home Videos (12:46) (e)

20.10 Top Gear (4:7) Skemmtilegasti bílaþáttur í heimi. Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.

21.10 Law & Order: Special Victims Unit (4:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Frægur geimfari er myrtur og Stabler leitar til gamals lærimeistara síns, fyrrum geimfara sem þekkti fórnarlambið.

22.00 The Cleaner (11:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans. William hjálpar boxara sem á við áfengisvandamál að stríða. Hann kemst að því að eiginkona boxarans á einnig við vandamál að stríða en boxarinn er afbrýðissamur og vill ekki að William komi nálægt eiginkonu sinni.

22.45 Flashpoint (18:18) (e)

23.35 Life (19:21) (e)

00.25 Last Comic Standing (10:11) (e)

01.10 Leverage (1:15) (e)

01.55 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

08.00 How to Eat Fried Worms

10.00 The Heartbreak Kid

12.00 Beverly Hills Chihuahua

14.00 How to Eat Fried Worms

16.00 The Heartbreak Kid

18.00 Beverly Hills Chihuahua

20.00 The Mermaid Chair

22.00 Phone

00.00 Into the Wild

02.25 Lucky Number Slevin

04.15 Phone

06.00 Hot Rod

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Dressur **11.50** Fodbold **14.00** Min italienske drøm **15.00** Hvem ved det! **15.30** Ni-Hao Kai Lan **15.55** Barbapapa **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Oceaner af liv **18.00** Camilla Läckbergs Ulykkesfuglen **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med superliga **20.05** McBride **21.30** Eureka **22.15** Flyttefeber **22.45** Hjernestorm

NRK 1

11.25 Komiprisen 2010 **12.50** Fredag i hagen **13.20** 4-4-2 **15.30** Åpen himmel **16.00** Dyreklinikken **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Monsterfisken i Kongo **18.55** Birkebeinerrittet: Folkefest på to hjul **19.25** Millionær i forkledning **20.15** Poirot **21.05** Kveldsnytt **21.25** Dagens dokumentar **22.15** Babas bilar **23.40** Blues jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** En resa med Peter Sellars **11.40** Undercover Boss **12.25** Rådjurskidet vid havet **13.00** Minnenas television **13.50** Rapport **13.55** Rolling Stones - Exile on Main Street **14.55** Sommarkväll med Anne Lundberg **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Val 2010 **19.00** Sportspegeln **19.30** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **20.00** Hej litteraturen! **20.30** VeteranTV **21.00** Livvakterna **22.00** Mördare okänd

Allar pizzur af matseðli á 1.390 kr.*

*Ef þú sækir.

MEGAVIKA

Stærðin skiptir ekki máli

Vikuna 23. – 29. ágúst 2010

*Af matseðli, ef þú sækir.

58·12345
dominos.is

Domino's Pizza®

Stefánsson & Stefánsson 0017

> Jennifer Lopez

„Foreldrar mínir vildu að ég yrði lögfræðingur þegar ég yrði stór. Ég hugsa að ég hefði aldrei orðið ánægð. Ég hefði líklegast verið fyrir framan kviðdóminn syngjandi."

Jennifer Lopez fer með hlutverk Selenu, í samnefndri mynd, sem fjallar um eina allra vinsælustu söngstjörnu í Suður-Ameríku á síðustu árum sem féll frá langt fyrir aldur fram. Selena er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 23.15.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR LÆTUR ÚTVARP LÉTTA SÉR LUNDINA UNDIR STÝRI

Smitandi hlátur og endurtekningar

Á Íslandi er stórum hluta dagsins eytt undir stýri og gjarnan verið að fara stuttar vegalengdir sem taka óralangan tíma. Aragrúi af ljósum, sem sjaldnast eru samtillt, hraðahindranir í þúsundatali og risa bílafloti landsmanna gerir það að verkum að bílferðir innanbæjar í Reykjavík eru ekki hið mesta skemmtiefni. Allavega ekki fyrir mig, sem á létt með að verða óglatt í öllum stoppunum og hossunum yfir hindranirnar sem eru af öllum stærðum og gerðum.

Þetta er samt efni í annan pistil en þennan sem á jú að vera helgaður ljósvakamiðlunum. Ofangreindar bílferðir einkennast af útvarpshlustun. Útvarpið kemur sterkt inn þessa dagana og er í raun orðið ómissandi hluti af bílferðum mínum um bæinn. Á leiðinni í vinnuna á morgnana er gaman að hlusta á skemmtileg viðtöl, fréttayfirlit og hressandi tóna til að hita sig upp fyrir verkefni dagsins. Útvarpsfólkið er líka oftast einstaklega hláturmilt og með smitandi hlátur þannig að hvers konar morgunfýla fýkur út um gluggann. Einnig er tekið á málefnum líðandi stundar þar sem útvarpfólk tiltekinnar stöðvar er vel í stakk búið að taka á viðmælendum sínum og varpa ljósi á málefni sem skipta máli.

Ég varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum með útvarpið góða um daginn. Þá hlustaði ég á morgunþátt ónefndrar útvarpstöðvar að venju á minni daglegu leið í vinnu. Fékk minn skammt af hlátri og fréttum á meðan ég hossaðist yfir hraðahindranirnar. Svo settist ég upp í bíl að nýju og keyrði sömu leið til baka eftir vinnudaginn en viti menn! Það var nákvæmlega það sama í boði á útvarpstöðinni. Ekki nóg með að ég var að keyra sömu leiðinlegu leiðina heldur var ég að hlusta á sama þáttinn aftur. Morgunþátturinn sem var í loftinu á háannatíma um morguninn var endurfluttur seinna um daginn. Líka á háannatíma. Ég veit að það er niðurskurður á öllum vígstöðvum en í alvörunni?

LAUGARDAGUR

▶ **11.35 Blackburn - Arsenal, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **18.00 Bedtime Stories** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **19.00 The Barclays, bein úts.** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.40 Popppunktur** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.15 Phantom of the Opera** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Teitur, Sveitasæla, Manni meistari, Konungsríki Benna og Sóleyjar, Paddi og Steinn, Mærin Mæja, Mókó, IL était une fois...La Vie, Paddi og Steinn, Hrúturinn Hreinn

09.52 Latibær (121:136)

10.20 Hlé

12.25 Kastljós (e)

13.00 Íslandsmótið í hestaíþróttum Bein útsending frá lokadegi Íslandsmótsins í hestaíþróttum sem fram fer á Sörlastöðum í Hafnarfirði. Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.

15.00 Demantamót í frjálsum íþróttum Upptaka frá demantamóti í frjálsum íþróttum.

17.10 Íslenski boltinn (e)

18.00 Táknmálsfréttir

18.10 Ofvitinn (38:43) (Kyle XY)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

▶**19.40 Popppunktur** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita. Fyrri þáttur undanúrslita.

20.45 Emma (Emma) Bresk bíómynd frá 1996 byggð á sögu eftir Jane Austen um unga konu í enskri sveit á 19. öld og misheppnaðar tilraunir hennar til hjúskaparmiðlunar.

22.45 Aftur til nútíðar (Deja Vu) Bandarísk bíómynd frá 2006. Útsendari Alríkislöggreglunnar ferðast aftur í tímann til að bjarga konu úr lífsháska og verður ástfanginn af henni. (e)

00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Nine Months

10.00 Love Wrecked

12.00 Bedtime Stories

14.00 Nine Months

16.00 Love Wrecked

▶**18.00 Bedtime Stories**

20.00 Mr. Wonderful

22.00 American Gangster

00.45 My Summer of Love

02.10 The Number 23

04.00 American Gangster

06.00 The Mermaid Chair

STÖÐ 2

07.00 Flintstone krakkarnir

07.25 Lalli

07.35 Þorlákur

07.45 Hvellur keppnisbíll

08.00 Algjör Sveppi Algjör Sveppi, Kalli og Lóa, Gulla og grænjaxlarnir, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra

10.00 Strumparnir

11.35 iCarly (2:25)

12.00 Bold and the Beautiful

12.20 Bold and the Beautiful

12.40 Bold and the Beautiful

13.00 Bold and the Beautiful

13.25 Bold and the Beautiful

13.45 So You Think You Can Dance (18:23)

15.10 So You Think You Can Dance (19:23)

16.00 Þúsund andlit Bubba

16.30 Ameríski draumurinn (2:6)

17.15 ET Weekend

18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

▶**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

18.49 Íþróttir

18.56 Lottó

19.04 Ísland í dag - helgarúrval

19.29 Veður

19.35 America's Got Talent (13:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir.

21.00 America's Got Talent (14:26) Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir.

21.45 Bride Wars Sprenghlægileg og hressandi gamanmynd.

23.15 Selena Jennifer Lopez fer með aðalhlutverkið í þessari áhrifaríku og dramatísku sannsögulegu kvikmynd.

01.20 Perfect Stranger Hörkuspennandi sálfræðitryllir með Halle Berry og Bruce Willis í aðalhlutverkum.

03.05 Jesse Stone. Death in Paradise

04.30 ET Weekend

05.15 'Til Death (9:15)

05.40 Fréttir Fréttir Stöðvar 2 (e)

SPORT *besta sætið*

08.55 Formúla 1 - Æfingar

10.00 Wyndham Championship

10.50 Inside the PGA Tour 2010

11.15 F1 föstudagur Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum.

11.45 Belgía Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Belgíu.

13.20 Veiðiperlur

13.50 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

15.00 KF Nörd

15.35 World's strongest man 1996

16.30 La Liga Report

16.55 Spænski boltinn: Racing - Barcelona

▶**19.00 The Barclays** Bein útsending frá Barclays mótinu í golfi.

22.00 Spænski boltinn: Mallorca - Real Madrid

23.45 UFC Unleashed

00.30 UFC Unleashed

01.15 UFC Unleashed

02.00 UFC 118 Bein útsending frá UFC 118.

SPORT 2 *enski boltinn*

10.05 Premier League World 2010/11 Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

10.35 Football Legends Að þessu sinni verður fjallað um Ungverjann Ference Puskas.

11.05 Premier League Preview 2010/11 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

▶**11.35 Blackburn - Arsenal / HD** Bein útsending frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni en leikurinn er sýndur beint í HD.

13.45 Chelsea - Stoke / HD Bein útsending frá leik Liverpool og WBA í ensku úrvalsdeildinni en leikurinn er sýndur í HD.

16.15 Man. Utd. - West Ham / HD Bein útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalsdeildinni en leikurinn er sýndur beint í HD.

19.10 Leikur dagsins

21.35 Tottenham - Wigan

00.00 Wolves - Newcastle

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

10.55 Rachael Ray (e)

11.40 Rachael Ray (e)

12.25 Rachael Ray (e)

13.10 Dynasty (18:30) (e)

13.55 Dynasty (19:30) (e)

14.40 Dynasty (20:30) (e)

15.25 Dynasty (21:30) (e)

16.10 Canada's Next Top Model (3:8) (e)

16.55 Top Gear (3:7) (e)

17.55 Real Housewives of Orange County (7:15) (e)

18.40 Kitchen Nightmares (4:13) (e)

19.30 Last Comic Standing (10:11) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni. Gamanleikarinn Anthony Clark, sem áhorfendur SkjásEins þekkja vel úr gamanþáttunum Yes Dear, stýrir leitinni að fyndnasta grínistanum.

▶**20.15 Phantom of the Opera** (e) Stórbrotin mynd leikstjórans Joel Schumacher sem byggð er á vinsælum söngleik Andrews Lloyd Webber. Aðalhlutverkin leika Emmy Rossum, Gerard Butler og Patrick Wilson. Bönnuð börnum.

22.40 Gospel Hill Kvikmynd frá árinu 2008 með Danny Glover, Angela Bassett og Julia Stiles í aðalhlutverkum. Grípandi mynd um gamalt morðmál og viðleitnina til að sættast við drauga fortíðar. Bönnuð börnum yngri en 12 ára.

00.10 Three Rivers (12:13) (e)

00.55 Eureka (15:18) (e)

01.45 Premier League Poker II (4:15) (e)

03.30 Jay Leno (e)

05.45 Pepsi MAX tónlist

iNN

20.00 Hrafnaþing

21.00 Græðlingur

21.30 Mannamál

22.00 Björn Bjarna

22.30 Mótoring

23.00 Alkemistinn

23.30 Eru þeir að fá hann?

00.00 Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.45

Bride Wars

Sprenghlægileg og hressandi gamanmynd. Kate Hudson og Anne Hathaway leika bestu vinkonur sem fara heldur betur í hár saman þegar þær ákveða hvor í sínu lagi að gifta sig sama dag. Hefst þá kostuleg samkeppni milli þeirra og hinn mesti metingur um það hvor haldi stærra, flottara og eftirminnilegra brúðkaup – að sjálfsögðu með kostulegum afleiðingum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
America's Got Talent

Stöð 2 kl. 19.35

Fjórða þáttaröðin af þessari stærstu hæfileikakeppni heims. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum og hæfileikarnir jafn misjafnir og keppendur eru margir. Dómararnir eru þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Nýr kynnir mætir til sögunnar en hann heitir Nick Cannon, er velþekktur leikari, grínisti með meiru og þar að auki eiginmaður söngkonunnar Mariuh Carey.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Úrval úr Samfélaginu
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Prússland - Ris og fall járnríkis
14.00 Andalúsía: syðsta byggð álfunnar
14.42 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Í boði náttúrunnar
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.15 Auglýsingar
18.17 Bláar nótur í bland
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Ekkert liggur á: Þemakvöld útvarpsins: Tilfinningar
22.05 Veðurfregnir
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

15.25 Nágrannar
15.45 Nágrannar
16.05 Nágrannar
16.30 Nágrannar
16.55 Nágrannar
17.20 Wonder Years (9:17)
17.45 Ally McBeal (21:22) Þegar Maggie fær taugaáfall ákveður Ally að flytja til New York sem leiðir til sárra kveðjustunda vinanna.
18.30 E.R. (12:22) Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
19.15 Ameríski draumurinn (2:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.
20.00 So You Think You Can Dance (18:23) Í síðustu viku var enginn sendur heim og er því enn meiri pressa lögð á þá sex keppendur sem eftir standa því tveir verða sendir heim eftir þennan þátt.
21.25 So You Think You Can Dance (19:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga von um að sigra þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.
22.10 Wonder Years (9:17)
22.35 Ally McBeal (21:22)
23.20 E.R. (12:22)
00.05 Ameríski draumurinn (2:6)
00.50 Sjáðu
01.15 Fréttir Stöðvar 2
02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.15 ‚Allo ‚Allo! **10.45** ‚Allo ‚Allo! **11.20** ‚Allo ‚Allo! **11.50** The Black Adder **12.25** The Black Adder **12.55** The Black Adder **13.25** My Hero **13.55** My Hero **14.25** Robin Hood **15.10** Dancing with the Stars **16.10** Dancing with the Stars **16.50** Primeval **17.40** The Weakest Link **18.30** The Weakest Link **19.20** QI **19.50** QI **20.20** Live at the Apollo **21.05** How Not to Live Your Life **21.35** Harry and Paul **22.05** Robin Hood **22.50** QI **23.20** QI **23.50** Live at the Apollo

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Eureka **11.15** Vilde roser **11.55** Talent 2010 **12.55** Inspector Morse **14.40** Det Søde Sommerliv **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Løgnhalsen som garder **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.00** Min Sport **17.25** Merlin **18.10** Støv på hjernen **19.50** Kriminalkommissær Barnaby **21.25** Den lyserøde panter

NRK 1

10.10 Førkveld **10.50** Takk for sist **11.30** Norsk attraksjon **12.00** NRKs sportslørdag **14.45** 4-4-2 **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Komiprisen 2010 **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.30** Fakta på lørdag **21.20** Kveldsnytt **21.35** Tears of the Sun **23.30** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Djursjukhuset **10.35** Djursjukhuset **11.05** Europas sista vildren **11.45** Raja Bjarne **12.45** Kvalster **13.45** Rapport **13.50** Doobidoo **14.50** Val 2010 **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Demons **17.00** Pip-Larssons **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **19.00** The Seventies **19.30** Mördare okänd **21.10** Rapport **21.15** Studio 60 on the Sunset Strip **22.00** Rolling Stones - Exile on Main Street **23.00** Männen som trampade på tigerns svans **00.00** Val 2010

PERSÓNAN

Logi Hilmarsson

Aldur; 25 ára
Starf: Kvikmyndagerðarmaður
Fjölskylda: Dominique Poulain, listakona í Suður-Frakklandi og Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld.
Búseta: Reykjavík, miðbær.
Stjörnumerki: Ljón

Skaupsstjóri fékk samþykki hjá frúnni

„Þetta leggst mjög vel í mig," segir leikstjórinn Gunnar Björn Guðmundsson sem verður á tveimur vígstöðvum um jólin.

Kvikmynd hans Gauragangur verður frumsýnd 26. desember og fimm dögum síðar, eða á gamlárskvöld, verður áramótaskaup hans í Sjónvarpinu. Þetta verður annað árið í röð sem hann leikstýrir skaupinu, eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. „Þetta er bara frábært," segir Gunnar Björn, sem er þegar búinn að fá grænt ljós frá konunni sinni fyrir þessa jólatörn. „Hún er búin að samþykkja þetta," segir hann og hlær.

Vinnan við áramótaskaupið er hafin og verða handritshöfundarnir þeir sömu og síðast, eða þau Ari Eldjárn, Halldór Högurður, Sævar Sigurgeirsson og Anna Svava Knútsdóttir. „Við erum að byrja að kasta fram hugmyndum og hnoða hópinn saman aftur," segir Gunnar. Tökur eru fyrirhugaðar í nóvember og peningurinn sem hópurinn hefur úr að moða verður líkast til svipaður og síðast.

Hvað varðar Gauragang þá stendur eftirvinnslan á myndinni yfir. Hin 21 árs Hildur Berglind og hinn tvítugi Alexander Briem fara með hlutverk Lindu og Orms í myndinni, sem er byggð á samnefndri skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar. **- fb**

GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON Leikstjórinn verður á tveimur vígstöðvum um jólin. Fyrst í Gauragangi og síðan í áramótaskaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LÁRÉTT
2. slitna, **6.** samanburðartenging, **8.** mælieining, **9.** hljóð rjúpunar, **11.** núna, **12.** rithöfundur, **14.** barn, **16.** kind, **17.** nægilegt, **18.** óðagot, **20.** skammstöfun, **21.** formóðir.

LÓÐRÉTT
1. erindi, **3.** í röð, **4.** fugl, **5.** hyggja, **7.** fáeinum, **10.** krass, **13.** léreft, **15.** liðormur, **16.** iðka, **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. mást, **6.** en, **8.** bar, **9.** rop, **11.** nú, **12.** skáld, **14.** kríli, **16.** ær, **17.** nóg, **18.** fum, **20.** al, **21.** amma.
LÓÐRÉTT: 1. vers, **3.** áb, **4.** sandlóa, **5.** trú, **7.** nokkrum, **10.** pár, **13.** lín, **15.** iglа, **16.** æfa, **19.** mm.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Páll Hjartarson.
2. Guðjón Davíð Karlsson, með nýjan skemmtiþátt.
3. Um ellefu hundruð íbúðir.

VALGEIR SKAGFJÖRÐ: ÞETTA ER HONUM Í BLÓÐ BORIÐ

Í fótspor afa síns og nafna

„Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt," segir Valgeir Skagfjörð yngri sem hefur fengið hlutverk í myndinni Okkar eigin Osló og er þessa dagana við tökur á myndinni á Þingvöllum.

Valgeir er barnabarn Valgeirs Skagfjörð leikara og er því að feta í fótspor afa síns en Valgeir yngri hefur áður látið til sín taka á leiksviðinu. „Ég lék í Oliver Twist um jólin í Þjóðleikhúsinu sem var mjög gaman og skemmtileg reynsla," segir leikarinn ungi en hann viðurkennir að það sé aðeins öðruvísi að leika í bíómynd.

„Það sem er mesti munurinn er að í bíómynd er alltaf hægt að taka sömu tökuna aftur og aftur en það er náttúrulega ekki hægt í leikhúsinu. Það er mjög spennandi að vera á svona setti og Reynir [Lyngdal] leikstjóri er snillingur," segir Valgeir yngri. Hann bætir við að það sé algjör draumur að vinna með mörgum af fremstu leikurum landsins, en með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annars Brynhildur Guðjónsdóttir, Hilmir Snær, Þorsteinn Guðmundsson og Þórhallur Sigurðsson – Laddi. „Það eru allir mjög skemmtilegir og hressir hérna og ég er að læra mikið af þessu fólki," segir Valgeir glaður í bragði en hann er staðráðinn í að verða leikari þegar hann verður stór.

„Það er náttúrulega alveg hryllingur að strákurinn skuli velja sér að fara þessa leið í lífinu," grínast afinn Valgeir Skagfjörð leikari „Nei nei, auðvitað hefði verið ákjósanlegra ef hann vildi verða lögfræðingur eða læknir en svona er þetta. Hann ræður þessu drengurinn," segir Valgeir og bætir við að þegar hann sá barnabarn sitt á sviði í Oliver Twist um síðustu jól hafi hann heillast af hæfileikum hans, burtséð frá skyldleikanum. „Maður sá bara strax að þetta er honum í blóð borið og að drengurinn hefur mikla hæfileika á þessi sviði. Ég held að stundum séu svona hlutir bara í genunum," meinar Valgeir en er um leið klár á því að hlutirnir breytast hratt á þessum árum. „Það getur vel verið að honum snúist hugur eftir nokkur ár og vilji taka sér eitthvað allt annað fyrir hendur en þangað til styð ég hann í að verða leikari og gef honum ráðleggingar ef hann þarfnast þess," segir Valgeir Skagfjörð að lokum. Myndin Okkar eigin Osló verður frumsýnd í byrjun næsta árs og þá er hægt að berja þessa frumraun leikarans unga á hvíta tjaldinu augum. **alfrun@frettabladid.is**

NAFNARNIR Valgeir eldri og yngri eru á sömu hillu en sá yngri er að leika í myndinni Okkar eigin Osló og er staðráðinn í að leggja leikarastarfið fyrir sig í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það telst til tíðinda þegar matreiðsluþáttur er vinsælasta sjónvarpsefni landsins en samkvæmt fjölmiðlamælingu Capacent er matreiðsluþáttur Áslaugar Snorradóttur og **Sveins Kjartanssonar**, Fagur fiskur í sjó, eftirlætissjónvarpsefni íslenska áhorfenda. Það sem gerir þetta enn merkilegra er að þar eru ekki reiddar fram dýrindis góðæris-steikur eða pastaréttir heldur fiskur af öllum stærðum og gerðum. Segir kannski sitthvað um íslenskt samfélag í dag.

Fjölmiðlakönnunin leiðir það einnig í ljós að Ameríkuferð skyttanna fjögurra, Audda, **Sveppa**, **Villa** og **Gillz** fer hægt af stað. Samkvæmt Capacent er ferðalagið þeirra með rúm þrettán prósent í markhópnum 12-49 ára. Þeir Auddi og Sveppi þekkja þennan hæga gír nokkuð vel því áhorfið á spjallþáttinn þeirra var nokkuð rólegt til að byrja með en endaði síðan í 22 prósentum þegar best lét.



Æfingar á Enron, leikverki sem byggir á sögu orkufyrirtækisins fræga, eru í fullum gangi í Borgarleikhúsinu en verkið verður frumsýnt á Stóra sviðinu þann 23. september. Æfingarnar á miðvikudaginn gengu hins vegar ekki snurðulaust fyrir sig því **Valur Freyr Einarsson** varð fyrir því óláni að rekast á mótleikara sinn í einni senu með þeim afleiðingum að skurður opnaðist á enni hans. Valur var fluttur á slysavarðsstofuna en mótleikarar hans héldu áfram æfingum sínum eins og ekkert hefði í skorist. **- fgg**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Fíasól (Kúlan)

Lau 4/9	kl. 13:00	U	Lau 11/9	kl. 15:00	Ö	Lau 18/9	kl. 13:00	
Lau 4/9	kl. 15:00	Ö	Sun 12/9	kl. 13:00	Ö	Lau 18/9	kl. 15:00	Ö
Lau 11/9	kl. 13:00	Ö	Sun 12/9	kl. 15:00	Ö	Sun 19/9	kl. 13:00	

50 sýningar fyrir fullu húsi á síðasta leikári!



Hænuungarnir (Kassinn)

Fös 10/9	kl. 20:00	Ö	Fim 16/9	kl. 20:00	U	Sun 19/9	kl. 20:00	
Lau 11/9	kl. 20:00	Ö	Fös 17/9	kl. 20:00	Ö	Fim 23/9	kl. 20:00	
Sun 12/9	kl. 20:00	Ö	Lau 18/9	kl. 20:00	Ö	Fös 24/9	kl. 20:00	Ö

***** Fbl *****Mbl



Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Fim 9/9	kl. 19:00	Ö	Sun 19/9	kl. 19:00		Fös 1/10	kl. 19:00	
Fös 10/9	kl. 19:00	Ö	Fös 24/9	kl. 19:00		Lau 2/10	Kl. 19:00	
Lau 18/9	kl. 19:00	Ö	Lau 25/9	kl. 19:00		Mið 27/10	Kl. 19:00	

Leikhúsveisla sem allir verða að upplifa! Sýningar hefjast kl. 19:00



Hamskiptin (Stóra sviðið)

Lau 28/8	kl. 20:00	Ö	Fim 2/9	kl. 20:00	Ö	Lau 11/9	kl. 20:00	
Sun 29/8	kl. 20:00	Ö	Fös 3/9	kl. 20:00		Sun 12/9	kl. 20:00	

Rómið sýning Vesturports í Þjóðleikhúsinu á ný eftir sigurgöngu víða um heim. Örfáar sýningar!



Níðingsverkið (Kassinn)

Lau 28/8	kl. 20:00		Lau 4/9	kl. 20:00		Sun 5/9	kl. 20:00	

Aðeins sýnt til 5. september

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.

Sigur Rós selur Sundlaugina

„Það var kominn tími á smá breytingar," segir Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari Sigur Rósar. Hann og hljóðversmaðurinn Birgir Þór Birgisson hafa formlega tekið við rekstrinum á hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ úr höndum hinna meðlima Sigur Rósar. Kjartan og Birgir Þór hafa rekið Sundlaugina undanfarið eitt og hálft ár en núna hefur yfirtakan loksins verið skjalfest.

„Stákarnir voru kannski orðnir þreyttir á að þurfa að halda utan um þetta," segir Kjartan. „Við ætluðum að losa okkur við þetta en ég tímdi ekki alveg að gera það sjálfur. Þannig að við keyptum þetta bara. Sigur Rós vinnur þarna oft og þetta eru bara smá breytingar á rekstrinum."

Sigur Rós hefur rekið Sundlaugina í sameiningu frá árinu 2001 og tekið þar upp fjölda hljómplatna. Með nýjum eigendum verða breytingar á rekstrinum og er ætlunin að hljóðverið laði fleiri tónlistarmenn að í framtíðinni. „Þetta var orðið svo mikið heimili fyrir Sigur Rós en núna er þetta orðið opnara. Við erum búnir að reyna að bæta og breyta ýmsu til að gera þetta meira samkeppnishæft," segir Kjartan. „Það hafa margir í gegnum tíðina haldið að þetta sé bara Sigur Rósar-stúdíó og að það sé ekki hægt að vinna þar. En það eru allir velkomnir. Það hefur alltaf verið þannig en Sigur Rós hefur bara oft tekið upp alveg í hálft ár í stúdóinu."

SIGUR RÓS Kjartan Sveinsson (lengst til vinstri) og hljóðversmaðurinn Birgir Þór Birgisson hafa keypt hina meðlimi Sigur Rósar út úr Sundlauginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurður um framtíð Sigur Rósar segir Kjartan að sveitin haldi líklega áfram að vinna í nýrri plötu eftir áramót en söngvarinn Jónsi er á tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir fyrstu sólóplötu sinni Go. **- fb**

NÝTT!

Orlando Florida

Staybridge Suites

Topp 10 á Tripadvisor yfir fjölskylduvænustu hótelin í Orlando!

Staybridge Suites er gott íbúðahótel staðsett í Lake Buena Vista. Hótelið býður uppá fríar ferðir til og frá skemmtigörðunum á Orlando svæðinu. Veitingahús og verslanir í göngufæri. Morgunverðarhlaðborð innifalið.

VERÐ FRÁ:

119.900 kr.*

m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Brottför: 9. október – 8 nætur

Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum, verslunarmiðstöðvum og veitingastöðum. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á
urvalutsyn.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Boltinn hjá Spaugstofunni

Ekkert hefur þokast áfram í viðræðum Skjás eins og Spaugstofunnar um að þeir félagar haldi áfram með þætti sína á stöðinni. Boltinn mun vera hjá Spaugstofuliðum sem íhuga nú framtíð sína. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mun Spaugstofan ekki stjórna áramótaskaupinu vegna anna á öðrum vígstöðvum og nú spyrja menn sig hvort þessar annir verði til þess að Spaugstofan verði fjarverandi með öllu í vetur.

Barnalán þingmanns

Það er bjart yfir Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, þingflokksformanni VG, þessa dagana, þótt hún hafi ekki verið mjög áberandi í umræðunni síðustu mánuði. Nú styttist eitthvað í að hún láti að sér kveða að nýju, því í vikunni varð þingmaðurinn léttari. Guðfríður varð þar með þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast sitt annað barn á stuttum tíma, því eldra barnið kom í fyrra og fæddi það maki Guðfríðar Lilju, Steinunn H. Blöndal. Ekki er útséð um pólitíska umræðu á heimilinu, því Steinunn er af mikilli sjálfstæðisætt, dóttir Haraldar heitins lögmanns, og því meðal annars bróðurdóttir Halldórs Blöndal, fyrrum ráðherra.

Mest lesið VISIR.IS

1. Ungbarn sem úrskurðað var látið á lífi
2. Jón Gnarr: Sjálfstæðismenn sýna mér hroka
3. Morð í Hafnarfirði: Karlmaður að nýju í haldi lögreglu
4. Úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald
5. Myndskeið birt af námuverkamönnunum
6. Facebook-síðu lokað eftir sjálfsmorðssprengjuhótun

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

nýtt

STÄM mæliskeiðar
Inniheldur: 1ml, 1tsk, 1 msk og 1dl
Ýmsir litir
295,-/4 í setti

IDEALISK sigti Ø25cm
Ryðfrítt stál **1.190,-**

495,-
IKEA 365+ matarílát
B17×D17, H6cm
Hvítt/rautt

LEGITIM skurðarbretti
B15×L24 og B24×L34 cm. Hvítt
595,-/2 í setti

Allt í sultu

IKEA 365+ pottar m/lokum
Ryðfrítt stál
5L **3.490,-**
10L **5.490,-**

IKEA 365+ HJÄLTE þeytari
L34cm. Ryðfrítt stál/svart **795,-**

nýtt

STRÅLANDE rifjárn L28cm
Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**

nýtt

STÄM flysjari
L12cm. Ýmsir litir
295,-

395,-

SLOM krukka m/loki 0,5L. Gler
SLOM krukka/lok 1L. Gler **495,-**

195,-/stk.
SKRAPA sleikjur. Ýmsir litir

nýtt

FATTBAR hnífasett
Inniheldur kokkahníf 15cm, kokkahníf 13cm og flysjunarhníf 10cm
Hvítt/svart **1.490,-/3 í setti**

SLOM flaska m/tappa
1L. Gler **495,-**

TROJKA skæri 14cm, 15cm og 21cm. Ýmsir litir
295,-/3 í setti

FLÄCKIG skálar 2,4L og 5L. Hvítt
695,-/2 í setti

295,-
FLÄCKIGT mælikanna 1L
Hvítt

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

Sultugerð um helgina

Við sýnum sultugerð alla helgina milli kl. 12 og 17
Komdu, lærðu og smakkaðu!

1.490,-/stk.
ORKÍDEUR stórar
H60cm. Ýmsir litir

Frá 1. september lengjum við opnunartíma verslunarinnar:

Opið 11-20

Veitingastaður opinn 9:30-19:30

Til 31. ágúst verður **verslunin opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-18:30

IKEA®

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2010